Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Gjörðabók bæjarstjórnar 1917-1920

Aðfnr. 4626 A

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Gjörðabók bæjarstjórnar

1917 - 1920

.077.5:025.26 - .075.1

Aðfnr. 4626 A

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
4626 A

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjörðabók bæjarstjórnarinnar í Reykjavík,

frá 4. janúar 1917

til 18. júní 1920.

Reykjavík 1956

I.J.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bók þessi, sem er 499 - fjögur hundruð og ~~ní~~ níutíu - blaðsíður að stærð, gegnumdregin og útbúin með innsigli stjórnarráðsins, löggildist hér með til að vera:

G J Ö R Ð A B Ó K

fyrir bæjarstjórnina í Reykjavíkurkaupstað.

Í stjþrnarráði Íslands 4. jan. 1917.

F. h. r.

Klemens Jónsson.

Jón Hermannsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, fimmtudaginn 4. janúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.25 síðd. og voru þá komnir á fund, auk borgarstjóra og forseta, þessir bæjarfulltrúar: Þorvarður Þorvarðarson, Ágúst Jósefsson, Guðrún Lárusdóttir, Jón Þorláksson, Sigurður Jónson, Kristján Vþ Guðmundsson og Hannes Hafliðason.

Forföll höfðu þessir bæjarfulltrúar boðað borgarstjóra: Benedikt Sveinsson, Jón Magnússon, Jörundur Brynjólfsson og Magnús Helgason. - Bríet Bjarnhéðinsdóttir var erlendis.

Gengið til dagskrár, og gerðist þetta á fundinum:

1. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 30. desember lesin.

2. Lagður fram til úrskurðar reikningur bæjarsjóðs fyrir árið 1914.- Tillögur fjárhagsnefndar til úrskurðar samþykktar í einu hljóði og reikningurinn í heild sömuleiðs.

3. Lagður fram til úrskurðar reikningur hafnarsjóðs fyrir 1914.- Reikningurinn með úrskurðartillögum fjárhagsnefndar, samþykktur í einu hljóði.

4. Fundargerð fátækranefndar frá 28. desember lögð fram. - Til atkvæða komu 8., 9. og 14. liður.- Var 8. liður samþykktur í einu hljóði. - 9. liður var samþykktur með 6:1 atkv., með þeirri breytingu, að í stað 4500 kr. komi: 4600 kt. Vísað til 2. umræðu.- 14. liður samþykktur í e. hlj.

5. Kristján V. Guðmundsson bar fram svohljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórnin felur borgarstjóra að gefa skýrslu um, hver árangur sé orðin á innheimtu frá öðrum sveitum á endurgreiðslu á fátækrastyrk frá fyrri árum. Svo og um það, hvern árangur rannsókn hans á sveitfesti þurfalinga hefur borið".

Var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Brunabótavirðingar þessar voru samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hús Gunnars Gunnarssonar, kaupmanns, Austurstræti 7 (brbnr. 122) | Kr. 73384.00 |
| 2. | Hús Magnúsar Árnasonar, trésmiðs, nr. 2 við Túngötu (brbnr. 569) | - 5058.00 |
| 3. | Hús Jóns Jónssonar, dócents og Þórarins Þorlákssonar, málara, nr. ~~64~~ 45 við Laufásveg (brbnr. 921) | - 18854.00 |
| 4. | Hús Björgvins Jónssonar og Jóns Guðnasonar, nr. 44 við Bergstaðastræti (brbnr. 666) ............... | - 4418.00 |
| 5. | Hús O. Obenhaupts, stórkaupmanns við Hverfisgötu | - 67178.00 |
| 6. | Hús Jafets Sigurðssonar, skipstjóra, nr. 29 við Bræðraborgarstíg (brbnr.488) | - 2600.00 |

7. Kosin nefnd til að semja alþingiskjörskrá 1917.

Kosningu hlutu:

| | | |
|---|---|---|
| Borgarstjóri með | 8 | atkv. |
| Sveinn Björnsson með | 5 | - |
| Jón Þorláksson með | 4 | - |

8. Kosin nefnd til að semja skrá yfir gjaldendur til ellistyrktarsjóðs 1917.

Kosnir voru:

| | | |
|---|---|---|
| Sigurður Jónsson | með 7 | atkv. |
| Hannes Hafliðason | - 5 | - |
| Kristján Guðmundss. | - 4 | - |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Fundargerð hafnarnefndar frá 2. janúar lesin. Atkvæða var leitað um 1. og 2. lið sérstaklega, og voru þeir hvor um sig, samþykktir í einu hljóði. Fundargerðin í heild sömuleiðis.

10. Önnur umræða um frumvarp til hafnarreglugerðar. - Engar breytingartillögur höfðu komið frá bæjarfulltrúum, þegar hinn ákveðnu frestur var útrunninn, en samþykkt var í einu hljóði að taka til umræðu og atkvæða breytingartillögur, sem fram kynnu að koma á fundinum.

Atkvæðagreiðsla:

1. - 5. gr. samþykkt í einu hljóði.

Brtt. frá Jóni Þorlákssyni við 6. gr.:

Á eftir 1. málsgreininni bætist inn:

"Öll veiði með skotum er bönnuð á höfninni".

Samþykkt með 8:2 atkv.

6. gr. svo breytt samþykkt ~~í einu~~ með öllum greiddum atkv.

7. - 24. gr. samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Brtt. við 25. gr. frá borgarstjóra:

Aftan við 25. gr. komi:

"og skal það leyfi að jafnað veitt".

samþykkt með 6:1 atkvæði.

25. gr. svo breytt samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

26. gr. samþykkt í einu hljóði.

Brtt. við 27. gr. frá hafnarnefnd:

Í stað orðanna: "Uppskipunarbátum og mótorbátum" komi:

Uppskipunarbátum, mótorbátum og fiskiskipum.

samþ. í einu hljóði.

27. gr. svo breytt samþykkt í einu hljóði.

28. - 42. gr. samþykkt í einu hljóði.

Fyrirsögn samþykkt án atkvæðagreiðslu

Frv. í heild samþ. í einu hljóði.

Sveinn Björnsson kom á fund kl. 5.50.

Fundi slitið kl. 7.15.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Kristján V. Guðmundsson.
Ágúst Jósefsson. Guðrún Lárusdóttir. Jón Þorláksson.
Hannes Hafliðason. Sveinn Björnsson. Sigurður Jónsson.
Þorvarður Þorvarðarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, fimmtudaginn 18.janúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.2o síðd., og voru þá til fundar komnir, auk borgarstjóra og forseta þessir bæjarfulltrúar: Sveinn Björnsson, Ágúst Jósefsson, Benedikt Sveinsson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, og Hannes Hafliðason. - Jón Þorláksson kom að nýafstaðinni fundarsetningu og Þorvarður Þorvarðarson litlu síðar. - Forföll höfðu boðað borgarstjóra: Guðrún Lárusdóttir, Jón Magnússon og Magnús Helgason. - Bríet Bjarnhéðinsdóttir var erlendis.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Fundargerð byggingarnefndar frá 13. janúar lesnar. Gengið var til atkvæða um 1. og 2. lið sérstaklega, og voru þeir hvor um sig, samþykktir í einu hljóði.- 3. lið vísað til fjárhagsnefndar með öllum greiddum atkvæðum og atkvæðagreiðslu um hann frestað.- 4. liður samþykktur með þeim viðauka, eftir tillögu Sveins Björnssonar, að aftan við greinina bætist: -eftir mati matsnefndar.

Fundargerðin í heild, að undanteknum 3. lið, samþykkt (í einu hljóði) með samhljóða atkvæðum.

2. Fundargerð fátækranefndar frá 11. janúar lögð fram. Í tilefni af 1. lið samþykkti bæjarstjórnin að lýsa því yfir, að hún telji Finnboga Jensson færan um að annast yngra barnið, sem um getur í þeim lið.

3. Samþykkt var við 2. umræðu að kaupa fyrir bæjarins húseignina nr. 9 við Norðurstíg, fyrir 4600 kr. (sjá 9. lið fundargerðar fátækranefndar frá 28. desember).

4. Brunabótavirðingar þessar voru samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Hús dánarbús Sigríðar Einarsdóttur -Vinaminni við Mjóstræti | Kr. | 26280.00 |
| 2. Hús Guðmundar Bjarnasonar, klæðskera nr. 6 við Aðalstræti | - | 17656.00 |
| 3. Hús Ragnheiðar Guðjohnsens og Ástríðar Petersen nr. 8 við Skólavörðustíg | Kr. | 12067.00 |
| 4. Hús h.f. "Kol og Salt" á uppfyllingunni við höfnina | - | 20262.00 |
| 5. Hús Vilhjálms Briem, past. emer. nr. 18c við Laugaveg | - | 24014.00 |
| 6. Bakhús sama manns við sömu lóð | - | 3691.00 |

5. Út af erindi Einars Arnórssonar, dags. 15. jan. um kaup á lóðarræmu til breikkunar á Laufásvegi, samþykkti bæjarstjórnin í einu hljóði að kaupa umrædda lóðarræmu eftir mati lóðarmatsnefndar.

6. Út af dýrtíðaruppbót barnakennara, bar borgarstjóri fyrir hönd skólanefndar fram svohljóðandi tillögu:

"Nefndin leggur til við bæjarstjórn, að fyrst um sinn verði kennurum barnaskólans ekki greidd dýrtíðaruppbót".

Við þessa tillögu kom fram svohljóðandi breytingartillaga frá Sveini Björnssyni:

"Barnakennarar fái útborgaða dýrtíðaruppbót fyrir 1. ársfjórðung ársins 1917, en að öðru leyti sé málinu vísað til fjárhagsnefndar".

Enn kom fram tillaga frá Þorvarði Þorvarðarsyni um að málinu yrði skilmálalaust vísað til fjárhagsnefndar.

Forseti bar seinustu tillöguna fyrst undir atkvæði og var hún samþykkt með 6:3 atkv.

7. Lagður fram reikningur brunabótasjóðs 1916.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Lagður fram reikningur Blómsveigasjóðs Þorbjargar Sveinsdóttur og kosnir endurskoðendur:
Magnús Helgason með 6 atkv.
Guðrún Lárusdóttir - 6 -

Fundi slitið kl. 7.5.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Benedikt Sveinsson.
Hannes Hafliðason. Sveinn Björnsson. Jörundur Brynjólfsson.
Kristjn V. Guðmundsson. Þorvarður Þorvarðarson.
Ágúst Jósefsson. Sigurður Jónsson. Jón Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, fimmtudaginn 1. febrúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.2o síðdegis. Voru þá til fundar komnir, auk borgarstjóra og forseta, þessir bæjarfulltrúar: Þorvarður Þorvarðarson, Ágúst Jósefsson, Guðrún Lárusdóttir, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson og Hannes Hafliðason. - Magnús ~~Hafliðason~~ Helgason kom að nýafstaðinni fundarsetningu. - Forföll höfðu boðað Jón Magnússon og Kristján V. Guðmundsson. - Bríet Bjarnhéðinsdóttir var erlendis. - Sveinn Björnsson kom á fund kl. 5.3o og Benedikt Sveinsson kl. 5.45.

Gengið til dagskrár og gerðist þetta:

1. Fundargerð byggingarnefndar frá 27. janúar lesin lið fyrir lið og samþykkt í heild í einu hljóði.

2. Fundargerð fátækranefndar frá 25. janúar lögð fram.

3. Fundargerð hafnarnefndar frá 30. janúar lesin.
4. liður samþykktur með 7:3 atkv.
6. liður samþykktur með öllum greiddum atkv.
7. lið a vísað ~~xxxxxxxx~~ til byggingarnefndar með öllum greiddum atkv., eftir tillögu Jóns Þorlákssonar.
Út af 7. lið b bar forseti undir atkvæði, hvort þeim bæjarfulltrúum, sem sæti eiga í stjórn Eimskipafélags Íslands, skyldi heimilt að greiða atkvæði um þann lið og breytingartillögur við hann. Var það leyft með öllum greiddum atkvæðum.
Benedikt Sveinsson bar fram brtt. við 7. lið b, svohljóðandi:
"Bæjarstjórnin ályktar að verða við ósk Eimskipafélags Íslands um kaup á lóð austast á uppfyllingunni fyrir framan hafnarstræti. Stærð lóðarinnar skal ákveðin eftir nánara samkomulagi við stjórn Eimskipafélagsins. Matsnefnd ákveði verðið".
Við þessa tillögu kom fram breytingartillaga frá Sigurði Jónssyni, svohljóðandi:
"Andvirðið greiðist í hlutabréfum Eimskipafélagsins".
Þorvarður Þorvarðarson lagði til að atkvæðagreiðslan um liðinn og breytingartillögurnar yrði frestað, og var það samþykkt með 5 atkv. samhljóða.
7. liður c samþ. í einu hlj. með þeirri breytingu, að sleppt var ákvæðinu um legu og stærð skýlisins, sem þar um ræðir.
Atkvæðagreiðslu um 7. lið d frestað, samkvæmt ósk formanns hafnarnefndar.
Fundargerðin í heild með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.

4. Jörundur Brynjólfsson gerði fyrirspurn til hafnarnefndar, viðvíkjandi eignarrétti á kolum í höfninni. Gaf hún ekki tilefni til atkvæðagreiðslu.

5. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 31. janúar lesin. Gengið var til atkvæða um 2. og 3. lið sérstaklega.
2. liður var samþykktur í einu hljóði og vísað til 2. umr.
3. liður samþykktur með öllum greiddum atkv. og vísað til 2. umræðu.

6. Fundargerð fasteignanefndar frá 31. janúar lesin.
2. liður samþ. með öllum greiddum atkv.
6. liður sömuleiðis.
8. liður samþykktur í einu hljóði.
Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

7. Brunabótavirðingar þessar voru samþykktar :

1. Hús Þórunnar Jónassen, landlæknisekkju, nr. 8 við Lækjargötu (brbnr. 35) Kr. 17221.oo
2. Hús barns Þorláks Ó. Johnsons, nr. 4 við Lækjargötu (brbnr. 33) - 23031.oo



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Hús Jóns Ólafssonar, nr. 2 við Kárastíg,
   (brbnr. 982) .................. Kr. 5522.oo
4. Hús Gísla Gíslasonar, sjómanns,
   nr. 20 A við Skólavörðust.(brbnr.1336)- 5759.oo
5. Hús Gísla Þorsteinssonar, skipstjóra,
   nr. 29 við Ránargötu(brbnr.1135) - 14798.oo.

8. Erindi til bæjarstjórnar frá 4 barnakennurum, um launahækkun, dags. 29. janúar, lesið og tekið til umræðu.
Benedikt Sveinsson bar fram tillögu til rökstuddrar dagskrár, svohljóðandi:
"Í fullu trausti þess, að skólanefnd sjái sér fært að hliðra svo til, að hún fallizt á að greiða þeim fjórum kennurum barnaskólans, er ritað hafa bæjarstjórn um laun sín, þá er launahækkun, sem hún hafði ráð fyrir gert, án nýrra samninga að öðru leyti, tekur fundurinn fyrir næsta mál á dagskrá".
Þá er umræður höfðu staðið alllengi og klukkan var orðin 8.45, frestaði forseti fundi til kl. 9.30.

Klukkan 9.45 var fundur settur aftur og voru þá komnir allir hinir sömu bæjarfulltrúar, er áður sátu fundinn, aðrir en Guðrún Lárusdóttir, Magnús Helgason og Sveinn Björnsson. Tvö hin fyrnefndu komu á fundinn kl. 10.

Var nú umræðum haldið áfram, en að þeim loknum, las forseti tillögu til rökstuddrar dagskrár frá Þorvarði Þorvarðssyni, svohljóðandi:
"Bæjarstjórnin ber það traust til skólanefndar, að hún verði við ósk ~~skólans~~ bæjarstjórnar um, að kennararnir fái þá launahækkun, sem hún hafði ætlað þeim, gegn því, að kennararnir gengi að því skilyrði, að segja ekki upp á miðju skólaári og að kennararnir krefjist ekki, að launaviðbótin verði skoðuð bindandi framvegis fyrir skólanefndina, ef bæjarstjórn lækkar kennslukaup við skólann, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá".
Var tillaga þessi samþykkt með öllum greiddum atkv. Benedikt Sveinsson hafði áður tekið sína tillögu aftur.

9. Þorvarður Þorvarðsson, bar fram svohljóðandi tillögu: "Bæjarstjórnin kýs nefnd þriggja manna, til að íhuga og koma með tillögur um, hvort tiltækilegt væri, að bærinn fengi með lögum heimild til einkasölu á mjólk handa bæjarbúum".
Var tillagan samþykkt og í nefndina kosnir:
Þorvarður Þorvarðarson með 6 atkv.
Sveinn Björnsson - 5 - og
Magnús Helgason - 4 -

10. Jörundur Brynjólfsson bar fram tillögu svohljóðandi:
"Bæjarstjórnin felur dýrtíðarnefnd að athuga, hvort ekki muni tiltækilegt, að bærinn einn annist um fisksöluna í bænum, og jafnframt að athuga, hvort ekki sé tiltækilegt fyrir bæinn, að útvega nýjan fisk, er svo verði seldur bæjarbúum".
Tillagan var samþykkt með 5:1 atkv.
Hér með var dagskránni lokið. en bæjarstjórnin leyfði, að tekin yrði til meðferðar tillaga frá Þorvarði Þorvarðssyni, en flutningsmaður tók þá tillöguna aftur, og er hennar því ekki getið hér nánara.

Fundi slitið kl. 12.1o eftir miðnætti.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Hannes Hafliðason.
Þorvarður Þorvarðsson. Benedikt Sveinsson. Ágúst Jósefsson.
Jörundur Brynjólfsson. Jón Þorláksson. Sigurður Jónsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, fimmtudaginn 15. febrúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.20 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra og forseta, þessir bæjarfulltrúar: Sveinn Björnsson, Þorvarður Þorvarðarson, Guðrún Lárusdóttir, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson og Hannes Hafliðason.- Forföll höfðu boðað borgarstjóra: Jón Magnússon,(Magnússon o) Magnús Helgason og Thor Jensen. - Bríet Bjarnhéðinsdóttir var erlendis. Ágúst Jósefsson kom á fund kl. 5.30 og Benedikt Sveinsson litlu síðar.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Fundargerð byggingarnefndar frá 10. febrúar lesin. Frestað umræðum og atkvæðagreiðslu um 1. lið þangað til 5. liður fundargerðar hafnarnefndar, sem hér fer á eftir (2. dagskrármál)kæmi til atkvæða.
2. lið vísað til fasteignanefndar.
3. - 7. liður samþykktur í einu hljóði.
Forseti ákvað að fresta atkvæðagreiðslu um 8. lið(fundargerðar byggingarnefndar) og bera hann undir atkvæði í sambandi við 1. lið fundargerðar hafnarnefndar.

2. Fundargerð hafnarnefndar frá 12. febrúar lesin. Þá er rætt hafði verið um hríð um 1. lið fundargerðarinnar, var gengið til atkvæða um 8. lið fundargerðar byggingarnefndar, og var hann samþykktur með 6:3 atkv.- 1. liður fundargerðar hafnarnefndar (að bryggjuhúsið verði tekið eignarnámi) þvínæst samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
Í sambandi við 2. lið voru teknar til umræðu og atkvæðagreiðslu tillögur þær um sölu á lóð til Eimskipafélags Íslands, sem skráðar eru undir 3. dagskrárlið fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar og frestað var þá að taka ákvörðun um.(Sjá einnig 7. lið fundargerðar hafnarnefndar frá 30. janúar).
Sigurður Jónsson bar fram nýja viðaukatillögu svohljóðandi:
"Þegar Eimskipafélagið þarf ekki lengur að nota lóðina, eða vill selja hana, skal hafnarsjóði áskilinn forkaupsréttur að henni fyrir sama verð, sem hann hefur fengið fyrir hana hjá félaginu".
Tillaga Benedikts Sveinssonar felld með 6:4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| Já: | Nei: |
|---|---|
| Benedikt Sveinsson, | Þorvarður Þorvarðsson, |
| Guðrún Lárusdóttir, | borgarstjóri, |
| Jón Þorláksson, | Ágúst Jósefsson, |
| Sigurður Jónsson. | Hannes Hafliðason, |
| | Jörundur Brynjólfsson, |
| | Kristján V. Guðmundsson. |

Forseti og Sveinn Björnsson greiddu ekki atkvæði. Viðaukatillögur Sigurðar Jónssonar þar með úr sögunni. Tillaga hafnarnefndar (7. liður b í fundargerð hafnarnefndar frá 30. janúar) samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
5. liður samþ. í einu hlj.
Fundargerðin í heild samþykkt með öllum gr. atkv.
Þá var gengið til atkvæða um 1. lið fundargerðar byggingarnefndar frá 10. febr., sem áður var frestað, og var hann samþykktur með þeirri breytingu, sem samþykkt 5. liðs fundargerðar hafnarnefndar gerði á honum.
Fundargerð byggingarnefndar í heild með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.

3. Fundargerð fasteignanefndar frá 13. febr. lesin.
1. liður samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
2. liður sömuleiðis.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum eftir tillögu Hannesar Hafliðasonar að fresta um óákveðinn tíma að taka ákvörðun um 3. lið.
4. liður samþykktur með öllum greiddum atkv.
Fundargerðin í heild með áorðinni breytingu við 3. lið samþykkt í einu hljóði.

4. Fundargerð fátækranefndar frá 8. febrúar lögð fram.

5. Fundargerð gasnefndar frá 10. febr. lesin og samþ. með þeirri breytingu, að í stað orðanna í 3. grein fundargerðarinnar: "Einnig felur nefndin ........... stjórnarráðið" komi: "Bæjarstjórnin ákveður".

Kl. 8.5 gerði forseti fundarhlé til kl. 9.

Kl. 9.10 var fundur settur aftur og voru þá komnir allir sömu fulltrúarnir, er áður sátu fundinn, aðrir en Sveinn Björnsson, Guðrún Lárusdóttir og Benedikt Sveinsson. -Kom hinn fyrstnefndix rétt eftir fundarsetningu. Benedikt Sveinsson kom kl. 9.50, en vk skjótt aftur af fundi.

6. Fundargerð dýrtíð rnefndar fr' 11. febrþ lesin og samþykkt í heild í einu hljóði.

7. Fundargerð veganefndar frá 13. febr. lesin og samþykkt í heild með öllum greiddum atkvæðum.

8. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 13. febr. lesin.
1. liður samþ. með öllum greiddum atkv.
Í sambandi við 2. lið bar borgarstjóri fram svohljóðandi tillögu(:
"Bæjarstjórnin ályktar að hækka aukaútsvarsupphæð þá, sem (áætluð er) ákveðin er í fjárhagsáætlun 1917, um 75000 krónur".
Var tillagan samþykkt og vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

9. Fundargerð rafmagnsnefndar frá 14. febrúar lögð fram.

10. Brunabótavirðingar þessar voru samþykktar:

| | |
|---|---|
| 1. Hús Kristínar J. Hagbarð, nr. 24 c við Laugaveg (brbnr. 1299) | Kr. 8479.00 |
| 2. Hús Arent Claessen nr. 42 við Laufásveg (brbnr. 1016) | - 12850.00 |
| 3. Hús h.f. Pípugerðarverksmiðjunnar nr. 73 við Laugaveg (brbnr. 757) | - 9764.00 |
| 4. Hús sama félags, nr, 11 við Rauðarárstíg (brbnr. 1089) | - 9616.00 |
| 5. Geymsluhús Friðriks Magnússonar & Co. vestantil á hafnaruppfyllingunni | - 10150.00 |
| 6. Hús Ágústs Jósefssonar prentara, nr. 34 við Grettisgötu (brbnr. 745) | - 4841.00 |
| 7. Hús A.J.Johanssons, bankaritara, nr. 11 við Njálsgötu (brbnr. 1337) | - 9096.00 |

11. Samþykkt í einu hljóði við 2. umræðu, að hækka eftirlaun Önnu Petersen upp í 300 kr. á þessu ári.

12. Samþykkt við 2. umræðu að veita Sesselju Sigvaldadóttur 100 kr. eftirlaun árið 1917.

13. Lagður fram landsyfirdómur í útsvarsmáli Sláturfélags Suðurlands.

14. Þórður Þórðarson frá Laugarnesi, skipaður til að safna fjármörkum til markaskrár í Kjalarnesþingi.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Endurskoðaður reikningur Blómsveigasjóðs Þorbjargar Sveinsdóttur árið 1916 samþykktur í einu hljóði.

16. Lagður fram reikningur Ellistyrktarsjóðs 1916 og kosnir endurskoðendur:
Sigurður Jónsson með 8 atkv. og
Benedikt Sveinsson - 3 -

17. Lagður fram reikningur Sjúkrahússjóðs 1916 og kosnir endurskoðendur:
Guðrún Lárusdóttir með 4 atkv.
Ágúst Jósefsson - 6 - eftir ítrekaða atkvæðagreiðslu.

18. Lagður fram reikningur Baðhússins 1916 og kosnir endurskoðendur:
Jörundur Brynjólfsson með 4 atkv. og
Sveinn Björnsson m - 4 atkv. (eftir ítrekaða atkvæðagreiðslu).

19. Umsókn, dags. 1. febrúar, barst frá Jóni Magnússyni, forsætisráðherra, um lausn frá bæjarfulltrúastörfum. Samþykkt var með öllum greiddum atkvæðum at veita honum hina umbeðnu lausn.
Ennfremur barst umsókn sama efnis frá Magnúsi Helgasyni skólastjóra.
Frestað að taka ákvörðun út af beiðni hans og sömuleiðis frestað að ákveða, hvort kjósa skuli bæjarfulltrúa í stað Jóns Magnússonar.

20. Lögð fram matsgerð á ræmu af lóð húseignarinnar nr. 25 við Laufásveg.
Var matsgerðinni vísað til fasteignanefndar.

21. Umsókn fastra starfsmanna bæjarins, dags. 12. febr. um dýrtíðaruppbót fyrir árið 1916 vísað til fjárhagsnefndar.

22. Þorvarður Þorvarðarson flutti svohljóðandi tillögu:
"Ef rannsóknir bæjarverkfræðingsins á byggingarefni fyrir bæinn leiða það í ljós, að það sé ófáanlegt til frambúðar í bæjarlandinu, en nóg af þeim finnist á nágrannajörðum bæjarins, þá skorar bæjarstjórnin á borgarstjóra, í samráði við fasteignanefndina að undirbúa kaup á þeim stað nú þegar eða á annan hátt að tryggja bænum byggingarefnið milliliðalaust, svo að bæjarmönnum verði það eins ódýrt og ef bærinn ætti landið sjálfur og annaðist um fluttning á byggingarefninu á sinn kostnað".
Eftir nokkrar umræður tók flutningsmaður þessa tillögu aftur, en samþykkt var svohljóðandi tillaga frá borgarstjóra:
"Bæjarstjórnin felur borgarstjóra í samráði við fasteignanefnd, að gera nú þegar viðeigandi ráðstafanir til að reyna að tryggja bænum byggingarefni, sem sé til frambúðar".

Fundi slitið kl. 11.3o.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Kristján V. Guðmundsson.
Sveinn Björnsson. Hannes Hafliðason. Þorvarður Þorvarðsson.
Jörundur Brynjólfsson. Ágúst Jósefsson. Sigurður Jónsson.
Jón Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, föstudaginn 23. febrúar, kl. 5 síðdegis, var var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni, á skrifstofu borgarstjóra. Á fundinum voru mættir, auk borgarstjóra og forseta: Ágúst Jósefsson, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, Hannes Hafliðason, Kristján V. Guðmundsson, Þorvarður Þorvarðarson og Sveinn Björnsson.

Þetta var gert á fundinum:

Lesin fundargerð fjárhagsnefndar frá 22. febrúar þ.á.

2. umræða um tillögu þá, er um ræðir undir 8. lið í fundargerð síðasta fundar, um 75 þúsund króna hækkun á útsvarsupphæðinni 1917.

Var tillagan samþykkt í einu hljóði.

Fundi slitið kl. 6.o5.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Kristj'n V. Guðmundsson.
Sveinn Björnsson. Hannes Hafliðason. Þorvarður Þorvarðsson.
Sigurður Jónsson. Jörundur Brynjólfsson. Ágúst Jósefsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, fimmtudaginn 1. marz var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.3o síðdegis og voru þá komnir auk borgarstjóra og forseta, þessir bæjarfulltrúar: Sveinn Björnsson, Þorvarður Þorvarðarson, Ágúst Jósefsson, Jón Þorláksson, Sigurður Jónsson og Hannes Hafliðason.- Þessir höfðu tilkynnt borgarstjóra forföll: Magnús Helgason, Guðrún Lárusdóttir, Kristján V. Guðmundsson, Jörundur Brynjólfsson og Thor Jensen.- Erlendis var Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Fundargerð byggingarnefndar frá 26. febrúar lesin. Var gengið til atkvæða um 5. lið sérstaklega og hann samþykktur. Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

2. Fundargerð fátækranefndar frá 22. febrúar lögð fram.

3. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 19. febrúar lesin og samþykkt í einu hljóði.

4. Samþykkt við 2. umræðu að taka eignarnámi bryggjuhús H.P.Duus (sjá 1. lið fundargerðar hafnarnefndar frá 12. febrúar).

5. Brunabótavirðingar þessar voru samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Hús Ólafs Johnsson, konsúls við Þingholtsstr. | Kr. | 75619.oo |
| 2. Hús Ágústs Thorsteinsson, kaupmanns við Grundarstíg .................... | - | 8500.oo |
| 3. Hús Coplands og Berfils nr. 11 við Hafnarstræti (brbnr.727).................. | - | 14424.oo |
| 4. Hús Ingibjargar Jensdóttur, nr. 38 við Laufásveg (brbnr. 870) | - | 12640.oo |
| 5. Hús Einars Arnórssonar, prófessors, nr. 25 við Laufásveg ...................... | - | 21204.oo |
| 6. Íshús h.f. "Herðubreið" við Fríkirkjuveg | - | 78120.oo |

6. Ákveðið var með öllum greiddum atkvæðum að láta ekki fara fram kosningu á bæjarfulltrúa í stað Jóns Magnússonar, forsætisráðherra, er á síðasta fundi var veitt lausn frá bæjarfulltrúastörfum.

Þá var og samþykkt að fresta að taka ákvörðun um lausnarbeiðni Magnúsar Helgasonar. Hinsvegar var samþykkt að kjósa varaforseta í stað nefnds bæjarfulltrúa og ennfremur að kjósa í hans stað í nefndir. Fóru þær kosningar á þessa leið:

Varaforseti var kosinn:
Sveinn Björnsson með 4 atkv.
Í fasteignanefnd var kosinn:
Sigyrður Jónsson með 3 atkv.

Í veganefnd var kosinn Hannes Hafliðason, með hlutkesti milli hans, Jóns Þorlákssonar og Kristjáns V. Guðmundssonar, er hver um sig höfðu fengið 2 atkvæði við atkvæðagreiðsluna.

Í rafurmagnsnefndina var kosinn:
Þorvarður Þorvarðsson, með 5 atkv.
Í mjólkurnefnd:
Ágúst Jósefsson, með 3 atkv.

Loks var samþykkt að kjósa í nefndir í stað Jóns Magnússonar , og hlutu kosningu:

Í vatnsnefnd:
Kristján V. Guðmundsson, með 3ø atkv.
Í lögreglusamþykktarnefnd:
Jörundur Brynjólfsson, með 3 atkv.

7. Erindi Árna Eiríkssonar, dags. 26. febr., um burtfelling útsvars Jónasar H. Jónssonar árin 1914- og 1915 vísað til fjárhagsnefndar.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Erindi Geirs Guðmundssonar, dags. 26. febr., um kartöflukaup - vísað til dýrtíðarnefndar.

9. Sveinn Björnsson flutti svohljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin ályktar að kjósa þriggja manna nefnd til þess að íhuga hverjar breytingar megi gera á fyrirkomulagi því, sem nú er um skattagjöld í bæjarsjóð. Sérstaklega er nefndinni ætlað að athuga, hvort eigi væri tiltækilegt að breyta lóðargjöldum þannig, að þau verði ákveðin í hlutfalli við verðmæti lóðanna. Ennfremur hvort eigi muni tiltækilegt að leggja á lóðir sérstakt verðhækkunargjald.
Sömu nefnd skal falið að íhuga, hvort eigi megi breyta fyrirkomulagi því, er nú er um aðaltekjustofn bæjarins, aukaútsvörin, í hagkvæmara horf.
Loks er nefndinni falið að semja frumvarp, eða frumvörp til laga um breytingar þær í þessa átt, er hún álítur tiltækilegat, og leggja fyrir bæjarstjórnina svo tímanlega, að hægt sé að fara fram á það við landsstjórnina, að leggja frumvarpið eða frumvörpin fyrir næsta Alþingi, sem stjórnarfrumvörp".
Var tillaga þessi samþykkt í einu hljóði og í nefndina kosnir:
Jón Þorláksson með 5 atkvæðum
Sveinn Björnsson - 5 -
Sigurður Jónsson - 3 -

10. Áður en síðasta dagskrármál væri tekið fyrir, var samþykkt að taka á dagskrá til umræðu og atkvæða fundargerð ellistyrktarsjóðnefndar frá 22. febrúar.
Voru tillögur nefndarinnar, hver um sig, samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

11. Lagt fram nefndarálit rafmagnsnefndar. Atkvæðagreiðslu um tillögur nefndarinnar frestað til næsta fundar með 4:2 atkvæðum.

Jörundur Brynjólfsson kom á fund kl. 7.

Fundi slitið kl. 7.45.

K. Zimsen. Zighvatur Bjarnason. Jón Þorláksson.
Þorvarður Þorvarðarson. Sveinn Björnsson. Sigurður Jónsson.
Hannes Hafliðason. Jörundur Brynjólfsson. Ágúst Jósefsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, fimmtudaginn 15. marz, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis, og voru þá komnir auk borgarstjóra og forseta, þessir bæjarfulltrúar: Sveinn Björnsson, Þorvarður Þorvarðarson, Guðrún Lárusdóttir, Benedikt Sveinsson, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson og Kristján V. Guðmundsson.
Ágúst Jósefsson og Hannes Hafliðason komu á fund kl.5.20.
Thor Jensen og Magnús Helgason höfðu tilkynnt borgarstjóra forföll,- Bríet Bjarnhéðinsdóttir erlendis.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Fundargerð byggingarnefndar frá 10. marz lesin og samþykkt í heild í einu hljóði.

2. Fundargerð fasteignanefndar frá 13. marz lesin. Gengið var til atkvæða um 8. og 9. lið sérstaklega, og voru þeir, hvor um sig, samþykktir í einu hljóði.
Þá var og gengið sérstaklega til atkvæða um 11. lið. Var fyrri hluti hans, út að orðunum: "fyrir 20000 kr.",
samþykkt með 9:2 atkv.
Brtt. Benedikts Sveinssonar við sama lið um að í stað orðanna: "fyrir 20000 kr."
komi: eftir mati lóðamatsnefndar,
samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
Niðurlag liðsins ("það sé gert að skilyrði" .... til enda)
samþykkt í einu hljóði.
Fundargerðin í heild, með áorðnum breytingum við 11. lið,
samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

3. Fundargerð hafnarnefndar frá 13. marz lesin.
Gengið var til atkvæða um 9. lið sérstaklega, og var hann samþykktur í einu hljóði, með þeirri breytingu (eftir tillögu Sveins Björnssonar) að í stað orðanna: "ef höfnin eða bærinn þarf á því að halda" komi: þegar hafnarnefnd krefst þess.
Fundargerðin í heild, með þessum breytingum, samþykkt í einu hljóði.

4. Fundargerð fátækranefndar frá 8. marz lögð fram.

5. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 13. marz lesin.
1., 2., 4. og 5. liður voru hver um sig samþykktir í einu hljóði.
Felld var viðaukatillaga við 5. lið frá fjárhagsnefnd svo hljóðandi:
"gegn því, að Bernhöft láti af hendi án endurgjalds, lóð undir hornsneiðingu við Lækjargötu".
Fundargerðin í heild samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 6. marz lesin og samþykkt í einu hljóði.

7. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 14. marz, lesin.
4. liður samþykktur í einu hljóði við sérstaka atkvæðagreiðslu.
Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

8. Brunabótavirðingar þessar voru samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Hús Jóns Sveinssonar trésmiðs, nr. 14B við Pósthússtræti (brbnr. 576) | Kr. | 46543.00 |
| 2. Hús sama nr. 3 við Templarasund (brbnr. 862) .................. | - | 42662.00 |
| 3. Hús Lúðvígs Hafliðasonar, kaupmanns, nr. 28 við Vesturgötu (brbnr. 197) | - | 6382.00 |
| 4. Hús Margrétar P. Árnason, nr. 14 við Suðurgötu (brbnr.1061) | - | 20180.00 |
| 5. Hús Jóhannesar Kr. Jóhannessonar, trésmiðs, nr. 41 við Bergstaðastræti (brbnr.621) | - | 8721.00 |
| 6. Hús Guðmundar Bjarnasonar, sjómanns, nr. 4A við Amtmannsstíg (brbnr. 1253) | - | 6302.00 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Endurskoðaður reikninigur Sjúkrahússjóðs fyrir árið 1916 samþykktur í einu hljóði.

10. Endurskoðaður reikningur baðhússins fyrir árið 1916 samþykktur í einu hljóði.
Í sambandi við þennan dagskrárlið samþykkti bæjarstjórnin að taka fyrir að kjósa reikningshaldara baðhússins fyrir næsta reikningsár. Var núverandi reikningshaldari endurkosinn í einu hljóði.

11. Lögð fram til undirskriftar alþingiskjörskrá fyrir Reykjavík, er gildir frá 1. júlí 1917 til 30. júní 1918. Engar kærur höfðu fram komið út af kjörskránni.

Kl. 7.45 frestaði forseti fundi til kl. 9.

Kl. 9.05 var fundur settur aftur að viðstöddum öllum hinum sömu bæjarfulltrúum, er áður sátu fundinn, öðrum en Guðrúnu Lárusdóttur, Hannesi Hafliðasyni og Sveini Björnssyni. .- Tveir hinir síðastnefndu komu skömmu eftir fundarsetningu. Guðrún Lárusdóttir kom kl. 9.30.

12. Tillögur rafmagnsnefndar um rafmagnsstöð fyrir Reykjavík teknar til annarar umræðu.
Þá er umræður höfðu staðið nærfellt þrjár klukkustundir og komið var fast að miðnætti, en tveir bæjarfulltrúar höfðu enn beðið sér hljóðs, bar forseti undir atkvæði, hvort umræðum skyldi haldið áfram, og var það samþykkt með 8:2 atkv.
Að umræðum loknum var gengið til atkvæða um tillögur nefndarinnar. Var fyrri tillagan samþykkt með 11:1 atkvæði að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| Já: | Nei: |
|---|---|
| Sveinn Björnsson, | Þorvarður Þorvarðsson, |
| Ágúst Jósefsson, | |
| Guðrún Lárusdóttir, | |
| Hannes Hafliðason, | |
| Jón Þorláksson, | |
| Kristján V. Guðmundsson, | |
| Sighvatur Bjarnason, | |
| Sigurður Jónsson, | |
| Thor Jensen, | |
| borgarstjóri, | |

Jörundur Brynjólfsson greiddi ekki atkvæði og taldist til meiri hlutans.
Seinni tillagan var samþykkt með 12 samhljóða atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:
Já:
Sveinn Björnsson,
Þorvarður Þorvarðsson,
Ágúst Jósefsson,
Guðrún Lárusdóttir,
Jón Þorláksson,
Jörundur Brynjólfsson,
Sigurður Jónsson,
Kristján V.Guðmundsson,
Hannes Hafliðason,
Thor Jensen,
borgarstjóri,
Sighvatur Bjarnason.

Thor Jensen kom á fund kl. 10.
Benedikt Sveinsson vék af fundi skömmu áður en gengið væri til atkvæða.

Fundi slitið kl. 12.45 eftir miðnætti.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sigurður Jónsson. Guðrún Lárusdóttir. Hannes Hafliðason. Sveinn Björnsson. Kristján V. Guðmundsson. Sigurður Jónsson. Jón Þorláksson. Þorvarður Þorvarðsson. Jörundur Brynjólfsson. Thor Jensen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, fimmtudaginn 29. marz var haldinn fundur í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis og vonu þá til fundar komnir: Borgarstjóri, forseti, Sveinn Björns, son, Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Benedikt Sveinsson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, Hannes Hafliðason,/ og Thor Jensen.

Forföll boðuðu Guðrún Lárusdóttir og Magnús Helgason. Bríet Bjarnhéðinsdóttir erlendis.

Gengið til dagskrár og tekið til meðferðar:

1. Fundargerðir rafmagnsnefndar frá 19,, 26. og 28. marz. Bar nefndin fram tillögu svohljóðandi,

"Bæjarstjórnin fellzt á, að rafmagnsnefndin geri samning við verkfræðingana Guðmund J. Hlíðdal og Jón Þorláksson um að þeir geri frumvarp um rafmagnsstöð samkvæmt ályktun bæjarstjórnar 15. marz og áætlun um kostnað við byggingu stöðvarinnar. Sérstaklega er nefndinni heimilað að taka til greina í samningi við Guðmund J. Hlíðdal skilyrði það, sem getið er um í 1. lið fundargerðar rafmagnsnefndar 26. marz".

Tillagan var samþykkt með 7 atkv. samhljóða. Fundargerðirnar í heild samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

2. Fundargerðir dýrtíðarnefndar frá 26. og 29. marz lagðar fram.

Sérstaklega var gengið til atkvæða um fyrsta lið fundargerðarinnar frá 29. marz og var hann samþykktur í einu hljóði.

Fundargerðirnar báðar í heild þvínæst samþykktar í einu hljóði.

Fundi slitið kl. 6.15.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sigurður Jónsson.
Benedikt Sveinsson. Sveinn Björnsson. Ágúst Jósefsson.
Þorvarður Þorvarðsson. Hannes Hafliðason. Thor Jensen.
Jörundur Brynjólfsson.

 © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, fimmtudaginn 19. apríl var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.2o síðdegis og voru þá komnir auk borgarstjóra og forseta þessir bæjarfulltrúar: Sveinn Björnsson, Þorvarður Þorvaðssom, Ágúst Jósefsson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson og Hannes Hafliðason.

Forföll höfðu boðað borgarstjóra: Guðrún Lárusdóttir, Kristján V. Guðmundsson, Magnús Helgason, og Thor Jensen.

Jón Þorláksson kom á fund kl. 5.5o og Bríet Bjarnhéðinsdóttir kl. 6.1o.

Á fundinum gerðist þetta:

1. Fundargerð byggingarnefndar frá 31. marz lesin. Sérstaklega var gengið til atkvæða um 4. lið og var hann samþykktur í einu hljóði.
Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

2. Fundargerð byggingarnefndar frá 14. apríl samþykkt í heild í einu hljóði.

3. Fundargerð fasteignanefndar frá 13. apríl lesin og samþykkt í einu hljóði.

4. Fundargerð hafnarnefndar frá 11. apríl lesin. Gengið var til atkvæða um 8. lið sérstaklega og var hann samþykktur í einu hljóði. Fundargerðin í heild samþykkt í e. hlj.

5. Fundargerð brunamálanefndar frá 11. apríl lesin og samþykkt í einu hljóði.

6. Fundargerð skólanefndar frá 17. marz og 2. apríl lagðar fram.

7. Fundargerð fátækranefndar frá 22. marz lögð fram.

8. Fundargerð fátækranefndar frá 12. apríl lögð fram. Til atkvæða var gengið um 7. lið, og var hann samþykktur í einu hljóði og vísað til 2. umræðu.

9. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 17. apríl lesin.
1. liðurcsamþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
4. liður sömuleiðis.
Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

1o. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 17. apríl lesin.
3. liður samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

11. Önnur dýrtíðarmál:
a. Reglur um sölu smjörlíkis samþykktar í einu hljóði.
b. Fundargerð skólanefndar frá 19. apríl samþykkt í einu hljóði.

12. Erindi frá búendum við Tjarnargötu, dags. 2. apríl, vísað til veganefndar.

13. Brunabótavirðingar þessar voru samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hús h.f. Borgar (Hótel Ísland) (brbnr. 110) | Kr.107000.oo |
| 2. | Hús Gunnars Egilssonar, skipamiðlara, nr. 14 við Laufásveg (brbnr. 1171) | - 15116.oo |
| 3. | Hús Sigurðar Guðbrandssonar, stýrimanns, og Valdimars Árnasonar, vélstjóra, nr. 2 við Grettisgötu (brbnr. 992) | - 16506.oo |
| 4. | Hús Jónatans Þorsteinssonar, kaupmanns, nr. 31 við Laugaveg (brbnr. 864) | - 73208.oo |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5.Hús Þórðar Bjarnasonar kaupmanns, nr. 12 við Vonarstræti (brbnr. 1202) Kr.55713.oo
6. Hús Eiríks Bjarnasonar, járnsmiðs, nr. 11 við Tjarnargötu (brbnr. 47o) - 22387.oo
7. Húseign sama, nr. 11A við Tjarnargötu (brbnr. 1034) .................. - 5496.oo

Sérstaklega var gengið til atkvæða um virðinguna á Hótel Ísland, og var hún samþykkt með 3 atkv. samhljóða.

14. Skýrsla frá mjólkurnefnd.
Málinu frestað.

Fundi slitið kl. 6.5o.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Þorvarður Þorvarðsson. Sveinn Björnsson. Jón Þorláksson. Hannes Hafliðason. Sigurður Jónsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Jörundur Brynjólfsson. Ágúst Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, fimmtudaginn 3. maí var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Til fundar hafði verið boðað kl. 4 síðd. en fundurinn var settur kl. 4.15 síðdegis. Voru þá til fundar komnir auk borgarstjóra og forseta: Þorvarður Þorvarðsson, Guðrún Lárusdóttir, Jón Þorláksson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson og Hannes Hafliðason. Ágúst Jósefsson kom að nýafstaðinni fundarsetningu. Jörundur Brynjólfsson kom kl. 4.5o og Benedikt Sveinsson litlu síðar.

Forföll höfðu boðað Magnús Helgason og Sveinn Björnsson.

Gengið til dagskrár og gerðist þetta:

1. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 1. marz lesin. 2. liður samþykktur í einu hljóði, og samkvæmt því er þar greinir, kosnir borgarstjóra til aðstoðar eftir tillögu dýrtíðarnefndar:

Sigurður Jónsson, bæjarfulltrúi,
Klemenz Jónsson, landritari og
Sigurður Björnsson, kaupmaður.

Í sambandi við fundargerð dýrtíðarnefndar var samþykkt tillaga ~~skólanefndar~~ borgarstjóra fyrir hönd skólanefndar um að gera ekki breytingu á ráðningu barnaskólakennara vegna útlitsins um kolaeklu og annara tormerkja á skólahaldi næsta vetur.

Ennfremur var við fyrri umræðu samþykkt tillaga frá borgarstjóra um að afla á kostnað bæjarsjóðs tækja til salernahreinsunar.

2. Fundargerð fasteignanefndar frá 1. maí lesin. Voru 1., 2., 3., 4.og 5. liður, hver um sig, samþykktir með öllum greiddum atkvæðum. - 7. lið frestað og vísað til mjólkurnefndar til athugunar. - Fundargerðin í heild, með áorðnum breytingum að því er snertir 7. lið, samþykkt í einu hljóði.

3. Álit og tillögur mjólkurnefndar frá 23. apríl tekin fyrir.

Jón Þorláksson bar fram tillögu svohljóðandi:

"Bæjarstjórnin felur mjólkurnefndinni að undirbúa og leggja fram tillögur um löggjöf, er heimili bæjarstjórn Reykjavíkur að takmarka fjölda mjólkursölustaða í reykjavík. Jafnframt felur bæjarstjórn nefndinni að leita samvinnu við stjórn Mjólkurfélags Reykjavíkur um endurbætur á útsölunni, og koma fram með tillögur til breytinga á reglugerð um mjólkursölu, ef henni virðist það nauðsynlegt".

Tillagan var samþykkt í einu hljóði.

4. Samþykktur við 2. umræðu 7. liður fundargerðar fundargerðar fátækranefndar frá 12. apríl um borgun til fátækralækna.

5. Fundargerð byggingarnefndar frá 28. apríl samþykkt í heild í einu hljóði.

6. Fundargerð fátækranefndar frá 26. apríl lögð fram.

7. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús frk. Kristjönu Markúsdóttur, nr. 4 við Ingólfsstræti (brbnr. 464) | Kr. | 8230.oo |
| 2. | Hús Samúels Ólafssonar, söðlasmiðs, nr. 63 við Laugaveg (brbnr. 477) | - | 10233.oo |
| 3. | Hús Guðm. Ásbjörnssonar, kaupmanns, o.fl. nr. 1 við Laugaveg (brbnr. 15) | - | 18570.oo |
| 4. | Hús Eggerts Claessen, yfirdómslögmanns, nr. 17 við Pósthússtræti (brbnr. 1176) | - | 33169.oo |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Hús Sigríðar Sigurðardóttur, ~~ok~~ o.fl.
nr. 6 við Kirkjustræti (brbnr. 513) Kr. 9948.oo.

8. Reikningur ellistyrktarsjóðs 1916 ásamt tillögum endurskoumarmanna til úrskurðar samþykkt í einu hljóði.

9. Frumvarp til erfðafestuskilmála lagt fram. Frumv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir kom á fund kl. 5.2o.

Borgarstjóri vék af fundi um kl. 7.

Fundi slitið kl. 8.35.

Sighvatur Bjarnason. Þorvarður Þorvarðsson. Kristján V. Guðmundsson. Benedikt Sveinsson. Hannes Hafliðason. Jón Þorláksson. Sigurður Jónsson. ÁGÚST JÓSEFSSON. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Jörundur Brynjólfsson. Guðrún Kárusdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, miðvikudaginn 16. maí var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni á skrifstofu borgarstjóra. Fundurinn var settur kl. 7.10 og voru þá komnir á fundinn auk borgarstjóra þessir fulltrúar: Forseti, frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir, Jörundur Brynjólfsson, Ágúst Jósefsson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, Hannes Hafliðason, Þorvarður Þorvarðsson og Sveinn Björnsson. Frú Guðrún Lárusdóttir og Magnús Helgason höfðu boðað forföll.

Samkvæmt dagskrá, sem send hafði verið bæjarfulltrúunum, lá fyrir fundinum að skipa í húsaleigunefnd, samkvæmt bráðabirgðalögum 14. þ. m. um húsaleigu í Reykjavík.

Borgarstjóri upplýsti að landsyfirdómur hefði skipað í nefndina:
Formann: Einar Arnórsson, prófessor.
Varaformann:cOdd Gíslason, yfirdómslögmann.
Ennfremur að stjórnarráðið hefði skipað í nefndina:
Vilhjálm Briem, fyrrv. prest og
Odd Hermannsson cand. juris.
Til vara:
Sigurjón Sigurðsson, trésmið og
Magnús Sigurðsson, bankastjóra.
Var síðan gengið til atkvæða um það, hverja bæjar - stjórnin skyldi skipa í nefndina.
Atkvæði féllu þannig:
Úr flokki leigusala var kosinn:
Aðalmaður: Ágúst Jósefsson, bæjarfulltrúi með 8 atkvæðum.
Varamaður: Samúel Ólafsson, söðlasmiður - 8 -

Úr flokki leigutaka var kosinn:
Aðalmaður: Ólafur Rósenkraz, leikfimiskennari með 7 arkv.
Varamaður: Guðm. Davíðsson, barnakennari - 7 -

Fjærverandi úr bænum voru bæjarfulltrúarnir Jón Þorláksson og Thor Jensen.

Fundi slitið kl. 7.45.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson. Kristján V. Guðmundsson.Þorvarður Þorvarðarson. Sigurður Jónsson. Hannes Hafliðason. Jörundur Brynjólfsson. Ágúst Jósefsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, mánudaginn 21. máí, var reglulegurx fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn settur kl. 4.25 og voru þá komnir, auk borgarstjóra og forseta, þessir bæjarfulltrúar: Ágúst Jósefsson, Benedikt Sveinsson, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson og Hannes Hafliðason. Sveinn Björnsson kom að nýafstaðinni fundarsetningu og Guðrún Lárusdóttir skömmu síðar. Forföll höfðu boðað: Kristján V. Guðmundsson, Magnús Helgason og Thor Jensen. Þorvarður Þorvarðarson og Bríet Bjarnhéðinsdóttir komu á fund kl. 5.1o.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Fundargerð byggingarnefndar frá 12. maí samþykkt í heild í einu hljóði.

2. Fundargerð fasteignanefndar frá 18. maí tekin fyrir. 1. liður samþykktur með öllum greiddum atkvæðum. 2., 3., og 4 liður(samþykktur), hver um sig, samþ. í einu hljóði. 8. liður samþykkur með öllum greiddum atkvæðum og 9. liður í einu hljóði.

Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

3. Fundargerð hafnarnefndar frá 18. maí því næst tekin fyrir. Rætt um 4. lið fundargerðarinnar, en að umræðum loknum var gengið til atkvæða um þamn lið sérstaklega, og var hann felldur með 4:3 atkv.

Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir í heild í einu hljóði.

4. Fundargerð fátækranefndar frá 10. maí lögð fram. Atkvæða var leitað um 3. lið og var hann samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

5. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 9. maí tekin til meðferðar. 1. liður samþykktur með öllum greiddum atkvæðum. Í sambandi við þennan lið bar borgarstjóri fram svohljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórnin felur dýrtíðarnefnd að gera tillögu um hvernig haga skuli mótekju í Kringlumýri í sunar og leggja fyrir bæjarstjórn hið fyrsta".

Var tillaga þessi samþykkt með öllum(greiddum) atkvæðum.

2. og 3. liður samþykktur í einu hljóði.

Í sambandi við 3. lið kom frá borgarstjóra tillaga svohljóðandi:

"Bæjarstjórnin felur dýrtíðarnefnd að semja frumvarp til reglugerðar um þyngd bakarabrauða og afgreiða til stjórnarráðsins".

Var tillagan borin upp í tvennu lagi og var hvor hlutinn um sig samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

Fundargerðin í heild með þessum viðbótartillögum samþ. með öllum greiddum atkvæðum.

6. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 15. maí samþykkt í heild með öllum greiddum atkvæðum.

Þegar hér var komið dagskránni var klukkan orðin 8, og frestaði forseti fundinum til kl. 9.

Klukkan 9.15 var fundur settur aftur. Voru þá komnir sömu fulltrúarnir og áður sátu fundinn, aðrir en Ágúst Jósefsson, Bríet Bjarnhéðinsdóttir, Guðrún Lárusdóttir og Sigurður Jónsson. Kristján V. Guðmundsson var nú til fundar kominn. Bríet Bjarnhéðinsdóttir og Ágúst Jósefsson komu skömmu eftir fundarsetningu.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Dagskrá haldið áfram:

7. Þessar brunabótavirðingar voru samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Leifs Þorleifssonar, kaupmanns nr. 25 við Laugaveg | Kr. | 4384.oo |
| 2. | Hús sama manns, á baklóð fyrrnefndrar húseignar ........................ | - | 16626.oo |
| 3. | Hús Júlíu Norðfjörð nr. 5 við Grjótagötu (brbnr. 469) | - | 9310.oo |
| 4. | Hús L. H. Müller, kaupmanns nr. 15 við Stýrimannastíg (brbnr. 582) | - | 17442.oo |
| 5. | Hús Sigurðar Thoroddsen adjúnkts nr. 3 við Fríkirkjuveg (brbnr. 920) | - | 28177.oo |

8. Samþykkt við 2. umræðu að afla á kostnað bæjarsjóðs tækja til salernahreinsunar. (Sjá fundargerð bæjarstjórnar frá 3. maí, 1. dagskrárlið).

9. Mjólkurmálið þessu næst tekið til meðferðar. Þá er komið var fast að miðnætti, og enn höfðu nokkrir bæjarfulltrúar beðið sérx hljóðs, bar forseti undir atkvæði, hvort fundi skyldi haldið áfram. Greiddu 4 atkvæði með því, en 4 á móti. Með því að þetta var ekki nægur meiri hluti með fundarframhaldi var mjólkurmálinu frestað og síðasta dagskrármáli sömuleiðis.

Fundi slitið kl. 12.2o.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson. Kristján V. Guðmundsson. Hannes Hafliðason. Jörundur Brynjólfsson. Þorvarður Þorvarðsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Jón Þorláksson. Ágúst Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, föstudaginn 25. maí, var aukafundur haldinn í skrifstofu borgarstjóra samkvæmt fundarboði, er sent hafði verið bæjarfulltrúum í dag. Fundurinn var settur kl. 4.50, og voru þá komnir á fundinn auk borgarstjóra og forseta þessir fulltrúar: Jón Þorláksson. Jörundur Brynjólfsson. Sigurður Jónsson, Hannes Hafliðason, frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir, og Sveinn Björnsson. Benedikt Sveinsson kom kl. 5.

Tekið var fyrir samkvæmt dagskrá, er send hafði verið bæjarfulltrúunum með fundarboðinu:

Fundargerð dýrtíðarnefndar 25. maí.

Eftir nokkrar umræður voru fundargerirnar í heild sinni samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

Fundi slitið kl. 5.45.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson.
Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Þorvarður Þorvarðsson. Sigurður Jónsson. Jörundur Brynjólfsson. Hannes Hafliðason.
Benedikt Sveinsson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

A U G L Ý S I N G
um mótekju -

Bæjarstjórn Reykjavíkur gengst fyrir því, að láta taka upp mó í sumar, þurrka hann, geyma og flytja heim til notenda smám saman á næsta vetri, fyrir þá heimilisfeður í bænum er þess óska.

Mórinn verður tekinn upp í Kringlumýri, og svo mikið af honum, sem ástæður leyfa, verður gert að eltimó, sem er talsvert þéttari og fyrirferðarminni en venjulegur stungumór.

Það er áætlað, að ef þurrkun mósins heppnast þolanlega, þá samsvari 2½ tonn af mónum einu tonni af kolum að hitagildi. Og þar sem ekki er útlit fyrir, að kol muni kosta hér minna næsta vetur en 200 krónur tonnið, sama sem 32 til 40 krónur skippundið, þá skorar bæjarstjórnin á alla bæjarbúa að tryggja sér mó til eldsneytis, annaðhvort með því að taka mó upp sjálfir, eða með því að ganga í samlög um mótekjuna í Lringlumýrinni, undir forgöngu og með þátttöku bæjarstjórnar.

Þeir sem vilja að bæjarstjórnin samkvæmt þessu útvegi þeim mó, geta borgað hann annaðhvort með peningum eða með vinnu. Ber þeim að snúa sér til eldsneytisskrifstofu bæjarstjórnarinnar í Iðnskólanum, Vonarstræti 1,uppi. Þeir, sem vilja borga móinn með peningum til bráðabirgða 25 krónur fyrir hvert tonn af mó, sem þeir panta, en þeir, sem vilja borga móinn með vinnu við mótekjuna, gefi skrifstofunni skýrslu um hverjir muni inna vinnuna af hendi, og hvenæt megi kveðja þá til hennar, en það skal vera fyrir 31. júlí í sumar.

Jafnóðum og vinnan er innt af hendi, fá svo hlutaðeigendur(sama rétt) skírteini, sem gefa þeim sama rétt til svo mikils af(míð) mó í haust eða vetur, sem vinnulaununum nemur, eins og þeir hefðu borgað upphæð vinnulaunanna í peningum.

Verðið á mónum ákveður bæjarstjórnin til fullnaðar, þegar upptöku og þurrkun mósins er lokið og reikningur yfir kostnaðinn gerður upp, og er vonazt eftir að það fari ekki fram úr 25 kr. á tonnið, en engin ábyrgð á því tekin. Ef verðið verður hærra en 25 kr. á tonnið verða kaupendur að borga það, er til vantar, en ef verðið verður lægra, skilar bæjarstjórnin afganginum án vaxta.

Ekki er heldur unnt að taka ábyrgð á því, að svo mikið fáist tekið upp og þurrkað af mó, sem menn kunna að panta, en reynt verður til þess af ítrasta megni. Ef ekki fæst nóg af þurrkuðum mó, til að fullnægja öllum pöntunum, verða allar innkomnar pantanir, sem greiddar hafa verið með peningum eða vinnu samkvæmt framansögðu, færðar niður hlutfallslega, og mönnum endurgreitt það, er þeir kunna að hafa borgað umfram andvirði þess mós, sem þeir geta fengið.

Verkfræðingi Jóni Þorlákssyni hafa verið faldar allar framkvæmdir þessa máls.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 25. maí 1917.

K. Zimsens.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, fimmtudaginn 7. júní, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.2o síðdegis. Voru þá til fundar komnir auk borgarstjóra og forseta, þessir bæjarfulltrúar: Ágúst Jósefsson, Guðrún Lárusdóttir, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, Hannes Hafliðason og Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

Forföll höfðu boðað borgarstjóra: Magnús Helgason og Thor Jensen.

Þorvarður Þorvarðarson kom á fund kl. 5.3o og Sveinn Björnsson kl. 5.4o. Jón Þorláksson kom kl. 7.3o.

Gengið til dagskrár og gerðist þetta:

1. Fundargerð byggingarnefndar frá 2. júní lögð fram.
1.-10. liður samþ. með öllum greiddum atkv.
11. liður sömuleiðis.
Fundargerðin í heild samþykkt með öllum gr. atkv.

2. Fundargerð fasteignanefndar frá 5. júní lögð fram. Sérstaklega var gengið til atkvæða um 2., 6. og 8. lið, og voru þeir, hver um sig, samþykktir með öllum greiddum atkv.

Ennfremur var gengið til sérstakrar atkvæðagreiðslu um 9. lið og var hann (till. meiri hlutans) samþ. með öllum greiddum atkvæðum.

Fundargerðin í heild samþ. með öllum greiddum atkv.

3. Fundargerð fátækranefndar frá 24. maí lögð fram. Til atkvæða var gengið um 5. og 6. lið, og voru þeir, hvor um sig samþ. með öllum greiddum atkvæðum.

4. Fundargerð gasnefndar frá 24. maí lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

5. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 23. maí lögð fram.
3. liður samþykktur í einu hljóði.
Fundargerðin í heild sömuleiðis.

6. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 30. maí lögð fram, og samþykkt í heild í einu hljóði.

7. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 2. júní lögð fram.
1. liður samþykktur í einu hljóði við sérstaka atkvæðagr.
Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

8. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 6. júní lögð fram.
1. liður samþykktur í einu hljóði.
2. liður sömuleiðis.
Í sambandi við 2. lið bar Sigurður Jónsson fram svohljóðandi tillögu.

"Bæjarstjórnin felur dýrtíðarnefnd að gera tillögu um þóknun til borgarstjóra fyrir starf hans í matvælanefnd".

Tillagan var samþykkt í einu hljóði.
3. lið (útsvarskærum)frestað til fundarloka, til að útkljá fyrir luktum dyrum.

9. Samþykkt við 2. umræðu heimild til að taka allt að 150 þús. kr. lán til mótekju.

10. Aukaalþingiskjörskrá, er gildir frá 1. júlí 1917 til 30. júní 1918, lögð fram til undirskriftar.

11. Brunabótavirðingar samþykktar:
1. Hús Katrínar Sigfúsdóttur, nr. 1A við Klapparstíg (brbnr. 781) Kr. 15763.oo



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Hús norzku stjórnarinnar
nr. 45 við Hverfisgötu (brbnr. 1334) Kr. 48894.oo
3. Hús Árna Sigbjörnssonar,
nr. 58A við Laugaveg (brbnr. 871) - 17701.oo
4. Hús Magnúsar Símonarsonar,
nr. 112 við Laugaveg (brbnr. 991) - 1550.oo
5. Hús Indriða Einarssonar, skrifstofustjóra,
nr. 3c við Tjarnargötu (brbnr. 183) - 10094.oo

12. Erindi Lúðvígs Hafliðasonar, dags. 21. maí, um kaup á lóðarræmu, vísað til byggingarnefndar.

13. Mjólkurmálið, sem frestað var á síðasta fundi, tekið fyrir. Eftir nokkrar umræður var gengið til atkvæða um tillögur mjólkurnefndar, en þær voru í fjórum liðum á þessa leið:
1. Bæjarstjórnin samþykkir að gera ráðstafanir til að fá lögleidd heimildarlög um einkasölu á mjólk handa bæjarbúum. (Frumvarp fylgdi).
2. Bæjarstjórnin ákveður að nota forkaupsrétt þann, sem Eggert Briem frá Viðey hefur boðið á fjósi og landi í Vatnsmýrinni, ef nauðsynlegt lán fæst til kaupanna og reksturs kúabús á þessum stað.
3. Bæjarstjórnin samþykkir að kaupa svo margar kýr, sem fasteignanefnd telur hæfilegt.
4. Bæjarstjórnin samþykkir að fela borgarstjóra að ráða bústjóra fyrir kúabú bæjarins.

Nafnakalls um 1. og 2. tillöguna óskuðu:
Ágúst Jósefsson, Þorvarður Þorvarðsson, Sveinn Björnsson og Jörundur Brynjólfsson.
1. Tillaga var felld(að viðhöfðu naf) með 6:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| Já: | Nei: |
|---|---|
| Ágúst Jósefsson | Borgarstjóri |
| Bríet Bjarnhéðinsdóttir | Guðrún Lárusdóttir |
| Jörundur Brynjólfsson | Hannes Hafliðason |
| Kristján V. Guðmundsson | Jón Þorláksson |
| Sveinn Björnsson | Sighvatur Bjarnason |
| Þorvarður Þorvarðsson | Sigurður Jónsson. |

Frumvarpið, sem fylgdi þessum lið, fallið við þessa atkvæðagreiðslu.
2. tillagan nefndarinnar felld með 6:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| Já: | Nei: |
|---|---|
| ÁGúst Jósefsson, | Borgarstjóri |
| Guðrún Lárusdóttir | Bríet Bjarnhéðinsdóttir |
| Jörundur Brynjólfsson | Hannes Hafliðason |
| Kristján V. Guðmundsson, | Jón Þorláksson |
| Sveinn Björnsson | Sighvatur Bjarnason |
| Þorvarður Þorvarðsson | Sigurður Jónsson. |

3. og 4. tillagan þar með fallnar.
Tilboði Eggerts Jónssonar um sölu á Gufunesi o. fl. hafnað í einu hljóði.

14. Frumvarp til erfðafestuskilmála rætt, en að því loknu var málinu frestað til næsta fundar.

Þá var tekinn fyrir 3. liður fundargerðar fjárhagsnefndar (útsvarskærurnar).
1. Útsvar Þórarins Þorsteinssonar, Vesturgötu 32, að upphæð 20 kr. fyrir árið 1917 fellt niður í einu hljóði. Helmingur útsvars sama manns fyrir 1916, 10 kr. sömuleiðis eftir gefið.
2. Útsvar Kristjóns Halldórssonar, Grettisgötu 51, lækkað fyrir árið 1917 lækkað í einu hlj. úr 20 kr. niður í 10 kr.
3. Samþykkt að leita umsagnar niðurjöfnunarnefndar um útsvarskæru Guðmundar Helgasonar, Vitastíg 15.
4. Sömuleiðis samþykkt að leita umsagnar niðurjöfnunarnefndar um kæru Aðalsteins Pálssonar, skipstjóra.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Kæra S. Svavars, umboðsmanns A. Guðmundssonar í Leith, ekki tekin til greina.

6. Útsvar Guðmundar Thorsteinson, Njálsgötu 40 A, lækkað um 50 kr. niður í 150 kr.

7. Útsvar Einars Hildibrandssonar, Bræðraborgarstíg 23, lækkað um 6 kr. eða niður í 10 kr.

8. Útsvar útsvar H.S.Hansons kaupmanns, á Laugavegi, látið óhaggað standa.

Fundargerð fjárhagsnefndar í heild samþ. í e. hlj.

Fundi slitið kl. 9.25.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Sveinn Björnsson. Hannes Hafliðason. Þorvarður Þorvarðsson. Kristján V. Guðmundsson. Guðrún Lárusdóttir. Ágúst Jósefsson, Jörundur Brynjólfsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, fimmtudaginn 21. júní, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.25 síðdegis. Voru þá, auk borgarstjóra og forseta, komnir til fundar þessir bæjarfulltrúar: Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Benedikt Sveinsson, Sigurður Jónsson, Hannes Hafliðason og Bríet Bjarnhéðinsdóttir.
Forföll höfðu boðað borgarstjóra: Guðrún Lárusdóttir, Kristján V. Guðmundsson, Magnús Helgason og Thor Jensen. (erlendis).

Gengið til dagskrár og gerðist þetta:

1. Fundargerð byggingarnefndar frá 16. júní lögð fram. Sérstaklega var gengið til atkvæða um 5. lið, og var hann samþykktur í einu hljóði og vísað til 2. umræðu.
Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

2. Fundargerð fátækranefndar frá 14. júní lögð fram. Til atkvæða var gengið um 4. lið og 23., og voru þeir, hvor um sig, samþykktir í einu hljóði.

3. Fundargerð brunamálanefndar frá 19. júní lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

4. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 19. júní lögð fram.
1. og 2. liður samþykktir í einu hljóði.
3. liður samþykktur í einu hlj. og vísað til 2. umræðu.
Fundargerðin í heild samþ. í einu hljóði.

5. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 19. júní lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

6. Samþykkt við 2. umræðu heimild til allt að 120000 kr. lántöku til matvælakaupa.

7. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | |
|---|---|
| 1. Hús A. Openhaupts, stórkaupmanns, við Hverfisgötu (brbnr. 1371) | Kr. 10060.60 |
| 2. Hús Svein Jónssonar, kaupmanns, nr. 8B við Kirkjustræti (brbnr. 1043) | - 58402.00 |
| 3. Hús J.Aall-Hansens, heildsala, nr. 28 við Þingholtsstræti (brbnr. 683) | - 37278.00 |
| 4. Geymsluhús landssjóðs á norðausturhorni Arnarhólstúns | - 86000.00 |

8. Tilboði Karels Hjörtþórssonar, dags. 16. júní, um forkaupsrétt að mulningsvél, vísað til fjárhagsnefndar.

9. Tilboði Magnúsar Sigurðssonar, dags. 12. júní, um forkaupsrétt að Hæðarenda, vísað til fasteignanefndar.

10. Tilkynnt staðfesting stjórnarráðsins á samþykkt um þyngd bakarabrauða.

11. Umsókn Magnúsar Magnússonar, fyrrv. sótara, dags. 18. júní, um styrkveitingu sér til handa, vísað til fjárhagsnecndar.

Benedikt Sveinsson víek af fundi undir 9. dagskrárlið.

Fundi slitið kl. 6.20.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Þorvarður Þorvarðsson.
Sigurður Jónsson. Hannes Hafliðason. ÁGÚST JÓSEFSSON.
Bríet Bjarnhéðinsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, fimmtudaginn 5. júní, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.2o síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra og forseta, bæjarfulltrúarnir: Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson og Bríet Bjarnhéðinsdóttir.
Hannes Hafliðason og Guðrún Lárusdóttir komu skömmu eftir fundarsetningu og Benedikt Sveinsson litlu síðar.
Thor Jensen var erlendis, Sveinn Björnsson á ferðalagi og Magnús Helgason hafði forföll frá fundarsókn.

Gengið til dagskrár og gerðist þetta:

1. Fundargerð byggingarnefndar frá 30. júní lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

2. Samþykkt við 2. umræðu 500 króna fjárveiting til að breyta húsinu nr. 14 við Þingholtsstræti. (Sbr. fundargerð byggingarnefndar frá 16. júní, 5. lið.).

3. Fundargerð fasteignanefndar frá 2. júlí lögð fram.
1. liður samþykktur í einu hljóði.
2. - 3. liður sömuleiðis
5. liður sömuleiðis
6. liður samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

4. Frumvarp til erfðafestuskilmála tekið til framhalds 2. umræðu. Eftir stuttar umræður stakk Þorvarður Þorvarðsson upp á því að umræðum yrði frestað, og var það samþ. í einu hljóði.

5. Fundargerð fátækranefndar frá 18. júní lögð fram.

6. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 29. júní lögð fram og samþykkt í einu hljóði.

7. Samþykktar við 2. umræðu með öllum greiddum atkvæðum, tillögur dýrtíðarnefndar um dýrtíðaruppbót til starfsmanna bæjarins.

8. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 4. júlí lögð fram.
1., 2. og 3. liður, hver um sig samþykktir í e. hlj.
Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

9. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Geymsluhús Hallgríms Benediktssonar heildsala á hafnaruppfyllingunni | Kr. 17850.oo |
| 2. | Hús Sighvats Bjarnasonar, bankastjóra, nr. 2 við Amtmannsstíg (brbnr. 1096) | - 39869.oo |
| 3. | Hús Jóns Þórarinssonar, smiðs, nr. 10A við Vatnsstíg (brbnr. 509) | - 18245.oo |
| 4. | Hús Páls Árnasonar, lögregluþjóns, nr. 8 við Skólavörðustíg (brbnr.14.) | - 11569.oo |
| 5. | Hús Hans Petersens, kaupmanns, Halldórs Gunnlaugssonar, heildsala o.fl., nr. 20 við Vesturgötu (brbnr. 95) | - 81184.oo |

10. Þorvaldi Björnssyni, lögregluþjóni, veitt lausn frá starfa sínum frá 1. september næstkomandi, samkvæmt beiðni hans, dags. 30. júní síðastl.
Eftir tillögu borgarstjóra var ákveðið að greiða honum full laun til áramóta og fjárhagsnefnd falið að koma fram með tillögur um eftirlaun hans.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ennfremur var í sambandi við þetta, og eftir tillögu frá borgarstjóra, kosin þriggja manna nefnd til að koma fram með tillögur um verksvið væntanlegs lögreglumanns, og hlutu kosningu:

| | | |
|---|---|---|
| Borgarstjóri | með 7 | atkv. |
| Sveinn Björnsson | - 7 | - |
| Jón Þorláksson | - 6 | - |

11. Kosin skólanefnd til næstu þriggja ára:

| | | |
|---|---|---|
| Jón Þorláksson, verkfræðingur, | með 9 | atkv. |
| Bríet Bjarnhéðinsdóttir | - 8 | - |
| Borgarstjóri | - 5 | - |
| Þorvarður Þorvarðsson | - 5 | - |
| Ólafur Ólafsson, prestur | - 4 | - |

12. Beiðni Einars Gunnarssonar, dags. 28. júní, um leyfi til að láta söluturninn á Lækjartorgi standa óhreyfðan meðan heimsstyrjöldin stendur, synjað með 6 atkv. samhlj.

13. Erindi Steingríms og Gísla Sveinssonar, dags. 30. júní, um leigu á landsspildu, vísað til fasteignanefndar til afgreiðslu.

14. mál á dagskránni var rætt fyrir luktum dyrum og fundarályktunin um það verður færð inn í gjörðabókina síðar.

Jörundur Brynjólfsson vék af fundi áður en 14. liður kom til umræðu.

Ályktun bæjarstjórnarinnar undir 14. lið dagskrárinnar á fundi hennar 5. júlí 1917.
Bæjarstjórnin samþykkir að kaupa vatnsafl allt í Soginu fyrir landi jarðanna Bildsfells og Tungu, að undanskildum Kistufossi, sem er í austustu kvísl Sogsins, og allan rétt til að gera hvers konar mannvirki í landi jarðanna til hagnýtingar á vatnsafli Sogsins, fyrir 30000 krónur.
Tillagan samþykkt með 11 samhljóða atkvæðum.
Ályktunin rétt innfærð eftir frumriti.
K.Zimsen. Sveinn Björnsson. Þorvarður Þorvarðsson. Sighvatur Bjarnason.

Fundi slitið kl. 8.17 síðdegis.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Þorvarður Þorvarðsson. Benedikt Sveinsson. Sigurður Jónsson. Kristján V. Guðmundsson. Hannes Hafliðason. Guðrún Lárusdóttir. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Ágúst Jósefsson. Jón Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, fimmtudaginn 12. júlí, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni á skrifstofu borgarstnóra samkvæmt fundarboði, er bæjarfulltrúunum hafði verið tilkynnt. Fundurinn var settur kl. 8.3o síðdegis, og voru þá þessir fulltrúar mættir auk borgarstjóra og forseta: Ágúst Jósefsson, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, Hannes Hafliðason, frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir og Þorvarður Þorvarðsson.

1. Tekið fyrir til annarar umræðu tillaga rafmagnsnefndar og fjárhagsnefndar um kaup á vatnsafli í Soginu, fyrir landi Bíldsfells og Tungu í Grafningshreppi, fyrir 30 - þejátíu þúsund krónur, samber tillögu þá, sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnarinnar 5. þ. m. Samþykkt í einu hljóði. Borgarstjóri lagði fram uppkast að samningi og afsali viðvíkjandi kaupum þessum.

2. Tillaga um að fela borgarstjóra að gera út um kaupin, taka á móti afsali frá seljanda, Guðmundi,bónda, Þorvaldssyni á Bíldsfelli og gefa út skuldabréf fyrir eftirstöðvum kaupverðsins. Samþykkt í einu hljóði.

3. Tillaga um að bæjarsjóður taki allt að 30 - þrjátíu þúsund króna lán til að greiða andvirði vatnsafls þess, sem keypt er samkvæmt ofanrituðum tillögum og skyldi borgarstjóri annast um lántökuna og undirskrifa skuldabréf fyrir hönd bæjarsjóðs. Samþykkt í einu hljóði.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Kristján V. Guðmundsson.
Þorvarður Þorvarðsson. Guðrún Lárusdóttir. Jón Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, fimmtudaginn 19. júlí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.2o síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra og forseta, þessir bæjarfulltrúar: Sveinn Björnsson, Þorvarður Þorvarðarson, Benedikt Sveinsson, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson og Kristján V. Guðmundsson. Forfallaðir voru: Ágúst Jósefsson, Magnús Helgason, Hannes Hafliðason, Sigurður Jónsson og Thor Jensen. - Guðrún Lárusdóttir kom á fund kl. 6.

Gengið til dagskrár og gerðist þetta:

1. Fundargerð byggingarnefndar frá 14. júlí lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

2. Fundargerð hafnarnefndar frá 17. júlí lögð fram. - 3. liður var felldur með 3:3 atkv.
Fundargerðin að öðru leyti samþ. með öllum gr. atkv.

3. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 16. júlí lögð fram.
1. liður samþykktur með öllum greiddum atkv.
2. lið frestað og erindi dýraverndunarfélagsins vísað til fasteignanefndar.

4. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 16. júlí lögð fram. Frv. það,er í 2. lið getur, samþ. í einu hljóði.
3. liður samþ. með öllum gr. atkv. og vísað til 2. umr.
4. liður samþ. í einu hljóði.
5. liður samþykktur með öllum greiddum atkv.
6. liður samþ. í einu hljóði og vísað til 2. umr.
Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

5. Borgarstjóra falið að gera út um makaskipti á lóðum við Nathan & Olsen, vegna götugerðar í Austurstræti.

6. Erindi Stefáns B. Jónssonar, dags. 3. júlí, um leigu á lóð, vísað til byggingarnefndar.

7. Þessar brunabótavirðingar voru samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Hús Nathan & Olsen , nr. 16 við Austurstræti (brbnr. 100) | Kr. | 277218.oo |
| 2. Hús Ólafs Þorleifssonar, múrara, nr. 61 við Grettisgötu (brbnr. 980) | - | 5270.oo |
| 3. Hús Jónasar Helgasonar, Brautarholt A (brbnr. 279) ...................... | - | 2669.oo |
| 4. Hús O. Ellingsen, Stýrimannastíg 10 (brbnr. 1080) ........................ | - | 37962.oo |

Fundi slitið kl. 7.15.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson. Kristján V. Guðmundsson. Þorvarður Þorvarðarson. Jón Þorláksson. Guðrún Lárusdóttir. Benedikt Sveinsson. Jörundur Brynjólfsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, miðvikudaginn 25 júlí, var aukafundur haldinn á skrifstofu borgarstjóra í bæjarstjórninni - samkvæmt fundarboði dags. 24. þ. m., er sent hafði verið bæjarfulltrúunum. Fundurinn var settur kl. 5.15, og voru þá komnir á fundinn auk borgarstjóra og forseta, þessir fulltrúar: Ágúst Jósepsson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, Benedikt Sveinsson, Kristj'n V. Guðmundsson, Þorvarður Þorvarðsson og Sveinn Björnsson. Jón Þorláksson og frú Guðrún Lárusdóttir komu á fund kl. 5.30, frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir kom kl. 5.45.

Samkvæmt dagskrá þeirri, er getið er í fundarboðinu var tekið fyrir:

1. Fundargerðir rafmagnsnefndar og fjárhagsnefndar frá 21. og 24. júlí lagðar fram. Tillaga nefndanna í fundargerð 24. júlí ~~lögð/fram/~~ var borin upp, svohljóðandi:
"Með því að bæjarstjórn Reykjavíkur hefur eignazt nokkurn hluta vatnsaflsins í Soginu og hefur byrjað á Samningum við hlutafélagið"Ísland" um notkun þess afls til rafmagnsframleiðslu, leyfir bæjarstjórnin sér að taka aftur beiðni sína til stjórnarráðsins um eignarnán á vatnsafli í Soginu handa Reykjavíkurbæ og að óska eftir að stjórn og þing taki beiðni nefnds félags, sem leyfi til að byggja aflstöð við Sogið m. m. til meðferðar, hvortveggj_ í trausti þess að samningar takist milli bæjarstjórnarinnar og félagsins takist áður en leyfisbeiðnin verður afgreidd frá Alþingi".
Var tillagan samþykkt í einu hljóði.

2. Fundargerðir dýrtíðarnefndar frá 25. júlí lagðar fram.
1. liður samþykktur með öllum greiddum atkv.
2. liður a og b samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

Utan dagskrár minntist frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir á útvegun jarðepla og tólgar handa bænum í haust.

Fundi slitið kl. 7.55.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson. Þorvarður Þorvarðsson. Guðrún Lárusdóttir. Kristján V. Guðmundsson. Jörundur Brynjólfsson. Jón Þorláksson. Sigurður Jónsson. Ágúst Jósefsson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, fimmtudaginn 2. ágúst var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.25 síðdegis. Þá voru komnir, auk borgarstjóra og forseta, þessir fulltrúar: Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Guðrún Lárusdóttir, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, og Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Fjarverandi úr bænum voru: Magnús Helgason, Sveinn Björnsson og Thor Jensen.

Gengið til dagskrár og gerðist þetta:

1. Fundargerð byggingarnefndar frá 28. júlí lögð fram. 2., 3. og 5. liður voru samþykktir hver um sig, við sérstaka atkvæðagreiðslu. Fundargerðin í heild samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

2. Fundargerð veganefndar frá 30. júlí lögð fram. Bríet Bjarnhéðinsdóttir kom með breytingartillögu þess efnis, að í stað orðanna: "afsali honum 800 ferálna lóð" til enda greinarinnar, komi: greiði honum 500 kr.
Tillagan var felld með 5:3 atkvæðum.
Fundargerðin samþykkt með öllum greiddum atkv.

3. Fundargerð fasteignanefndar frá 31. júlí lögð fram. 5. og 6. liður samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
7. liður samþykktur í einu hljóði.
Fundargerðin í,heild samþykkt í einu hljóði.

4. Fundargerð brunamálanefndar frá 30. júlí lögð fram og samþykkt í einu hljóði.

5. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 31. júlí lögð fram. Jörundur Brynjólfsson og Jón Þorláksson báru fram brtt. við 1. lið þess efnis að í stað 1200kr. kæmi:1500 kr.
Brtt. sú var samþ. með 6:3 atkv.
2. liður fundargerðargerðarinnar samþ. í einu hljóði.
Fundargerðin í heild með áorðinni breytingu við 1. gr. samþykkt í einu hljóði.

6. Fundargerð fátækranefndar frá 26. júlí lögð fram.

7. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 31. júlí lögð fram.
1. liður samþykktur í einu hljóði.
2. liður samþykktur í einu hljóði.
Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

8. Brunabótavirðingar þessar voru samþykktar:
50

| | | |
|---|---|---|
| 1. Hús h.f. Völundar við Klapparstíg | | Kr.162559.00 |
| 2. Hús sama, austast á Klapparlóð, (brbnr. 883) | - | 8496.00 |
| 3. Hús Tómasar Jónssonar, kaupmanns, nr. 32 við Laugaveg (brbnr. 334) | - | 22080.00 |
| 4. Hús Vilhelm Knudsen, bókhaldara, nr. 42 við Bergstaðastræti (brbnr. 690) | - | 10470.00 |
| 5. Hús Konráðs Konráðssonar, læknis, nr. 21 við Þingholtsstræti (brbnr. 280) | - | 25971.00 |

9. Samþykkt við 2. umræðu að veita P.Bernburg 750 kr. dýrtíðaruppbót fyrir árið 1917. (Sjá fundargerð dýrtíðarnefndar frá 16. júlí).

10. Samþykkt við 2, umræðu að byggja skýli fyrir 10 - 15 húsnæðislusar fjölskyldur í haust. (Sjá fundargerð dýrtíðarnefndar 16. júlí, 6. lið.).



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Út af erindi Einars Gunnarssonar, dags. 27. júlí, um Söluturninn á Lækjartorgi, var byggingarnefnd falið að vísa á lóð undir turninn, en að öðru leyti vildi bæjarstjórnin ekki sinna erindi hans.

12. Erindi stjórnar Kvenréttindafélags Íslands, dags. 16. júlí, um dýrtíðarmál, upplesið, og urðu um það umræður alllangar, en að þeim loknum var málinu frestað til næsta fundar.

13. Lesið erindi Guttorms Jónssonar, dags. 31. júlí, um hverabökun á brauði.
Umræður urðu nokkrar út af erindi þessu, en engin ályktun gerð.

14. Lesið erindi Bjarna Þ. Magnússonar, dags. 28. júlí, viðvíkjandi gistihúsi.
Samþykkt að kjósa nefnd þriggja manna til að athuga málið, og hlutu kosningu:
Jón Þorláksson með 5 atkv.
Borgarstjóri - 4 -
Þorv. Þorvarðss.- 3 -

Fundi slitið kl. 8.15.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Þorvarður Þorvarðsson. Kristján V. Guðmundsson. Guðrún Lárusdóttir. Sigurður Jónsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Jón Þorláksson. Ágúst Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, fimmtudaginn 16. ágúst var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Var fundurinn settur kl. 5.2o síðdegis og voru þá komnir, auk borgarstjóra og forseta, þessir bæjarfulltrúar: Sveinn Björnsson, Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Jón Þorláksson, Sigurður Jónsson, og Hannes Hafliðason.- Bríet Bjarnhéðinsdóttir kom að nýsettum fundi. - Guðrún Lárusdóttir hafði boðað borgarstjóra forföll. Fjærverandi úr bænum Magnús Helgason og Thor Jensen.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Fundargerð byggingarnefndar frá 11. ágúst lögð fram og samþykkt umræðulaust í heild í einu hljóði.
Utan dagskrár, og í sambandi við fundargerð byggingarnefndar, bar Jón Þorláksson fram svohljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin ákveður að láta endurreisn þarfahússins, sem áður var á vörupallinum, bíða þar til fengið er samþykki byggingarnefndar og bæjarstjórnar um það, hvar hús þetta skuli standa".
Tillagan var samþykkt með 4 atkvæðum samhljóða.

2. Fundargerð fasteignanefndar frá 14. ágúst lögð fram.- Sérstaklega var gengið til atkvæða um 3. og 4. lið, og voru þeir, hvor um sig, samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.
Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

3. Fundargerð fátækranefndar frá 9. ágúst lögð fram.

4. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 9. ágúst lögð fram. Eftir nokkrar umræður um 1. lið var hann samþykktur með öllum greiddum atkv. með þeirri breytingu, að á undan orðunum? "300 kassar" kæmi: allt að.
Í sambandi við þennan lið var borin til atkvæða tillaga frá borgarstjóra um að honum yrði veitt heimild til að taka allt að 100000 kr. lán til matvælakaupa í viðbót við lán þau, sem áður er búið að veita heimild til að taka í þessu skyni.
Var tillaga sú samþykkt í einu hljóði.
2. liður fundargerðarinnar var felldur með 3:3 atkv.
Út af þessum úrslitum vakti Bríet Bjarnhéðinsdóttir máls á því, að nauðsyn bæri til að kjósa nýja nefnd, er að einhverju leyti yrði skipuð konum, til samvinnu við dýrtíðarnefnd bæjarstjórnar. Bar hún fram tillögu svohljóðandi:
"Bæjarstjórnin kýs 3 manna nefnd með 2 húsmæðrum og einum karlmanni, sem vinni saman með öðrum dýrtíðarnefndum bæjarstjórnar og gefi leiðbeiningar í ýmsum ráðstöfunum, sem nánar snerta heimilið".
Spunnust umræður alllangar út af tillögu þessari. Meðan á þeim stóð las forseti brtt. vi´tillögu Bríetar frá Þorvarði Þorvarðssyni:
"Í stað orðanna: "Bæjarstjórnin ...... ... karlmanni" komi:
"Bæjarstjórnin kýs 5 manna nefnd, er sé skipuð húsmæðrum".
Ennfremur kom fram tillaga frá borgarstjóra, svohljóðandi:
"Bæjarstjórnin ályktar að kjósa 5 manna nefnd, er skipuð sé konum, til þess að leiðbeina heimilum um sparnað í dýrtíðinni og hagnýtingu matvæla og eldsneytis.
Nefndin skal því að eins skipuð, að þær konur utan bæjarstjórnar, sem bæjarstjórnin kýs, vilji taka að sér kauplaust það starf, sem nefndarmönnum er ætlað".
Áður en gengið var til atkvæða um tillögu borgarstjóra tók Bríet sína tillögu aftur, og Þorvarður sína.
Var tillaga borgarstjóra samþykkt í einu hljóði.

5. Samþykkt í einu hljóði við 2. umr. að veita sundkennurunum Ingibjörgu Brands og Páli Erlingssyni samskonar dýrtíðaruppbót og aðrir starfsmenn bæjarins hafa fengið fyrir árið 1917.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Þessar brunabótavirðingar voru samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hús Þorsteins Egilssonar, við Frakkastíg 11 (brbnr. 455) | Kr. 9684.oo |
| 2. | Hús Th. Thorsteinson, kaupmanns, nr. 3. við Vesturgötu (brbnr. 73) | - 74433.oo |
| 3. | Hús sama á Kirkjusandi (brbnr. 580) | - 77342.oo |
| 4. | Hús Margrétar Zöega, nr. 45 við Skólavörðustíg (brbnr.756) | - 22603.oo |
| 5. | Hús Hólmfríðar Gísladóttur, í Mávahlíð við Sauðagerði | - 11937.oo |

7. Samþykkt að verða við beiðni Þorv. Árnasonar, dags. 23. júlí, um eftirgjöf á útsvari.

8. Erindi Jósefs Magnússonar, dags. 30. júlí, um skaðabætur fyrir atvinnutjón vegna veikinda, er hlotizt hafa af starfi í slökkviliði bæjarins - vísað til fjárhagsnefndar og brunamálanefndar.

Fundi slitið kl. 7.3o.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson.
Sigurður Jónsson. Þorvarður Þorvarðsson. Hannes Hafliðason.
Jón Þorláksson. Ágúst Jósefsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, fimmtudaginn 6. september, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.- Fundurinn var settur kl. 5.25 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra og forseta, þessir bæjarfulltrúar: Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Guðrún Lárusdóttir, Jón Þorláksson, Sigurður Jónsson og Hannes Hafliðason.- Jörundur Brynjólfsson, Kristján V. Guðmundsson og Magnús Helgason höfðu tilkynnt borgarstjóra forföll. - Thor Jensen ekki í bænum.- Sveinn Björnsson kom á fund kl. 5.3o.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Fundargerð byggingarnefndar frá 1. september lögð fram.
1. - 1o. liður samþykktur í einu hljóði.
11. liður samþykktur með öllum greiddum atkv.
12. liður sömuleiðis.
Fundargerðin í heild samþykkt með öllum greiddum atkv.

2. Fundargerð fátækranefndar frá 23. ágúst lögð fram.

3. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 4. september lögð fram. Við 1. lið kom fram brtt. frá Sveini Björnssyni, svohljóðandi:
"Birni Sveinssyni veitt dýrtíðaruppbót fyrir þann tíma af árinu 1917, sem hann var starfsmaður gasstöðvarinnar, eftir sömu reglum, sem öðrum starfsmönnum bæjarins".
Breytingartillagan felld með 3:1 atkv.
1. liður fundargerðarinnar, óbreyttur samþ. með ö. gr. atkv.
2. liður sömuleiðis.
3. liður sömuleiðis.
Fundargerðin í heild samþtkkt með öllum gr. atkv.

4. Fundargerð skólanefndar frá 4. september lögð fram og samþykkt í einu hljóði.

5. Tilkynnt staðfesting stjórnarráðsins á reglugerð um þóknun húsaleigunefndar með bréfi, dags. 15. ágúst. Hafði stjórnarráðið breytt reglugerðinni á þann hátt að ákveða nefndarmönnum 8 kr. þóknun á dag í stað 5 kr.
Út af því bar Jón Þorláksson fram svohljóðandi tillögu:
"Þar sem stjórnarráðið hefur breytt aðalákvæði reglugerðarinnar að bæjarstjórninni forspurðri, en hefur ekki haft rétt til slíkrar breytingar, og með því að reglugerðin einnig að öðru leyti er óformlega sett, þá geymir bæjarstjórnin sér allan rétt sinn að því er snertir greiðslur úr bæjarsjóði, samkvæmt téðri reglugerð".
Var tillaga þessi samþykkt með öllum greiddum atkv.

6. Samþykkt við 2. umr. að veita borgarstjóra heimild til að taka allt að 100000 kr. lán til matvælakaupa. (Sjá 4. lið fundargerðar bæjarstjórnar 16. ágúst).

7. Erindi Kjartans og Sigurðar Olafssona, dags. 31. ágúst, um rafmagnsleiðslu, vísað til veganefndar.

8. Framlagður reikningur brunabótafélags dönsku kaupstaðanna.

9. Brunabótavirðingar þessar voru samþykktar:
1. Hús Sigurðar Briem, póstmeistara, nr. 20 við Tjarnargötu (brbnr. 1057) Kr. 42106.oo



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Hús Gísla Guðmundssonar, gerlafræðings,
nr. 11 við Smiðjustíg (brbnr. 367) Kr. 23448.oo

3. Hóns H. Sigurðssonar, héraðslæknis,
nr. 40 við Laugaveg (brbnr. 1092) - 34971.oo

4. Hús Guðmundar Kr. Guðmundssonar, kaupm.
nr. 19 við Laugaveg (brbnr. 329) - 35645.oo

5. Hús Eggerts Briem, yfirdómara,
nr. 28 við Tjarnargötu (brbnr. 1134) - 24518.oo

6. Hús Herberts Sigmundssonar, prentara,
nr. 13 við Frakkastíg, (brbnr. 568) - 11148.oo

7. Hús Sveins Teitssonar,
nr. 97 við Laugaveg (brbnr. 1242) - 4960.oo

8. Hús h.f. Hauks
við Mýrargötu (brbnr. 917) - 179836.oo

9. Hús Ólafs Björnssonar, ritstjóra.
nr. 8 við Austurstræti (brbnr. 104) - 69347.oo

10. Hús Karels Hjörtþórssonar
í Vatnsmýrinni (brbnr. 1327) - 12837.oo

10. Kosning sparnaðarnefndar (samlvæmt ályktun síðasta bæjarstjórnarfundar).

Samþykkt var að ræða málið fyrir luktum dyrum.

Þessar konur hlutu kosningu:

Bríet Bjarnhéðinsdóttir,
Ragnhildur Pétursdóttir,
Guðríður Bergmann,
Jónína Jónatansdóttir,
María Pétursdóttir.

Fundi slitið kl. 7.o5.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson. Hannes Hafliðason. Sigurður Jónsson. Guðrún Lárusdóttir. Jón Þorláksson. Ágúst Jósefsson. Þorvarður Þorvarðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, mánudaginn 10. sept, kl. 9 árdegis, var aukafundur haldinn í bænarstjórninni á skrifstofu borgarstjóra, samkvæmt fundarboði, er sent hafði verið öllum fulltrúunum, dags. 8. september. Á fundinum voru mættir þessir bæjarfulltrúar, auk borgarstjóra og forseta: Ágúst Jósefsson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, Kristján Guðmundsson, Sveinn Björnsson, Magnús Helgason, og Þorvarður Þorvarðsson. Frú Bríet Bjarnhéðinsson kom á fund kl. 9.30.

Samkvæmt dagskrá þeirri, er fyrir lá, var þá tekið fyrir:

Mótmæli skólanefndar út af "Frumvarpi til laga um frestun á skólahaldi skólaárið 1917-1918" sem fram er komið í Efri deild Alþingis.

Eftir nokkrar umræður um málið, var borin fram svohljóðandi tillaga:

"Bæjarstjórn Reykjavíkur fellst í einu og öllu á mótmæli þau, sem skólanefnd Reykjavíkur hefir sent Alþingi gegn því, að frumvarp til laga um frestun á skólahaldi skólaárið 1917-1918 verði gert að lögum á þann hátt, að það nái til Barnaskóla Reykjavíkur eða barnaskólans í Bergstaðastræti 3, sem er styrktur af bæjarsjóði Reykjavíkur.

Bæjarstjórn Reykjavíkur mælist þess vegna fastlega undan því, að löggjafarvaldið hindri ráðstafanir þær, er hún hefur gert um fræðslumál á komandi vetri.

Tillagan var samþykkt í einu hljóði.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Þorvarður Þorvarðsson. Magnús Helgason. Sveinn Björnsson. Kristján V. Guðmundsson. Sigurður Jónsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Jörundur Brynjólfsson. Ágúst Jósefsson. Jón Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, fimmtudaginn 2o. september, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.3o síðdegis, og voru þá til fundar komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Sveinn Björnsson, Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Guðrún Lárusdóttir, Jón Þorláksson, Sigurður Jónsson og Kristján V. Guðmundsson.

Forföll boðuðu: Jörundur Brynjólfsson, Magnús Helgason, Sighvatur Bjarnason og Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Thor Jensen ekki í bænum og ekki Hannes Hafliðason.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Fundargerð byggingarnefndar frá 15. september lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

2. Fundargerð fasteignanefndar frá 18. september lesin.
1. liður samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
4. liður samþykktur í einu hljóði.
Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

3. Fundargerð gasnefndar frá 18. september lesin.
1. liður samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
2. liður sömuleiðis.
3. liður samþykktur í einu hljóði.
Fundargerðin í heild samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 14. september lesin.
1. liður var borinn upp í tvennu lagi, og var fyrri hlutinn (um að taka allt að 180 þúskr. veðdeildarlán) samþykkt með öllum greiddum atkvæðum og vísað til 2. umr. Síðari hlutinn (um 80-100 þús. kr. bráðabirgðarlántöku) samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
2. liður samþykktur með öllum greiddym atkv.
Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

5. Fundargerð hafnarnefndar frá 17. september lesin.
1. Lagt fram frumvarp að samningi við h.f. Eimskipafélag Íslands um leigu 'lóð við höfnina. Brtt. við 1. gr. frá Kristjáni V. Guðmundssyni um, að í stað "6 mánaða fyrirvara" kæmi 12 mánaða fyrirvara.
Samþykkt í einu hljóði.
Var frumvarpið síðan lesið og samþykkt grein fyrir grein án atkvæðagreiðslu.
Frumvarpið í heild með áorðnum breytingum á 1. gr. samþ. í einu hljóði.
2. liður samþykktur í einu hljóði.
3. liður samþykktur.(Synjað erindi Chr. Fr. Nielsens um leigulóð við höfnina).
7. liður samþykktur í einu hljóði.
5., 6., 8.og 9. liður komu ekki til atkvæða sérstaklega.
10. 10. liður samþykktur í einu hljóði og vísað til 2. umræðu.
Fundargerð hafnarnefndar í heild samþykkt í einu hljóði.

6. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 17. september lesin. Þá er rætt hafði verið um hríð um 1. lið fundargerðarinnar, og klukkan var orðin hér um bil 8 gerði forseti fundarhlé til kl. 9.

Kl. 9.15 var fundur settur aftur, að viðstöddum öllum sömu fulltrúunum, er áður sátu fundinn.

Umræður um 1. lið fundargerðar dýrtíðarnefndar haldið áfram. Að þeim loknum (kl. 11.o5) var gengið til atkvæða, og var:
1. liður samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
2. liður samþykktur í einu hljóði.
Samþykkt að ræða um 4. lið (matvælakaup)) fyrir luktum dyrum í fundarlok.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

Borgarstjóri skýrði frá því í sambandi við þessa fundargerð, að sér hefði borizt bréf frá einni af konum þeim, Maríu Pétursdóttur, er bæjarstjórnin kaus á síðasta reglulegum fundi í sparnaðarnefnd, þess efnis, að hún gæti ekki tekið að sér að starfa í nefndinni. Ennfremur las hann bréf, er honum hafði borizt frá bæjarfulltrúa Bríet Bjarnhéðinsdóttur, þar sem hún neitar að taka sæti í nefndinni.

7. Fundargerð fátækranefndar frá 13. september lögð fram.

8. Brunabótavirðingar þessar voru samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Geymsluhús fiskiveiðahlutafél. Íslands á hafnaruppfyllingunni | Kr. 29119.oo |
| 2. | Hús Guðjóns Ólafssonar, nr. 5 við Bröttugötu (brbnr. 69) | - 8051.oo |
| 3. | Hús sama manns, nr. 3B við Bröttugötu (brbnr. 960) | - 25750.oo |
| 4. | Hús Goodtemplarafélagsins við Templarasund (brbnr. 314) | - 29053.oo |
| 5. | Hús Tómasar Tómassonar, ölgerðarmanns, nr. 21B við Njálsgötu (brbnr. 813) | - 21225.oo |
| 6. | Hús Elísabetar Sveinsdóttur, Staðarstaður, nr. 19 við Fríkirkjuveg (brbnr. 1281) | - 43143.oo |
| 7. | Hús Kristins Jónssonar, trésmiðs o.fl., nr. 12 við Frakkastíg (brbnr. 1003) | - 59305.oo |
| 8. | Hús Jörundar Brynjólfssonar, kennara, nr. 26 við Þingholtsstræti (brbnr. 780) | - 18365.oo |
| 9. | Hús Ásmundar Gestssonar, kennara, nr. 2 við Laugaveg (brbnr. 959) | - 25845.oo |
| 10. | Hús Kristínar Dalstedt, nr. 20B við Laugaveg (brbnr. 797) | - 57242.oo |

9. Samþykkt við aðra umræðu að veita Birni Sveinssyni 100 kr. dýrtíðaruppbót á launum fyrir vinnu hjá gasstöðinni fyrri hluta árs 1917 (Sjá 1. lið fundargerðar dýrtíðarnefndar frá 4. september).

Ennfremur samþykkt við aðra umræðu, að veita Guðleifu Erlendsdóttur dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og öðrum föstum starfsmönnum bæjarins. (Sjá 2. lið fundargerðar dýrtíðarnefndar 4. sept.).

Í sambandi við þennan dagskrárlið bar Þorvarður Þorvarðsson utan dagskrár með samþykki bæjarstjórnar fram svohljóðandi tillögu:

"Eftirlaun Benedikts Jónssonar, sótara, hækki upp í 75 kr. á mánuði, frá 1. sept. þ. á. að telja".

Var tillögunni vísað til 2. umræðu og til fjárhagsnefndar með öllum greiddum atkvæðum.

10. Beiðni Bjarna Þ. Magnússonar um aðstoð bæjarstjórnar til að kaupa Hótel Ísland synjað, samkvæmt tillögu nefndar þeirrar, er kosin var á fundi bæjarstjórnar 2 . ágúst, til að athuga málið.

Utan dagskrár bar borgarstjóri fram svohljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórnin felur skólanefnd að taka ákvörðun um, hver börn, yngri en 10 ára, skuli taka til kennslu í barnaskólanum í haust, svo og hvaða börn skuli fá ókeypis kennslu, enda geri fátækranefnd tillögur þar að lútandi.

Skólagjald sé óbreytt eins og áður".

Tillagan leyfð og samþykkt í einu hljóði.

Þá var tekið fyrir að ræða um matvælakaup, samkvæmt því, sem áður var samþykkt um 4. lið fundargerðar dýrtíðarnefndar (sjá þann lið). og fóru umræður fram fyrir luktum dyrum.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Áður en þeim umræðum væri lokið, rann út hinn lögmælti fundartími bæjarstjórnar, en samþykkt var að halda fundinum áfram og ljúka umræðum. Ályktun út af matvælakaupamálinu verður færð inn í fundarbókina síðar.

Fundi slitið kl. 12.25 eftir miðnætti.

K. Zimsen. Sveinn Björnsson. Þorvarður Þorvarðsson.
Guðrún Lárusdóttir. Sigurður Jónsson. Jón Þorláksson.
Ágúst Jósefsson. Kristján V. Guðmundsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, fimmtudaginn 4. október var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.32 síðdegis, og voru þá til fundar komnir: Borgarstjóri, Sveinn Björnsson, Þorvarður Þorvarðsson, Benedikt Sveinsson, Jón, Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson, Kristján V. Guðmundsson og Hannes Hafliðason.

Forföll boðuðu Guðrún Lárusdóttir og Magnús Helgason. Sighvatur Bjarnason og Thor Jensen ekki í bænum. Sigurður Jónsson kom á fund kl. 6 og Bríet Bjarnhéðinsdóttir litlu síðar.

Áður en gengið væri til dagskrár gat forseti þess, að borgarstjóri hefði sent konungi símskeyti á fæðingardegi hans, svohljóðandi:

"Jeg leyfi mjer að færa yðar hátign innilegustu hamingjuóskir Reykjavíkurbæjar og bæjarstjórnar Reykjavíkur á degi þessum".

Ennfremur gat forseti þess, að borgarstjóri hefði fengið svohljóðandi svarskeyti frá konungi:

"Min hjerteligste Tak og Hilsen til Byraadet".

Þá var gengið til dagskrár og gerðist þetta:

1. Fundargerð byggingarnefndar frá 29. september lögð fram. Tillaga frá Jóni Þorlákssyni um að fresta að útkljá um 8. lið felld með 3:2 atkv.

8. liður óbreyttur samþykktur með öllum greiddum atkv.

Fundargerðin í heild sömuleiðis.

2. Fundargerð hafnarnefndar frá 2. október lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

3. Fundargerð fasteignanefndar frá 3. október lesin. 3. liður samþykktur með öllum greiddum atkv.

Við 5. lið bar borgarstjóri fram breytingartillögu þess efnis, að aftan af liðnum yrðu felld orðin:

"ef rannsókn leiðir það í ljós ......." til enda liðsins.

Var sú brtt. samþykkt með öllum gr. atkvæðum.

Liðurinn svo breyttur samþ. með öllum greiddum atkv.

Fundargerðin í heild samþykkt með öllum greiddum atkv.

4. Fundargerð skólanefndar frá 29. sept. lögð fram.

5. Fundargerð fátækranefndar frá 27. september lögð fram. Til atkvæða kom aðeins 8. liðurinn.

Við þann lið bar Þorvarður Þorvarðsson fram brtt.: um að í stað "100 kr." kæmi: 140 kr. og í stað: "400" kr. kæmi: 400 kr.

Var brtt. samþykkt með öllum greiddum atkv.

Liðurinn svo breyttur samþ. í einu hljóði.

6. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 22. september lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

7. Samþykkt við 2. umræðu að taka veðdeildarlán handa bæjarsjóði, eð með þeirri breytingu, að í stað "180 þús. kr" komi: komi 230 þús. kr.

(Sjá 1. lið fundargerðar fjárhagsnefndar frá 14. sept.).

8. Samþykkt við 2. umræðu að hækka eftirlain Benedikts Jónssonar, fyrrv. sótara, upp í 75 kr. á mánuði.

(Sjá tillögu undir IX(9.) dagskrárlið síðasta bæjarstjórnarfundar.).

9. Kosning virðingamanna til brunabóta fyrir tímabilið frá 1. okt. 1917 til 1. okt. 1918.

Kosningu hlutu:



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjörtur Hjartarson, trésmiður og
Sigvaldi Bjarnason, trésmiður.

X. Samkvæmt tillögum niðurjöfnunarnefndar út af útsvarskærum tveggja manna var samþykkt að lækka útsvör þeirra svo, sem hér segir:
Aðalsteins Pálssonar, stýrimanns, úr 900 kr. í 500 kr.
Guðmundar Helgasonar, Vitastíg 15, úr 70 kr. í 50 kr.

XI. Þessar brunabótavirðingar voru samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hús H. Debells, forstjóra steinolíufélagsins, nr. 33 við Tjarnargötu (brbnr. 1225) | Kr. 45112.oo |
| 2. | Hús Ólafs G. Eyjólfssonar, kaupmanns, nr. 18 við Hverfisgötu (brbnr. L017) | - 52324.oo |
| 3. | Hús Sigurjóns Péturssonar, kaupmanns, nr. 18 við Hafnarstræti (brbnr. 126) | - 43738.oo |
| 4. | Hús Guðbergs Jóhannessonar, nr. 54B við Laugaveg (brbnr. 717) | - 5043.oo |
| 5. | Hús Auðar Gísladóttur, prestsekkju, nr. 3 við Miðstræti (brbnr. 884) | - 13464.oo |
| 6. | Hús Ragnheiðar Blöndal, nr. 2 við Bergstaðastræti (brbnr. 451) | - 11065.oo |
| 7. | Hús P.Þ.J.Gunnarssonar, kaupmanns, nr, 8B við Suðurgötu (brbnr. 758) | - 26101.oo |
| 8. | Hús Magnúsar Gunnlaugssonar, nr. 3 við Laufásveg (brbnr. 28q) | - 15233.oo |

XII. Dýrtíðarmál tekin til umræðu.
Samþykkt var að ræða þau fyrir luktum dyrum og viku áheyrendur af fundi.
Fyrst var tekin fyrir :
Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 3. október.- Undir umræðum um 1. lið fundargerðarinnar kom Ágúst Jósefsson á fundinn (um kl. 8).
Kl. ½9 var fundi frestað til kl. ½10.
Kl. 9.45 var fundur settur aftur að viðstöddum sömu bæjarfulltrúum, er áður sátu fundinn, öðrum en Benedikt Sveinssyni og Sigurði Jónssyni.
Var þá umræðum um 1. lið fundargerðarinnar haldið áfram. Að loknum umræðum var gengið til atkvæða.
Fyrst var borin upp tillaga frá Jóni Þorlákssyni, svohljóðandi:
"Bæjarstjórnin samþykkir að kaupa þau 1223 tonn af kolum, sem landsstjórnin býður bænum, fyrir 125 kr. tonnið, en væntir þess, að landsstjórnin haldi ekki fast við það að gera, að bæjarstjórninni fornspurðri frekari ákvarðanir um úthlutun kolanna en þær, sem settar eru í lögunum um almenna dýrtíðaehjálp".
Tillagan var samþykkt í einu hljóði.
Þessu næst var borin upp brtt. við 1. lið fundargerðarinnar, frá Jóni Þorlákssyni, um að á eftir orðunum: "til einstakra manna" kæmi:
"þeirra, sem komið gætu til greina við úthlutun kolanna".
Sú tillaga var felld með 4:2 atkv.
Þá var 1. liður(borinn upp) fundargerðarinnar borin upp og samþykktur með 4:3 atkvæðum.
Loks var í sambandi við 1. lið borin upp svohljóðandi tillaga frá borgarstjóra:
"Bæjarstjórnin heimilar borgarstjóra að taka 160 þús. króna lán til kolakaupa".
Var tillagan samþykkt í einu hljóði og vísað til síðari umræðu.
2. liður samþykktur með 5:4 atkv.
Viðaukatillaga við 2. lið frá Þorvarði Þorvarðssyni samþ. með 2 atkv. samhljóða og hljóðar svo:



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aftan við liðinn bætist:

"Talningin fer aðeins fram á þeim vörutegundum, sem takmörkuð er sala á þegar talningin fer fram".

Þessu næst var teinn til 2. umræðu 4. liður fundargerðar dýrtíðarnefndar frá 17. september. Á síðarac fundi bæjarstjórnar var samþykkt í eonu hljóði við fyrri umræðu svohljóðandi tillaga:

"Bæjarstjórnin felur dýrtíðarnefnd, í samráði við matvælanefnd að kaupa matvörur, kaffi, steinolíu o.fl. fyrir reikning bæjarsjóðs, ef hún getur fengið hagkvæm kaup. Jafnframt felur bæjarstjórnin borgarstjóra að taka allt að 500 þús. lróna lán í þessu skyni".

Tillaga þessi var ekki færð inn í fundargerð síðasta bæjarstjórnarfundar, en þess getið í niðurlagi fundargerðarinnar, að ályktun um matvælakaup yrði færð inn í fundarbókina síðar.

Var nú tillaga þessi samþykkt til fullnaðar við 2. umr. í einu hljóði.

Þá voru teknir til umræðu 3. og 4. liður fundargerðar dýrtíðarnefndar frá 3. október

Kl. 12 á miðnætti leitaði forseti samþykktar til að halda fundi áfram, og var það samþykkt.

Að loknum umræðum var gengið til atkvæða og var 3. liður fundargerðarinnar samþykktur í einu hljóði.

Út af 4. lið var engin ályktun ger.

Fundi slitið kl. 12.15 eftir miðnætti.

K.Zimsen. Sveinn Björnsson. Ósamþykkur ályktun um matvælatalningu undir lið XII. 2. Jón Þorláksson.

Þorvarður Þorvarðsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Hannes. Hafliðason. Jörundur Brynjólfsson. Kristján V. Guðmundsson. Ágúst Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, miðvikudaginn 10. október, kl. 4. síðdegis, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni á skrifstofu borgarstjóra samkvæmt fundarboði, er sent hafði verið bæjarfulltrúunum, dags. 9. október. Á fundinum voru mættir þessir bæjarfulltrúar, auk borgarstjóra og varaforseta: Ágúst Jósefsson, Bríet Bjarnhéðinsdóttir, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, Hannes Hafliðason, Kristján V. Guðmundsson, Jón Þorláksson og Þorvarður Þorvarðsson.

Samkvæmt dagskrá þeirri, er fyrir lá var þá tekið fyrir:

Fundargjörð dýrtíðarnefndar frá 9. október.

Við 1. lið kom fram svohljóðandi breytingartill. frá Jóni Þorlákssyni: Á eftir orðunum: ..."gefin heimild til slíks eignarnáms", komi: á kartöflubirgðum þeim, sem kaupmenn hér í bæ hafa keypt upp á Akranesi í sumar.

Breytingartillagan samþykkt í einu hljóði.

1. liður með áorðinni breytingu sömuleiðis samþykktur í einu hljóði.

Við 2. lið kom Jón Þorláksson með þá breytingartillögu, að í stað orðanna: "(inn í Fossvog), sem Reykjavíkurbær á að kosta", komi: sem lagður verður innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Breytingartillagan samþykkt í einu hljóði.

2. liður með áorðnum breytingum einnig samþ. í e. hlj.

3. liður gaf ekki tilefni til atkvæðagreiðslu.

Fundargerð dýrtíðarnefndar í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt í einu hljóði.

Utan dagskrár leitaði borgarstjóri áæits bæjarstjórnarinnar um, hverjar ráðstafanir/syndist fulltrúunum nauðsynlegt að gera í tilefni af mjólkureklunni í bænum, einkum handa börnunum, sjúklingum og gamalmennum.

Tillaga svo hljóðandi kom frá bæjarfulltrúa Jóni Þorlákssyni:

"Bæjarstjórnin ákveður að leita samvinnu nú þegar við Mjólkurfélagið um sölu á mjólk handa sjúklingum og ungbörnum samkvæmt seðlum, sem gefnir séu út að læknisráði, og felur borgarstjóra framkvæmd í málinu".

Tillagan samþykkt í einu hljóði.

Fundi slitið kl. 6.35.

K. Zimsen. Sveinn Björnsson. Kristján V. Guðmundsson.
Þorvarður Þorvarðsson. Sigurður Jónsson. Ágúst Jósefsson.
Hannes Hafliðason. Bríet Bjarnhéðinsson. Jón Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, fimmtudaginn 18. október var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.18 síðdegis, og voru þá komnir auk borgarstjóra og forseta, þessir bæjarfulltrúar: Sveinn Björnsson, Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, og Hannes Hafliðason.- Forföll boðuðu Guðrún Lárusdóttir, Kristján V. Guðmundsson og Magnús Helgason.

Áður en gengið væri til dagskrár, var samþykkt í einu hljóði, að tillögu borgarstjóra og forseta, að senda fyrrverandi bæjarfulltrúa Tryggva Gunnarssyni heillaskeyti, svohljóðandi:

"Bankastjóri Tryggvi Gunnarsson, Reykjavík.
Bæjarstjórn Reykjavíkur færir yður á þessum 82. fæðingardegi yðar þakkir fyrir vel unnið lífsstarf og óskar yður friðar á æfikvöldi".

K.Zimsen borgarstjóri. SighvaturBjarnason forseti bæjarstjórnar.

Þá var gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 15. október lögðx fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

II. Fundargerð fasteignanefndar frá 16. október lögð fram.- 1. liður samþykktur í einu hljóði.
2. liður samþ. með öllim greiddum atkvæðum.
Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.
Í sambandi við fundargerð fasteignanefndar gerði Sveinn Björnsson fyrirspurn til borgarstjóra út af bréfi, sem honum hafði borizt frá Ingibjörgu Johnson viðvíkjandi forkaupsrétti að erfðafestulandi hennar fyrir vestan kirkjugarðinn. Svaraði borgarstjóri því, að þetta mál yrði afgreitt um leið og kirkjugarðsmálið.

III. Fundargerð hafnarnefndar frá 16. októberlögð fram og samþykkt í heild með öllum greiddum atkvæðum.

IV. Fundargerð fátækranefndar frá 11. október lögð fram. Til atkvæða var gengið um 29. lið. Var tillaga nefndarinnar um, að greiða úr bæjarsjóði til ellistyrktarsjóðs 3620 kr. fyrir árið 1917 samþ. í einu hljóði og vísað til 2. umræðu.
Ennfremur var skipting necndarinnar á styrktarfénu samþykkt með öllum greiddum atkv..

V. Fundargerð brunamálanefndar frá 15. október lögð fram.
1. liður samþykktur með öllum greiddum atkv.
Fyrri grein 2. liðs sömuleiðis samþ. með öllum gr. atkv.
Við síðari gr. 2. liðs bar Sveinn Björnsson fram brtt. þess efnis, að í stað: "300 kr". kæmi:"500 kr.
Var sú brtt. felld með 3:2 atkv.
Greinin óbreytt samþ. með öllum greiddum atkv.
Fundarg. í heild samþ. í einu hljóði.

VI. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 16. október lögð fram og samþykkt lið fyrir lið með samhljóða atkv.
Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

VII. Fundargerð dýrtíðarnefndarx frá 15. okt.lögð fram.
2. liður samþ. í einu hljóði.
Í sambandi við 3. lið var lagt fram frumvarp til til reglugerðar um mjólkursölu í Reykjavík.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lagði borgarstjóri til, að kosin yrði nefnd þriggja manna til að íhuga frumvarpið.
Var sú tillaga samþykkt í einu hæjóði og nefndin kosin.
Sigurður Jónsson með 7 atkv.
Jón Þorláksson - 6 -
Bríet Bjarnhéðinsd. 4 -
4., 5. og 6. liður, hver um sig, samþ. í einu hljóði.
7., 8. 9. liður sömuleiðis.
Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

VIII. Samþykkt við 2. umræðu að heimila borgarstjóra að taka 160 þús. kr. lán til kolakaupa.

IX. Samþykkt við 2. umr. að taka tilboði Karels Hjört-
Þórissonar, dags. 17./sept. 1917, um kaup á mulningsvélum
Þórssonar, dags. 17.
fyrir 12500 krónur.

X. Þessar brunabótavirðingar voru samþykktar:

| | |
|---|---|
| 1. Hús síra Jóhanns Þorkelssonar, nr. 8 við Suðurgötu (brbnr. 56) | kr. 20222.oo |
| 2. Hús Jóns Jónssonar, beykis, nr. 7 við Klapparstíg (brbnr. 294) | Kr. 12018.oo |
| 3. Hús sama nr. 5 við Klapparstíg, (brbnr. 786) | - 2086.oo |
| 4. Hús Halldórs Briem, bókavarðar, nr. 6 við Laugaveg (brbnr. 586) | - 24023.oo |
| 5. Hús Guðmundar Magnússonar, skálds, nr. 15 við Grundarstíg (brbnr. 1251) | - 19717.oo |
| 6. Hús Gísla Björnssonar og Gísla Kristjánssonar, nr. 86 við Hverfisgötu (brbnr.826) | - 13468.oo |
| 7. Hús Magneu Þorgrímsson, nr. 10 við Kirkjustræti (brbnr. 165) | - 29286.oo |
| 8. Hús Guðjóns Guðmundssonar, nr. 53B við Grettisgötu (brbnr. 1384) | - 13459.oo |
| 9. Hús Jónasar Jónssonar og Valgerðar Kristinsdóttur nr. 66 við Hverfisgötu (brbnr. 609) | - 5778.oo |

Fundi slitið kl. 8.1o.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Hannes Hafliðason.
Jörundur Brynjólfsson. Sveinn Björnsson. Sigurður Jónsson.
Þorvarður Þorvarðsson. Ágúst Jósefsson. Jón Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÚTHLUTUN Á STYRK ÚR ELLISTYRKTARSJÓÐI 1917.

| Nr: | Nöfn styrkþega og heimili: | Aldur: | Kr,: |
|---|---|---|---|
| L? | | | |
| 1. | Aldís Helgadóttir, Grettisgötu 33B | 74 | 25 |
| 2. | Alfífa Pálmadóttir, Laugavegi 46 A | 67 | 25 |
| 3. | Anna Daíelsdóttir, Hverfisgötu 125 | 60 | 25 |
| 4. | Anna Gísladóttir, Lindargötu 1 | 81 | 30 |
| 5. | Anna Guðmundsdóttir, Lindargötu 9 | 60 | 30 |
| 6. | Anna Hálfdánsdóttir, Laugabrekku | 62 | 25 |
| 7. | Anna Sigurðardóttir, Njálsgötu 68 | 61 | 30 |
| 8. | Anna Stefansdóttir, Hverfisgötu 87 | 78 | 25 |
| 9A. | Arnleif Helgadóttir, Vinaminni, Mjóstr. | 65 | 30 |
| 9B. | Auðbjörg Magnúsdóttir, Bergstaðastræti 8 | 70 | 30 |
| 10. | Árni Árnason, Grettisgötu 22B | 75 | 35 |
| 13. | Ástríður Sigurðardóttir, Spítalastíg 7 | 64 | 25 |
| 14. | Benedikt Ásgrímsson, Bergstaðastræti 19 | 72 | 30 |
| 15. | Bjarni Jónsson, Vitastíg 19 | 87 | 40 |
| 16. | Bjarni Ólafsson, Hverfisgötu 61 | 68 | 25 |
| 17. | Björg Jónsdóttir, Lindargötu 32 | 67 | 25 |
| 18. | Björg Ólafsdóttir, Bergstaðastræti 16 | 66 | 25 |
| 19. | Björg Sigurðardóttir, Stýrimannastíg 8B | 68 | 25 |
| 20. | Eggrún Eggertsdóttir, Bergstaðastræti 7 | 62 | 26 |
| 21. | Einar Einarsson, Háholti | 64 | 25 |
| 22. | Einar Einarsson, Sellandsstíg 30 | 81 | 35 |
| 23. | Einar Magnússon, Bergstaðastræti 62 | 84 | 35 |
| 24. | Einar Ólafsson, Laufásveg 39 | 65 | 25 |
| 25. | Eiríkur Filippusson, Kárastíg 2 | 76 | 25 |
| 26. | Eiríkur Tómásson, Jónsh. Grímsstaðah. | 74 | 30 |
| 27. | Elín Björnsdóttir, Grettisgötu 1 | 68 | 25 |
| 28, | - Elísdóttir, Hverfisgötu 67 | 68 | 30 |
| 29. | - Magnúsdóttir, Barónsstíg 12 | 66 | 25 |
| 30. | - Magnúsdóttir, Framnesvegi 27 | 60 | 25 |
| 31. | - Magnúsdóttir, Grjótagötu | 59 | 25 |
| 32. | - Sæmundsdóttir, Grettisgötu 51 | 68 | 25 |
| 33. | Erlendur Þorsteinsson, Lindargötu 36 | 86 | 35 |
| 33B. | Erlingur Jónsson, Frakkastíg 17 | 61 | 35 |
| 34. | Gísli Jónsson, Kárastíg 13 | 65 | 65 |
| 35. | Gísli Þorvarðarson, Grettisgötu 16 | 63 | 30 |
| 36. | Gíslina Gþorsteinsdóttir, Laugaveg 12 | 61 | 25 |
| 37. | Grímur Grímsson, Bergstaðastræti 50 | 76 | 30 |
| 38. | Gróa Gottskálksdóttir, Laugaveg 46A | 63 | 25 |
| 39. | Gróa Guðmundsdóttir, Laugaveg 32 | 67 | 25 |
| 40. | Gróa Jóhannesdóttir, Vatnsstíg 10B. | 70 | 25 |
| 41. | Guðlaug Einarsdóttir, Laugaveg 72 | 75 | 25 |
| 42. | Guðbjörg Filippusdóttir, Laugaveg 84 | 73 | 25 |
| 43. | Guðbjörg Halldórsdóttir, Bjargarstíg 14 | 74 | 30 |
| 44. | Guðbjörg Jónsdóttir, Grjótagötu 14B | 68 | 25 |
| 45. | Guðbjörg Jósefsdóttir, Vesturgötu 46A | 74 | 25 |
| 46. | Guðbjörg Sigurðardóttir, Laugaveg 27B | 68 | 30 |
| 47. | Guðbjörg Sigurðardóttir, Menntaskólanum | 84 | 35 |
| 48. | Guðbrandur Hafliðason, Laufásveg 47 | 70 | 25 |
| 49. | Guðfinna Guðmundsdóttir, Fischersundi 1 | 77 | 25 |
| 50. | Guðfinna Ólafsdóttir, Tjarnargötu 8 | 77 | 25 |
| 52. | Guðfinna S. Pálsdóttir, Ingólfsstræti 20 | 64 | 25 |
| 53. | Guðfinna Þórarinsdóttir, Norðurstíg 9 | 79 | 40 |
| 54. | Guðjón Jónsson, Frakkastíg 10 | 60 | 25 |
| 55. | | | |
| 56. | Guðlaug Guðmundsdóttir, Sellandsstíg 4 | 72 | 25 |
| 57. | GuðnýHafliðadóttir, Hverfisgötu 49 | 66 | 40 |
| 58. | Guðný Ólafsdóttir, Vesturgötu 5B | 64 | 25 |
| 59. | Guðríður Bjarnadóttir, Hverfisgötu 69 | 66 | 25 |
| 60. | Guðríður Einarsdóttir, Framnesveg 1c | 62 | 35 |
| 61. | Guðríður Eyjólfsdóttir, Hverfisgötu 68 | 69 | 25 |
| 63. | Guðríður Guðmundsdóttir, Laugaveg 73 | 64 | 40 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Nr,: | Nöfn styrkþega og heimili: | Aldur: | Kr: |
|---|---|---|---|
| | Flutt | | |
| 64. | Guðríður Jónsdóttir, Hverfisgötu 75 | 69 | 25 |
| 65. | Guðríður Tóm sdóttir, Miðstræti 5 | 77 | 25 |
| 66. | Guðríður Vigfúsdóttir, Kárastíg 14 | 76 | 25 |
| 67. | Guðríður Þorkelsdóttir, Njálsgötu 49B | 67 | 25 |
| 68. | Guðríður Þorsteinsdóttir, Grettisgötu 56A | 70 | 25 |
| 70. | Guðríður Þórðardóttir, Vesturgötu 29 | 64 | 25 |
| 72. | Guðmundur Bjarnason, Framnesvegi 27 | 66 | 25 |
| 73. | Guðmundur Einarsson, Vatnsstíg 1oB | 77 | 25 |
| 74. | - Guðmundsson, Vesturgötu 53B | 77 | 25 |
| 74B. | - Jafetsson, Laugaveg 71 | 71 | 50 |
| 75. | - Jónsson, Lindargötu 1B | 64 | 50 |
| 76. | Guðmundur Jónsson, Tjarnargötu 5 | 73 | 25 |
| 77. | Guðmundur Ólafsson, Laugaveg 37 | 73 | 65 |
| 78. | - J. Waage, Spítalastíg 10 | 62 | 25 |
| 79. | - Þorgilsson, Hverfisgötu 32 | 75 | 25 |
| 80. | Guðrún Árnadóttir, Ránargötu 27A | 65 | 35 |
| 81. | - Benjamínsdóttir, Njálsgötu 24 | 63 | 25 |
| 82. | - Bergþórsdóttir, Laugaveg 53 | 64 | 30 |
| 83. | - Bjarnadóttir, Mjóstræti 8 | 75 | 30 |
| 85. | - Einarsdóttir, Brekkustíg 1 | 75 | 30 |
| 86. | - Friðfinnsdóttir, Miðstræti 4 | 72 | 30 |
| 87. | - Gísladóttir, Þingholtsstræti 8B | 70 | 25 |
| 88. | - Guðlaugsdóttir, Grettisgötu 38B | 70 | 25 |
| 89. | - Guðmundsdóttir, Smiðjustíg 6 | 66 | 25 |
| 90. | - Guðmundsdóttir, Spítalastíg 7 | 66 | 25 |
| 91. | - Gunnarsdóttir, Barónsstíg 10 | 80 | 30 |
| 92. | - Halldórsdóttir, Njálsgötu 52 | 79 | 25 |
| 93. | - Hákonardóttir, Hverfisgötu 85 | 74 | 30 |
| 94. | - Kristjánsdóttir, Skólavörðustíg 4 | 80 | 30 |
| 95. | - Jónsóttir, Austurstræti 19 | 67 | 25 |
| 96. | - Jónsdóttir, Barónsstíg 12 | 75 | 25 |
| 97. | - Guðrún Jónsdóttir, Bræðraborgars. 22a | 77 | 30 |
| 98. | - Jónsdóttir, Eskihlíð | 72 | 25 |
| 99. | - Jónsdóttir, Laugaveg 60 | 64 | 30 |
| 100. | - Jónsdóttir, Lindargötu 1o | 70 | 25 |
| 101. | - M. Magnúsdóttir, Frakkastíg 6 | 61 | 25 |
| 102. | - Magnúsdóttir, Vesturgötu 26c | 90 | 40 |
| 103. | - Ólafsdóttir, Kirkjustræti 4 | 74 | 25 |
| 104. | - Pálsdóttir, Njálsgötu 34 | 86 | 35 |
| 105. | - Pálsdóttir, Vesturgötu 23 | 74 | 25 |
| 106. | - Sigurðardóttir, Bakkastíg 4 | 67 | 35 |
| 107. | - Sigurðardóttir, Nýlendugötu 13 | 66 | 25 |
| 110. | - Sæmundsdóttir, Garðbæ við Brekkustíg | 62 | 25 |
| 111. | - Tómásdóttir, Bakkastíg 9 | 68 | 25 |
| 112. | - Vigfúsdóttir, Lauganesi | 75 | 45 |
| 113. | - Þorfinnsdóttir, Laugaveg 24 | 65 | 25 |
| 114. | - Þorgrímsdóttir, Grettisgötu 11 | 71 | 25 |
| 115. | - Þorláksdóttir, Leynimýri við Öskjuh. | 86 | 40 |
| 116. | - Þorsteinsdóttir, Grettisgötu 49 | 72 | 25 |
| 117. | - Þórðardóttir, Óðinsgötu 7 | 73 | 25 |
| 118. | - Þórðarson, Laugaveg 53 | 64 | 25 |
| 119. | - Þóroddsdóttir, Grundarstíg 11 | 69 | 25 |
| 120. | - Ögmundsdóttir, Laugaveg 54a | 84 | 35 |
| 121. | Gunnar Björnsson, Frakkastíg 19 | 60 | 25 |
| 122. | Gunnhildur Gísladóttir, Grundarstíg 3 | 79 | 40 |
| 124. | Halldór Pálsson, Sellandsstíg 31 | 73 | 30 |
| 125. | Halldóra Álfsdóttir, Vesturgötu 21B | 64 | 24 |
| 126. | - Guðmundsdóttir, Bókhlöðustíg 6B. ~~73~~ | ~~28~~ 73 | 25 |
| 127. | - Hannesdóttir, Hverfisgötu 62 | 62 | 30 |
| 128. | - Magnúsdóttir, Hverfisgötu 60 | 76 | 30 |
| 129. | - Ólafsdóttir, Bræðraborgarstíg 19 | 63 | 35 |
| 130. | - Randversdóttir, Bergstaðastræti 45 | 85 | 35 |
| 131. | - Sigurðardóttir, Laugavegi 24B | 65 | 25 |
| | Flyt | | |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Númer: | Nöfn styrkþega og heimili: | Alfur: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| L/"? | | | |
| 132. | Hallgrímur Andrésson, Lindargötu 19 | 74 | 50 |
| 133. | Hans A. Jóhannesson, Laugavegi 24 | 64 | 25 |
| 134. | Helga S. Auðunsdóttir, Mjóstræti 8B | 63 | 25 |
| 135. | - Eiríksdóttir, Lindargötu 7 | 68 | 25 |
| 136. | - Nikulásdóttir, Bergstaðastræti 27 | 70 | 25 |
| 137., | - Pálsdóttir, Nýlendugötu 12 | 77 | 30 |
| 138. | - Sigurðardóttir, Mjóstræti 2 | 77 | 25 |
| 139. | Herdís Dagsdóttir, Ívarsseli | 64 | 25 |
| 140. | - Hannesdóttir, Grettisgötu 44 | 61 | 25 |
| 141. | - Magnúsdóttir, Njálsgötu 35 | 78 | 35 |
| 141A. | Hinrik Gíslason, Grænuborg, Laufásveg | 74 | 50 |
| 143. | Hólmfríður Loftsdóttir, Lindargötu 6 | 79 | 30 |
| 144. | - Magnúsdóttir, Bræðraborgarstíg 20 | 67 | 30 |
| 145. | - Magnúsdóttir, Landakotsspítala | 84 | 35 |
| 146. | Hróbjartur Ólafsson, Hverfisgötu 69 | 80 | 35 |
| 147. | Hugborg Bjarnadóttir, Ingólfshúsi | 61 | 35 |
| 148. | - Guðmundsdóttir, Hverfisgötu 83 | 65 | 25 |
| 149. | Ingibjörg Einarsdóttir, Skólastræti 5 | 85 | 45 |
| 150. | - Eyjólfsdóttir, Vesturgötu 26c. | 63 | 25 |
| 151. | - Jóhannsdóttir, Laugaveg 72 | 67 | 25 |
| 152. | - Jónasdóttir, Klapparstíg 7 | 63 | 25 |
| 153. | - Jóndóttir, Laugalandi | 84 | 35 |
| 154. | - Pálsdóttir, Nýlendugötu 21 | 89 | 35 |
| 155. | - Teitsdóttir, Lindargötu 1b | 85 | 45 |
| 156. | Ingileif Jónsdóttir, Skólastræti 18 | 69 | 25 |
| 157. | Ingiríður Brynjólfsdóttir, Þingholtsstræti 28 | 74 | 30 |
| 158. | Ingveldur Þórðardóttir, Framnesveg 15 | 72 | 40 |
| 159. | Jakob Þorbergsson, Bergstaðastræti 9 | 75 | 25 |
| 160. | Jensína Jóndóttir, Grettisgötu 49 | 61 | 25 |
| 161. | Jóhanna Bjarnadóttir, Hverfisgötu 88 | 65 | 25 |
| 162. | - Guðmundsdóttir, Bráðræði | 62 | 25 |
| 163. | - Guðmundsdóttir, Lindargötu 1 A | 63 | 25 |
| 164. | - Jónsdóttir, Grettisgötu 30 | 61 | 25 |
| 165. | - Jónsdóttir, Skólavörðustíg 18 | 68 | 25 |
| 166. | - Tómasdóttir, Zöega, Laugaveg 52 | 83 | 25 |
| 167. | Jóhannes Guðmundsson, Njálsgötu 36 | 63 | 25 |
| 168. | - Jóhannesson, Zoëga, Nýlendugötu | 69 | 30 |
| 169. | - Jónsson, Skólavörðustíg 43 | 76 | 50 |
| 170. | Jónas Sigvaldason, Bræðraborgarstíg 14 | 63 | 25 |
| 71. | Jón Bjarnason, Njálsgötu 37 | 73 | 25 |
| 173. | - Brynjólfsson, Laugaveg 61 | 75 | 50 |
| 174. | - Gottskálksson, Bergstaðastræti 46 | 74 | 25 |
| 175. | - Jónsson, Bókhlöðustíg 8 | 63 | 40 |
| 176. | - Jónsson, Nýjabæ við Klapparstíg | 70 | 25 |
| 177. | - Magnússon, Veghúsastíg 3 | 81 | 65 |
| 178. | - Markússon, Lindargötu 20 B | 60 | 25 |
| 179. | - Ólafsson, Njálsgötu 14 | 63 | 50 |
| 180. | - Sæmundsson, Laugaveg 76 | 83 | 35 |
| 181. | - Tómásson, Grettisgötu 55A | 66 | 45 |
| 182. | Jónea K. Jónsdóttir, Grettisgötu 31 | 65 | 25 |
| 183. | Jórunn Guðmundsdóttir, Suðurgötu 11 | 69 | 25 |
| 184. | Karítas Andrésdóttir, Klapparstíg 7 | 86 | 35 |
| 185. | - Ólafsdóttir, Klöpp við Brekkustíg | 60 | 30 |
| 186. | Katrín Gísladóttir, Vesturgötu 50 | 66 | 25 |
| 187. | - Magnúsdóttir, Nýlendu | 85 | 35 |
| 188. | - Ólafsdóttir, Framnesveg 5 | 81 | 35 |
| 189. | - Þórarinsdóttir, Laufásveg 27 | 62 | 25 |
| 190. | - Þóroddsdóttir, Skólavörðustíg 35 | 64 | 25 |
| 191. | Kristbjörg Hindriksdóttir, Lindarg.45 | 68 | 45 |
| 192. | Kristb. Ólafsdóttir, Klöpp við Brekkust. | 62 | 25 |
| 193. | Kristín Árnadóttir, Laufásveg 31 | 77 | 25 |
| 194. | - Filippusdóttir, Skólavörðustíg 5 | 77 | 25 |
| 195. | - Guðmundsdóttir, Holtsgötu 9 | 63 | 25 |

Flyt



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Nr.: | Nöfn styrkþega og heimili: | Aldur: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 197. | Kristín Hannesdóttir, Bergstaðastræti 32B | 80 | 35 |
| 198. | - Jakobsdóttir, Bókhlöðustíg 9 | 63 | 25 |
| 199. | - Jónsdóttir, Bergstaðastr. 32 | 69 | 25 |
| 200. | - Jónsdóttir, Bræðraborgarstíg 17 | 67 | 40 |
| 201. | - Jónsdóttir, Ingólfsstræti 18 | 63 | 25 |
| 202. | - Jónsdóttir, Lindargötu 7B | 76 | 25 |
| 203. | - Jóndóttir, Nýlendugötu 23 | 62 | 25 |
| 204. | - Jónsdóttir, Njálsgötu 49 B | 76 | 25 |
| 205. | - Kristjánsdóttir, Laufásveg 42 | 65 | 25 |
| 206. | - Ólafsdóttir, Fischersundi 1 | 61 | 25 |
| 207. | - Kristín Þorsteinsdóttir, Nýlendugötu 12 | 66 | 25 |
| 208. | Kristjana S. Jónsdóttir, Þingholtsstræti 7 | 75 | 25 |
| 209. | Kristján Erlendsson, Laugaveg 26 | 65 | 60 |
| 210. | - Guðmundsson, Skólavörðustíg 11 b | 63 | 25 |
| 211. | - Þorsteinsson, Kúld, Laugavegi | 68 | 25 |
| 212. | Lárus M. Knúdsen, Njálsgötu 23 | 77 | 45 |
| 213. | Magdalena M. Sigurðardóttir, Hverfisg.83 | 64 | 25 |
| 214. | Magnús Árnason, Túngötu 2 | 88 | 30 |
| 215. | - Einarsson, Framnesvegi 4 | 61 | 25 |
| 216. | - Gunnlaugsson, Skólavörðustíg 16 | 83 | 65 |
| 217. | - Magnússon, Ingólfsstræti 7 | 73 | 25 |
| 218. | - Sveinsson, Smiðjustíg 5 | 63 | 25 |
| 219. | Málfríður Halldórsdóttir, smiðjuhúsinu | 66 | 25 |
| 220. | Margrét Björnsdóttir, Bröttugötu 5 | 72 | 30 |
| 221. | - Einarsdóttir, Laugaveg 114 A | 69 | 35 |
| 222. | - Einarsdóttir, Skólavörðustíg 29 | 70 | 25 |
| 223. | - Eiríksdóttir, Njálsgötu 43 A | 73 | 25 |
| 224. | - Gestsdóttir, Miðstræti 5 | 80 | 35 |
| 225. | - Guðmundsdóttir, Sellandsstíg 4 | 65 | 25 |
| 226. | - Hinriksdóttir, Laufásveg 35 | 66 | 25 |
| 227. | - Jónsdóttir, Frakkastíg 6 | 83 | 35 |
| 228. | - Jónsdóttir, Hverfisgötu 8 | 75 | 30 |
| 229. | - Jónsdóttir, Spítalastíg 4 | 72 | 25 |
| 230. | - Kláusdóttir, Suðurgötu 6 | 68 | 35 |
| 231. | - K. Marteinsdóttir, Laugaveg 25 | 61 | 25 |
| 232. | - Matthíasdóttir, Framnesveg 15 | 64 | 30 |
| 233. | - Th. Pálsdóttir, Spítalastíg 9 | 76 | 25 |
| 234. | - Sigurðardóttir, Stóraskipholti | 71 | 30 |
| 236. | - Sigurðardóttir, Suðurgötu 10 | 68 | 25 |
| 235. | - Þórðardóttir, Melbæ, Kaplaskjóli | 68 | 40 |
| 237. | - Þórðardóttir, Lindargötu 1 D | 67 | 25 |
| 238. | María Grímsdóttir, Vesturgötu 51 A | 69 | 25 |
| 239. | - Jónsdóttir, Laugaveg 46 B | 63 | 25 |
| 240. | Oddný Hermannsdóttir, Framnesvegi 25 | 84 | 40 |
| 251. | - Magnúsdóttir, Hverfisgötu 64 | 66 | 50 |
| 242. | Oddur Björnsson, Blönduhl. Hafnarfj,veg | 70 | 25 |
| 243. | - Jónsson, Laugaveg 43 | 69 | 30 |
| 244. | - Oddsson, skuld, Framnesveg | 69 | 25 |
| 245. | Ólafur Einarsson, Grettisgötu 35 B | 64 | 30 |
| 246. | - Þ. Eyjólfssom, Bröttugötu 3 B | 76 | 30 |
| 247. | Ólöf Bjarnadóttir, Ívarsseli | 75 | 45 |
| 248. | - Halldórsdóttir, Hábæ | 67 | 35 |
| 249. | - Hansdóttir, Bráðræðisholti 28 | 61 | 35 |
| 250. | - Magnúsdóttir, Njálsgötu 27 B | 77 | 25 |
| 251. | - Sigurðardóttir, Hverfisg. 60 A | 67 | 25 |
| 252. | - Tómásdóttir, Hótel Ísland | 41 | 30 |
| 253. | - Þorsteinsdóttir, Frakkastíg 14 | 65 | 25 |
| 254. | Pálína Oddsdóttir, Spítalastíg 4B | 72 | 25 |
| 255. | - Pálsdóttir, Bræðraborgarstíg 19 | 63 | 25 |
| 256. | - Pálsdóttir, Grettisgötu 42 | 77 | 30 |
| 257. | Páll Jónsson, Njálsgötu 19 | 72 | 50 |
| 258. | Pálmi Pálmason, Ránargötu 29 | 71 | 50 |
| 259. | Ragnheiður Guðmundsdóttir, Laugaveg 20A | 68 | 25 |
| 260. | - Guðmundsdóttir, Mýri A. við Nýlendug. | 62 | 25 |

Flyt



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Nr. | Nöfn styrkþega og heimili: | Aldur: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| | Flutt | | |
| 261. | Ragnheiður Símonardóttir, Veghúsastíg 3 | 62 | 25 |
| 262. | - Þorbjarnardóttir, Runólfshús, Bræðraborgarstíg | 65 | 50 |
| 263. | - Þorleifsdóttir, Hábæ | 67 | 25 |
| 264. | Ragnhildur Björnsdóttir, Bergstaðastr.48 | 67 | 25 |
| 267. | Rannveig Guttormsdóttir, Vatnsstíg 12 | 88 | 50 |
| 267A. | - Jónsdóttir, Vestur-Bakka | 78 | 60 |
| 268. | - Tofadóttir, Bakka | 60 | 30 |
| 269. | - Þórðardóttir, Þingholtsstræti 28 | 76 | 25 |
| 271. | Rósamunda Guðmundsdóttir, Njálsgötu 17 | 67 | 25 |
| 272. | Runólfur Runólfsson, Sellandsstíg 4 | 67 | 35 |
| 273. | Salvör Sigurðardóttir, Eyvík, Grímsstaðah. | 65 | 25 |
| 274. | Sigfús Pétursson, Eskihlíð | 80 | 35 |
| 275. | Signý Gunnlaugsdóttir, Melnum, Grímsstaðah. | 76 | 25 |
| 276. | Sigríður Auðunsdóttir, Bræðraborgarstíg 5 | 77 | 25 |
| 277. | - Árnadóttir, Laufásveg 15 | 77 | 25 |
| 278. | - Árnadóttir, Grettisgötu 61 | 75 | 25 |
| 279. | - Bjarnadóttir, Nýlendugötu 19 | 75 | 25 |
| 280. | - Gísladóttir, Hverfisgötu 64 | 68 | 25 |
| 281. | - Guðmundsdóttir, Bókhlöðustíg 11 | 75 | 25 |
| 282. | - Guðmundsdóttir, Bröttugötu 5 | 66 | 25 |
| 283. | - Guðmundsdóttir, Laugaveg 62 | 77 | 25 |
| 284. | . Illugadóttir, Framnesveg 3 | 69 | 25 |
| 285. | - Jónsdóttir, Barnaskólanum | 78 | 30 |
| 286. | - Jónsdóttir, Bergstaðastíg 3 | 76 | 30 |
| 287. | - Jónsdóttir, Brunnholti, Brekkustíg | 64 | 30 |
| 288. | - Klapparstíg 24A, Jónsdóttir, | 76 | 25 |
| 289. | - Jónsdóttir, Lindargötu 8 B | 86 | 35 |
| 290. | - Magnúsdóttir, Laugaveg 74 | 75 | 50 |
| 291. | - Matthíasdóttir, Bergstaðastr. 26B | 67 | 25 |
| 292. | - Ólafsdóttir, Bröttugötu 5 | 72 | 30 |
| 293. | - Ólafsdóttir, Laugaveg 50B | 63 | 25 |
| 294. | - Ólafsdóttir, Smiðjustíg 13 | 80 | 45 |
| 295. | - (Sigríð) Pálsdóttir, Ingólfsstræti 14 | 71 | 35 |
| 296. | - R. Pálsdóttir, Lindargötu 8B | 70 | 40 |
| 297. | - Pétursdóttir, Grettisgötu 35 | 79 | 30 |
| 298. | - Sigfúsdóttir, Miðstræti 5 | 64 | 25 |
| 299. | - Sigurðardóttir, Framnesveg 30 | 79 | 30 |
| 300. | - Sveinsdóttir, Guðjónshúsi, Fischerss. | 77 | 25 |
| 301. | - Þorkelsdóttir, Vesturgötu 30 | 60 | 25 |
| 302. | Sigurbjörg Guðmundsdóttir, Aðalstræti 9 | 65 | 25 |
| 303. | - Guðmundsdóttir, Grettisgötu 30 | 89 | 35 |
| 304. | - Jónsdóttir, Njálsgötu 56 | 69 | 30 |
| 305. | - Jónsdóttir, Njálsgötu 17 | 71 | 25 |
| 306. | - Jónsdóttir, Óðinsgötu 1 | 75 | 25 |
| 307. | - Stefánsdóttir, Lindargötu 15 | 61 | 25 |
| 308. | Sigurður Ámundason, Vatnsstíg 11 | 66 | 25 |
| 309. | - Egilsson, Njálsgötu 68 | 88 | 40 |
| 310. | - Guðmundsson, Leynimýri, Öskjuhlíð | 88 | 40 |
| 311. | Sigurlaug Finnsdóttir, Óðinsgötu 13 | 84 | 35 |
| 312. | - Guðmundsdóttir, Laugaveg 66 | 58 | 25 |
| 313. | - Sigurðardóttir, Holtsgötu 8 | 73 | 30 |
| 314. | Sigurveig Pálsdóttir, Lindargötu 34 | 73 | 25 |
| 315. | Sigþóra Hinriksdóttir, Lindargötu 17 | 66 | 25 |
| 316. | Soffía Jónsdóttir, Vesturgötu 15 | 70 | 30 |
| 317. | Solveig Níelsdóttir, Laugaveg 18 | 66 | 25 |
| 318. | Stefán Brynjólfsson, Hverfisgötu 59 | 69 | 25 |
| 319. | Steindór Jónsson, Laugaveg 40 | 67 | 70 |
| 320. | Steinunn Árnadóttir, Lindargötu 17 | 62 | 25 |
| 321. | - Guðmundsdóttir, Grettisgötu 56A | 64 | 25 |
| 322. | - Hannesdóttir, Laugaveg 76B | 64 | 25 |
| 323. | - Hannesdóttir, Njálsgötu 15 | 72 | 40 |
| 324. | - Kjartansdóttir, Smiðjustíg 4 | 62 | 25 |
| 325. | Steinþóra Einarsdóttir, Leynimýri, Öskjuh. | 75 | 35 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

/"$?

| Nr.: | Nöfn styrkþega og heimili: | Aldur: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 326. | Sveinbjörg Árnadóttir, Laugaveg 35 | 72 | 25 |
| 327. | Sveinn Árnason, Barónsstíg | 61 | 25 |
| 328. | Sæmundur Sveinsson, Holtsgötu 8 | 76 | 60 |
| 329. | Tómas Magnússon, Vesturgötu 52 | 68 | 25 |
| 330. | - Pálsson, Lindargötu 40 | 64 | 25 |
| 331. | Torfi Ólafsson, Barónsstíg 22 | 83 | 35 |
| 332. | Valgerður Eyjólfsdóttir, Spítalastíg 10 | 77 | 30 |
| 333. | - Guðmundsdóttir, Bergstaðastræti 12 | 68 | 25 |
| 334. | - Konráðsdóttir, Grettisgötu 54 | 68 | 25 |
| 335. | - Þorgilsdóttir, Hverfisgötu 42 | 73 | 40 |
| 446. | Vilborg Guðmundsdóttir, Grettisgötu 27 | 78 | 25 |
| 337. | - Gunnarsdóttir, Lindargötu 8 A | 75 | 25 |
| 338. | - Jónsdóttir, Grettisgötu 17 | 75 | 25 |
| 339. | - Sigurðardóttir, Amtmannsstíg 4 | 75 | 25 |
| 340. | Vigdís Jónsdóttir, Vitastíg 14 | 76 | 25 |
| 341. | - Magnúsdóttir, Allian ce | 64 | 25 |
| 342. | Þorbjörg Hafliðadóttir, Hverfisgötu 49 | 72 | 45 |
| 343. | - Sveinsdóttir, Bræðraborgarstíg 22a | 68 | 30 |
| 345. | - Þórðardóttir, Máfahlíð hjá Sauðagerði | 69 | 30 |
| 346. | Þorgerður E. Þorsteinsdóttir, Vitastíg 16 | 68 | 25 |
| 347. | Þorlákur Halldórsson, Njálsgötu 30 a | 60 | 50 |
| 348. | Þorsteinn Einarsson, Grundarstíg 5 | 73 | 40 |
| 349. | - Gamalíelsson, Kvöldroðanum | 67 | 50 |
| 350. | - Jónsson, Brunnstíg 10 | 66 | 25 |
| 351. | - Þorsteinsson, Laugaveg 38 B | 67 | 25 |
| 352. | Þorvaldur Árnason, Laugaveg 48 | 65 | 40 |
| 353. | Þóra Einarsdóttir, Bræðraborgarstíg 32 | 72 | 25 |
| 354. | - Jónsdóttir, Vesturgötu 46 a | 77 | 25 |
| 355. | - Stefánsdóttir, Suður-Klöpp | 77 | 25 |
| 356. | Þórdís Bjarnadóttir, Mjóstræti 8 | 71 | 25 |
| 357. | - Tómasdóttir, Njálsgötu 37 | 63 | 25 |
| 358. | Þórður Andrésson, Njálsgötu 30 a | 75 | 35 |
| 359. | - Þórðarson Breiðfjörð, Bræðraborgarst. | 34-69 | 25 |
| 360. | - Þóroddsson, Grettisgötu 43 | 79 | 35 |
| 361. | Þórey Guðmundsdóttir, Hverfisgötu 57 | 64 | 25 |
| 362. | Þórunn Gísladóttir, Skólavörðustíg 11a | 68 | 25 |
| 365. | - Jónsdóttir, Bergstaðastræti32 | 77 | 25 |
| 366. | - Jónsdóttir, Þingholtsstræti 1 | 69 | 25 |
| 367. | - Melkjörsdóttir, Skólabæ | 68 | 35 |
| 368. | - S. Sveinsdóttir, Bakka | 87 | 45 |
| 369. | Þuríður Hannesdóttir, Frakkastíg 4 | 71 | 40 |
| 370. | - Jóhannesdóttir, Litlavelli | 70 | 35 |
| 371. | - Jónsdóttir, Suðurgötu 11 | 63 | 35 |
| 372. | - Ólafsdóttir, Bergstaðastræti 33 | 69 | 35 |
| | | Samtals | 10820 |

Rétta innfærslu staðfestir.

K. Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, mánudaginn 29. október, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni á skrifstofu borgarstjóra. Til fundarins hafði verið boðað með fúndarboði og dagskrá, dags. 27. þ.m. Fundurinn var settur kl. 5.2o og voru þá komnir á fundinn, ~~og þ~~ auk borgarstjóra og forseta, þessir bæjarfulltrúar: Ágúst Jósefsson, Jón Þorláksson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, Hannes Hafliðason, Þorvarður Þorvarðsson, og Sveinn Björnsson,. Jörundur Brynjólfsson kom á fund kl. 6.35.

Þá var gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. Frumvarp til reglugerðar um nýmjólkursölu lagt fram.
Eftir nokkrar umræður var frumvarpið samþykkt með þessum breytingum:
a. Við 2. gr. frá borgarstjóra:
Fyrir orðin: "næg mjólk handa börnum innan tveggja ára og sjúklingum" komi: næg mjólk handa þeim, sem bæjarstjórnin vill tryggja forgangsrétt að mjólk með nefndum reglum.
b. Við 3. gr. frá Jóni Brynjólfssyni.
Í stað: "3,25%" komi : 3.3%.
c. Við 5. gr. frá Þorvarði Þorvarðssyni: Aftan við 1. málsgrein bætist: : "Borgarstjóri getur sett nánari reglur um síunartæki mjólkur".
d. Við 7. gr. frá Ág. Jósefssyni og Sveini Björnssyni:
Aftan við greinina bætist:
Eigi má flytja í tækjum þeim (vögnum eða kössum), sem notuð eru til mjólkurflutninga til bæjarins, úr bænum eða um bæinn neinn varning, sem ókaf óþrif stafa af að dómi heilbrigðisfulltrúa, nema um sé búið og meðfarið samkvæmt fyrirmælum Heilbrigðisfulltrúa.
e. Við 8. gr. frá borgarstjóra:
Aftan við greinina bætist:
Mjólkurílát má aldrei hafa undir annað en mjólk, nema heilbrigðisfulltrúi leyfi.
f. Við 9. gr. frá Sveini Björnssyni:
Á eftir orðunum: "leyfi til að setja upp mjólkurbúðir" komi: ákveður með hverjum skilyrðum þau skuli veitt.
g. Við 15. gr. frá borgarstjóra:
Fyrir: "hefur neina mjólkurbúð" í enda greinarinnar, komi: starfræki neina mjólkurbúð.
Frunvarpið var samþykkt í einu hljóði með áorðnum breytingum.

II. Frumvarp til reglna um sölu, notkun og úthlutun mjólkur, þegar mjólkurskortur er í bænum.
Eftir nokkrar umræður var frumvarpið samþykkt með þessari breytingu:
Á eftir "3. og 4. gr."í innganginum komi:
og regæugerð um mjólkutsölu í Reykjavík, 2. gr.

Í sambandi við þennan dagskrárlið skýrði borgarstkóro frá því, að nú hefði í dag bþrozt umsókn frá formanni Mjólkurfélagsins, um að greint félag megi hafa mjólkursölubúðir á 7 tilgreindum stöðum í bænum. Var nefnd þeirri er kosin var á síðasta fundi, til þess að íhuga frumvarp til mjólkursölureglna, falið að athuga mál þetta til næsta bæjarstjórnarfundar og láta þá uppi álit sitt um legu sölustaðanna m.m.

III. Funargerðir dýrtíðarnefndar frá 27. október lesnar og samþykktar.
Í sambandi við þennan lið var samþykkt svolátandi tillaga frá Jóni Þorlákssyni:



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Dýrtíðarnefnd falið að leggja fyrir næsta bæjarstjórnarfumd tillögur um grundvöll þann, er fylgja skuli við niðurjöfnun kolanna frá landssjóði.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið kl. 8.4o.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson. Hannes Hafliðason. Þorvarður Þorvarðsson. Kristján V. Guðmundsson. Sigurður Jónsson. Jörundur Brynjólfsson. Ágúst Jósefsson. Jón Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, fimmtudaginn 1. nóvember var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.20 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra og forseta, þessir bæjarfulltrúar: Sveinn Björnsson, Þorvarður Þorvarðsson, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, Hannes Hafliðason og Bríet Bjarnhéðinsdóttir.
Forföll tilkynntu: Guðrún Lárusdóttir og Magnús Helgason.

Gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 27. október lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

II, Fundargerð fasteignanefndar frá 30. október lögð fram. 1., 2. og 3. liður, hver um sig, samþykktir með öllum greiddum atkvæðum. Fundargerðin í heild samþykkt ~~með öllum~~ í einu hljóði.

III. Fundargerð veganefndar frá 29. október lögð fram. 2. liður Samþykktur með öllum greiddum atkvæðum. Fundargerðin í heild sömuleiðis.

IV. Fundargerð vatnsnefndar frá 30. október lögð fram.
1. - 4. liður samþ. einu hljóði.
5. liður sömuleiðis.
Fundargerðin í heild samþ. í einu hljóði.

V. Fundargerð brunabótanefndar frá 31. október lögð fram.

VI. Fundargerð fátækranefndar frá 25. okt. lögð fram. Til atkvæða komu 1. liður og 17, og voru þeir, hvor um sig samþykktir í einu hljóði.

VII. Fundargerð gasnefndar fröa 31. okt. lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

VIII. Fundargerð hafnarnefndar frá 31. október lögð fram. 2. liður samþykktur við fyrri umræðu með öllum greiddum atkæðum og vísað til síðari umræðu.
4. liður samþykktur í einu hljóði.
Fundargerðin í heild sömuleiðis.

IX. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 31. október lögð fram. 1. liður samþykktur með öllum greiddum atkvæðum. Fundargerðin í heild samþykktur~~/ í einu hljóði~~ með öllum greiddum atkvæðum.
Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

X. Lesið erindi Mjólkurfélags Reykjavíkur, dags. 29. okt. um mjólkurbúðir.- Afgreiðslu málsins frestað.

XI. Kosnir í kjörstjórn við kosningu niðurjöfnunarnefndar í nóvember:
Sveinn Björnsson með 8 atkv.
Sighvatur Bjarnason með 7 -

XII. Brunabótavirðingar þessar voru samþykktar:

| | |
|---|---|
| 1. Hús Jóns Stefánssonar nr. 17. við Laugaveg, (brbnr. 2740 | Kr. 52206.00 |
| 2. Hús Hallgríms Benediktssonar, nr. 2 við Thorvaldsensstræti (brbnr. 44) | - 37058.00 |
| 3. Hús Kristins Jónssonar, nr. 36 við Lindargötu (brbnr. 1130) | - 19854.00 |
| 4. Hús Gísla Sveinssonar, nr. 10 við Miðstræti (brbnr. 831) | - 33058.00 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Hús Hallgríms Benediktssonar við höfnina (brbnr. 1380) ........................ Kr. 24115.00

6. Hús Ólafs Eiríkssonar, nr. 26B við Vesturgötu (brbnr. 417) - 20730.00

7. Hús Jóns Kristmundssonar og Sigurðar Sigurðssonar, nr. 45 við Bergstaðastræti (brbnr. 751) - 19870.00

8. Hús Kjartans Ólafssonar nr. 32 við Lindargötu (brbnr. 952) - 13697.00

9. Hús Þórðar Jónssonar, nr. 48 við Vesturgötu, )brbnr. 430) - 11056.00

10. Hús sama sama húsnúmer (brbnr. 1330) - 7581.00

11. Hús sama nr. 9 við Aðalstræti (brbnr.111) - 67586.00

12. Hús Guðmundar Jónssonar, nr. 10 við Óðinsgötu (brbnr. 1099) - 16184.00

13. Hús Eyjólfs Bruðbrandssonar, nr. 26 við Njálsgötu (brbnr. 1018) - 16378.00

14. Hús Jóels Jónssonar, nr. 9 við Bergstaðastræti (brbnr. 798) - 50109.00

15. Hús Ágústu Thorsteinson, nr. 12 við Grundarstíg (brbnr. 1375) 14162.00

16. Hús Árna Jónssonar, nr. 37 við Laugaveg (brbnr. 382) Kr. 33684.00

17. Hús Mörtu Strand, "Álfheimar" sunnan við Sundlaugarnar - 8029.00

Ágúst Jósefsson kom í fundarlok.

Fundi slitið kl. 8.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Kritján V. Guðmundsson. Sigurður Jónsson. Sveinn Björnsson. Jón Þorláksson. Hannes Hafliðason. Þorvarður Þorvarðsson. Jörundur Brynjólfsson. Ágúst Jósefsson. Bríet Bjarnhéðinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, fimmtudaginn 15. nóvember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.20 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra og forseta, þessir bæjarfulltrúar: Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Benedikt Sveinsson, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson, Kristján V. Guðmundsson, og Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Sigurður Jónsson kom að nýafstaðinni fundarsettningu og Sveinn Björnsson litlu síðar. Hannes Hafliðason kom kl. 5.30. Forföll tilkynnti Guðrún Lárusdóttir. - Magnús Helgason ekki í bænum. -

Gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 10. nóvember lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

II. Fundargerð hafnarnefndar frá 8. nóvember lögð fram:
1. liður samþ. með öllum greiddum atkv.
2. og 3. liður, hvor um sig, sömuleiðis.
Fundargerðin í heild samþ. í einu hljóði.

III. Fundargerð fátækranefndar frá 8. nóvember lögð fram. Til atkvæða kom 27. liður. Var hann samþykktur í einu hljóði og samkvæmt því kosin í nefnd:
Bríet Bjarnhéðinsdóttir með 7 atkv.
Jörundur Brynjólfsson - 6 - og
Kristján V. Guðmundsson - - - .

IV. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 1a. nóvember lögð fram.
Í sambandi við fundargerðina skýrði borgarstjóri frá því, að honum hefði, samkvæmt samþykkt bæjarstjórnarinnar á síðasta fundi, ráðið sér til aðstoðar við borgarstjórastörfin Ólaf Lárusson, yfirdómslögmann.
Samkvæmt tillögu Jóns Þorlákssonar var samþykkt að vísa 2. lið til dýrtíðarnefndar til fullnaðarafgreiðslu.
Fundargerðin með orðinni breytingu á 2. lið samþ. með öllum greiddum atkv.

V. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 13. nóvember lögð fram.
1. og 2. liður, hvor um sig, samþ. með öllum greiddum atkv.
Fundargerðin í heild samþ. í einu hljóði.

VI. Þessar brunabótavirðingar voru samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Íshús H/f. "Herðubreið" við Fríkirkjuveg (brbnr. 1377) | Kr. 185748.- |
| 2. | Þórðar Bjarnasonar, heildsala, nr. 12 við Vonarstræti (brbnr. 1202) | - 87403.- |
| 3. | Hús Einars Finnbogasonar, verkstjóra, nr. 8 við Mjóstræti (brbnr. 245) | - 12717.- |
| 4. | Hús sama nr. 8A við Mjóstræti (brbnr. 1328) | - 8224.- |
| 5. | Hús Péturs Halldórssonar, bóksala, nr. 46 við Túngötu (brbnr. 1085) | - 20443.- |
| 6. | Hús Einars Þorsteinssonar, verzlm. nr. 19 við Lindargötu (brbnr. 693) | - 16496.- |
| 7. | Hús Gunnþórunnar Halldórsdóttur, nr. 5 við Amtmannsstíg (brbnr. 702) | - 42714.- |
| 8. | Hús Helga Andréssonar, skipstjóra, nr. 4 við Mjóstræti (brbnr. 302) | - 8045.- |
| 9. | Hús Þorsteins Sigurðssonar, skipstjóra, nr. 3 við Unnarstíg (brbnr. 1349) | - 26051.- |
| 10. | Hús Jóns Hermannssonar, skrifstofustjóra, nr. 10 B við Lækjargötu | - 64216.- |
| 11. | Hús Ásbjörns Ólafssonar, trésmiðs, nr. 22 við Þingholtsstræti (brbnr. 291) | - 8905.- |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| 12. Hús Kristins Brynjólfssonar, skipstjóra, nr. 6A við Frakkastíg (brbnr. 1055) | Kr. | 23501.- |
| 13. Hús Helga Helgasonar, verzlm. nr. 2 við Óðinsgötu (brbnr. 1083) | - | 13432.- |
| 14. Hús Jóhannesar Hjartarsonar, verzlm. nr. 27 við Vesturgötu (brbnr. 82) | - | 13202.- |
| 15. Hús Hannesar Hafliðasonar, bæjarfulltrúa, nr. 6 við Smiðjustíg (brbnr. 196) | - | 14258.o- |
| 16. Hús Þórarins Jónssonar, verzlm. nr. 1 við Unnarstíg (brbnr. 1086) | - | 17069.- |
| 17. Hús Svavars S. Svavars, umboðssala, nr. 32B við Hverfisgötu (brbnr. 1148) | - | 22739.- |
| 18. Hús Finns Finnssonar, skipstjóra, nr. 41 við Vesturgötu (brbnr. 563) | - | 20313.- |
| 19. Hús Kristínar Ólafsdóttur, ekkju, nr. 1 við Austurstræti (brbnr. 108) | - | 48289.- |
| 20. Hús Minningarsjóðs Jóh. Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur, nr. 8 við Aðalstræti (brbnr. 116) | - | 102243.- |
| 21. Hús erfingja Guðjóns sál. Sigurðssonar, nr. 52 við Bergstaðastræti (brbnr. 968) | - | 12346.o- |
| 22. Hús Guðmundar Guðnasonar, skipstjóra´ nr. 26B við Bergstaðastr. (brbnr. 1126) | - | 15999.- |
| 23. Hús Eyvinds Árnasonar, trésmiðs, nr. 2 við Laufásveg (brbnr. 878) | - | 50834.- |
| 24. Hús Magnúsar Guðmundssonar, nr. 16B við Skólavörðustíg (brbnr.1199) | - | 13972.- |
| 25. Hús Bjarna Magnússonar, skipstjóra, nr. 18A við Laugaveg (brbnr. 1008) | - | 44586.- |
| 26. Hús sama efra húsið nr. 18A (brbnr. 956) | - | 8349.- |
| 27. Hús Sighvats Brynjólfssonar, lögregluþjóns nr. 43 við Bergstaðastræti (brbnr. 893) | - | 5546.- |
| 28. Hús Eggerts Claessens, yfirdómslögmanns, nr. 17 við Pósthússtræti (brbnr. 1176) | - | 43863.- |

VII. Út af því, að stjórnarráðið hafði með bréfi dags. 7. nóv. tilkynnt borgarstjóra, að það sæi sér ekki fært að staðfesta frumvarp til reglugerðar um mjólkursölu í Reykjavík, nema að 17. gr. hennar yrði breytt, hafði borgarstjóri fyrir hönd bæjarstjórnarinnar fallizt á að breyta greininni svo, að hún hljóðaði á þessa leið:

"Bæjarstjórninni er heimillt að setja það skilyrði fyrir leyfi til að setja upp mjólkurbúð og löggilda mjólkurbúð, að ef mjólkursali er sviptur mjólkurleyfi, eða hættir mjólkursölu af einhverjum ástæðum, hafi bæjarstjórnin rétt til að leigja mjólkurbúð með öllum tækjum í 6 mánuði þar eftir, ef hún er ekki þegar í stað leigð öðrum mjólkursala. Náist ekki samkomulag um leiguna, skulu 2 dómkvaddir menn meta hana".

Var þessi ráðstöfun borgarstjóra samþ. í einu hljóði.

VIII. Samþykkt við 2. umræðu að kaupa áhöld og efni hafnargerðarinnar fyrir 550 þús.kr.

(Sjá fundargerð hafnarnefndar frá 31. okt., 2. lið). Ennfremur var í sambandi við þetta samþ. 2. liður fundargerðar hafnarnefndar frá 15. nóv. svohljóðandi:

"Lagt til að borgarstjóra skuldabréfin að lánum þeim, sem bærinn tekur hjá N.C.Monberg, kr. 550.000.oo og 90000.oo, en bæjarstjórnin lánssamninginn um hið fyrrnefnda lán".

IX. Þorvarður Þorvarðsson, bar fram svohljóðandi tillögu, um rannsókn á eldsneyti:

"Bæjarstjórnin skorar á stjórnarráðið að láta sem bezt framkvæma þingsályktun neðri deildar Alþingis frá í



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sumar, um að láta rannsaka, hvort ekki mætti spara aðfluttning á eldsneyti með því að vinna íslenzkan mó og kol í stórum stíl og bæta samkvæmt nýjustu aðferðum, sem nú eru kunnar".

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Meðan stóð á samningu framangreindrar tillögu var tekið fyrir utan dagskrár að samþykkja tillögur kjörstjórnar við niðurjöfnunarnefndarkosningu 23. nóv.

Samþykkt var að skipta í 6 kjördeildir.

Ennfremur var samþykkt að skipta í undirkjörstjórnir svo sem hér segir:

1. kjördeild:
Hannes Hafliðason, bæjarfulltrúi,
Gísli Ísleifsson, cand.juris.
Ingibjörg Sigurðardóttir, kennslukona.

2. kjördeild:
Jörundur Brynjólfsson, bæjarfulltrúi,
Oddur Gíslason, yfirdómslögmaður,
Ragnheiður Pétursdóttir, frú.

3. kjördeild:
Bríet Bjarnhéðinsdóttir, bæjarfulltrúi,
Gísli Sveinsson, yfirdómslögmaður,
Þorsteinn Gíslason, ritstjóri.

4. kjördeild:
Benedikt Sveinsson, bæjarfulltrúi,
Steinunn Bjarnadóttir, húsfrú,
Jón Ásbjörnsson, yfirdómslögmaður,

5. kjördeild:
Kristján V. Guðmundsson, bæjarfulltrúi,
Ágústa Sigfúsdóttir, frú,
Lárus Fjeldsted, yfirdómslögmaður.

6. kjördeild:
Þorvarður Þorvarðsson, bæjarfulltrúi,
Guðrún Briem, frú,
Georg Ólafsson, cand. polit.

X. Út af erindi Skautafélags Reykjavíkur, dagsett 9. nóvember um skautasvell, var svo hljóðandi tillaga frá Jóni Þorlákssyni samþ. með 6:1 atkv.:

"Bæjarstjórnin heimilar Skautafélaginu afnot skautasvells í suðurenda Tjarnarinnar, eða að gera skautasvell á Austurvelli, ef það vill heldur, en þá með þeim skilyrðum, er borgarstjóri tiltekur".

XI. Samþykkt var grein fyrir grein Reglugerð um úthlutun kola þeirra, sem Reykjavík hefur hlotnast samkv. lögum um almenna hjálp vegna dýrtíðarinnar.

Þess skal getið, að aftan af afriti 4. gr. reglugerðarinnar höfðu fallið orðin:

þó ekki minna en 20 kg. í einu.

XII. Frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs 1918 samþykkt við fyrri umræðu og vísað til síðari umræðu.

XIII. Frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld bæjarsjóðs 1918 samþykkt við fyrri umræðu og vísað til síðari umræðu.

Að fengnu leyfi bæjarstjórnarinnar bar Sveinn Björnsson



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fram utan dagskrár svo hljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórnin skorar á landsstjórnina að fella nú þegar niður verðhækkun þá á sykri, sem ákveðin hefur verið og gékk í gildi fyrir Reykjavík 5. þ. m., með því að verðhækkun þessi felur í sér misrétti, kemur mjög hart niður á almenningi nú í dýrtíðinni, og þess utan hefur eigi verið upplýst, að þörf hafi verið á henni af verzlunarástæðum".

Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum fundarmanna, nema Bríetar Bjarnhéðinsdóttur, sem ekki greiddi atkvæði.

Fundi slitið kl. 8½ síðdegis.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sigurður Jónsson. Sveinn Björnsson. Hannes Hafliðason. Þorvarður Þorvarðsson. Kristján V. Guðmundsson. Jón Þorláksson. Bríet Bjarnhéðinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, fimmtudaginn 22. nóvember, var haldinn aukafundur í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.20 síðdegis, og voru þá komnir þessir bæjarfulltrúar, auk borgarstjóra og forseta: Sveinn Björnsson, Þorvarður Þorvarðsson, Benedikt Sveinsson, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson, Kristján V. Guðmundsson, Sigurður Jónsson og Hannes Hafliðason.
Forföll tilkynntu: Guðrún Lárusdóttir. - Magnús Helgason fjarverandi. - Ágúst Jósefsson kom kl. 5.30 og Bríet Bjarnhéðinsdóttir litlu síðar.

Gengið til dagskrár og tekið til meðferðar:

I. Frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld bæjarsjóðs árið 1918, 2. umræða.
Umræður stóðu í 2½ klukkustund, en að þeim loknum var atkvæðagreiðslu frestað til fundar, er halda skyldi næstkomandi fimmtudag og bæjarfulltrúunum gefinn frestur til að koma fram með breytingartillögur til næsta mánudags kl. 7 síðdegis.

II. Erindi stjórnarráðsins, dags. 16. nóv. um grjóttöku.
Lesið erindi stjórnarráðsins og svar borgarstjóra við því, dags. 19. nóv., þar sem hann, að áskildum samþykki bæjarstjórnar, veitir stjórnarráðinu leyfi til að láta taka upp grjót norðantil í Öskjuhlíðinni.
Var þessi ráðstöfun borgarstjóra samþykkt í einu hljóði og jafnframt svohljóðandi tillaga:
"Bæjarstjórnin felur borgarstjóra að veita stjórnarráðinu heimild til grjóttöku í landi bæjarins, þar sem honum þykir tiltækilegt og ekki kemur í bága við verk, sem bæjarstjórnin þarf að láta vinna".

III. Erindi stjórnarráðsins dags. 17. nóv., um lóð undir landsspítala.
Út af því var samþykkt tillaga frá borgarstjóra um að kjósa nefnd fjögra manna, auk borgarstjóra, til að íhuga málið og leggja fyrir bæjarstjórnina tillögur sínar um það. Skyldi nefndin svo skipuð, að í henni ætti sæti einn maður úr fjárhagsnefnd, einn úr fasteignanefnd, einn úr fátækranefnd og einn úr byggingarnefnd.
Kosningu hlutu:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Úr fjárhagsnefnd: | Sighvatur Bjarnason | með | 10 atkv. |
| Úr byggingarnefnd: | Jón Þorláksson | - | 8 - |
| Úr fasteignanefnd: | Jörundur Brynjólfsson | - | 7 - |
| Úr fátækranefnd: | Hannes Hafliðason | - | 7 - |

Þegar hér var komið dagskránni var klukkan orðin 8, og gerði þá forseti fundarhlé til kl. 9.

Kl. 9.05 var fundur settur aftur. Voru þá komnir allir hinir sömu bæjarfulltrúar, er áður sátu fundinn, aðrir en Ágúst Jósefsson og Jón Þorláksson, en þeir komu stuttu eftir fundarsettningu.
Var nú tekið til meðferðar síðasta dagskrármálið

IV. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 20. nóvember.
Ákveðið að fresta 1. og 2. lið og taka þá til meðferðar síðast.
4. liður samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
Fellt með 5:5 atkv. að úrskurða um 6. lið sérstaklega.
Þegar umræður um 7. og 8. lið höfðu staðið til miðnættis var samþykkt að slíta umræðum, en halda fundi áfram til að koma fram með tillögur og útkljá þær.
Tillaga borgarstjóra um að byrja þegar á atvinnubótunum og taka 100.000kr. bráðabirgðalán hjá landssjóði til almennra dýrtíðarráðstafana
samþykkt í einu hljóði til 2. umræðu.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svohljóðandi tillaga frá Jón Þorlássyni var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum:
"Borgarstjóra falið með aðstoð dýrtíðarnefndar og fátækranefndar að koma vinnunni í framkvæmd sem fyrst og veita bráðnauðsynlegustu dýrtíðarlán".

Samþykkt að gera út um 1. og 2. lið fundargerðarinnar fyrir luktum dyrum.

Út af 1. lið var svohljóðandi tillaga frá Sveini Björnssyni samþykkt í einu hljóði:
"Bæjarstjórnin ákveður að kaupa 200 tunnur af olíu þeirri, sem kemur með Fredericia, væntanlega í vikulokin, með þeim kjörum, sem fást bezt, og felur borgarstjóra að gera út um kaupin".

Fundargerð dýrtíðarnefndar í heild samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Í sambandi við þessa fundargerð var lesin fundargerð atvinnubótanefndar frá 18. nóv., en engi ályktun var út af henni ger sérstaklega.

Fundi slitið klukkan 1 eftir miðnætti.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Þorvarður Þorvarðarson.
Sveinn Björnsson. Hannes Hafliðason. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.
Benedikt Sveinsson. Jón Þorláksson. Sigurður Jónsson.
Kristján V. Guðmundsson. Jörundur Brynjólfsson. Ágúst Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, fimmtudaginn 29. nóvember var haldinn aukafundur í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis, og voru þá komnir auk borgarstjóra og forseta, þessir bæjarfulltrúar: Sveinn Björnsson, Þorvarður Þorvarðsson, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, Hannes Hafliðason og Benedikt Sveinsson. - Forföll tilkynnti Guðrún Lárusdóttir. - Magnús Helgason ekki í bænum. - Kristján V. Guðmundsson kom á fund kl. 5.40. - Bríet Bjarnhéðinsdóttir kl. 5.45 og Ágúst Jósefsson kl. 7

Gengið til dagskrár og tekið til meðferðar:

I. Frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs 1918, 2. umr.
Áætlunarfrumvarpið samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

II. Frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld bæjarsjóðs 1918; frh. 2. umr.
Að lokinni umræðu var gengið til atkvæða um frumvarpið og breytingartillögur við það, og fór atkvæðagreiðslan á þessa leið:

Tekjur:

1.- 23. liður samþykktur í einu hljóði.
Brtt. við 24. lið (frá Þorv. Þorv., Ág. Jós., Ben. Sv. og Jör. Br.) felld með 5:5 atkv.
24. liður samþykktur með öllum greiddum atkv.
Brtt. við 25. lið (frá fjárhagsnefnd) samþykkt í einu hljóði.
26. og 27. liður samþ. í einu hljóði.
Brtt. við 28. lið(frá fjárhagsnefnd) samþykkt með öllum greiddum atkv.
Brtt. við 29. lið (frá fjárhagsnefnd) samþ. í einu hljóði.

Gjöld:

Tölul. 1. - 4a samþ. í einu hljóði.
Brtt.við 4. tölulið, stafl. b. (frá Þorv. Þorv., Ág. Jós., Ben. Sv. og Jör. Br.) samþ. með öllum greiddum atkv.
Tölul. 4c - 11a,1 samþ. með öllum greiddum atkv.
Brtt. við 11. lið a 2(frá Þorvarði Þorvarðssyni, Ben.Sv.og Jör. Br.) felld með 6:3 atkv.
Brtt. við 11. lið b 2 (frá sömu) þar með fallin.
Tölul. 11 a 2 til 18 a samþ. með öllum gr. atkv.
Brtt. við 18 b (frá Þorv. Þorv., Ben. Sv., Ág. Jós. og Jör. Br.) samþ. með 5:3 atkv.
Tölul. 19 - 22 samþ. með öllum greiddum atkv.
Brtt. við 23. lið a (frá skólanefnd) Samþ. með öllum gr. atkv.
Tölul. 23. b. til 24 f. samþ. með öllum gr. atkv.
Brtt. við 24. lið g (frá fjárhagsnefnd) felld með 4:4 atkv.
Brtt. við 24. lið g (frá Þorv. Þorv.) samþ. með 6:4 atkv.
Tölul. ~~h-k~~ 24. h - k samþ. með öllum gr. atkv.
Brtt. við 24. lið 1 (frá Þorv. Þorv., Ág. Jós., Ben. Sv. og Jör. Br.) felld með 6:4 atkv.
Stafliðurinn óbreyttur samþ. með öllum gr. atkv.
Brtt. við 24. lið, nýr liður m, (frá fjárhagsnefnd) samþ. með öllum greiddum atkv.
25. liður a - f samþ. í einu hljóði.
Brtt. við 26. lið (frá fjárhagsnefnd) samþ. með öllum greiddum atkv.
27. liður samþ. með öllum greiddum atkv.
Brtt. við 28. lið (frá Þorv. Þorv., Ág. Jós., Ben. Sv. og Jör. Br.) samþ. með 7:3)atkv.
29. - 31. liður samþ. í einu hljóði.
Frumvarpið í heild, með áorðnum breytingum samkv. þessari atkvæðagreiðslu, samþykkt í einu hljóði.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

III. Tillaga um 100000 kr. lántöku til dýrtíðarráðstafana, 2. umr.

Svohljóðandi tillaga var samþykkt í einu hljóði: "Bæjarstjórnin samþykkir að taka 100000 bráðabirgðalán hjá landssjóði og felur borgarstjóra að skrifa undir skuldabréf fyrir hönd bæjarstjórnar. Vextir af láninu séu 5 1/4 % p.a.".

IV. Atvinnubótamál. (Fundargerðir dýrtíðarnefndar og fátækranefndar frá 26. nóvember).

Fundargerð dýrtíðarnefndar í heild með 7 atkv. samhlj.

Út af 13. lið fundargerðar fátækranefndar bar Jörundur Brynjólfsson fram svohljóðandi tillögu: "Orðin: "ætlazt er til að þeir einir fái vinu, sem eiga framfærslusveit hér í Reykjavík, og að þeir jafnframt hafi fyrir fjölskyldu að sjá" falli burt.

Upphaf næstu málsgreinar orðist svo: Ætlast er til þess o.s. frv.".

Forseti úrskurðaði, að með samþtkkt á 1. lið fundargerðar dýrtíðarnefndar sé afgreitt mál það, sem ræðir um í 13. lið fundargerðar fátækranefndar og geti tillagan því ekki komið til atkvæða.

Utan dagskráf var samkvæmt borgarstjóra skrifað undir lánssamnig N. C. Monber fyrir 550.000 krónum láni og skuldabréf til sama fyrir 90.000 kr. láni.

Fundi slitið kl. 8.40.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson. Þorvarður Þorvarðsson . Sigurður Jónsson. Hannes Hafliðason. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Benedikt Sveinsson. Kristján V. Guðmundsson. Jörundur Brynjólfsson. Jón Þorláksson. Ágúst Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, fimmtudaginn 6. desember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.20 síðdegis, og voru þá komnir auk borgarstjóra og forseta, þessir bæjarfulltrúar: Sveinn Björnsson, Þorvarður Þorvarðsson, Benedikt Sveinsson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, og Hannes Hafliðason, - Forföll tilkynntu: Bríet Bjarnhéðinsdóttir og Guðrún Lárusdóttir.

Fjarverandi: Magnús Helgason.

Ágúst Jósefsson kom á fund kl. 5.27 og skömmu síðar Jón Þorláksson.

Gengið til dagskrár og tekið til meðferðar:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 1. desember.
Var fundargerðin í heild samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

II. Fundargerð fasteignanefndar frá 3. desember.
2. liður samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
Svohljóðandi viðaukatillaga kom frá Þorvarðssyni Þorv. við 2, lið:
"Aftan við liðinn bætist:
og annarstaðar í landi bæjarins".
Var sú tillaga samþykkt með 8:1 atkv.
4., 6. og 8. liður voru, hver um sig, samþ. með ö. gr. atkv.
Við 9. lið kom breytingartillaga frá borgarstjóra svo látandi:
"Á eftir orðunum "stjórn Dýraverndunarfélagsins" í 5. og 6. línu að neðan) bætist við:
Lóðin sé l'tin af hendi eingöngu til bygginga og afnota fyrir Dýraverndunarfélagið og fellur aftur til bæjarins ef hætt verður að nota hana í þarfir þess beinlínis".
Brtt. samþ. í einu hljóði.
Liðurinn svo breyttur sömuleiðis.
10. liður samþ. með öllum greiddum atkv.
Fundargerðin í heild, með áorðnum breytingum á 2. og 9. lið samþ. í einu hljóði.

III. Fundargerð hafnarnefndar frá 16. nóvember lögð fram.

IV. Fundargerð hafnarnefndar frá 4. desember og frumvarp til erindisbréfs fyrir hafnarstjóra Reykjavíkurhafnar.
Að loknum alllöngum umræðum umræðum um erindisbréfsfrumvarpið, var gengið til atkvæða um það og breytingartillögur við það og fór atkvæðagreiðslan á þessa leið:
1. - 6. gr. samþykkt í einu hljóði.
Við 7. gr. komu 2 breytingartillögur:
1 . frá borgarstjóra, svolátandi:
"Á eftir orðunum: "til eftirlits" komi í stað orðanna "jafnt .............saman": jafnt allir nefndarmenn saman sem formaður nefndarinnar eða sá nefndarmaður, sem sérstaklega er valinn til þess af hafnarnefnd".
2. frá Jóni Þorlákssyni, svolátandi:
"Síðasta lína ("jafnt allir...." til enda)
falli burtu".
Tillaga Jóns Þorlákssonar var fyrst borin undir atkvæði, og var hún samþykkt með 5:4 atkv. - Tillaga borgarstjóra þar með óþörf.
7. gr. svo breytt samþ. með öllum greiddum atkv.
8. - 15. gr. samþ. með öllum gr. atkv.
Við 16. gr. komu 3 breytingartillögur:
1. frá borgarstjóra, svohljóðandi:
"2. málsgrein orðist svo: "ennfremur fær hann ágóðaþóknun, 3% af tekjum hafnarinnar, að frádregnum gjöldum; í gjöldunum taldir vextir af byggingarverði hafnarinnar og kostnaður við venjulegt viðhald hafnarvirkjanna".
2. frá Jörundi Brynjólfssyni, svo hljóðandi:
"Upphaf 16. gr. orðist svo:
Laun hafnarstjóra séu ákveðin með samningi og greiðast með 1/12 í byrjun hvers mánaðar fyrir fram.
Laun hafnarstjóra o.s.frv."


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. frá Jóni Þorlákssyni, svohljóðandi:
"Á eftir ákvæðunum um launin komi:
nema öðruvísi sé ákveðið með samningi við hafnarstjóra".

Fyrst var borin undir undir atkvæði tillaga Jörundar, og var hún felld með 5:3 atkv.

Þá var tillaga borgarstjóra borin upp og samþykkt með 5 atkv. samhljóða.

Loks var borin upp tillaga Jóns Þorlákssonar, og var hún samþykkt í einu hljóði.

16. gr. með áorðnum breytingum samþ. í einu hljóði.

17. gr. samþ. með öllum greiddum atkv.

Svo látandi ~~till.~~ brtt. við 18. gr. frá Þorvarði Þorvarðssyni: var felld með 7:2 atkv.:
"Í stað ~~nema~~: "nema 4/5 hafnarnefndar" o.s.frv. komi: meiri hluti hafnarnefndar o.s.frv."

18. gr. óbreytt samþykkt samþ. með öllum gr. atkv.

Erindisbréfs frumvarpið með áorðnum breytingum samþ. með öllum gr. atkv.

Fundargerð hafnarnefndar sömuleiðis.

Ennfremur var í sambandi við framanskráð samþykkt svohljóðandi tillaga frá borgarstjóra:
"Bæjarstjórnin ákveður að auglýsa hafnarstjórastöðuna lausa frá 1. febrúar 1918 og sé umsóknarfrestur til 10. janúar 1918."

V. Fundargerð fátækranefndar frá 21. nóvember.

Atkvæða var leitað um 12. lið, og var beiðni þeirri, er þar getur, er þar getur, um lækkun aukaútsvars. synjað með 5:3 atkv.

VI.(8.) Brunabótavirðingar þessar voru samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Stjórnarráðshús Íslands við Lækjargötu (brbnr. 17) | Kr. 98128.00 |
| 2. | Geymsluhús Eimskipafél. Íslands nr.11 við Hafnarstræti (brbnr. 727) | - 28882.00 |
| 3. | Hús Arinbjarnar Sveinbjarnarsonar, nr. 41 við Laugaveg (brbnr. 497) | - 22587.00 |
| 4. | Fríkirkjan (brbnr. 707) | - 63156.00 |
| 5. | Hús Gísla Finnssonar, járnsmiðs, nr. 7 við Norðurstíg (brbnr. 93) | - 57805.00 |
| 6. | Hús Steingríms Guðmundssonar, trésmiðs nr. 46 við Grettisgötu (brbnr. 1177) | - 51618.00 |
| 7. | Hús Guðmundar Á Guðmundssonar, nr. 12 Njálsgötu (brbnr. 1258) | - 9043.00 |
| 8. | Hús Þorleifs Jónssonar, póstþjóns, nr. 2 við Bókhlöðustíg (brbnr. 209) | - 20048.00 |
| 9. | Hús sr. Ólafs Ólafssonar og Jón Ólafssonar skipstjóra, nr. 8a og 8b við Miðstræti (brbnr. 772) | - 49112.00 |
| 10. | Hús Jakobs Árnasonar, fátækrafulltrúa, nr. 25b við Vesturgötu (brbnr. 1078) | - 15806.00 |
| 11. | Hús frk. Halldóru Ólafsdóttur nr. 12a við Bankastræti (brbnr. 459) | - 18186.00 |
| 12. | Hús frk. Halldóru Ólafsdóttur, nr. 12b við Bankastræti (brbnr. 18) | - 7107.00 |
| 13. | Hús Bergs Einarssonar, sútara, nr. 7b við Vatnsstíg (brbnr. 1246) | - 23052.00 |
| 14. | Hús Jóns Vilhjálmssonar, skósmiðs, nr. 4 við Vatnsstíg (brbnr. 629) | - 25370.00 |
| 15. | Hús Péturs B. Hjaltested o.fl. nr. 7 við Suðurgötu (brbnr. 50) | - 18044.00 |
| 16. | Hús Hjálmtýs Sigurðssonar, kaupmanns, nr.2 við Bjargarstíg (brbnr. ) | - 33028.00 |
| 17. | Hús Gunnars Björnssonar, skósmiðs, nr. 19 við Frakkastíg (brbnr. 1090) | - 17916.00 |
| 18. | Hús Eyjólfs Friðrikssonar, nr. 25 við Njálsgötu (brbnr. 833) | - 8809.00 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| 19. | Hús Jóns Steinasonar, vélstjóra, nr. 40b við Njálsgötu (brbnr. 910) | Kr. | 9071.oo |
| 20. | Hús Guðm. Kr. Bjarnasonar, nr. 20 við Njálsgötu (brbnr. 1311) | - | 12337.oo |
| 21. | Hús Jóns Sigurðssonar og Páls Jónssonar, nr. 1 við Baldursgötu (brbnr. 1282) | - | 11168.oo |
| 22. | Hús Hróbjarts Péturssonar, skósmiðs, nr. 5 við Óðinsgötu (brbnr. | - | 11168.oo |
| 23. | Hús Kjartans Gunnlaugssonar, nr. 7 við Grjótagötu (brbnr. 1320) | - | 23877.oo |
| 24. | Hús Franz Siemsen, nr. 5 við Ingólfsstræti (brbnr. 321) | - | 12700.oo |
| 25. | Hús frú Guðrúnar Jónsdóttur, nr. 5 við Tjarnargötu (brbnr. 46) | - | 7076.oo |
| 26. | Hús Nicolai Bjarnason, kaupmanns, nr. 5 við Suðurgötu (brbnr. 198) | - | 17891.oo |
| 27. | Hús erfingja Jóns Árnasonar, nr. 5 við Vesturgötu (brbnr. 493) | - | 13963.oo |
| 28. | Hús M.Júl. Magnúss læknir, nr. 30 við Hverfisgötu (brbnr. 1044) | - | 43153.oo |
| 29. | Hús sama bakhús við Hverfisgötu 30 (brbnr. 381) | - | 3276.oo |
| 30. | Hús Jónatans, gullsmiðs, nr. 35 við Laugaveg (brbnr. 389) | - | 24899.oo |
| 31. | Hús Ólafs Jónssonar, nr. 22 við Vesturgötu (brbnr. 190) | - | 34839.oo |
| 32. | Hús Klemens Jónssonar, landritara, nr. 22 við Tjarnargötu (brbnr. 1079) | - | 37763.oo |
| 33. | Hús Sigríðar Hannesdóttur, nr. 12 við Grjótagötu | - | 8101.oo |
| 34. | Hús H. P. Duus-verzlunar, nr. 2 og 4 við Aðalstræti (brbnr. 118) | - | 154320.oo |
| 35. | Hús sömu verzlunar nr. 2 við Vesturgötu (brbnr. 119) | - | 64990.oo |
| 36. | Hús sömu, geymsluhús fyrir norðan Hafnarstræti nr. 1 (brbnr.120) | - | 25812.oo |

VII. (9) Reikningur Bæjarsjóðs um árið 1916 lagður fram.

VIII. (lo.) Reikningur hafnarsjóðs um árið 1916 lagður fram.

IX. (11.) Erindi héraðslæknis um farsóttasjúkrahús dags. 4. desember. Út af því var samþykkt tillaga frá borgarstjóra, þess efnis að fela borgarstjóra málið til bráðabirgða framkvæmda í samráði við heilbrigðisnefnd, er síðan leggi fyrir bæjarstjórn tillögur um málið.

Samþykkt var að tilmælum borgarstjóra, að taka fyrir utan dagskrár:

Umsókn frá Mjólkurfélagi Reykjavíkur dags. 29. október, um söluleyfi fyrir mjólkurbúðir þess og sölustýrur - og umsókn frá Sigríði Þórðardóttur, Laugaveg 46, dags. 8. nóvember, um leyfi til að selja mjólk í búð sinni.

Út af umsóknum þessum var samþykkt svo látandi tillaga frá mjólkurnefnd:

"Bæjarstjórnin samþykkir að löggilda mjólkurbúðir á þessum stöðum:

1. Á Laufásvegi 15,
2. Í Tjarnargötu 5,
3. Á Laugavegi 21,
4. Á Laugavegi 79,
5. - Grettisgötu 38,
6. - Hverfisgötu 56,
7. - Vesturgötu 12,
8. - Laugavegi 46,



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með þeim skilyrðum, sem hér greinir:

a. að búðunum verði komið í það horf, sem reglugerð um mjólkursölu í Reykjavík frá 10. nóv. þ.á. fyrirskipar, eigi síðar en 1. maí 1918, og

b. að ef mjólkursali sá, sem starfrækir mjólkurbúðina, er sviptur mjólkursöluleyfi eða hættir mjólkursölu af einhverjum ástæðum, hafi bæjarstjórnin x rétt til að leigja mjólkurbúðina með öllum tækjum í 6 mánuði þar eftir, ef hún er ekki þegar í stað leigð öðrummjólkursala, sbr. 17. gr. reglugerðar 10. nóv. 1917, um mjólkursölu í Reykjavík."

Benedikt Sveinsson fór af fundi um kl. 6. Forseti fór af fundi um kl. ½8 og tók varaforseti við fundarstjórninni.

Kl. 8 var fundi frestað til kl. 9.

Kl. 9.10 var fundur settur á ~~ný~~ ný. Voru þá komnir: borgarstjóri, forseti, Sveinn Björnsson, Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson og Hannes Hafliðason.

Haldið áfram dagskránni og tekið til meðferðar:

X. (6.) Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 1. desember.
Samþ. í heild í einu hljóði.

XI. (7.) Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 5. desember.
1. liður samþ. með öllum greiddum atkvæðum.
Við 2. lið kom breytingartill. frá Ágúst Jósefsson, svo hljóðandi:
"Í stað orðanna: "flokki sjómanna"
komi: flokki háseta."
Brtt. samþ. með 7:1 atkv.
Fellt að kjósa sérstaka þriggja manna nefnd, og dýrtíðarnefnd falið málið.
2. liður breyttur samæv. ofanskráðu, samþ. með öllum greiddum atkv.
Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði. .

XII. Frumvarp til laga um bæjargjöld.
Frumvarp þetta er samið og lagt fyrir bæjarstjórnina af nefnd, er kosin var á fundi bæjarstjórnar 1. marz þ.á. til að íhuga, hverjar breytingar gera mætti á núgildandi fyrirkomulagi skattgjalda í bæjarsjóð o.fl. Eftir nokkrar umræður var frumvarpinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Fundi slitið kl. 11.45.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson. Þorvarður Þorvarðsson, Sigurður Jónsson. Hannes Hafliðason. Ágúst Jósefsson. Hannes Hafliðason. Jörundur Brynjólfsson. Kristján V. Guðmundsson. Jón Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, fimmtudaginn 20. desember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.2o síðdegis, og voru þá komnir , auk borgarstjóra og forseta, þessir bæjarfulltrúar: Sveinn Björnsson, Þorvarður Þorvarðsson, Benedikt Sveinsson, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson og Hannes Hafliðason.- Ágúst Jósefsson kom rétt eftir fundarsettningu.

Forföll boðuðu: Guðrún Lárusdóttir og Thor Jensen.

Fjarverandi úr bænum: Magnús Helgason.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir kom á fund kl. 5.35.

Gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. Fundargerð veganefndar frá 14. des, lögð fram.

Tillaga veganefndar undir I. lið samþ. með ö. gr. atkv.

Svohljóðandi viðaukatillaga frá Jóni Þorlákssyni var samþykkt með öllum greiddum atkv.:

"Bæjarstjórnin leggur sérstaka áherzlu á það, að ekki verði vikið frá tillögum landsverkfræðingsins um það að gera undirbyggingu vegarins nú þegar nægilega breiða, til þess að seinna megi leggja spor á hana.+

Ennfremur var í sambandi við þetta mál samþ. í einu hljóði svo hljóðandi tillaga frá borgarstjóra:

"Bæjarstjórnin samþykkir, að gefa landsstjórninni eftir kauparétt á mulningstækjum Karels Hjörtþórssonar, sem bæjarstjórnin hefur áður samþykkt að kaupa fyrir 12500 krónur".

Fundargerðin í heild, með áorðinni breytingu samkv. ofanskráðu, samþykkt í einu hljóði.

II. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 8. desember lögð fram og samþ. með 6 atkv. samhljóða.

III. Fundargerð fátækranefndar frá 13. desember lögð fram. Til umræðu kom 25. liður sérstaklega, og í sambandi við hann var rætt um 4. dagskrármál. Áður en þeim umræðum var lokið, kl. 7.45 var fundi frestað til kl. 9.

Kl. 9.1o var fundur settur aftur, að viðstöddum öllum sömu bæjarfulltrúum, sem áður sátu fundinn, öðrum en Bríetu Bjarnhéðinsdóttur og Jörundi Brynjólfssyni, er komu skömmu eftir fundarsettningu.

Áður en haldið væri áfram umræðunum, sem áður var frá horfið, var tekinn fyrir 5. dagskrárliður (brunabótavirðingar).

IV. (5.) Brunabótavirðingar þessar voru samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Þorsteins Gíslasonar ritstjóra, nr. 17 við Þingholtsstræti (brbnr. 227) | Kr. | 17712.oo |
| 2. | Hús Jónasar Jónassonar og Chr. Berndsen nr. 15B við Skólavörðustíg (brbnr. 1067) | - | 11317.oo |
| 3. | Hús Halldórs Þórðarsonar, bókbingara, nr. 4 við Laugaveg (brbnr. 9) | - | 14170.oo |
| 4. | Hús Guðmundar Matthíassonar, nr. 7 við Lindargötu (brbnr. 500) | - | 18056.oo |
| 5. | Hús H.S.Hanssonar, kaupmanns, nr. 29 við Laugaveg (brbnr. 551) | - | 32241.oo |
| 6. | Hús Ólafs Þorkelssonar, nr. 47 við Laugaveg (brbnr. 536) | - | 12702.oo |
| 7. | Hús Sigurðar Guðbrandssonar og V. Árnasonar nr. 2 við Grettisgötu (brbnr. 992) | - | 32611.oo |
| 8. | Hús Sigurjóns og Flosa Sigurðssonar, nr. 10 við Grettisgötu (brbnr.774) | - | 25864.oo |
| 9. | Hús Gísla Ólafssonar, símastjóra, nr. 7 við Skothúsveg (brbnr. 1317) | - | 29251.oo |
| 10. | Hús Ólafs Johnson Og L. Kaabers konsúls, nr. 1 við Hafnarstræti (brbnr. 1343) | - | 118111.oo |
| 11. | Hús Thorvald Krabbe, Verkfræðings, nr. 40 við Tjarnargötu (brbnr. 1193). | - | 35649.oo |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Hús Lárusar H. Bjarnasonar, prófessors,
nr. 37 við Tjarnargötu (brbnr. 1240). Kr. 32709.oo

13. Hús Álfheiðar Briem, ekkjufrúar,
nr. 24 við Tjarnargötu (brbnr. 1168) - 28263.oo

14. Hús Þorsteins Guðmundssonar, trésmiðs,
nr. 4 við Tjarnargötu (brbnr. 48) - 7403.oo

15. Hús Þorsteins Þorsteinssonar, skipstjóra,
"Þórshamar", nr. 5 við Templarasund
(brbnr. 1277) - 158040.oo

16. Geymsluhús h.f. Eimskipafélags Íslands á
hafnaruppfyllingunni við Tryggvagötu
(brbnr. 1386) - 56800.oo

17. Hús H.P.Duus-verzlunar,
nr. 3 við Aðalstræti (brbnr. 109) - 21240.oo

18. Hús verzlunar Jóns Þórðarsonar, nr. 8 við
Bankastræti og nr. 1 við Þingholtsstræti
(brbnr. 20) - 59958.oo

19. Hús sömu verzlunar,
nr. 1o við Bankastræti (brbnr. 19). - 23208.oo

20. Hús, nr. 5A við Grundarstíg (brbnr. 246) - 4477.oo

21. Hús sömu verzl. nr. 5 við Norðurstíg
(brbnr.688). - 20425.oo

22. Hús Einars M. Jónassonar, cand. jur.,
nr. 20 við Laufásveg (brbnr. 1051). - 29647.oo

23. Hús erfingja Þórhalls Bjarnasonar, biskups,
"Laufás", (brbnr. 416). - 41805.oo

24. Hús Jóns Pálssonar, bankagjaldkera -
nr. 6 við Traðarkotssund - 18600.oo

25. Hús Árna Árnasonar, nr. 7A við Lindargötu
(brbnr. 1109) - 20619.oo

26. Hús Péturs Guðmundssonar, vélstjóra,
nr. 13B við Klapparstíg (brbnr. 244) - 5908.oo

27. Hús Odds Gíslasonar, yfirdómslögmanns,
nr. 22 við Laufásveg (brbnr. 633). - 24676.oo

28. Hús Lúðvígs Hafliðasonar, kaupmanns,
nr. 11 við Vesturgötu (brbnr.7611). - 13187.oo

29. Hús verzlunarinnar Björn Kristjánsson,
nr. 4 við Vesturgötu (brbnr. 211). - 50904.oo

30. Hús P.Smith, símaverkfræðings,
nr. 7 við Miðstræti (brbnr. 1182). - 41345.oo

31. Hús R.P. Levís, kaupmanns,
nr. 3A við Tjarnargötu (brbnr. brbnr. 855)- 34695.oo

32. Hús Bergs Rósenkranson,
nr. 4 við Kirkjustræti (brbnr. 535). - 47284.oo

Að loknum lestri ofanskráðrax brunabótavirðingargerða og samþykkt, var haldið áfram umræðum um 25. lið fundargerðar fátækranefndar og um 4. dagskrármál.

Að umræðum loknum var gengið til atkvæða um 25. lið fundargerðar fátækranefndar og var hann samþykktur með 9:2 atkvæðum.

V. (4.) Lagðar fram áskoranir frá alþýðuflokksfundi 17. desember, viðvíkjandi dýrtíðarlánum. Var þeim fundar, ályktunum vísað til dýrtíðarnefndar.

VI. Fundargerð hafnarnefndar frá 18. desember lögð fram.

VII. Svohljóðandi tillaga frá borgarstjóra var samþykkt í einu hljóði:

"Bæjarstjórnin felur borgarstjóra að taka fyrir hönd bæjarstjórnarinnar 70000 kr. víxillán í Landsbanka Íslands, og er það hluti af 400000 króna láni, sem gert er ráð fyrir í áælun um tekjur og gjöld hafnarsjóðs 1917 að þurfi að taka til hafnargerðar og sem stjórnarráðið hefur veitt samþykki til með bréfi dags. 12. desember 1916."



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VIII. Frumvarp til ~~hafnargerðar~~ reglugerðar um hafnargjöld tekið fyrir til fyrri umræðu og vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

IX. Svo hljóðandi tillaga frá borgarstjóra var samþykkt í einu hljóði:
"Bæjarstjórnin ályktar að veita stundakennurum bæjarins dýrtíðaruppbót á laun þeirra árið 1917 eftir sömu reglum og öðrum starfsmönnum bæjarins hefur verið veitt dýrtíðaruppbót. Sú dýrtíðaruppbót, sem þegar hefur verið veitt þessum kennurum fyrir fyrstu 3 mánuði ársins, kemur til frádráttar".

X. Umsóknir höfðu borgarstjóra borizt um löggildingu mjólkurbúða:
1. frá Gunnari Sigurðssyni, dags. 17. des.,
2. frá Vald. Petersen, Laugaveg 42, dags. 27. nóv.,
3. frá Guðbjörgu Brynjólfsdóttur, Laufásv. 4, dags. 24. nóv.
Að tillögu mjólkurnefndar var beiðni Gunnars Sigurðssonar vísað til borgarstjóra til afgreiðslu, en hinum tveim beiðnunum synjað.

XI. Umsóknum Jes Zimsen, dags. 30. nóv., Thor Jensen, dags. 13. des. og P.Þ.O.Christensens, dags. 2. nóv., um leyfi til að setja upp mótora til rafurmagnsframleiðslu, vísað til brunamálanefndar til afgreiðslu.
Erindum Hallgríms Benediktssonar, dags. 19. des. og Sigurjóns Péturssonar, dags. sama dag, um leyfi til að leiða í hús sín rafmagn til ljósa úr húsi Nathan og Olsen vísað til veganefndar.

XII. Erindi bandalags kennara, dags. 27. nóv., um sorphreinsun í bænum vísað til veganefndar með öllum greiddum atkvæðum eftir að fellt hafði verið að kjósa í það sérstaka þriggja manna nefnd.

XIII. Dregið út 1 skuldabréf Lauganeslánsins og kom upp nr. 49.

XIV. Dregin út 4 skuldabréf baðhússins, og komu upp nr. 3, nr. 24, nr. 35 og nr. 75.

XV. Varpað hlutkesti um hvor tveggja bæjarfulltrúa, Benedikt Sveinsson eða Jón Magnússonar skuli ganga úr bæjarstjórn. Var áður samþykkt með 6:4 atkv. að hlutkestið skyldi fram fara. - Kom upp hlutur Benedikts Sveinssonar.

XVI. Magnúsi Helgasyni veitt lausn úr bæjarstjórn, samkvæmt beiðni hans, í einu hljóði.
Thor Jensen veitt lausn úr bæjarstjórn, með öllum greiddum atkvæðum, samkv. beiðni hans dags. 19. des.

XVII. Kosnir til að vera í kjörstjórn ásamt borgarstjóra við kosningar til bæjarstjórnar 1918:
Sighvatur Bjarnason með 10 atkv. og
Sveinn Björnsson með 9 -

XVIII. Frumvarp til laga um bæjargjöld tekið fyrir til 2. umr. Eftir stuttar umræður var samþykkt að fresta umræðunni til aukafundar, er væntanlega verður haldinn milli jóla og nýjárs og boðað til með sérstöku fundarboði.
Bríet Bjarnhéðinsdóttir fór af fundi undir umræðu um síðasta dagskrármál.

Fundi slitið kl. 11.35.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson. Benedikt Sveinsson. Þorvarður Þorvarðsson. Kristján V. Guðmundsson. Ágúst Jósefsson. Hannes Hafliðason. Jóns Þorláksson. Sigurður Jónsson. Jörundur Brynjólfsson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ar 1917, Laugardaginn 29. desember, var haldinn aukafundur í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.2o síðdegis: Voru þá til fundar komnir: Borgarstjóri, forseti, Sveinn Björnsson, Þorvarður Þorvarðsson, Benedikt Sveinsson, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson og Sigurður Jónsson. Guðrún Lárusdóttir forfölluð frá fundarsókn vegna veikinda.
Ágúst Jósefsson kom á fund kl. 5.4o.

Gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. Fundargerð veganefndar frá 28. desember lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

II. Frumvarp til laga um bæjargjöld í Reykjavík tekið fyrir til framhalds 2. umræðu. Ýmsar athugasemdir voru gerðar við frumvarpið, en engar ákveðnar breytingartillögur að þessu sinni. Þegar rætt hafði verið um málið í 2½ klullustund rúmlega var 2. umræðu slitið og frumvarpinu vísað til 3. umræðu í einu hljóði. Væntanlegar breytingartillögur skulu vera fram komnar um hádegi áður en málið verður tekið til 3. umræðu, en það verður 3. janúar næstkomandi.

Fundi slitið kl. 8.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson.
Sig. Jónsson. Benedikt Sveinsson. Ágúst Jósefsson.
Jörundur Brynjólfsson. Jón Þorláksson. Þorv. Þorvarðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, fimmtudaginn 3. janúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.2o síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra og forseta, þessir bæjarfulltrúar. Sveinn Björnsson, Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Benedikt Sveinsson, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson og Hannes Hafliðason.

Guðrún Lárusdóttir forfölluð frá fundarsókn vegna veikinda. Bríet Bjarnhéðinsdóttir boðaði borgarstjóra forföll.

Gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. Fundargerð brunamálanefndar frá 28. desember lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

II. Fundargerð fátækranefndar frá 27. desember lögð fram.
Fátækranefndinni hafði borizt erindi frá Þórði Símonarsyni, Skólavörðustíg 2oA, dags. 14. des. síðastl., um niðurfærslu á aukaútsvari fyrir árið 1917. Nefndin vísaði málinu frá sér, og var beiðni Þórðar borin undir atkvæði bæjarfulltrúanna og henni synjað með 4:1 atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 31. desember lögð fram.
2. liður samþykktur með öllum greiddum atkv.
Við 3. lið bar Sveinn Björnsson fram brtt. svo hljóðandi: "Málinu sé frestað en auglýst eftir tilboðum í leigu á Elliðaánum næstkomandi sumar".
Var sú tillaga samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
Við 4. lið komu fram 2 brtt.: var hin fyrri um, að fresta að taka ákvörðun um land það, sem ræðir um í liðnum, felld með 5:5 atkv.
Hin síðari frá Benedikt Sveinssyni og Sveini Björnssyni, var samþ. með öllum greiddum atkv. og hljóðaði á þessa leið: "Í stað orðanna í niðurlagi liðsins: "og réttur Halldórs Daníelssonar til hans sé erfðafesturéttur" komi: með tilvísun til þeirra skilmála að öðru leyti sem greinir í samþykkt bæjarstjórnar 5. apríl 1883".
Fundargerð fasteignanefndar þ heild, með áorðnum breytingum á 3. og 4. lið, samþ. í einu hljóði.

IV. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 2. janúar lögð fram.
Sveinn Björnsson bar fram breytingartillögu þess efnis, að í stað"300 kr." í tillögu nefndarinnar kæmi: 400 kr.
Var sú styrkveiting samþykkt með öllum greiddum atkv. og málinu vísað til 2. umræðu.

V. Brunabótavirðingar þessar voru samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Búnaðarfélags Íslands við Lækjargötu (brbnr. 1019).. | Kr. | 37832.oo |
| 2. | Hús Einars Helgasonar garðyrkjumanns, Hallskot við Laufásveg (brbnr. 281). | - | 26994.oo |
| 3. | Hús Jóns Þorsteinssonar, verzlunarmanns nr. 15 við Bjargarstíg (brbnr.1108) | - | 30736.oo |
| 4. | Hús Sigurðar Guðmundssonar, magisters, nr. 13 við Kárastíg (brbnr. 1091) .... | - | 19741.oo |
| 5. | Hús Helgu Hafliðadóttur, nr. 19 við Klapparstíg (brbnr. 988) | - | 8951.oo |
| 6. | Hús Sigríðar Rafnsdóttur, nr. 1 B við Klapparstíg (brbnr. 763) | - | 10557.oo |
| 7. | Hús Margrétar Magnúsdóttur, nr. 7 við Smiðjustíg (brbnr. 1) | - | 13465.oo |
| 8. | Hús Hans Hoffmanns, verzlunarmanns, nr. 38 við Laugaveg (brbnr. 341).... | - | 35299.oo |





© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| 9. Hús ekkjufrúar, Lovísu Bjering, nr. 6 við Laugaveg (brbnr. 8).... | Kr. | 4182.00 |
| 10. Hús Sturlu Jónssonar, kaupmanns, nr. 11 við Laugaveg (brbnr. 4). | - | 62579.00 |
| 11. Hús Kristjáns Magnússonar, nr. 12 við Laugaveg (brbnr. 7) | - | 31142.00 |
| 12. Hús Kristjáns Magnússonar, nr. 1 við Bergstaðastræti (brbnr. 868) | - | 11604.00 |
| 13. Hús Hjartar A. Fjeldsted, Bakki við Bakkastíg (brbnr. 90).. | - | 14187.00 |
| 14. Bjarna og Kristins Péturssona, nr. 46A við Vesturgötu (brbnr. 1313) | - | 28561.00 |
| 15. Hús Bjarna Péturssonar og Péturs Ottasonar, nr. 2 við Stýrimannastíg (brbnr. 762) .......... | - | 16017.00 |
| 16. Hús Gunnars Gunnarssonar, trésmiðs, nr. 1 við Óðinsgötu(brbnr. 1211) | - | 18164.00 |
| 17. Hús Davíðs Ólafssonar, bakara, nr. 72 við Hverfisgötu (brbnr. 596) | - | 29591.00 |
| 18. Hús Jóns Jóhannssonar, nr. 69 við Laugaveg (brbnr. 607) | - | 13848.00 |
| 19. Hús Kolbeins Þorsteinssonar, nr. 53 við Hverfisgötu (brbnr. 994) | - | 24929.00 |
| 20. Hús Hannesar Þorsteinssonar, skjalavarðar, nr. 20 við Klapparstíg (brbnr. 395) | - | 50350.00 |
| 21. Hús Guðrúnar S. Brynjólfsdóttur, nr. 79 við Laugaveg (brbnr. 872)..... | - | 36508.00 |
| 22. Bátasmíðastöð Magnúsar Guðmundssonar, fyrir norðan Mýrargötu | - | 25705.00 |
| 23. Hús bæjarins fyrir sunnan Laufásveg, inni undir Öskjuhlíð, byggt 1917, með geymsluskúr við norðurhlið þess | - | 8970.00 |
| 24. Hús bæjarins á sömu slóðum, byggt 1917, með 5 inngönguskúrum | - | 27650.00 |
| 25. Hús bæjarins ' sömu slóðum, byggt 1916, (brbnr. 1368) | - | 26150.00 |
| 26. Geymsluhús bæjarins á hafnaruppfyllingunni með járnporti við norðurhliðina ... | - | 15260.00 |
| 27. Geymsluskúr bæjarins á hafnaruppfyllingunni, hófaður í 5 geymslurúm .......... | - | 58800.00 |
| 28. Hús Guðmundar Eiríks, heildsala, nr. 20 við Hafnarstræti og 2 við Lækjartorg (brbnr. 127) ........ | - | 104206.00 |
| 29. Hús frú Margrétar Árnason, nr. 14 við Suðurgötu (brbnr. 1061) ... | - | 39695.00 |

VI. Utan dagskrár samþykkt að taka fyrir:
1) að kjósa nefnd til að semja ellistyrktarsjóðsgjaldskrá og
2) að kjósa nefnd til að semja Alþingiskjörskrá.

Í ellistyrktarsjóðsnefnd voru kosnir:
Sigurður Jónsson með 9 atkv.
Hannes Hafliðason - 8 -
Kristján V. Guðmundsson með 4 atkv.

Í alþingiskjörskrárnefnd voru kosnir:
Jón Þorláksson með 7 atkv.
Sveinn Björnsson - 6 -
Þorvarður Þorvarðsson 5 -

VII. (6.) Frumvarp til reglugerðar um hafnargjöld tekið til 2. umr. og atkvæðagreiðslu.
Fór atkvæðagreiðslan á þessa leið:
1. gr. samþ. með öllum greiddum atkv.
Svohljóðandi brtt. við 2. gr. a. samþ. með samhlj. atkv.: "fyrir orðin: "fjórum sinnum ....... senn", komi: tvisvar á ári, 2. janúar og 1. júlí, 1 króna fyrir hvert tonn, þó aldrei minna en 2 krónur í senn".



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. gr.a svo breytt, samþ. með öllum greiddum atkv.
2. gr. b - 5. gr.samþ. - - - -
Brtt. við 6. gr.:
"Á eftir orðinu:"bátabryggju" í 2. línu komi:
í innri höfninni" samþ. með öllum gr. atkv.
6. gr. svo breytt samþ. með 7:1 atkv.
7. gr. samþ. með öllum greiddum atkv.
Viðaukatill. við 8. gr.:
"Aftan við greinina bætist:
með þeim undantekningum, sem síðar getur",
samþ. með öllum greiddum atkv.
8. gr. svo breytt, samþ. með öllum greiddum atkv.
9. - 16. gr. samþ. með öllum greiddum atkv.
Brtt. við 17. gr.:
"Fyrir orðin: "4 krónur ......... október" komi:
8 krónur á misseri fyrirfram, 2. janúar og 1. júlí".
Samþ. með öllum greiddum atkv.
17. gr. svo breytt samþ. með öllum greiddum atkv.
18. - 30. gr. samþ. með öllum greiddum atkv.
Reglugerðin í heild, með áorðnum breytingum
samkvæmt ofanskráðu, samþ. með öllum gr. atkv.

VIII. (7.) Tekið fyrir til 3. umr frumvarp til laga um bæjargjöld.

Borgarstjóra hafði borizt framhaldsnefndarálit frá bæjargjaldanefndinni og breytingatillögur, er hann hafði prenta látið og lagði nú fyrir bæjarstjórnarfund. Ennfremur höfðu honum borizt breytingartillögur frá fjórum bæjarfulltrúum (Þorv. Þorvarðssyni, Ág. Jós., Jör. Br. og Kr. V. Guðm.), en þær komu svo seint fram, að ekki vannst tími til að prenta þær fyrir fund.

Þorvarður Þorvarðsson lagði til að umræðu málsins yrði frestað til næsta fundar, til þess að gefa bæjarfulltrúunum, sem bezt færi á að lynnast breytingartillögunum áður en umræða færi fram, en sú tillaga var felld með 6:4 atkv.

Var nú tekið að ræða frumvarpið og breytingartillögurnar.

Kl. tæplega 8 gerði forseti fundarhlé til kl. 9.

Klukkan 6½ fór Ben. Sveinsson af fundi með leyfi forseta.

Klukkan 9.10 var fundur settur aftur að viðstöddum öllum sömu bæjarfulltrúunum, er áður sátu fundinn, öðrum en Benedikt Sveinssyni og Kr. V. Guðmundssyni.

Umræðu um bæjargjaldamálið haldið áfram og stóð hún til kl. 11.25. Var þá málinu vísað til framhalds 3. umræðu og atkvæðagreiðslu á aukafundi, er væntanlega verður haldinn í næstu viku.

Fundi slitið kl. 11.30.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson.
Jörundur Brynjólfsson. Þorvarður Þorvarðsson. Hannes Hafliðason. Ágúst Jósefsson. Jón Þorláksson. Sigurður Jónsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, laugardaginn 12. janúar, var haldinn aukafundur í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis, og voru þá til fundar komnir, auk borgarstjóra og forseta þessir bæjarfulltrúar:

Þorvarður Þorvarðsson, Benedikt Sveinsson, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson og Hannes Hafliðason.

Kristján V. Guðmundsson og Bríet Bjarnhéðinsdóttir komu á fund að nýafstaðinni fundarsettningu og Ágúst Jósefsson nokkru síðar.

Guðrún Lárusdóttir og Sveinn Björnsson forfölluð frá fundarsókn.

Til umræðu kom álit og tillaga sjávarútvegsnefndar, er hvortveggja fylgdi fundarboðinu, og hafði þeim sjávarútvegsnefndarmönnum, sem ekki eiga sæti í bæjarstjórninni, verið boðið á fundinn til að hlýða á og taka þátt í umræðunum.

Þessir menn eru: Guðleifur Hjörleifsson, formaður, Haraldur Böðvarsson útgerðarmaður, Jón Ólafsson, útgerðarmaður og Sigurjón Ólafsson, formaður Hásetafélagsins. Sátu þeir allir fundinn.

Samkvæmt fundarboðinu fóru umræður fram fyrir luktum dyrum.

Að umræðum loknum v r gengið til atkvæða og aðhylltist bæjarstjórnin með samhljóða atkvæðum áætlanir þær fyrir útgerð togara og mótorbáta, sem fram var lögð á fundinum.

Nafnakalls óskuðu um tillögu sjávarútvegsnefndar:
Borgarstjóri, Sigurður Jónsson, Jón Þorláksson,
Jörundur Brynjólfsson og Ágúst Jósefsson.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir bar fram svo hljóðandi brtt. við till. sjávarútvegsnefndar:

"Upphaf tillögunnar orðist svo:
Bæjarstjórnin skorar á landsstjórnina, að gera allt það, er í hennar valdi stendur til þess að tryggja" o.s.frv.

Breytingartillagan var felld með 9:2 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| já: | nei: |
|---|---|
| Benedikt Sveinsson, | Ágúst Jósefsson, |
| Bríet Bjarnhéðinsdóttir, | Hannes Hafliðason, |
| | Jón Þorláksson, |
| | Jörundur Brynjólfsson, |
| | Kristján V. Guðmundsson, |
| | Sighvatur Bjarnason, |
| | Sigurður Jónsson, |
| | Þorvarður Þorvarðsson, |
| | borgarstjóri. |

Guðleifur Hjörleifsson flutti brtt. við tillögu sjávarútvegsnefndar, svo hljóðandi:

"Á eftir orðunum: "tryggja útgerðarmönnum" komi: og öðrum framleiðendum sjávarafurða".

Tillagan felld með 5:5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| já: | nei: |
|---|---|
| Benedikt Sveinsson, | Ágúst Jósefsson, |
| Jón Þorláksson, | Bríet Bjarnhéðinsdóttir, |
| Jörundur Brynjólfsson, | Hannes Hafliðason, |
| Kristján V. Guðmundsson, | Sighvatur Bjarnason, |
| Þorvarður Þorvarðsson, | borgarstjóri. |

Sigurður Jónsson greiddi ekki atkv.

Þá var borin undir atkvæði tillaga sjávarútvegsnefndar óbreytt, og hljóðar hún á þessa leið:

"Bæjarstjórnin skorar á landsstjórnina að tryggja útgerðarmönnum á einhvern hátt verð á fiski, sem veiðist á komandi vetrarvertíð, er ekki sé lægra en verð það, sem gert er ráð fyrir í áætlunum þeim fyrir útgerð togara og mótorbáta, sem bæjarstjórnin hefur aðhyllzt, eða samsvarandi verð á fullverkuðum fiski".


- 64 -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillagan var samþykkt með 9 samhljóða atkv.
að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
já:
Ágúst Jósefsson,
Hannes Hafliðason,
Jón Þorláksson,
Jörundur Brynjólfsson,
Kristján V. Guðmundsson,
Sighvatur Bjarnason,
Sigurður Jónsson,
Þorvarður Þorvarðarson og
borgarstjóri.

Benedikt Sveinsson og Bríet Bjarnhéðinsdóttir greiddu ekki atkvæði.

II. Lagt var fram bréf stjórnarráðsins, dags. 3. þ.m. þar sem beðið er um umsögn borgarstjóra um kæru Benedikts Sveinssonar, bæjarfulltrúa út af því, að hann var dreginn úr bæjarstjórn með hlutkesti á fundi 2o. f.m.

Bæjarstjórnin fól borgarstjóra að gefa umsögn fyrir hönd bæjarstjórnarinnar.

III. Borgarstjóri þakkaði þeim mönnum utan bæjarstjórnar, sem starfað hafa með í sjávarútvegsnefndinni. Tóku bæjarfulltrúar undir það, með því að standa upp.

Fundi slitið klukkan 8.35.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Þorvarður Þorvarðarson. Kristján V. Guðmundsson. Hannes Hafliðason. Sigurður Jónsson. Jörundur Brynjólfsson. Benedikt Sveinsson. Ágúst Jósefsson. Jón Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, fimmtudaginn 17. janúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.25 síðdegis, og voru þá komnir til fundar: Borgarstjóri, forseti, Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, Hannes Hafliðason og Bríet Bjarnhéðinsson. Sveinn Björnsson kom að nýaflokinni fundarsettningu.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar þessar voru samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hús Arent Clasessen, nr. 42 við Laugaveg (brbnr. 1016) | Kr. 24953.00 |
| 2. | Hús Elínar Stephensen, ekkjufrúar, nr. 7 við Skálholtsstíg | - 50478.00 |
| 3. | Hús Steingríms Guðmundssonar, nr. 4 við Amtmannsstíg (brbnr. 1141)... | - 65223.00 |
| 4. | Hús Gísla Guðmundssonar, nr. 96 við Hverfisgötu (brbnr. 1015). ...... | - 11616.00 |
| 5. | Hús Þorbjargar Sveinsson, ekkjufrúar, nr. 5 við Austurstræti, (brbnr. 107).... | - 28952.00 |
| 6. | Hús A. Obenhaupts, nr. 4 við Hverfisgötu (brbnr. 1371) .... | - 121612.00 |
| 7. | Slökkviliðsstöðin við Tjarnargötu (brbnr. 1265) .................. | - 60360.00 |
| 8. | Slökkvitólahús bæjarins við Brekkustíg (brbnr.1322ö.......... | - 6052.00 |
| 9. | Hús bæjarins, nr. 9 við Norðurstíg (brbnr. 827) ...... | - 6429.00 |
| 10. | Hesthús bæjarins við Hringbrautina fyrir sunnan og austan Barónsstíg (brbnr. 996). | 2640.00 |
| 11. | Hús bæjarins, Sjávarborgareignin Hraunpríði (brbnr. 396)............. | - 1665.00 |
| 12. | Hús bæjarins, barónsfjósið á Sjávarborgareigninni (brbnr. 560) ... | - 52943.00 |
| 13. | Hús bæjarins fiskskúr á Sjávarborgareigninni(brbnr.904) | - 3969.00 |
| 14. | Fiskþurrkunarhús bæjarins, við Sjávarborg (brbnr. 597) ........... | - 7317.00 |
| 15. | Hús Finnboga Finnbogasonar, nr. 24 við Ránargötu (brbnr. 1188) | - 13972.00 |
| 16. | Hús Ásgeirs Sigurðssonar, kaupmanns, nr. 12 við Suðurgötu (brbnr. 559)... | - 32410.00 |
| 17. | Iðnaðarmannahúsið við Vonarstræti (brbnr. 440) ....... | - 98454.00 |
| 18. | Iðnskólinn (brbnr. 1035) ........ | - 69372.00 |
| 19. | Hús Magnúsar Benjamínssonar, nr. 3 við Veltusund (brbnr. 419) | - 40774.00 |
| 20. | Hús sama, nr. 23 við Þingholtsstræti (brbnr. 554). | - 49429.00 |
| 21. | Geymsluhús landssjóðs Íslands á Arnarhólstúni (brbnr. 1379) ..... | - 96480.00 |
| 22. | Hús Ingibjargar Jónsdóttur, nr. 9 við Spítalastíg (brbnr. 1158) | - 44801.00 |

8. liður í virðingargerð frá 3. janúar (virðing á hesthúsi bæjarins á Briemstúni) var ekki samþykktur vegna þess, að með hafði verið virtur skúr, sem ekki er eign bæjarins.

Tillaga Jóns Þorlákssonar, um að samþykkja virðingu skúrsins sérstaklega, fell með 7:1 atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 15. janúar lögð fram.

1. liður samþykktur með öllum greiddum atkv.
2. liður samþykktur í einu hljóði.
3.- 4. liður sömuleiðis.

Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

III. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 15. janúar lögð fram.
1. liður samþykktur með öllum greiddum atkv. og vísað til 2. umr.
2. liður samþykktur með samhljóða atkv.
3. liður sömuleiðis.
Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

IV. Fundargerð hafnarnefndar frá 15. janúar lögð fram og samþykkt í heild með öllum greiddum atkv.

V. Fundargerð veganefndar frá 16. janúar lögð fram.
1. liður samþykktur með öllum greiddum atkv.
Fundargerðin í heild sömuleiðis.

VI. Fundargerð fátækranefndar frá 10. janúar lögð fram.

VII. Samþykkt við 2. umr. 400 króna styrkveiting til félagsins Hvíta bandið.

VIII. Frumvarp til laga um bæjargjöld tekið til framhalds 3. umr. og til atkvæðagreiðslu.
Brtt. voru fram komnar á sérstöku skjali frá bæjargjaldanefndinni, og á öðru skjali breytingartillögur frá sömu nefnd í sambandi við 3 aðra bæjarfulltrúa (Jör. Bryn., Kr. V. G. og Þorv. Þorvarðss.).
Atkvæðagreiðslan:
Brtt. 1 a, frá 6 bæjarfulltrúm, við brtt. bæjargjaldanefndar við 1. gr. samþykkt með 10 atkv. samhlj.
Brtt. 1 b frá sömu við sömu samþ. með 10 atkv. samhlj.
Brtt. 1 frá bæjargjaldanefndinni við 1. gr. svo breytt samþykkt með 10 atkv. samhljóða.
1. gr. svo breytt samþ. með lo samhlj. atkv.
Brtt. 2 við 2. gr. (frá 6 bæjarfulltrúum)
samþ. með lo atkv. samhlj.
2 gr. svo breytt samþ. - - - -
3. - 6. gr. - - - - -
Brtt. 2, frá bæjargjaldanefnd við 7. gr. a
samþ. með 10 atkv. samhlj.
Brtt. 3 frá 6 bæjarfulltrúum við 7. gr.
samþ. með 10 atkv. samhlj.
7. gr. með áorðnum breytingum
samþ. með 10 - -
8. gr. samþ. með 10 atkv. samhlj.
Brtt. 4 a frá 6 bæjarfulltrúum við 9. gr.
samþ. með 10 atkv. samhlj.
Brtt. 4 b frá sömu við sömu samþ. með 10 atkv. samhlj.
Brtt. 3 frá bæjargjaldanefnd við 9. gr. tekin aftur.
9. gr. með áorðnum breytingum
samþ. með 10 atkv. samhlj.
10. gr. samþ. með 10 atkv. samhlj.
Brtt. 5 frá 6 bæjarfulltrúmm við 11. gr.
samþ. með 10 atkv. samhlj.
11. gr. svo breytt samþ. með - - -
Brtt. 4 frá bæjargjaldanefnd við 12. gr.
samþ. með 10 atkv. samhlj.
Á fundinum bar bæjargjaldanefndin ennfremur fram brtt. við 12. gr. svohljóðandi:
"Á eftir orðunum í fyrstu málsgrein 12. gr.:
"og yfirskattaráði á sama tíma" komi:
Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í yfirskattaráð, og eru þeir einir undanþegnir þeirri skyldu, sem eru undanþegnir skyldu til að taka við kosningu í bæjarstjórn. Sá sem setið hefur í yfirskattaráði 6 ár, er eigi skyldur að taka við kosningu á ný, unz sex ár eru liðin frá því að hann gékk úr ráðinu".



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brtt. þessi var samþ. með 10 samhlj. atkv.
12. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 10 atkv. samhlj.
13. - 17. gr. samþ. með 10 atkv. samhlj.
Brtt. 6 frá 6 bæjarfulltrúum við 18. gr.
samþ. með 10 atkv. samhlj.
18. gr. svo breytt samþ. með 10 samhlj. atkv.
Brtt. 5 frá bæjargjaldanefnd við 19. gr.
samþ. með 10 atkv. samhlj.
19. gr. svo breytt - - 10 - -
20. - 34. gr. - - 10 - -
Brtt. 6 frá bæjargjaldanegnd við 35. gr.
samþ. með 10 atkv. samhlj.
( 35. gr. svo breytt )
Brtt. ~~frá~~ 7 frá 6 bæjarfulltrúum við 35. gr.
samþ. með 10atkv. samhlj.
35. gr. svo breytt - - 10 - -
Brtt. 7 frá bæjargjaldanefnd við 36. gr.
samþ. með 10 atkv. samhlj.
36. gr. svo breytt - - 10 - -
37. gr. - - 10 - -
Brtt. 8 frá bæjargjaldanefnd við 38. gr.
samþ. með 10 atkv. samhlj.
38. gr. svo breytt - - 10 - -
39. - 45. gr. samþ. með 10 - -
Fyrirsagnir kafla frumvarpsins og frumvarpið sjálft
samþ. með 10 atkv. samhlj.
Frumvarpið í heild samþ. með 10 atkv. samhlj. að viðhöfðu nafnakalli, að ósk 5 bæjarfulltrúa, (J.Þorl., Þorv. Þorv., Jör. Bryn., Ág. Jós. og Sv. Bj.), og sögðu:
já
Ágúst Jósefsson,
Hannes Hafliðason,
Jón Þorláksson,
Jörundur Brynjólfsson,
Kristján V. Guðmundsson,
Sighvatur Bjarnason,
Sigurður Jónsson,
Sveinn Björnsson,
Þorvarður Þorvarðarson,
borgarstjóri ~~Bríet Bjarnhéðinsdóttir greiddi ekki atkv.~~
BORGARSTJÓRI?
Bríet Bjarnhéðinsdóttir greiddi ekki atkvæði og ekki gerði hún heldur neina grein fyrir ástæðum sínum til þess.

IX. Eftirtaldar beiðnir um löggildingu mjólkurbúða höfðu borgarstjóra borizt:
1. frá Davíð Ólafssyni, Hverfisg. 72, dags. 31. desember.
2. frá Sveini Hjartarsyni, bakara, dags. ~~12~~ 16. jan.
3. frá Kristínu B. Símonarson, Vallarstræti , dags. 17. jan.
og var samþykkt með öllum greiddum atkv. að verða við beiðnum þessum.
4. frá Margrétu Magnúsdóttur f. Olsen, dags. 17. jan., og var henni frestað og vísað til mjólkursölunefndar.
5. frá H.J.Hansen, bakara, dags. 16. jan., og var beiðni hans synjað með samhlj. atkv.

X. Borgarstjóra höfðu borizt beiðnir frá nokkrum mönnum, um leyfi til að setja upp rafmagnsleiðslur í hús sín. Var borgarstjóra falið að afgreiða beiðnir þessar á sama hátt og með sömu kjörum og samskonar leyfi hafa verið veitt áður.

XI. Erindi frá Kaupmannafélagi Reykjavíkur, dags. 15. janúar, og erindi Verzlunarmannafélagsins, Merkur, dags. 16. janúar, viðvíkjandi samþykkt um lokunartíma sölubúða, lesin, en frestað að taka ákvörðun út af þeim .

XII. Beiðni Páls Níelssonar, Bergstaðastræti 10, dags. 9. janúar, um lóð til fisksölu, vísað til hafnarnefndar til afgreiðslu.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

XIII. Erindi Kjartans Kjartanssonar, Bakka í Ölfusi, dags. 13. janúar, um hnísukjöt, vísað til dýrtíðarnefndar til afgreiðslu.

XIV. Bréfi bæjarfógeta, dags. 14. janúar, viðvíkjandi dýrtíðarlánum, vísað til dýrtíðarnefndar til athugunar.

Að lokinni dagskránni var, með samþykki bæjarstjórnar, tekin fyrir til meðferðar eftirtalin erindi:

1. Erindi Sveins Pálssonar, Bergstaðastræti 17, dags. 3. janúar, þar sem hann býður forkaupsrétt að erfðafestulandi. Var því vísað til fasteignanefndar.

2. Bréf stjórnarráðsins, dags. 16. janúar, viðvíkjandi eignarnámi í erfðafestulandi til stækkunar á kirkjugarðinum. Var því einnig vísað til fasteignanefndar.

4. Kæra út af kjörskrá til bæjarstjórnarkosninga, dags. 15. janúar, undirrituð af Ottó N. Þorlákssyni, Guðm. Davíðssyni, Jónbirni Gíslasyni og Felix Guðmundssyni.

Út af kæru þessari spunnust umræður nokkrar, og að þeim loknum voru lesnar tillögur, sem fram komu.:

1. Tillaga frá borgarstjóra, um að vísa málinu til kjörstjórnar.
2. Tillaga frá Jóni Þorlákssyni, svo hljóðandi:
   "Þar sem mál þetta, eins og það nú liggur fyrir, að lögum heyrir undir úrskurð kjörstjórnarinnar, vill bæjarstjórnin ekki að svo stöddu gera ályktanir um málið.
3. Tillaga frá Þorvarði Þorvarðssyni, svo hljóðandi:
   "Bæjarstjórnin óskar, að kjörstjórnin felli ekki kjósendur út af kjörskrá, þó þeir eigi séu búnir að greiða útsvar fyrir árið 1917".

Tillaga Jóns Þorlákssonar borin upp og samþykkt með 5:3 atkvæðum. Hinar komu ekki til atkvæða.

Fundi slitið kl. 9.15.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson.
Kristján V. Guðmundsson. Þorvarður Þorvarðarson.
Sigurður Jónsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Ágúst Jósefsson.
Hannes Hafliðason. Jörundur Brynjólfsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, laugardaginn 26. janúar, var haldinn aukafundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis, og voru þá komnir , auk borgarstjóra og forseta, þessir bæjarcullt trúar: Þorvarður Þorvarðarson, Ágúst Jósefsson, Benedikt Sveinsson, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, og Bríet Bjarnhéðinsdóttir.- Rétt eftir fundarsettningu komu: Sveinn Björnsson, Hannes Hafliðason og Guðrún Lárusdóttir.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Lagt fram erindi nefndar þeirrar, er bæjarstjórn kaus 22. nóv. síðastliðinn til þess að íhuga erindi stjórnarráðsins um afhendingu lóðar undir landsspítala.
Var tillaga nefndarinnar, sem prentuð er í niðurlagi nefndarálitsins, samþykkt í einu hljóði.

II. Fundargerð fasteignanefndar frá 23. janúar lögð fram og samþ. í heild með öllum greiddum atkv.

III. Fundargerð gasnefndar frá 22. janúar lögð fram.
1. liður samþykkktur með öllum greiddum atkv.
2. liður sömuleiðis.
Fundargerðin í heild samþykkt með öllum greiddum atkv.

IV. Fundargerð vatnsnefndar frá 22. janúar lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði

V. Samþykkt við 2. umr. að veita skrifara bæjargjaldkera, Gísla Kjartanssyni, 500 kr. dýrtíðaruppbót fyrie árið 1917 (sjá 1. lið fundargerðar fjárhagsnefndar frá 15. jan.).

VI. Lagður fram úrskurður stjórnarráðsins, dags. 1[illegible]. janúar, út af kæru Benedikts Sveinssonar, yfir því, að úrskurðað var með hlutkesti á fundi bæjarstjórnar, 20. f.m. að hann skildi ganga úr bæjarstjórn. - Fellir stjórnarráðið úr gildi þessa ákvörðun bæjarstjórnar.

VII. Ákveðið var að skipta kjósendum í kjördeildir við bæjarstjórnarkosningu 31. janúar, svo sem hér segir:
1. kjördeild A - D, nr. 1 - 496.
2. kjordeild E - Guðmundsson, nr. 497 - 1006.
3. kjördeild Guðmundur - Haraldur, nr. 1007 - 1501.
4. kjördeild Haut - Jóhannes, nr. 1502 - 1925.
5. kjördeild Jón - Magnhildur,nr. 1926 - 2445.
6. kjördeild Magnús - R nr. 2446 - 3003.
7. kjördeild S, nr. 3004 - 3547.
8. kjördeild T - Ö nr. 3548 - 3974.

VIII, Samþykkt var að skipa í undirkjörstjórnir við bæjarstjórnarkosninguna á þessa leið:

1. kjördeild:
Hannes Hafliðason, bæjarfulltrúi,
Ingibjörg Sigurðardóttir, kennslukona,
Gísli Ísleifsson, cand. juris.

2. kjördeild:
Jörundur Brynjólfsson, bæjarfulltrúi,
Ragnhildur Pétursdóttir, húsfrú,
Oddur Gíslason, yfirdómslögmaður.

3. kjördeild:
Bríet Bjarnhéðinsdóttir, bæjarfulltrúi,
Þorsteinn Gíslason, ritstjóri,
Gísli Sveinsson, yfirdómslögmaður.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. kjördeild:
Benedikt Sveinsson, bæjarfulltrúi,
Steinunn Bjarnason, húsfrú,
Jón Ásbjörnsson, yfirdómslögmaður.

5. kjördeild:
Kristján V. Guðmundsson, bæjarfulltrúi,
Ágústa Sigfúsdóttir, húsfrú,
Lárus Fjeldsted, yfirdómslögmaður.

6. kjördeild:
Þorvarður Þorvarðarson, bæjarfulltrúi,
Guðrún Briem, húsfrú,
Georg Ólafsson, cand. polit.

7. kjördeild:
Jón Þorláksson, bæjarfulltrúi,
Þorsteinn Þorsteinsson, hagstofustjóri,
Ingibjörg Brands, kennslukona.

8. kjördeild:
Sigurður Jónsson, bæjarfulltrúi,
Páll Pálmason, yfirdómslögmaður,
Katrín Magnússon, húsfrú.

IX. Fundargerð brunamálanefndar frá 24. janúar lögð fram. Samþykkt var að tillögu nefndarinnar að setja Pétur Ingimundarson, varaslökkviliðsstjóra fyrst um sinn frá 1. febr. til að gegna slökkviliðsstjórastarfinu, og Kristófer Sigurðsson, járnsmið, til að gegna starfi varaslökkviliðsstjóra frá sama tíma.

X. Fundargerð hafnarnefndar frá 23. janúar lögð fram. Fyrri liður tillögu hafnarnefndar (um að veita ekki hafnarstjórastarfann nú, heldur setja mann í stöðuna til næstu áramóta) samþykktur í einu hljóði.

Síðari liðurinn (tillaga meiri hluta nefndarinnar um að setja Guðmund Kristjánsson til að gegna starfinu) kom ekki til atkvæða, því að samþykkt var að kjósa milli allra umsækjendanna og setja þann í stöðuna, er fengi meiri hluta atkvæða.

Þessir höfðu sótt um stöðuna:
Sveinbjörn Egildsson, ritstjóri,
Guðm. Kr. Bjarnason, skiðstjóri,
Guðm. Kristjánsson, skipstjóri,
Þorsteinn Þorsteinsson, skipstjóri,
Jóhann P. Jónsson, skipstjóri,
Þórarinn Kristjánsson, verkfræðingur.

Fór atkvæðagreiðsla svo, að kosningu hlaut:
Þórarinn Kristjánsson, með 8 atkv.
Guðm. Kristjánsson fékk 5 atkvæði.

Borgarstjóri mælti:
"Ég leyfi mér að skýra háttvirtri bæjarstjórn frá því, - og óska bókað - að ég mun ekki framkvæma samþykkt hennar um að setja bæjarverkfræðing Þórarinn Kristjánsson til að gegna hafnarstjórastöðunni, fyrr en fundin er leið til að gengt verði þeim störfum, sem hann hefur nú á höndum fyrir bæjarfélagið".

XI. Lögð fram alþingiskjörskrá, er gildir frá 1. júlí 1918 til 30. júní 1919.

Fundi slitið kl. 7.35.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson. Kristján V. Guðmundsson. Þorvarður Þorvarðsson. Benedikt Sveinsson. Jörundur Brynjólfsson. Ágúst Jósefsson. Jón Þorláksson. Sigurður Jónsson. Guðrún Lárusdóttir.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, fimmtudaginn 31. janúar, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni í Barnaskólahúsinu. Fundurinn var settur kl. 9.58, og voru þá komnir á fund auk borgarstjóra og forseta þessir bæjarfulltrúar: Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, Þorvarður Þorvarðsson, Sveinn Björnsson og Benedikt Sveinsson :

Tekið var fyrir samkvæmt dagskrá, sem send var bæjarfulltrúum í gær að kjósa einn bæjarfulltrúa til að taka sæti í kjörstjórninni við talning atkvæða, í stað Sveins Björnssonar, sem sjálfur er í kjöri.

Kosinn var:

Ágúst Jósefsson, bæjarfulltrúi í einu hljóði.

Í stað frú Katrínar Magnússon, sem er veik, var skipuð í undirkjörstjórn 8. deildar frk. Þuríður Jóhannsdóttir, kennslukona.

Bæjarstjórnin heimilaði kjörstjórninni að skipa í undirkjörstjórnir í stað þess eða þeirra, er kunna að hafa forföll.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson. Þorvarður Þorvarðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, fimmtudaginn 7. febrúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis. Voru þá til fundar komnir, auk borgarstjóra og forseta, þessir bæjarfulltrúar: Þorvarður Þorvarðarson, Ágúst Jósefsson, Benedikt Sveinsson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, og Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

Forföll boðuðu Jörundur Brynjólfsson og Jón Þorláksson. ~~Xáx~~ Sveinn Björnsson kom á fund kl. 5.45.

Gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. Brunabótavirðingar þessar voru samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hús Rvíkurbæjar, "Bjarnaborg", nr. 83 við Hverfisgötu (brbnr. 696) | Kr. 83971.oo |
| 2. | Gasstöðin við Hverfisgötu (brbnr. 1245) | - 212816.oo |
| 3. | Barnaskólinn við Fríkirkjuveg(brbnr.509). | - 233796.oo |
| 4. | Hús Margrétar Magnúsdóttur nr. 31 við Skólavörðustíg (brbnr. 753). | - 7200.oo |
| 5. | Hús Hólmfríðar Rósinkranz o.fl. nr. 18 við Aðalstræti (brbnr. 112) | - 55842.oo |
| 6. | Hús P.O.Christensens, lyfsala, nr. 6 við Thorvaldsensstræti (brbnr.42) | - 66518.oo |
| 7. | Hús Árna Bjarnasonar, nr. 29 við Skólavörðustíg (brbnr. 1186) | - 7574.oo |
| 8. | Hús Kristímar Sigurðardóttur, nr. 20A við Laugaveg | - 18410.oo |
| 9. | Hús Grímúlfs Ólafssonar, Laugabrekka(brbnr. 1370) | - 21170.oo |
| lo. | Hús P.J.Thorsteinson, nr. 15 við Hafnarstræti (brbnr. 512) | - 87576.oo |
| 11. | Hús Steindórs A. Ólafssonar, nr. 56A við Grettisgötu (brbnr. 1200) | - 14819.oo |
III. Fundargerð veganefndar frá 7. maí lögð fram og samþykkt í heild með öllum greiddum atkv.

IV. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 13. maí lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

Í sambandi við þessa fundargerð las borgarstjóri bréf, er honum hafði borizt frá atvinnumála(ráðuneytinu )skrifstofu stjórnarráðsins, dags. 8. maí, þar sem borgarstjóra er falið að skora á bæjarstjórnina, að brýna fyrir almenningi að birgja sig upp af mó og öðru eldsneyti undir næsta vetur.

V. Fundargerð fátækranefndar frá 10. maí lögð fram.

VI. Fundargerð fasteignanefndar frá 15. maí lögð fram.
1. liður samþ. með öllum greiddum atkv.
2. liður sömuleiðis.
3. liður sömuleiðis.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4.- 6. liður samþ. í einu hljóði
7., 8. og 9. liður, hver um sig, samþ. í e. hlj.
Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

VII. Samþykkt við 2. umr. að taka 50 þús. kr. lán til mótekju.

VIII. Lesið erindi dr. Ólafs D. Daníelssonar, dags. 12. febr. síðastl., þar sem hann fer fram á að/~~breyta~~ fá að kjallaraíbúð í geymslu.

Ennfremur var í sambandi við erindi þetta lesið álit húsaleigunefndar, dags. ~~14.xxxx.~~20. febr. og álit heilbrigðisnefndar, dags, 14. maí.

Jón Þorláksson lagði til, að dr. Ólafi yrði leyft að leigja umgetinn kjallara til geymslu í eitt ár.

Var sú tillaga felld með 6:4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| já: | nei: |
|---|---|
| Jón Þorláksson, | Guðm. Ásbjörnsson, |
| Inga Lára Lárusdóttir, | Jón Baldvinsson, |
| Sighvatur Bjarnason, | Jón Ólafsson, |
| Sigurður Jónsson, | Kristján V. Guðmundsson, |
| Borgarstjóri, | Sveinn Björnsson, |
| | Þorvarður Þorvarðsson. |

Beiðni dr. Ólafs síðan synjað með 5:1 atkvæði.

IX. Lögð fram auka alþingiskjörskrá fyrir tímabilið frá 1. júlí 1918 til 30. júní 1919.

x. Erindi landsverzlunarinnar, dags. 14. maí, um afnot Efferseyjar fyrir steinolíugeymslu - vísað til hafnarnefndar til afgreiðslu.

XI. Beiðni Sigríðar Pétursdóttur, Laugavegi 74, án dagsettningar, um löggildingu mjólkursölubúðar í húsinu nr. 68 við Laugaveg. Synjað með öllum greiddum atkvæðum.

12. Erindi Edilons Grímssonar, dags. 13. maí, þar sem hann býður námuréttindi til sölu, vísað til dýrtíðarnefndar til athugunar.

XIII. Þessum dagskrárlið (um kosningu varasáttanefndarmanns) frestað þangað til fengin væri skýring stjórnarráðsins á þar að lútandi lagaákvæðum.

Utan dagskrár vakti Inga Lára Lárusdóttir, með leyfi bæjarstjórnar, máls á því, að nauðsynlegt væri að ganga svo frá brunarústunum við Austurstræti, að ekki stafaði hætta af. Ennfremur benti hús á, að hirðingu Austurvallar væri mjög ábótavant.

Fyrra atriðinu svaraði borgarstjóri svo, að lögreglustjóri hefði gert ráðstafanir til að lagfæra girðingu krig um rústirnar.

Út af síðara atriðinu báru Inga Lára Lárusdóttir og Jón Þorláksson fram svo hljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórnin felur borgarstjóra ap láta bera á Austurvöll, hreinsa hann og þrífa gangstígana á honum".

Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum..

Mál var tekið fyrir fyrir luktum dyrum, eftir ósk Kristjáns V. Guðmundssonar, en ákveðið að bóka ekkert um það.

Fundi slitið kl. 7.3o.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson. Þorvarður Þorvarðarson. Sigurður Jónsson. Kristján V. Guðmundsson. Jón Þorláksson. Jón Baldvinsson. Jón Baldvinsson. Inga Lára Lárusdóttir. Guðm.Ásbjörnsson. Jón Ólafsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, föstudaginn 24. maí, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni á skrifstofu borgarstjóra samkvæmt munnlegu og skriflegu fundarboði borgarstjóra. Fundurinn var settur kl. 9.2o f.h. og voru þá komnir á fundinn, auk forseta og borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Inga Lára Lárusdóttir, Jón Baldvinsson, Ágúst Jósefsson, Jón Ólafsson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson og Sveinn Björnsson. Ben. Sveinsson, Bríet Bjarnhéðinsdóttir, Þorvarður Þorvarðsson og Jón Þorláksson komu nokkru eftir fundarsettningu.

Undir síðasta lið fundargerðar síðasta reglulegs fundar var borgarstjóra, forsetum og skrifurum bæjarstjórnarinnar falið að athuga á hvern hátt mætti heiðra foringja K.F.U.M. hér á landi, séra Friðrik Friðriksson, en hann á 50 ára afmælisdag 25. þ.m., en það var samróma álit allra viðstaddra bæjarfulltrúa að bæjarstjórninni bæri að sýna séra Friðrik heiðurs og viðurkenningarvott á þessum degi.

Forseti skýrði frá gerðum forseta- og skrifaranefndarinnar og bar fram fyrir nefndarinnar hönd svohljóðandi tillögu:

"I tilefni af 50 ára afmæli séra Friðriks Friðrikssonar hinn 25. maí og í viðurkenningarskynix fyrir starf hans, samþykkir bæjarstjórnin að færa honum á afmælisdaginn 10.000 króna gjöf til ráðstöfunar fyrir starfsemina í K.F.U.M., eftir því , sem honum þykir bezt henta".

Var tillagan samþykkt íobreytt í einu hljóði, jafnframt samþykkt bréf, sem fylgja skyldi gjöfinni, undirskrifað af öllum bæjarfulltrúunum. Verður bréfið fært inn á eftir fundargerð þessari.

Þar sem mál þetta var rætt á síðasta fundi, ber að skoða þetta sem 2. umræðu um málið.

Bæjarstjórnin felur borgarstjóra og forseta sínum að færa séra Friðrik gjöfina og ávarpið.

Fundi slitið kl. 10.1o.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson.
Benedikt Sveinsson. Þorvarður Þorvarðsson. Sigurður Jónsson.
Kristján V. Guðmundsson. Jón Þorláksson. Jón Baldvinsson.
Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Inga Lára Lárusdóttir.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ávarp bæjarstjórnarinnar vegna
afmælis síra Friðriks Friðrikssonar
25. maí 1918:

Síra Friðrik Friðriksson, Reykjavík.

Bæjarstjórn Reykjavíkur notar kærkomið tækifæri á fimmtíu ára afmælisdegi yðar til að votta yður þakklæti fyrir hið þarfa og blessunarríka starf, sem þér um langt skeið hafið leyst af hendi fyrir æskulýð bæjarfélagsins.

Sem sýnilegan vott þessa leyfir bæjarstjórnin sér að senda yður 10000 króna gjöf til ráðstöfunar fyrir starfsemi félags~~ins~~ yðar K.F.U.M. hér í bænum, á þann hátt, sem yður þykir bezt henta og óskar jafnframt yður og starfsemi félagsins góðs gengis á komandi árum.

Í bæjarstjórn Reykjavíkur, 25. maí 1918.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson. Þorvarður Þorvarðsson. Benedilt Sveinsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Guðm. Ásbjörnsson. Sigurður Jónsson. Jón Þorláksson. Kristján V. Guðmundsson. Ágúst Jósefsson. Jín Ólafsson. Inga Lára Lárusdóttir. Jón.Baldvinsson. Jörundur Brynjólfsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, fimmtudaginn 6. júní, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis, og voru þá komnir þessir bæjarfulltrúar :
Sighvatur Bjarnason, forseti, Sveinn Björnsson, Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Inga Lára Lárusdóttir, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður [illegible] Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Bríet Bjarnhéðinsdóttir, og Jón Ólafsson.
Ólafur Friðriksson erlendis. Jón Þorláksson á ferðalagi.
Borgarstjóri var forfallaður frá fundarsókn, en í hans stað sat fundinn fulltrúi hans,
cand. júr. Ólafur Lárusson.
Jón Baldvinsson kom á fund kl. 5.30.

Áður en gengið væri til dagskrár skýrði varamaður borgarstjóra frá því, að á aldarafmæli Siglufjarðar 20. maí síðastl. hefði oddvita Hvanneyrarhrepps verið sent svohljóðandi heillaóskaskeyti, undirritað af borgarstjóra og forseta:
"Bæjarstjórn Reykjavíkur sendir Siglufjarðarbæ beztu heillaóskir á aldarminningardegi staðarins. Hamingja fylgi framtíð staðarins".

Þá var gengið til dagskrár, og gerðist þetta:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Einars Runólfssonar og Þorkels Hreinssonar, nr. 34 við Lindagötu (brbnr.846) | Kr. | 16847.00 |
| 2. | Hús Einars Einarssonar, nr. 82 við Hverfisgötu (brbnr. 775) | - | 12142.00 |
| 3. | Hús Guðjóns Jónssonar, nr. 74 við Laugaveg (brbnr. 684) | - | 19392.00 |
| 4. | Hús séra Magnúsar Bl. Jónssonar, nr. 45 við Grettisgötu (brnnr. 1076) | - | 18761.00 |
| 5. | Hús Guðmundar Magnússonar, nr. 17 við Frakkastíg (brbnr. 859) | - | 8902.00 |
| 6. | Hús Þorvaldar Jónssonar, nr. 25 við Bergstaðastræti (brbnr. 1038) | - | 8037.00 |
| 7. | Hús Runólfs Guðjónssonar, nr. 60 við Bergstaðastræti (brbnr. 1237) | - | 9585.00 |
| 8. | Hús Bjarna Sæmundssonar, nr. 14 við Þingholtsstræti (brbnr. 187) | - | 18986.00 |
| 9. | Hús Sigurbjörns Á. Gíslasonar, "Ás" við Melana (brbnr. 1101) | - | 18304.00 |
| 10. | Hús Holger Wiehe, "Hólavöllur" við Suðurgötu (brbnr.801) | - | 32735.00 |
| 11. | Hús Guðmundar Egilssonar, nr. 42 við Laugaveg (brbnr. 1261) | - | 195630.00 |
| 12. | Hús Sigurðar Hallssonar, nr. 45 A við Grettisgötu | - | 27603.00 |
| 13. | 13. Hús Ragnars P. Levís og J.Jensen-Bjerg, Hótel Ísland við Austurstræti | - | 182923.00 |
| 14. | Hús Þorvalds Eyjólfssonar, nr. 23 við Njálsgötu (brbnr. 916) | - | 12742.00 |
| 15. | Hús H. Hansens, nr. 119 við Laugaveg (brbnr. 1160) | - | 29971.00 |
| 116. | Hús Vilhjálms Þorvaldssonar, nr. 44 við Laugaveg (brbnr. 1285) | - | 73754.00 |
| 17. | Hús síra Lárusar Benediktssonar, nr. 6 við Bröttugötu (brbnr. 1570) | - | 29609.00 |
| 18. | Hús H. Andersen & Sön's, nr. 14 við Aðalstræti (brbnr. 114) | - | 6209.00 |
| 19. | Hús sama, nr. 16 við Aðalstræti (brbnr. 113) | - | 61008.00 |
| 20. | | | |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 1. júní lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 31. maí lögð fram.
1.-4. liður samþ., hver um sig, með öllum greiddum atkv.
5. - 10. liður samþ. í einu hljóði.
11. liður samþ. með öllum greiddum atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með öllum greiddum atkv.

IV. Fundargerð brunamálanefndar frá 31. maí lögð fram og samþykkt í heild með öllum greiddum atkvæðum.

V. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 29. maí lögð fram og samþykkt í heild með öllum greiddum atkv.

VI. Fundargerð rafmagnsnefndar frá 28. maí lögð fram og samþykkt í heild með öllum greiddum atkvæðum.

VII.Fundargerð fátækranefndar frá 23. maí lögð fram.

VIII. Fundargerð hafnarnefndar frá 29. maí lögð fram.
1.-3. liður samþykktir í einu hljóð i.
4. liður samþ. með öllum greiddum atkv.
5. liður sömuleiðis.
6. liður samþ. með öllum greiddum atkv. (Tekið tilboði E. Jensens frá 11. maí um smástöð til rafmagnsljósa við höfnina, og ætlast til að stöðin verði fullger 1. sept. 1918).
7. liður samþykktur í einu hljóði.

IX. Fundargerð veganefndar frá 5. júní lögð fram.
3. liður var samþ. og vísað til 2. umræðu, að því áskildu, að m'l það, sem þar getur, verði látið ganga til fjárhagsnefndar til álita.
Fundargerðin í heild samþykkt með öllum greiddum atkv.

X. Lesið svar stjórnarráðsins dags. 25. maí, við fyrirspurn borgarstjóra um kosningu varasáttanefndarmanns. Telur stjórnarráðið rétt, að fyglt sé sömu reglum um skipun varasáttanefndarmanna og og um skipun aðalsáttanefndarmanna. Skyldi samkvæmt því tilnefna 4 menn, sem yrðu í kjöri við almenna kosningu eins varasáttanefndarmanns, en því var frestað til dagskrárloka..

XI. Kæra hafði borgarstjóra borizt frá Guðmundi Einarssyni, Hverfisgötu 74, dags. 24. maí, út af auka-alþingiskjörskrá fyrir tímabilið frá 1. júlí 1918 til 30. júní 1919.- Kæru þessari var að engu sinnt, með því að nafn þessa manns stendur á aðalkjörskrá.

XII. Skipun heilbrigðisfulltrúa.
Um starfann sóttu 18 menn, og sendi borgarstjóri lögreglustjóra, sem formanni heilbrigðisnefndar, dags. 5. júní, tilkynnir lögreglustjóri, að hann telji þá
bæjarfulltrúa Ágúst Jósefsson og
cand. phil. Guðmund Guðmundsson
hæfasta af umsækjendum til að gegna starfinu.
Var svo gengið til kosningar og kosið um alla umsækjendurna. Fór atkvæðagreiðslan svo, að kosningu hlaut:
Ágúst Jósefsson, bæjarfulltrúi, með 6 atkv.
Guðm. Guðmundsson fékk 4 atkv.
Þorfinnur Kristjánsson fékkx.1 atkv. og 1 seðill var auður.

XIII. Lögreglustjóri tilkynnir með bréfi, dags. 1. júní, að hann hafi frá þeim degi veitt
Sighvati Brynjólfssyni
lausn frá lögregluþjónsstarfi og flutt yfir í stöðu hans
Kristján Jónasson, næturvörð.
Ennfremur að hann hafi sett næturvörð í stað Kristjáns:
Gunnar Brynjólfsson, Hverfisgötu 55. +++



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þessi grein átti að vera neðanmáls á næstu síðu á undan:

+++ Í tilefni af tilkynningu þessari kom sá skilningur ótvírætt fram, að bæjarstjórnin hefði veitingarvaldið á lögregluþjóna og næturvarðastöðum bæjarins.

XIV. Samþykkt var í einu hljóði að mæla með umsóknum ekknanna
Ragnhildar Pétursdóttur, Meistaravelli og
Vilborgar Steingrímsdóttur, Sölvhóli,
um styrk úr styrktarsjóði Hjálmars kaupm. Jónssonar.

XV. Umsókn Þorsteins Kaupm. Jónssonar, frá Seyðisfirði dags. 31. maí, um kaup á byggingarlóð - vísað til fasteignanefndar til álita.

XVI. Erindi Mjólkurfélags Reykjavíkur, dags. 17. maí, þar sem það afsalar sér löggildingu á tveimur mjólkursölustöðum og biður um löggildingu mjólkurbúðar á öðrum stað. Vísað til heilbrigðisnefndar til álita.

XVII. Lagður fram reikningur Aldamótagarðsins árið 1917 og kosnir endurskoðendur:
Sveinn Björnsson með 7 atkvæðum,
Inga Lára Lárusdóttirmeð 4 atkv.

XVIII. Rætt var um hríð um bæjargjaldamálið, sérstaklega út af meðferð þess á Alþingi, en engin ályktun var út af því ger.

Kl. 8 var fundi frestað til kl. 9.

Kl. 9.15 var fundur settur aftur, að viðstöddum öllum sömu bæjarfulltrúunum, er áður sátu fundinn, öðrum en Sveini Björnssyni, er hafði tilkynnt forföll, Kristjáni V. Guðmundssyni, Jóni Baldvinssyni og Bríetu Bjarnhéðinsdóttur.- Tvö hin síðastnefndu viku af fundi með leyfi forseta nokkru fyrir fundarfrestun.

Var svo tekin fyrir tilnefnding fjögra manna til að vera í kjöri við kosningu varasáttanefndarmanns. (Sjá 10. dagskrárliðlið).
Tilnefndir voru:
Bjarni Jónsson, prestur, með 8 atkv.
Sigurður Jónsson, bókbindari með 5 atkv.
Sigurður Þórðarson, fyrrv. sýslumaður með 4 atkv.
og Magnús Helgason, skólastjóri,
eftir endurtekna atkvæðagreiðslu, með 3 atkv.

Þessu næst var gengið til kosninga á tveim bæjarfulltrúum til að vera í kjörstjórn við umgetna kosningu. Voru til þess kjörnir
Sighvatur Bjarnason með 4 atkv. og
Sveinn Björnsson með 6 - , við endurtekna atkvæðagreiðslu.
Hér með var dagskránni lokið, en samþykkt var í einu hljóði að leyfa tveim bæjarfulltrúum, Jörundi Brynjólfssyni og Ingu Láru Lárusdóttur, að hreyfa utandagskrár málum þeim, sem hér verða greind:
1. Jörundur Brynjólfsson bar fram og mælti fyrir svolátandi tillögu:
"Bæjarstjórnin samþykkir að fela borgarstjóra að fara þess á leit við stjórnarráðið, að það fyrirskipi nú þegar, að sala og úthlutun á brennsluspíritus skuli fara fram eftir seðlum, fyrst um sinn, og sölubúðum sé með öllu óheimillt, að afhenda hann á annan hátt".



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillagan var samþykkt í einu hljóði.

2. Sami (Jörn. Bryn.) skýrði frá því, að kvartað hefði verið við sig um það, að afgreiðslur skipa tækju oft óhæfilega hátt gjald fyrir flutning varnings út í skip, þótt sendendur flyttu varninginn út að skipshlið, og afgreiðslurnar þyrftu ekki annað fyrir að hafa en að slá stroffu utan um sendingarnar. Vildi hann skjóta því til hafnarnefndar, að ráða bót á þessu, en enga tillögu kom hann þó með hér að lútandi, með því að enginn hafnarnefndarmaður var á fundi.

3. Loks bar sami bæjarfulltrúi fram tillögu svo látandi:
"Bæjarstjórnin felur borgarstjóra, að fyrirskipa svo fljótt, sem unnt er, að úthlutun mjólkur skuli fyrst um sinn fara fram eftir seðlum. og meðan mjólkurskortur er í bænum, þá sé algerlega, þá sé algjörlega bönnuð sala á mjólk til kaffi: og veitingahús til veitinga og sölu þar".
Tillagan var samþykkt með 5 samhljóða atkv.

4. Inga Lára Lárusdóttir flutti ásamt Jóni Baldvinssyni tillögu, svo látandi:
"Bæjarstjórnin telur að vel geti svo farið, að það kunni að hafa mikla þýðingu vegna afkomu almennigs, að sameiginlegu mötuneyti verði komið á næsta haust, sérstaklega í kauptúnum landsins, Telur því nauðsynlegt að völ sé á mönnum, er hafi góða þekkingu á rekstri almenningseldhúsa.
Þess vegna leyfir bæjarstjórnin sér, að beina þeirri ósk til bjargráðanefndar Alþingis, að tveir eða þrír menn verði styrktir af landssjóði til utanfarar í því skyni að kynna sér fyrirkomulag almennings eldhúsa og starfrækslu þeirra".
Tillagan var samþykkt í einu hljóði.

Forseti benti á, að það væri orðið alltítt, að mál væru borin upp í bæjarstjórninni utan dagskrár. Taldi hann slíkt miður heppilegt, og beindi þeirri ósk sinni til bæjarfulltrúanna, að þeir kostuðu kapps um að koma fram með áhugamálefni sín svo snemma, að hægt væri að taka þau á dagskrá.

Fundi slitið kl. 10.5o síðdegis.

Ólafur Lárusson. Sighvatur Bjarnason. Ágúst Jósefsson. Þorvarður Þorvarðsson. Sigurður Jónsson. Inga Lára Lárusdóttir. Guðmundur Ásbjörnsson. Jörundur Brynjólfsson. Jón Ólafsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, mánudaginn 17. júní, kl. 9 árdegis var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni á skrifstofu borgarstjóra, samkvæmt fundarboði, dags. 15. júní, er sent hafði verið bæjarfulltrúunum.

Tekið var fyrir:

Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 15. júní, og lagt fram "Frumvarp að reglum um sölu og úthlutun á brennsluspíritus í Reykjavík", er dýrtíðarnefndin hafði samið.

Var frumvarpið síðan samþykkt grein fyrir grein, með lítilsháttar breytingu á 2. gr. og svo samþykkt í heild sinni í einu hljóði.

Á fundinum mættu þessir bæjarfulltrúar auk fulltrúa borgarstjóra og forseta: Ágúst Jósefsson, Inga Lára Lárusdóttir, Jörundur Brynjólfsson, Bríet Bjarnhéðinsdóttir, Jón Baldvinsson, Guðm. Ásbjörnsson, Jón Ólafsson og Þorvarður Þorvarðsson.

Bæjarfulltrúi Bríet Bjarnhéðinsdóttir fékk leyfi fundarins til að hreyfa einu máli á fundinum, og urðu um það nokkrar umræður, en engin ályktun tekin. Mál þetta var frumv. um skemmtanaskatt, er nú liggur fyrir þinginu.

Fundi slitið kl. 9.50.

Ólafur Lárusson. Sighvatur Bjarnason. Þorvarður Þorvarðsson. Jón Ólafsson. Guðm. Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Jón Baldvinsson. Jörundur Brynjólfsson. Inga Lára Lárusdóttir. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, fimmtudaginn 20. júní, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis, og voru þá komnir:

Borgarstjóri, forseti, Þorvarður Þorvarðsson, Inga Lára Lárusdóttir, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, Jón Baldvinsson, Guðmundur Ásbjörnsson, og Jón Ólafsson.

Ágúst Jósefsson kom að afloknu 1. dagskrármáli.
Bríet Bjarnhéðinsdóttir tilkynnti forföll.
Ólafur Friðriksson erlendis.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar þessar voru samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hús Gunnars Gunnarssonar kaupmanns, nr. 16 við Hverfisgötu | Kr. 35320.00 |
| 2. | Hús Guðjóms Guðmundssonar, nr. 30 B við Bergstaðastræti | - 15900.00 |
| 3. | Hús Sigurðar Jónssonar, kennara, nr. 35 við Laufásveg (brbnr. 955) | - 24769.00 |
| 4. | Hús Guðmundar Bjarnasonar, nr. 6 við Aðalstræti (brbnr. 117) | - 36434.00 |
| 5. | Hús Fiskfeiðahlutafélagsins, Defensor á Fúlutjörn (brbnr. 1332) | - 100519.00 ~~1000519.00~~ |
| 6. | Hús frakknesku stjórnarinnar nr. 6 við Skálholtsstræti (brbnr. 1230) | - 52443.00 |
| 7. | Hús ekkjufrúar Marie Jónsson, nr. 6 við Grettisgötu (brbnr. 902) | - 15546.00 |
| 8. | Hús Þorsteins Gurnnarssonar, nr. 5 við Rauðarárstíg (brbnr. 1213) | - 14089.00 |
| 9. | Hús Ingvars Benediktssonar, nr. 20 við Bergstaðastræti (brbnr. 990) | - 19617.00 |
| 10. | Hús P.J.Thorsteinson, kaupmanns, nr. 46 við Laufásveg | - 61101.00 |
| 11. | Hús Guðmundar Gíslasonar, nr. 50 við Grettisgötu (brbnr. 924) | - 12270.00 |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 15. júní lögð fram.
1.-9. liður samþykktur í einu hljóði.
10. liður samþ. með 5:1 atkv.
Úrskurði á 11. lið frestað.
12.-15. liður samþ. í einu hljóði.
Fundargerðin í heild (að undanteknum 11. lið) samþykkt í einu hljóði.

III. Fundargerð fátækranefndar frá 13. júní lögð fram.

IV. Fundargerð veganefndar frá 14. júní lögð fram.
Jón Baldvinsson flutti tillögu svohljóðandi:
"Út af fundargerð veganefndar 14. þ.m., ályktar bæjarstjórnin að skipa 5 menn í nefnd til að athuga fyrirkomulagið í þvottalaugunum, flutningi á þvotti þangað og allt þessu aðlútandi og gera tillögur um það til bæjarstjórnar, svo fljótt sem verða má. Nefndin sé skipuð 3 bæjarfulltrúum og 2 konum utan bæjarstjórnar".
Borgarstjóri flutti breytingartillögu þess efnis, að nefndin skyldi skipuð fimm bæjarfulltrúum.
Forseti bar fyrri málslið tillögu Jóns Baldvinssonar (um nefndarskipun) undir atkv. og var hann felldur með 4:3 atkv.- Síðari málsliður tillögunnar því ekki til atkv. né tillaga borgarstjóra.
Fundargerð veganefndar í heild óbreytt samþ. í einu hlj.

V. Fundargerð veganefndar frá 18. júní lögð fram.
2. liður samþ. í einu hljóði, og fundargerðin í heild þar með.

VI. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 13. júní lögð fram.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VII. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 18. júní lögð fram.
1. liður. Samþykkt við 2. umr. fjárveiting til holræsa í Tjarnargötu og Vonarstræti (sjá 3. lið fundargerðar veganefndar frá 5. júní).
2. liður gaf ekki tilefni til sérstakrar atkvæðagreiðslu.
Úrskurði á 3.-6. lið (útsvarskærur) frestað til fundarloka.

VIII. Samþykkt var að skipta kjósendum við kosningu varasáttanefndarmanns 3. júlí í kjördeildir á þessa leið:
1. kjördeild A- Jóhannes, nr. 1 - 1925.
2. kjördeild Jón - Ö, nr. 1926-3974.
Ennfremur var samþykkt að skipa í undirkjörstjórnir við sömu kosningu á þessa leið:
Í 1. kjördeild:
Jón Ólafsson, bæjarfulltrúa,
Guðrún Briem frú,
Gísla Ísleifsson, cand. juris.
Í 2. kjördeild:
Jón Baldvinsson, bæjarfulltrúi,
Steinunn Bjarnason, frú,
Páll Pálmason, cand. juris.

IX. Út af erindi G. Eiríkss., dags. 16. júní, þar sem hann býður kaup á 166, lagði borgarstjóri til, að skipuð yrði 3.ja manna nefnd til að athuga, hvar væntanlegt ráðhús skyldi standa, og erindinu vísað til þeirrar nefndar.
Jón Baldvinsson flutti brtt. þess efnis, að vísa málinu til nefndar, er skipuð væri borgarstjóra, forseta, varaforseta og skrifurum bæjarstjórnarinnar.
Var sú brtt. samþykkt með 4 atkv.

Þá var gengið til úrskurðar á útsvarskærum (3.-6./ lið í fundargerð fjárhagsnefndar) Sjá VII. dagskrárlið. Samþykkt var að útkljá kærurnar fyrir luktum dyrum, og viku áheyrendur burt.
1. Út af kæru Benedikts Þórarinssonar, kaupmanns, var samþtkkt að fresta úrskurði á henni og rannsaka nánara ýms atriði hennar.
2. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að verða ekki við beiðni Magnúsar Þorkelssonar í Steinsholti, um niðurfærzlu útsvars hans.
Fundargerð fjárhagsnefndar í heild, með áorðnum breytingum viðvíkjandi 3. lið (kæru Ben. S. Þór.), samþykkt í einu hljóði.

Utan dagskrár skýrði borgarstjóri frá ástæðum sínum til þess að hafa ekki enn gert ráðstafanir til að hafa ekki enn gert ráðstafanir til að fyrirskipa sölu mjólkur eftir seðlum samkvæmt samþykkt síðasta bæjarstjórnarfundar.

Fundi slitið kl. 8 síðdegis.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Þorvarður Þorvarðsson.
Ágúst Jósefsson. Kristján V. Guðmundsson. Sigurður Jónsson.
Jón Baldvinsson. Inga Lára Lárusdóttir. Jón Ólafsson.
Guðm. Ásbjörnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, fimmtudaginn 4. júlí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis, og voru þá komnir: Borgarstjóri, forseti. Þorv- Þorvarðarson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Inga Lára Lárusdóttir, Jón Baldvinsson, Guðmundur Ásbjörnsson og Jón Ólafsson.

Jón Þorláksson var erlendis.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir kom á fund kl. 5.40.

Þetta gerðist á fundinum:

Il Brunabótavirðingar þessar voru samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Hús Þorsteins Jónsonar, kaupmanns, við Tjarnargötu | | Kr.31512.00 |
| 2. Hús Jóns Sívertssens, kaupmanns, nr. 7 við Grundarstíg (brbnr. 1028) | Kr. | 13775.00 |
| 3. Hús Sigurðar Jónssonar, nr. 34B við Bergstaðastræti (brbnr.1115) | - | 11617.00 |
| 4. Hús Sæmundar Skaptasonar, nr. 57 við Laugaveg (brbnr.725) | - | 18722.00 |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 29. júní lögð fram og samþykkt í heild með 4 atkv. samhljóða.

III. Fundargerð veganefndar frá 25. júní lögð fram.
1. liður samþykktur í einu hljóði.
2. liður sömuleiðis.
Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

IV. Fundargerð veganefndar frá 29. júní lögð fram.
1.-2. liður samþ. í einu hljóði.
3. liður samþ. í einu hljóði og vísað til 2. umr.
4. liður samþ. í einu hljóði og vísað til 2. umr.
Fundargerðin í heild samþ. í einu hljóði.

V. Fundargerð hafnarnefndar frá 28. júní lögð fram.
1. liður samþ. með öllum greiddum atkv.
2. liður samþ. með öllum greiddum atkv.
3. liður felldur með 5:5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| já: | nei: |
|---|---|
| Guðmundur Ásbjörnsson, | Þorvarður Þorvarðsson, |
| Jón Ólafsson, | Ágúst Jósefsson, |
| Inga Lára Lárusdóttir, | Bríet Bjarnhéðinsdóttir, |
| Sighvatur Bjarnason, | Jón Baldvinsson, |
| Borgarstjóri, | Ólafur Friðriksson. |

4. liður fundargerðarinnar samþ. með öllum atkv.
5. liður sömuleiðis.
Fundargerðin í heild, að undanskildum 3. lið samþykkt með öllum greiddum atkv.

VI. Fundargerð fátækranefndar frá 27. júní lögð fram.
1. liður borin undir atkv. og samþ. í einu hljóði.

VII. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 25. júní lögð fram.
2. liður samþ. í einu hljóði.
Fundargerðin í heild samþ. í einu hljóði.

VIII. Fundargerð fasteignanefndar frá 25. júní lögð fram.
1. liður samþ. með öllum greiddum atkv.
3.-6. liður samþ. í einu hljóði.
Fundargerðin í heild samþ. í einu hljóði.

IX. Fundargerð rafmagnsnefndar frá 1. júlí lögð fram. Samþykkt að greiða verkfræðingunum G.J.Hlíðdal og Jóni Þorlákssyni kr. 7580.00 samkv. reikningi þeirra, fyrir að gera áætlun um rafmagnsstöð við Elliðaárnar.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjóra falið að láta prenta á þann hátt, sem hann álítur haganlegast.

X. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 2. júlí lögð fram.
3. liður samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
4. liður samþykktur í einu hljóði.
5. liður samþykktur í einu hljóði.
6. liður samþykktur í einu hljóði.
Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

XI. Tilboði G. Eiríks, er umgetur undir IX. dagskrárlið fundargerðar síðasta fundar, hafnað að tillögu nefndar þeirrar, er þá var skipuð til að athuga það o. fl. Nefndin ber ennfremur fram svohljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin samþykkir að fara fram á það við landsstjórnina, að hún láti bænum í té með þeim kjörum, sem um semur, hæfilega stóra lóð til ráðhúsbyggingar á horninu milli Hverfisgötu og Kalkofnsvegar".
Var tillagan samþykkt í einu hljóði.

Fundi slitið kl. 7.15.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Þorvarður Þorvarðarson. Jón Ólafsson. Ágúst Jósefsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Inga Lára Lárusdóttir. Jón Baldvinsson, Guðm. Ásbjörnsson. Ólafur Friðriksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, fimmtudaginn 18. júlí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl.5.25 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra og forseta, þessir bæjarfulltrúar:

Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Inga Lára Lárusdóttir, Jón Baldvinsson, Jón Baldvinsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Bríet Bjarnhéðinsdóttir, og Jón Ólafsson.

Fjarverandi úr bænum voru: Jón Þorláksson, Sigurður Jónsson og Sveinn Björnsson.

Kristján V. Guðmundsson kom kl. 5.35 og Jörundur Brynjólfsson kom kl. 5.45.

Áður en gengið væri til dagskrár áminnti forseti bæjarfulltrúanna um að gera sér far um að koma réttstundis til funda, en tilkynna forföll sín ella.

Þá var til dagskrár gengið og gerðist þetta:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Hús Ólafs Þórarinnssonar, nr. 54 við Njálsgötu (brbnr. 941) | Kr. | 6282.00 |
| 2. Hús Símonar Jónssonar, kaupmanns, nr. 72 við Laugaveg (brbnr.676) | - | 29738.00 |
| 3. Hús Helga Vigfússonar, nr. 51 við Grettisgötu (brbnr. 875) | - | 8395.00 |
| 4. Hús Jakobs G.Bjarnasonar, nr. 33B við Skólavörðustíg (brbnr 1312) | - | 16424.00 |
| 5. Hús Þuríðar Markúsdóttur, nr. 24 við Vesturgötu (brbnr.432) | - | 16044.00 |
| 6. Hús Olgeirs Friðgeirssonar, nr. 13 við Hafnarstræti (brbnr. 512) | - | 100041.00 |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 13. júlí lögð fram og samþykkt í heild með öllum greiddum atkvæðum.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 16. júlí lögð fram.
2. liður samþ. með öllum greiddum atkv.
5. lið vísað til 2. umr. í einu hljóði.
6. liður samþ. með öllum greiddum atkv.
Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

IV. Fundargerð brunabótanefndar frá 16. júlí lögð fram. Frestað úrskurði á 1. lið og honum vísað til brunabótanefndar til frekari athugunar.
2. liður samþykktur í einu hljóði.
3. liður sömuleiðis.
Fundargerðin í heild, með áorðnum breytingum á 1. lið, ámþykkt í einu hljóði.

V. Fundargerð dýrtíðarnefndar lögð fram (frá 10. júlí) og samþykkt í einu hljóði.

VI. Fundargerð fátækranefndar frá 11. júlí lögð fram.

VII. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 16. júlí lögð fram. Hafði hún að geyma tillögur til úrskurðar á reikningi bæjarsjóðs árið 1915.
Samþykkt var með 5:4 atkv. að fresta úrskurði á reikningnum til næsta fundar, til þess að bæjarfulltrúar gætu kynnt sér athugasemdir endurskoðenda og svör bæjargjaldkera, og skyldi hvorttveggja liggja frammi í því skyni á skrifstofu borgarstjóra.

VIII. Samþykkt við 2. umræðu í einu hljóði, að bærinn taki í sínar hendur sorphreinsun í bænum. (Sjá 3. lið fundargerðar veganefndar frá 29. júní). (Sjá 4. lið s.f.).



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~Ákvö~~

XI. Ákveðið söluverð á Kringlumýrarmó.
Svohljóðandi tillaga kom frá dýrtíðarnefnd:
"Bæjarstjórnin ákveður að selja mó þann, sem tekinn hefur verið upp í Kringlumýri í sumar, fyrir 48 krónur tonnið, heim flutt til kaupenda í bænum, eða fyrir 41 krónu tonnið á staðnum, enda verði mórinn tekinn fyrir 15. september þ.á.
Söluverð á mó, sem seldur verður og fluttur heim eftir 15. sept., verður að miklum mun hærra, vegna aukins kostnaðar við geymslu o.fl., og ákveður bæjarstjórnin það verð síðar".

Guðmundur Ásbjörnsson flutti brtt. við fyrri málsgrein till., þess efnis, að í stað "48 Kr" kæmi: 45 kr., og í stað "41 kr" kæmi: 38 kr.

Jörundur Brynjólfsson flutti og brtt., þess efnis, að fyrir "15. sept". á tveim stöðum í tillögunni, kæmi: 30. sept.

Brtt. Guðmundar Ásbjörnssonar var samþykkt með 6:4 atkv.
Brtt. Jörundar Brynjólfssonar var samþykkt með 6:3 atkv.
Tillaga dýrtíðarnefndar svo breytt samþykkt með öllum greiddum atkv.

XII. Kosinn í sóttvarnarnefnd
Benedikt Sveinsson með 8 atkv.

Ath.: Þessir liðir hafa fallið úr:
IX. Samþykkt við 2. umr. í einu hljóði að byggja heyhlöðu við hesthús bæjarins við Hringbraut.
(Sjá 4. lið fundargerðar veganefndar frá 29. júní).

X. Samþykkt við 2. umræðu í einu hljóði að taka 20 þús. króna lán til mótekju.
(Sjá 2. lið fundargerðar dýrtíðarnefndar frá 25. júní).

Fundi slitið kl. 8 síðdegis.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Þorvarður Þorvarðarson.
Ágúst Jósefsson. Jörundur Brynjólfsson. Jón Ólafsson.
Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Kr. V. Guðmundsson.
Guðmundur Ásbjörnsson. Inga Lára Lárusdóttir.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, fimmtudaginn 1. ágúst, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis, og voru þá komnir auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Inga Lára Lárusdóttir, Kristján V. Guðmundsson, Jón Baldvinsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Bríet Bjarnhéðinsdóttir, Jón Ólafsson og Benedikt Sveinsson.

Fjarverandi úr bænum voru: Jón Þorláksson, Sighvatur Bjarnason, Sigurður Jónsson og Sveinn Björnsson.

Varaforseti, Benedikt Sveinsson stýrði fundi.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Samþykktar brunabótavirðingar:

| | |
|---|---|
| 1. Hús Jóhanns Á. Jónassonar, nr. 17B við Skólavörðustíg (brbnr.335) | Kr. 19559.oo |
| 2. Sölubúð Nathans & Olsen, við Pósthússtræti (brbnr.1399) | - 15816.oo |
| 3. Hús Brynjólfs Björnssonar, tannlæknis, nr. 14 við Hverfisgötu (brbnr. 1301) | - 43699.oo |
| 4. Hús Metúsalems Jóhannessonar, nr. 15 við Þingholtsstræti (brbnr.205) | - 17971.oo |
| 5. Hús Magnúsar Gíslasonar, nr. 37 við Grettisgötu (brbnr.782) | - 7898.oo |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 27 júlí lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

III. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 20. júlí lögð fram. Var hún rædd í sambandi við 1. lið næsta dagskrármáls, en ekki gengið til atkvæða um hana sérstaklega.

IV. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 30. júlí lögð fram.
2. liður samþ. í einu hljóði.
3. liður samþykktur með öllum greiddum atkv. og vísað til 2. umr.
Við 4. lið bar borgarstjóri fram brtt. þess efnis, að máli því, sem í liðnum getur, yrði vísað til nefndar, er kosin var fyrir tveim árum, til að athuga á hvern hátt myndi haganlegast að byggja verkamannabústaði.
var brtt. þessi samþykkt með 7:1 atkv.
4. liður svo breyttur samþ. með öllum greiddum atkvæðum.
Báðar fundargerðir dýrtíðarnefndar (frá 20. og 30. júlí) samþykktar í heild í einu hljóði (með áorðnum breytingum á hinni síðari 4. lið).

V. Funargerð fjárhagsnefndar frá 27. júlí lögð fram. 1. liður samþykktur með öllum greiddum atkv. og þar með fundargerðin í heild.

VI. Önnur umræða um viðgerð á slökkvistöðinni. Fjárveiting til viðgerðarinnar samþykkt með úrskurði á 1. lið fundargerðar fjárhagsnefndar hér að ofan. (Sjá ennfremur 5. lið fundargerðar fasteignanefndar frá 16. júlí).

VII. Lagður fram til úrskurðar reikningur bæjarsjóðs fyrir árið 1915.- Tillögur fjárhagsnefndar til úrskurðar voru samþykktar með samhljóða atkvæðum og reikningurinn í heild sömuleiðis.

VIII. Fundargerð hafnarnefndar frá 31. júlí lögð fram. Samþykkt var að fresta úrskurði á 5. lið til næsta fundar og taka vélafrit af tillögum hafnarstjóra, til útbýtingar meðal bæjarfulltrúa. 6. liður samþykktur í einu hljóði og vísað til 2. umr.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IX. Umsókn Jóns Collin, dags. 29. júlí, um lóð fyrir fisksöluhús. Vísað til hafnarnefndar.

X. Umsókn Sigurðar Kjartanssonar dags. 12. júlí, um löggildingu til að setja upp rafmagnstæki, vísað til brunamálanefndar til afgreiðslu.

Utan dagskrár var lesið bréf nokkurra húseigenda við Frakkastíg, þar sem þeir fara fram á að kafli af Frakkastíg verði lagður eins og Laugavegur, gegn ákveðnu tillagi frá húseigendum. Bréfið dagsett 31. júlí.
Var málinu vísað til veganefndar og jafnframt til 2. umræðu.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir fór af fundi kl. 7.50.

Fundi slitið kl. 8.10 síðdegis.

K.Zimden. Benedikt Sveinsson. Ágúst Jósefsson. Ólafur Friðriksson. Þorvarður Þorvarðsson. Jón Ólafsson. Jón Baldvinsson. Kristján V. Guðmundsson. Inga Lára Lárusdóttir. Guðmundur Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, fimmtudaginn 15. ágúst, var regælegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.2o síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Sighvatur Bjarnason (forseti), Þorvarður Þorvarðsson, Benedikt Sveinsson, Ólafur Friðriksson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, og Jón Baldvinsson.

Fjarverandi úr bænum voru: Guðmundur Ásbjörnsson, Inga Lára Lárusdóttir, Jón Þorláksson og Sveinn Björnsson.

Ágúst Jósefsson kom á fund kl. 5.3o, Bríet Bjarnhéðinsdóttir kl. 5.45.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Hús Páls Ólafssonar frá Hjarðarholti, við Laugarnar (brbnr. 480) | Kr. | 8190.oo |
| 2. Hús Sigurhans Hannessonar o.fl., nr. 33 við Skólavörðustíg (brbnr. 538) | - | 13394.oo |
| 3. Hús Guðjóns Guðmundssonar og Kristjáns Jónssonar nr. 19 við Njálsgötu (brbnr.1305) | - | 36491.oo |
| 4. Hús Ásmundar Jónssonar, nr. 58 við Hverfisgötu (brbnr. 537) | - | 10051.oo |
| 5. Hús Sigurðar Jónssonar, nr. 30 við Grettisgötu (brbnr. 742) | - | 8682.oo |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 10. ágúst lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 13. ágúst lögð fram.
1.-4. liður samþ. í einu hljóði.
Við 5. lið bar borgarstjóri fram viðaukatillögu þess efnis, að fasteignanefnd heimilist að leigja J.B.Péturssyni lóðarræmu þá, sem um ræðir í liðnum, um óákveðinn tíma og fyrir það verð, sem nefndinni þykir hæfilegt.
Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkv.
6.-8. liður samþ. með öllum greiddum atkvæðum.
9. liður samþykktur í einu hljóði.
1o. liður samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
Fundargerðin í heild, með áorðinni breytingu við 5. lið samþykkt í einu hljóði.

IV. Funargerð brunamálanefndar frá 13. ágúst lögð fram.
1. liður samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

V. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 9. ágúst lögð fram.
1. liður samþykktur í einu hljóði.
Út af 2. lið kom fram svohljóðandi tillaga:
"Erindinu sé vísað til niðurjöfnunarnefndar í því skyni, aðlagt verði útsvar við aukaniðurjöfnum nú í haust, á alla þá, sem nefndin álítur útsvarsgreiðslufæra, þótt þeir hafi fengið dýrtíðarlán".
Till. samþ. í einu hljóði.
Fundargerðin í heild, með áorðnum breytingum á 2. lið, samþykkt í einu hljóði.

VI. Fundargerð fátækranefndar frá 8. ágúst lögð fram.
14. liður borin undir atkvæði og samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

VII. Samþykktar við 2. umr. í einu hljóði tillögur hafnarstjóra um framtíðarfyrirkomulag hafnarinnar.
(Sjá 5. lið fundargerðar hafnarnefndar frá 31. júlí).



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VIII. Samþykkt var við 2. umr. í einu hljóði tillaga hafnarnefndar um að fela borgarstjóra og Sveini Björnssyni að útvega og semja um allt að tveggja miljón kr. lán handa hafnarsjóði með svolátandi viðbót:

"og borgarstjóra gefið umboð til að undirskrifa ~~í~~ lánssamning og skuldabréf fyrir hönd bæjarstjórnar".

(Sjá 6. lið fundargerðar hafnarnefndar frá 31. júlí).

IX. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum við 2. umræðu, að byggja við "Suðurpólinn" bráðabirgðaskýli, sem áætlað er að kosta muni um 36000 krónur.

(Sjá 3. lið fundargerðar dýrtíðarnefndar frá 30. júlí).

Hér var bætt á dagskrána með einróma samþykki bæjarstjórnarinnar

X. Fundargerð veganefndar frá 14. ágúst

Var fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

XI. (10.) Tvö mál tekin til umræðu fyrir luktum dyrum.

1. Þá er umræður um fyrra málið höfðu staðið um hríð og klukkan var orðin 8, gerði forseti fundarhlé til kl. 9.

Klukkan 9.10 var fundur settur aftur, og voru þá komnir allir hinir sömu, er áður sátu fundinn, aðrir en Jón Baldvinsson, sem kom skömmu eftir fundarsettningu, og auk þeirra Jón Ólafsson. Þá var umræðum haldið áfram, en að þeim loknum var borin upp tillaga, sem bókuð verður síðar, og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Málinu síðan vísað til 2. umræðu.

2. Hitt málið var um fjárhagsástand bæjarins. Skýrði borgarstjóri nokkuð frá fjárhagnum og bar fram tillögur frá fjárhagsnefnd, þær er hér fara á eftir:

A. Að bæjarstjórnin samkvæmt 18. gr. tilskipunar 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í Reykjavík, samþykki að hækka aukaútsvörin fyrir yfirstandandi ár um þriðjung (33 1/3 %).

Tillagan samþykkt í einu hljóði og vísað til 2. umræðu.

B. Að bæjarstjórnin feli borgarstjóra að taka allt að 150 þúsund króna lán til bráðabirgða til daglegra útgjalda og til framkvæmda á byggingum þeim, er bæjarstjórnin hefur samþykkt.

Tillagan samþykkt í einu hljóði og vísað til 2. umræðu.

Hér með var dagskránni lokið, en Jón Baldvinsson fékk leyfi til að hreyfa máli utan dagskrár. Bar hann fram og mælti með svo hljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórnin samþykkir að fela borgarstjóra að láta safna skýrslum um húsvilltar og húsvana fjölskyldur í bænum svo fljótt sem unnt er".

Tillagan var samþykkt með 6:2 atkv.

Þá fékk og Ólafur Friðriksson leyfi bæjarstjórnar til að hreyfa máli utan dagskrár og bar hann fram tillögu eina, sem ákveðið var að geta ekki nánara.

Tillagan var samþykkt í einu hljóði.

Fundi slitið kl. 11.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Þorvarður Þotvarðarson. Benedikt Sveinsson. Ágúst Jósefsson. Jörundur Brynjólfsson. Sigurður Jónsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Jón Baldvinsson. Ólafur Friðriksson. Kristján V. Guðmundsson. Jón Ólafsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, laugardaginn 24. ágúst, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni á skrifstofu borgarstjóra. Hafði verið boðað til fundarins skriflega samdægurs og dagskrá jafnframt send bæjarfulltrúunum. Fundurinn var settur kl. 5.25, voru þá komnir á fundinn, auk borgarstjóra og forseta þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Ágúst Jósefsson, Inga Lára Lárusdóttir, Bríet Bjarnhéðinsdóttir, Jörundur Brynjólfsson, Benedikt Sveinsson, Jón Baldvinsson, Þorvarður Þorvarðarson og Sveinn Björnsson. Jón Þorláksson kom á fund skömmu eftir fundarsettningu og Kristján V. Guðmundsson nokkru síðar.

Áður en gengið væri til dagskrár æýsti borgarstjóri því yfir, að borgarstjórafulltrúi, Ólafur Lárusson mundi gegna borgarstjórastörfum meðan borgarstjóri væri erlendis. Hafði bæjarstjórnin ekkert við það að athuga.

Var því næst gengið til dagskrár:

I. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 15. ágúst, 2. og 3. liður, samþykktir við 2. umræðu.

II. Fundargerð rafmagsnefndar frá 23. ágúst lögð fram og samþykkt.

III. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 24. ágúst lögð fram og samþykkt.

IV. Erindi bæjarverkfræðings um húsnæði vísað til fjárhagsnefndar. Erindi þetta var með samþykki bæjarstjórnar tekið fyrir utan dagskrár.

Forseti óskaði borgarstjóra góðrar ferðar og góðs árangurs af ferðinni og tóku bæjarfulltrúar undir þær óskir með því að standa upp. Borgarstjóri þakkaði óskirnar.

Jón Ólafsson og Ólafur Friðriksson ekki í bænum

Fundi slitið kl. 6.40.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Inga Lára Lárusdóttir. Sveinn Björnsson. Þorvarður Þorvarðsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Kristján V. Guðmundsson. Jón Þorláksson. Ágúst Jósefsson. Jón Baldvinsson. Guðmundur Ásbjörnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, fimmtudaginn 5. september, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis, og voru þá komnir þessir bæjarfulltrúar: Sighvatur Bjarnason (forseti), Þorvarður Þorvarðsson, Ólafur Friðriksson, Inga Lára Lárusdóttir, Jón Þorláksson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, Jón Baldvinsson og Guðmundur Ásbjörnsson. Auk þessara bæjarfulltrúa var kominn til fundar cand. jur. Ólafur Lárusson, settur borgarstjóri í fjarveru K. Zimsen, sem var erlendis. Jörundur Brynjólfsson kom á fund kl. 5.15, Ágúst Jósefsson kl. 5.25, Sveinn Björnsson kl. 5.45, Bríet Bjarnhéðinsdóttir kl. 6.10.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Elíss Péturssonar, nr. 5 við Njálsgötu | Kr. | 23868.00 |
| 2. | Hús Geirs, kaupm. Thorsteinson, nr. 45 við Skólavörðustíg (brbnr.756) | - | 33374.00 |
| 3. | Hús Hans Petersen, kaupm, nr. 3 við Skólastræti (brbnr. 25) | - | 38699.00 |
| 4. | Hús Jóns Stefánssonar, kaupm., nr. 17 við Laugaveg (brbnr. 274) | - | 12848.00 |
| 5. | Hús Árna Jónssonar, kaupm., nr. 54 við Hverfisgötu | - | 35003.00 |
| 6. | Hús Guðmundar Stefánssonar, næturvarðar, nr. 15 við Lindargötu (brbnr. 791) | - | 10629.00 |
| 7. | Hús Margrétar Sigurðardóttur, nr. 60A við Hverfisgötu (brbnr. 1212) | - | 9755.00 |
| 8. | Hús Benedikts G. Waage, nr. 24 við Skólavörðustíg (brbnr. 1295) | - | 6555.00 |
| 9. | Hús Magnúsar Jónssonar, lyfsalaþjóns, "Berg" nr. 2 við Grundarstíg (brbnr. 179) | - | 7588.00 |
| 10. | Hús Vilhelm Knudsens, nr. 42 við Bergstaðastræti (brbnr. 690) | - | 15237.00 |
| 11. | Hús Þórðar J. Thoroddsen, læknis, nr. 12 við Túngötu (brbnr. 993) | - | 31574.00 |
| 12. | Hús Andrésar Andréssonar, klæðskera, nr. 3 við Laugaveg (brbnr 6) | - | 5785.00 |
| 13. | Hús Almar Normann, nr. 104 við Laugaveg (brbnr. 728) | - | 14400.00 |
| 14. | Hús Jens Eyjólfssonar, nr. við Grettisgötu (brbnr 1184) | - | 34340.00 |
| 15. | Hús Guðmundar Böðvarssonar, nr. 9 við Grundarstíg (brbnr. 824) | - | 16641.00 |
| 16. | Hús Eiríks Bjarnasonar, nr. 11 við Tjarnargötu (brbnr. 470) | - | 44529.00 |
| 17. | Hús sama, nr. 11A við Tjarnargötu ((brbnt, 1034) | - | 10992.00 |
| 18. | Hús Jónasar H. Jónssonar, Bárubúð við Vonarstræti (brbnr. 587) | - | 76340.00 |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 31. ágúst lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 31. ágúst lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

IV. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 29. ágúst lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

V. Fundargerð hafnarnefndar frá 2. september lögð fram.
1. liður samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
Úrskurði á 2. lið frestað og beiðnum eigenda mb Vonar og Þórðar Þorsteinssonar vísað til hafnarnefndar til afgreiðslu.
Tillaga Ágústs Jósefssonar um að fresta úrskurði á 3. lið þar til fengnar væru nánari upplýsinar samþykkt með 5:4 atkv.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. liður samþykktur í einu hljóði og samkvæmt því kosnir í nefnd:

Ágúst Jósefsson með 8 atkv.
Jón Ólafsson - 8 -
Jón Þorláksson - 4 -þ

Fundargerðin í heild með áorðnum breytingum á 2. og 3. lið samþykkt í einu hljóði.

VI. Fundargerð brunamálanefndar frá 2. september lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

VII. Fundargerð fátækranefndar frá 22. ágúst lögð fram.

VIII. Fundargerð rafmagsnefndar frá 3. sept. lögð fram. Hafði nefndin haft til meðferðar áætlun um byggingu rafmagns- ~~xxxxxxx~~ stöðvar við Elliðaárnarnar, en lagði engar tillögur fram um málið. Var nú mál þetta tekið til 1. umræðu í bæjarstjórninni, og talaði Jón Þorláksson fyrir hönd nefndarinnar alllangt mál því til skýringar. Að því loknu var 1. umræðu frestað.

IX. Borgarstjóri skýrði frá árangrinum af skýrslusöfnun um húsnæðiseklu í bænum og(til að gera ráðstafanir) og flutti í sambandi við það svolátandi tillögur:

"Bæjarstjórnin skipi 3. manna nefnd til rannsóknar á húsnæðiseklu í bænum og til að gera ráðstafanir í tilefni af henni".

Sveinn Björnsson lagð til, að málinu yrði vísað til dýrtíðarnefndar.

Tillaga borgarstjóra var samþykkt með 8:4 atkv. og í nefndina kosnir:

Ágúst Jósefsson með 10 atkv.
Jón Baldvinsson - 9 -
Borgarstjóri - 8 -

X. Lesið bréf sttjórnarráðsins, dags. 27. ágúst, þar sem það tilkynnir borgarstjóra til birtingar í bæjarstjórninni, að það veiti samþykki sitt til hækkunar þeirrar á aukaútsvörum (33 1/3 %) sem samþykkt hefur verið í bæjarstjórninni.

XI. Erindi G. Eiríkss, dags. 15. ágúst, um kvikmyndahús, vísað til fjárhagsnefndar.

XII. Tvö mál tekin til meðferðar fyrir luktum dyrum.

1. Mjólkurmálið.

Á síðasta reglulegum(fundi) bæjarstjórnarfundi var samþykkt svolátandi tillaga frá mjólkurnefndinni:

"Bæjarstjórnin heimilar borgarstjóra að verja allt að 12000 kr. úr bæjarsjóði til að kaupa nauðsynlegar vélar og áhöld til að "homogenisera" mjólk, ef hægt verður að ná viðunandi samningum við Gísla Guðmundsson, gerlafræðing, til þess að reka slíka starfsemi og ábyrgjast bænum að minnsta kosti 500 lítra af mjólk daglega .

Fjárframlag þetta sé bundið því skilyrði, að bæjarstjórnin samþykki mjólkurverðið, en að öðru leyti felur hún borgarstjóra, að gera nánari samninga um málið".

Á fundinum var lögð fram fundargerð mjólkurnefndar frá 4. september, þar sem nefndin leggur til, að í stað "500 lítra" í framangreindri tillögu komi:360 lítra.

Var sú brtt. samþ. og aðaltillagan svo breytt samþ. við 2. umræðu í einu hljóði.

2. Tekið fyrir annað mál, en engin ályktun gerð út af því, og verður þess ekki nánar getið.

Utan dagskrár las borgarstjóri bréf stjórnarráðsins, dags. 4. september, þar sem borgarstjóra er falið að vekja athyggli almennings og bæjarstjórnar á því að sjá sér fyrir útsæði og geymslu þess.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundi slitið kl. 8.05.

Ólafur Lárusson. Sighvatur Bjarnason. Jörundur Brynjólfsson. Kristján V. Guðmundsson. Sveinn Björnsson. Jón Baldvinsson. Þorvarður Þorvarðsson. Ólafur Friðriksson. Ágúst Jósefsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Sigurður Jónsson. Guðmundur Ásbjörnsson. Jón Þorláksson. Inga Lára Lárusdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, fimmtudaginn 19. september var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.1o síðdegis, og voru þá komnir þessir bæjarfulltrúar: Sighvatur Bjarnason, (forseti), Benedikt Sveinsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, Jón Baldvinsson, Guðmundur Ásbjörnsson/ og Jón Ólafsson.- Auk þeirra var og kominn til fundar settur borgarstjóri Ólafur Lárusson. - Þorvarður Þorvarðsson og Inga Lára Lárusdóttir komu að nýaflokinni fundarsettningu.- Jón Þorláksson kom kl. 5.3o, Sveinn Björnsson kom kl. 5.45 og Bríet Bjarnhéðinsdóttir kl. 5.5o.

Þetta gerðist á fundinum:

| 3 | - Jónsdóttir, Þingholtsstræti 1 | 70 | 25 |
| | Flyt Kr. | | 10675 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Nr.: | Nöfn styrkþega og heimili: | Aldur: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| | Flutt Kr.= | | 10675 |
| 384 | Þórunn Melkjörsdóttir, Suðurgötu, Skólabæ | 70 | 30 |
| 5 | Þuríður Hannesdóttir, Bergstaðastræti 44 | 78 | 40 |
| 6 | - Jóhannesdóttir, Litlivöllur | 71 | 35 |
| 7 | - Jónsdóttir, Suðurgötu 11 | 64 | 35 |
| 8 | - Ólafsdóttir, Bergstaðastræti 33 | 70 | 30 |
| 9 | Einar Magnússon, Bergstaðastr. Holtast. | 85 | 35 |
| 390 | Kristín Brandsdóttir, Njálsgötu 24 B | 82 | 30 |
| 1 | Málfríður Halldórsdóttir, Sellandsstíg, Smiðjustíg | 68 | 25 |
| 2 | Sigríður Guðleifsdóttir, Stýrimannastíg 10 | 62 | 30 |
| 3 | Margrét Jónsdóttir, Spítalastíg 4 | 75 | 45 |
| 4 | Sigríður Guðmundsdóttir, Bókhlöðustíg 11 | 78 | 25 |
| | Samtals Kr. | | 11035 |

Rétta innfærzlu staðfestir:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, fimmtudaginn 21. nóvember, var reglulegur fundr haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis, og voru þá til fundar komnir: Settur Borgarstjóri Ólafur Lárusson, Sighvatur Bjarnason (forseti), Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Inga Lára Lárusdóttir, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson, Kristján V. Guðmundsson, Jón Baldvinsson og Jón Ólafsson. Guðmundur Ásbjörnsson, tilkynnti forföll.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hús Guðmundar Eiríkss stórkaupm., nr. 20 við Hafnarstræti, og nr. 2 við Lækjartorg (brbnr. 127) | Kr.158875.00 |
| 2. | Hús Samúels Jónssonar, nr. 35 við Skólavörðustíg (brbnr. 1187) | - 45407.00 |
| 3. | Hús Hafliða Hjartarsonar, bifreiðaskúr við Miðstræti 3 | - 4394.00 |
| 4, | Kennaraskólinn við Laufásveg (brbnr.1192) | - 87415.00 |
| 5. | Hús Gruðríðar A. Bramm, nr. 7 við Njálsgötu (brbnr. 1413) | - ~~[illegible]~~ 41871.00 |
| 6. | Hús Kristínar Hagbarðs, nr. 26 við Laugaveg (brbnr. 293) | - 30381.00 |
| 7. | Hús Óla Ó. Kjernested, Laugarás í Laugamýrinni | - 4050.00 |
| 8. | Hús Haralds Jónssonar, prentara, Langholt í Laugamýri | - 3685.00 |
| 9. | Hús Ágústs H. Bjarnasonar, prófessors, nr. 3 við Hellusund, (brbnr. 1357) | - 46440.00 |
| 10. | Hús Björns Bogasonar, nr. 12 við Barónsstíg,(brbnr. 1338) | - 29385.00 |
| 11. | Hús Jónínu Margrétar Jónsdóttur, Suðurklöpp við Óðinsgötu | - 4096.00 |
| 12. | Hús Björgólfs Stefánssonar, nr. 57 a við Hverfisgötu (brbnr.1351) | - 14195.00 |
| 13. | Hús Haralds Árnasonar, kaupmanns, nr. 22 við Austurstræti (brbnr. 97) | - 41431.00 |

II. Fundargerð vatnsnefndar frá 26. október lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði og 1. lið vísað til 2. umr.

III. Fundargerð fátækranefndar frá 24. október lögð fram. 17. liður hennar verður borinn undir atkvæði í sambandi við 5. lið(fjárhagsnefndar) fundargerðar fjárhagsnefndar frá 30. október.

IV. Fundargerð brunamálanefndar frá 26. október lögð fram.

1. liður samþykktur með öllum greiddum atkv.
2. liður samþykktur í einu hljóði.
4.-5. liður samþ. í einu hljóði.

Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

V. Fundargerð fasteignanefndar frá 25. október lögð fram.
1. liður samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
2. liður samþykktur með öllum greiddum atkv.
4., 5., 6., 7. og 8. liður, hver um sig, samþ. með öllum gr. atkvæðum. Fundargerðin í heild samþtkkt með öllum gr. atkv.

VI. Fundargerð veganefndar frá 25. október lögð fram.

VII. Fundargerð fjárhagsnefndar 30. október lögð fram.
1.-4.lið frestað til fundarloka.
5. liður samþ. í einu hljóði og í sambandi við hann 17. liður fundargerðar fátækranefndar frá 24. október.
6. liður samþykktur með öllum greiddum atkv.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VIII. Samþykkt vaз að fresta 2. umræðu um frumvarp til lögreglusamþykktar og var málinu vísað aftur til nefndarinnar til að athuga framkomnar breytingartillögut.

IX.Beiðni P. Þ.J.Gunnarssonar, dags. 29. október og beiðni E. Hafbergs, dags. 28. október, um undanþágu frá samþykkt um lokunartíma sölubúða - vísað til þriggja manna nefndar, sem kosin var til að athuga þær. - Í nefndina voru kosnir:
Guðmundur Ásbjörnsson
Jón Þ orláksson og
Þorvarður Þorvarðsson.

X. Bréfi H. P. Duus, dags. 25. október, um lóð á hafnarbakkanum, vísað til hafnarnefndar.

XI. Bréfi Árna Sigbjörnssonar, dags. 28. október, um leyfi til að breyta íbúðarherbergi í smíðastofu, vísað til fátækranefndar.

Þá voru teknir fyrir 4 fyrstu liðir fundargerðar fjárhagsnefndar, sem áður var frestað til fundarloka, og var samþykkt að ræða þá fyrir luktum dyrum. Viku áheyrendur því af fundi.
1. liður samþ. með öllum greiddum atkv.
2. liður kom ekki til atkvæða.
3. liður samþykktur í einu hljóði.
4. liður kom ekki til atkvæða.
Fundargerðin í heild samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
Jörundur Brynjólfsson fór af fundi kl. 6 með leyfi forseta.

Fundi slitið kl. 7 síðdegis.

Ólafur Lárusson, settur. Sighvatur Bjarnason. Þorvarður Þorvarðsson. Jón Baldvinsson. Jón Ólafsson. Ágúst Jósefsson. Jón Þorláksson. Inga Lára Lárusdóttir. Kristján V. Guðmundsson. Ólafur Friðriksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, fimmtudaginn 5. desember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis, og voru þá til fundar komnir,: Borgarstjóri Kn.Zimsen, Sighvatur Bjarnason,(forseti), Þorvarður Þorvarðsson, Benedikt Sveinsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, Jón Baldvinsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Bríet Bjarnhéðinsdóttir og Jón Ólafsson.

Inga Lára Lárusdóttir hafði tilkynni forföll.

Sveinn Björnsson erlendis.- Jón Þorláksson kom á fund kl. 5.50.

Áður en gengið væri til dagskrár, skýrði borgarstjóri frá því, að sér hefði ekki enn tekizt að ná láni því, er honum hafði verið falið að útvega til hafnarinnar og rafmagnsstöðvarinnar, en kvað eigi vonlaust um að lánið fengist síðar, og hefði hann falið Sveini Bæjarfulltrúa Björnssyni, sem nú dvelur erlendis, frekari framkvæmdir í því.

Að öðru leyti gerðist þetta á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 30. nóvember lögð fram og samþykkt í heild með 8:1 atkv.

II. Fundargerð fátækranefndar frá 28. nóvember lögð fram.
2. liður samþykktur með 7:2 atkv.
12. liður a samþykktur í einu hljóði.

III. Fundargerð skólanefndar frá 3. desember lögð fram.

IV. Fundargerð fasnefndar frá 3. desember lögð fram. sjá Morgunbl. 7. des. 1918
Út af 1. lið bar Bríet Bjarnhéðinsdóttir, eftir að borgarstjóri og Ólafur Friðriksson hafði tekið til máls, fram tillögu, svo látandi:

"Eg legg til að þetta mál sé dregið út af dagskrá og rætt síðast fyrir luktum dyrum".

Tillagan var samþykkt með 9:5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| Já: | nei: |
|---|---|
| Benedikt Sveinsson | Ágúst Jósefsson |
| Bríet Bjarnhéðinsdóttir | Jón Þorláksson |
| Guðmundur Ásbjörnsson | Jörundur Brynjólfsson |
| Jón Baldvinsson | Kristján Guðmundsson |
| Jón Ólafsson | Ólafur Friðriksson |
| Sighvatur Bjarnason | |
| Sigurður Jónsson | |
| Þorvarður Þorvarðsson | |
| Borgarstjóri. | |

2. liður samþykktur í einu hljóði.
Fundargerðin í heild að undanteknum 1. lið samþykkt með öllum greiddum atkv.

V. Utan dagskrár voru samþykktar eftirtaldar brunabótavirðingar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Söluturninn við Hverfisgötu eign R.P.Leví o.fl. (brbnr. 1352) | Kr. | 4760.00 |
| 2. Hús Eggerts Kristjánssonar, nr. 74 við Laugaveg (brbnr.681) | - | 25054.00 |
| 3. Hús Jóns Halldórssonar, nr. 14 við Klapparstíg (brbnr.287) | - | 10907.00 |
| 4. Hús Friðriks Gunnarssonar, nr. 16a við Skólavörðustíg (brbnr.1254) | - | 15781.00 |
| 5. Hús Sigurðar Jónssonar, nr. 3 við Fischerssund (brbnr. 151) | - | 29875.00 |
| 6. Hús Björns Jónssonar, bakara, nr. 56b við Hverfisgötu (brbnr. 1049) | - | 20586.00 |
| 7. Hús L.H.Möllers, nr. 17 við Austurstræti (brbnr. 321) | - | 53531.00 |
| 8. Hús Aðalsteins Pálssonar, nr. 38 við Vesturgötu (brbnr. 152) | - | 23193.00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Hús Agnesar Gestsdóttur,
nr. 3b við Norðurstíg (brbnr. 94) Kr. 5858.oo
10. Hús Sveins Jónssonar,
nr. 25 við Vesturgötu (brbnr. 84) - 9912.oo
11. Hús Gunnlaugs Ólafssonar,
"Árbakki" við Rauðarárstíg 10
(brbnr. 1123) - 8820.oo
12. Hús Guðmundar Jakobssonar,
nr.32 við Hverfisgötu (brbnr. 851) - 22441.oo

VI. Frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld bæjarsjóðs árið 1919 lagt fram og vísað til 2. umræðu.

VII. Erindi búenda á Grímsstaðaholti um vegagerð, dags. 30. nóvember, vísað til veganefndar.

VIII. Svo látandi báru fram bæjarfulltrúarnir Jón Þorláksson og Jón Baldvinsson:
"Bæjarstjórnin felur borgarstjóra að útvega tilboð um farm af húskolum til bæjarins".
Var sú tillaga samþykkt í einu hljóði.

IX. Bæjarfulltrúi Ólafur Friðriksson bar fram svo látandi tillögu:
"Bæjarstjórnin ákveður að kjósa þriggja manna nefnd til þess að athuga, hvort eigi sé rétt að bæjarstjórnin eigi frumkvæði að því, að lyfjabúðum sé fjölgað í bænum, og jafnframt hvort eigi muni heppilegt, að þær lyfjabúðir, er framvegis verða stofnsettar hér, séu reknar fyrir fé bæjarins".
Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, og í nefndina kosnir:
Jón Þorláksson með 6 atkv.
Jörundur Brynjólfsson með 10 atkv.
Sighvatur Bjarnason - 9 -
(tveir hinir síðasttöldu við endurtekna kosningu).

Þegar hér var komið var haldið áfram umræðum um 1. lið fundargerðar gasnefndar frá 3. desember. Fór umræða fram fyrir luktum dyrum, samkvæmt fyrri samþykkt, og viku áheyrendur af fundi.
Að loknum umræðum voru borin undir atkvæði eftirfarandi tillögur:
1. Tillaga frá Ólafi Friðrikssyni:
"Bæjarstjórnin frestar þessu máli og felur gasnefndinni að fara fram á það við brezka ræðismanninn, að hann fái að vita, af hvaða ástæðum krafan um brottrekstur gasstöðvarstjórans er gerð sem skilyrði fyrir að gasstöðin fái kol frá Englandi".
Tillaga þessi var felld að viðhöfðu nafnakalli.
2. Tillaga gasnefndar (sjá 1. lið fundargerðar gasnefndar frá 3. desember). samþykkt.
3. Samþykkt svo hljóðandi tillaga frá borgarstjóra:
"Bæjarstjórnin felur borgarstjóra að segja nú þegar upp samningi við gasstöðvarstjóra Ad. Borkenhagen".

Fundi slitið kl. 8.55.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Þorvarður Þorvarðarson, Jörundur Brynjólfsson. Ólafur Friðriksson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Sigurður Jónsson. Jón Baldvinsson. Benedikt Sveinsson. Kristján V. Guðmundsson. Ágúst Jósefsson. Jón Þorláksson. Guðmundur Ásbjörnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, fimmtudaginn 16. desember, var haldinn aukafundur í bæjarstjórninni, á venjulegum fundarstað. Var fundurinn settur kl. 5.20 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Sighvatur Bjarnason (forseti), Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, Jón Baldvinsson og Guðmundur Ásbjörnsson. Inga Inga Lára Lárusdóttir kom að nýaflokinni fundarsettningu.- Sveinn Björnsson erlendis. Bríet Bjarnhéðinsdóttir tilkynnti forföll.

Áður en gengið væri til dagskrár skýrði borgarstjóri frá, að sér hefði borizt bréf frá brezka ræðismanninum hér, dags. 11. des., þar sem hann tilkynnir borgarstjóra, að útflutningsleyfi á kolum til gasstöðvarinnar muni hindrunarlaust fást, svo framarlega sem brezka stjórnin fengi tryggingu fyrir því, að starfi núverandi gasstöðvarstjóra við gasstöðina yrði sem fyrst lokið.

Þá var gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. Lagt fram til 1. umræðu frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs árið 1919.
Að lokinni 1. umræðu var frumvarpinu óbreyttu vísað til 2. umræðu.

II. Fundargerð hafnarnefndar frá 16. desember lögð fram.
2. liður samþ. með öllum greiddum atkvæðum.
3. liður samþ. með 6:1 atkvæði.
4. liður samþykktur í einu hljóði.
Fundargerðin í heild samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

III. Frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld bæjarsjóðs árið 1919 tekið til 2. umræðu.
Umræðan stóð fram undir kl. 8 og var henni þá frestað.
Forseti mæltist til þess, að þeir bæjarfulltrúar, sem ætluðu að koma fram með breytingartillögur við áætlunina, kæmu með tillögur sínar ekki síðar en kl. 7 annað kvöld á skrifstofu borgarstjóra.

Fundi slitið kl. 7.55.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Þorvarður Þorvarðsson.
Jörundur Brynjólfsson. Inga Lára Lárusdóttir. Sigurður Jónsson.
Kristján V. Guðmundsson. Ólafur Friðriksson. Ágúst Jósefsson.
Guðmundur Ásbjörnsson. Jón Baldvinsson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918 fimmtudaginn 19. desember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis, og voru þá til fundar komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Sighvatur Bjarnason (forseti), Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Inga Lára Lárusdóttir, Sigurður Jónsson, Jón Baldvinsson, Guðmundur Ásbjörnsson og Jón Ólafsson. - Kristján V. Guðmundsson kom að nýaflokinni fundarsettningu. Jón Þorláksson, kom kl. 5.35, Þorvarður Þorvarðsson kom kl. 5.50 og Bríet Bjarnhéðinsdóttir kl. 6.45. - Sveinn Björnsson erlendis. Jörundur Brynjólfsson fjarverandi úr bænum.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Hús Guðmundar Ásbjörnssonar o.fl., nr. 1 við Laugaveg (brbnr. 15) | Kr. | 39758.00 |
| 2. Hús Guðmundar Ásbjörnssinar, nr. 30 A við Njálsgötu (brbnr. 934) | - | 17279.00 |
| 3. Hús Páls Jónssonar, nr. 1 c við Klapparstíg (brbnr. 1082) | - | 28000.00 |
| 4. Hús Sogurbjörns Þorkelssonar, nr. 44 við Njálsgötu (brbnr. 1234) | - | 9905.00 |
| 5. Hús Sæmundar Þórðarsonar, nr. 16 við Barónsstíg (brbnr. 913) | - | 13652.00 |
| 6. Hús Hallgríms Benediktssonar, nr. 19 við Bergstaðastræti | - | 21433.00 |
| 7. Hús Jóns Sívertsens, nr. 7 við Grundarstíg (brbnr. 1028) | - | 21123.00 |
| 8. Hús Guðrúnar Jónsdóttur, nr. 33 við Þingholtsstræti (brbnr. 1255) | - | 21085.00 |
| 9. Vagnsmíðaverkstæði Kristins Jónssonar, nr.   við Grettisgötu | - | 60705.00 |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 14. október lögð fram. Út af 1. lið spunnust umræður nokkrar, en að þeim loknum var fellt með 6:2 atkv. að mæla með undanþágu þeirri, sem meiri hluti nefndarinnar hafði lagt til að veitt yrði.

2. liður samþykktur með öllum greiddum atkv.

Fundargerðin í heild með áorðnum breytingum á 1. lið samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

III. Fundargerð veganefndar frá 17. desember lögð fram.

Rætt var um hríð um 1. lið, en ekki gengið til atkvæða um fundargerðina, með því að tillögur þær allar, sem í henni felast, koma til úrskurðar við atkvæðagreiðslu um fjárhagsáætlunina.

IV. Fundargerð fátækranefndar frá 12. desember lögð fram. Til atkvæða kom 4. liður aðeins, og var samþykktur í einu hljóði.

V. Fundargerð hafnarnefndar frá 18. desember lögð fram. 1. liður samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

VL. Dregin út 4 skuldabréf Baðhússins, og kom upp nr. 8, nr. 15, nr. 68 og nr. 89.

VII. Dregið út 1 skuldabréf Laugarneslánsins og kom upp nr. 35.

VIII. Lesið bréf Sveins Jónssonar, trésmiðs, dags. 16. desember, þar sem hann biður um lausn úr byggingarnefnd. Frestað var að taka ákvörðun út af beiðni hans.

9. og 10. dagskrárliðir færðir aftur fyrir 11. lið á dagskránni og næst tekið til meðferðar

IX. Frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld bæjarsjóðs árið 1919 til framhalds 2. umræðu.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tekjuhliðin

var fyrst tekin til meðferðar og framkomnar breytingartillögur við hana. Fór atkvæðagreiðslan svo:

1.-21. liður samþ. með öllum greiddum atkvæðum, þó að því tilskildu, að breyting geti orðið á 21. lið í sambandi við atkvæðagreiðslu um 11. gjaldlið.

Brtt. við 22. lið a frá Ólafi Friðrikssyni (og samhljóða brtt. frá Þorvarði Þorvarðssyni og Jóni Baldvinssyni) felld með 8:4 atkvæðum.

Brtt. við 22. lið a frá veganefnd (1. liður fundargerðar 17. des.) samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

22. liður b. samþ. með öllum greiddum atkvæðum.

23.-26. liður samþ. með öllum greiddum atkv.

Atkvæðagreiðslu um 27. lið frestað þangað til eftir atkvæðagreiðslu um gjaldaliðina.

Tekjuhliðin í heild, með áorðnum breytingum og að undanteknum 27. lið, samþ. með öllum greiddum atkvæðum.

Gjaldahliðin

var þessu næst tekin til meðferðar ásamt breytingartillögum.

Forseti ákvað að skipta henni í 3 kafla, og var fyrst tekið til umræðu og úrslita 1.-10. gr.

1. liður til 3. liður b. samþ. með öllum greiddum atkv. er brtt. við r. lið b höfðu verið teknar aftur.

Viðaukatillaga frá Ágúst Jósefssyni, Guðmundi Ásbjörnssyni og Sigurði Jónssyni við 3. lið:

"Á eftir lið b bætist:
C. Persónuleg launaviðbót handa núverandi borgarstjóra kr. 2500.oo. Stafliðatala og samlagning breytist samkvæmt því".

Samþykkt í einu hljóði.

Brtt. við 3. lið c frá Ág. Jósefssyni, Guðm. Ásbjörnssyni og Sigurði Jónssyni samþ. með öllum greiddum atkv.

3. liður d samþ. með öllum greiddum atkv.

Brtt. frá Kristjáni V. Guðmundssyni við brtt. fjárhagsnefndar við gjaldlið 3 e:

"Í staðinn fyrir 1500 kr. komi 2000 kr. Hækkar þá liðurinn upp í 8 þúsund krónur".

Felld með með 6:2 atkv.

Brtt. við 3. lið e. frá fjárhagsnefnd samþ. í einu hljóði.

3. liður f. og g. samþ. í einu hljóði.

Brtt. við 4. lið a. frá Jóni Þorlákssyni samþ. með 7:5 atkv.

4. liður b.-c. og 5.-6. liður samþ. í einu hljóði.

Viðaukatillaga frá Þorvarði Þorvarðssyni og Jóni Baldvinssyni:

"Á eftir 6. gjaldlið lomi nýr liður: Slysatrygging kr.2000.oo". samþ. með 5:4 atkv.

Brtt. við 7. lið frá Ólafi Friðrikssyni felld með 7:3 atkv.

8. liður samþ. í einu hljóði.

9. liður a.-b. samþ. í einu hljóði.

Brtt. við 9. lið c. frá Ólafi Friðrikssyni samþ. með 5:3 atkv.

9. liður d. og 10. liður samþ. í einu hljóði.

1.-10. liður í heild, með áorðnum breytingum samþ. í einu hljóði.

Kl. 8.3o var fundi frestað til kl. 9.3o.

Þá var tekinn fyrir 2. kafli, 11.-23. liður, gjaldahliðar fjárhagsáætlunarinnar

Atkvæðagreiðsla:

Brtt. við 11. lið frá Jóni Þorlákssyni:

"Á eftir 11. a. 2 komi athugasemd:
að því tilskildu að tjara fáist til götugerðarinna"

samþykkt með 9:1 atkv.

11. liður a. 1. samþ. með öllum greiddum atkv.

11. liður a. 2. samþ. með öllum greiddum atkv.

Jón Þorláksson tók aftur viðaukatillögur sínar um nýja liði 11. a. 3. og 11. d.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Viðaukatillaga við 11. lið frá borgarstjóra:
"Á eftir a. 2. komi nýr liður:
a. 3. Til að fullgera Fríkirkjuveg suður að þvergötunni og til að gera brú yfir Tjörnina kr.6000.oo".
samþ. með öllum greiddum atkv.
Viðaukatillaga við 11. lið frá veganefnd (3. liður fundargerðar 17. des.)
samþ. með öllum greiddum atkv. (Verður 11. a. 4.).
Viðaukatillaga við 11. lið frá sömu nefnd (4. liður fundargerðar frá 17. des.)
samþ. með öllum greiddum atkv. (Verður 11.a.5.).
Á eftir 11. b. 2. komi sama athugasemd og á eftir 11.a.2.
11. liður b. 1.-2. samþ. með öllum greiddum atkv.
11. liður c. samþykktur í einu hljóði.
12.-13. liður samþykktur í einu hljóði.
Brtt. við 14. lið a. frá veganefnd samþ. með öllum gr. atkv. (Fyrir 20000 kr. komi 16000 kr.).
Brtt. veganefndar við 14. lið b.:
Fyrir 30000 kr. komi 24000 kr. - Samþ. í einu hljóði.
15., 16. og 17. liður samþ. í einu hljóði.
18. liður a.-b. samþ. í einu hljóði.
Viðaukatillaga frá Ólafi Friðrikssyni um nýjan lið 18. c. til girðingar um Austurvöll kr. 22500.oo
felld með 8:2 atkv.
Brtt. frá Þorvarði Þorvarðssyni við tillögu Ólafs:
"Tillagan orðist svo:
Til girðingar og lögunar á Austurvelli, eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnarinnar, kr. 15000.oo".
Samþ. með 7:= atkv.
19. liður a. samþykktur með öllum greiddum atkv.
Brtt. við 19. lið b. frá Ásg. Jósefssyni og Guðm. Ásbjörnssyni:
"Í stað 1500 kr. komi 1800 kr.
samþ. með öllum greiddum atkv.
20., 21. og 22. liður samþ. með öllum greiddum atkv.
23. liður a.-i. samþ. í einu hljóði.
Viðaukatillaga Jóns Þorlákssonar og Þorvarðs Þorvarðssonar við 23. lið um nýjan staflið f (2000 kr. til undirbúnings byggingar nýs barnaskólahúss) - samþ. í einu hljóði.
11.-23. liður í heild með áorðnum breytingum
samþ. með öllum greiddum atkv.
Loks var 3. kafli fjárhagsáætlunarinnar (24.-32. liður) tekinn til meðferðar.
Atkvæðagreiðsla:
24. liður a.-d. sam., í einu hljóði.
Brtt. við 24. lið e. frá Ólafi Friðrikssyni
felld með 8:3 atkv.
24. liður e. óbreyttur samþ. með öllum gr. atkv.:1.
Brtt. við 24. lið f. frá Ólafi Friðrikssyni
felld með 7:2 atkv.
24. liður f. óbreyttur samþ. með öllum gr. atkv.
24. liður g. samþykktur með öllum greiddum atkv.
Viðaukatillaga frá Ágúst Jósefssyni við 24. lið um nýjan staflið h., 500 kr. styrk til sjúkrasamlags prentara,
fells með 5:4 atkv.
Brtt. við 24. lið h. frá Ágúst Jósefssyni
samþ. með öllum greiddum atkv.
Brtt. við 24. lið i. frá sama samþ. með öllum greiddum atkv.
Brtt. við 24. lið j. frá Ólafi Friðrikssyni
felld með 9:2 atkv.
24. liður j. óbreyttur samþ. með öllum gr. atkv.
24. liður k.-m. samþ. með öllum greiddum atkv.
25. liður a.-c. samþ. með öllum greiddum atkv.
Brtt. við 25. lið d. frá Ólafi Friðrikssyni
felld með 7:2 atkv.
25. liður d. óbreyttur samþ. með öllum gr. atkvæðum.
25. liður e. samþ. í einu hljóði.
Brtt. við 25. lið f. frá Bríetu Bjarnhéðinsdóttur:
"Þessi liður falli niður".
Felld með 9:1 atkvæði.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

25. liður f. óbreyttur samþ. með öllum greiddum atkv.
Viðaukatillaga Ólafs Friðrikssonar við 25. lið:
"Til bæjarlæknis 5000 kr."
felld með 8:2 atkv.
26.-30. liður samþ. með öllum greiddum atkv.
Brtt. við 31. lið a. frá fjárhagsnefnd:
"Fyrir 75000.oo komi: 70390.38"
samþ. með öllum greiddum atkv.
31. liður b. samþ. með öllum greiddum atkv.
31. liður c. samþ. með öllum greiddum atkv.
Viðaukatillaga við 31. lið frá Guðmundi Ásbjörnssyni
samþ. með 7:3 atkv.
og orðalagið á undirliðunum breytist samkv. því.
32. liður samþ. í einu hljóði.

Fjárhagsáætlunin í heild, með áorðnum breytingum samkv. framanritaðri atkvæðagreiðslu samþykkt, og borgarstjóra, forseta og skrifurum falið að setja inn í 27. tekjulið þá tölu, sem þar á að vera til þess að samantalin upphæð tekna og gjalda standist á.

Þegar þessu var lokið var kl. 12.15 eftir miðnætti og bar forseti þá undir atkvæði, hvort halda skyldi áfram fundi, og var það samþykkt með 8 samhljóða atkv.
Jón Þorláksson lagði til, að 9. og 10. dagskrármál, yrðu tekin út af dagskrá. Var sú tillaga samþykkt.

X. Fyrir luktum dyrum flutti Ólafur Friðriksson tillögu svo látandi:
"Bæjarstjórnin skorar á landsstj'rnina: að spyrjast fyrir hjá utanríkisstjórninni brezku, hvort hún geri þá kröfu:
1) að gasstöðvarstjóranum í Reykjavík, hr. Borkenhagen, sé vikið frá starfi,
2) hvort hún hafi gert þessa frávikningu að skilyrði fyrir því, að gasstöð Reykjavíkur fái kol. Og ef svo er
3) hvort það sé að hennar undirlagi, að ræðismaður hennar hér hafi snúið sér til íslenzks embættismanns, utan stjórnarinnar, í stað þess, eins og venja er til, að bera það fram við stjórnina sjálfa".
Að loknum umræðum um tillögu þessa var hún borin undir atkvæði og felld.
Reis þá ágreiningur um það, hvort bóka skyldi tillöguna, en er forseti bar það undir atkvæði, var samþykkt með 6 atkv. samhlj. að bóka hana.
Áður en gengið væri til atkvæða var samþykkt tillaga frá Jón Þorlákssyni, svo látandi:
"Eg legg til að umræðum verði slitið þegar þeir hafa talað, sem nú hafa beðið um orðið".

Samþykkt var að fresta undirskrift gerðabókar, og var borgarstjóra falið að sjá um rétta innfærslu atkvæðagreiðslu um fjárhagsáætlun næsta árs.

Fundi slitið kl. 1.15 eftir miðnætti.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Þorvarður Þorvarðsson. Sigurður Jónsson. Kristján V. Guðmundsson. Guðm. Ásbjörnsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Jón Þorláksson, Ágúst Jósefsson. Ólafur Friðriksson. Jón Baldvinsson. Inga Lára Lárusdóttir.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, föstudaginn 27. desember, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni á skrifstofu borgarstjóra. Fundurinn var settur kl. 5.15 og voru þá komnir á fundinn, auk borgarstjóra þessir bæjarfulltrúar: Sighvatur Bjarnason, Bríet Bjarnhéðinsdóttir, Jón Þorláksson, Ágúst Jósefsson, Jörundur Brynjólfsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Kristján V. Guðmundsson, Inga Lára Lárusdóttir, Sigurður Jónsson, Þorvarður Þorvarðsson, Benedikt Sveinsson, Jón Baldvinsson, Ólafur Friðriksson og Sveinn Björnsson.

Til fundarins hafði verið boðað með sérstöku fundarboði, sem sent var fulltrúunum 24. þ.m.

Dagskráin samkvæmt fundarboðinu er:

Fundargerð rafmagnsnefndar 24. desember.
Fylgdi fundargerðin dagskránni.
Voru síðan tillögur rafmagnsnefndar í greindri fundargerð bornar undir atkvæði og samþykktar, fyrri tillagan með 13:2 atkv. síðari tillagan með öllum greiddum atkv.
Ennfremur var borin upp svo látandi tillaga frá Ólafi Friðrikssyni:
"Bæjarstjórnin skilur ákvæði lánstilboðsins þannig, að samþykki aðallánveitandans á því, hvernig verkið sé framkvæmt, nái aðeins til þess, að hin tekniska hlið þess sé í lagi"
var hún samþykkt með öllum greiddum atkv.

Með leyfi fundarins hreyfði Ólafur Friðriksson tveim málum utan dagskrár, en engin ályktun tekin.

Fundi slitið kl. 7.2o.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson. Ólafur Friðriksson. Þorvarður Þorvarðsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Benedikt Sveinsson. Jón Þorláksson. Jón Baldvinsson. Inga Lára Lárusdóttir. Jörundur Brynjólfsson. Guðm. Ásbjörnsson. Sigurður Jónsson. Ágúst Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, mánudaginn 30. desember var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni á venjulegum stað. Fundurinn var settur kl. 5.20 síðdegis og voru þá komnir þessir bæjarfulltrúar á fundinn auk borgarstjóra: Jón Ólafsson, Guðm. Ásbjörnsson, Jón Baldvinsson, Sigurður Jónsson, Ólafur Friðriksson, Ágúst Jósefsson, Inga Lára Lárusdóttir, og Þorvarður Þorvarðsson. Forseti tilkynnti forföll (á förum til útlanda). Sveinn Björnsson veikur.

Til fundarins hafði verið boðað með sérstöku fundarboði, er sent hafði verið fulltrúunum 28. desember.x Borgarstjóri setti fundinn, þar sem bæði forseti og varaforseti voru fjarverandi og bað bæjarstjórnina að kjósa sér forseta. Fór þá kosning fram og var bæjarfulltrúi Sigurður Jónsson kosinn forseti á fundinum með 4 atkv. Jón Ólafsson hlaut 3 atkv.

Var þá gengið til dagskrár samkvæmt fundarboðinu og tekið fyrir:

I. 2. umræða um frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs 1919.

Jón Baldvinsson bar fram tillögu við gjaldhlið áætkunarinnar svo hljóðandi:

"Á eftir 13. lið komi nýr liður: Til slysatrygggjinga kr. 1000.00. og 14. liður gjalda megin lækki um kr. 1000.00".

Að loknum umræðum var til atkvæða gengið og var tekjuhlið áætlunarinnar samþykkt í einu hljóði.

Gengið til atkvæða um 1.-13. gjaldalið og þeir samþykktir í einu hljóði.

Gengið til atkvæða um breytingartillögu Jón Baldvinssonar og hún samþykkt í einu hljóði.

Gengið til atkvæða um brtt. Jóns Baldvinssonar við 14. lið og hún samþykkt í einu hljóði.

Gengið til atkvæða um 15. lið gjaldamegin og hann samþ. í einu hljóði.

Gengið til atkvæða um gjöldin með áorðnum breytingum og samþykkt í einu hljóði.

Gengið til atkvæða um áætkun fyrir hafnarsjóð árið 1919 í heild sinni og hún samþykkt í einu hljóði.

II. Fundargerð veganefndar 28. des. lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

III. Frumvarp til gjaldskrár fyrir sorphreinsson og salernahreinsun. Gengið til atkv. um 1.gr. frv. og hún samþ. með 6 samhljóða atkv.

Gengið til atkv. um 2.-5. gr. og þær samþ. með 5 samhlj. atkvæðum. Gengið til atkv. um frumvarpið í heild og það samþ. með 6 atkv. gegn 1.

IV. Skipun lögregluliðs og launakjör lögreglumanna. Eftir nokkrar umræður kom fram tillaga frá Þorvarði Þorvarðssyni um, að málinu sé frestað og lögreglumönnum greidd laun samkv. núverandi launakjörum fyrst um sinn. Tillagan samþ. með 6 samhljóða atkv.

Fleira gerðist ekki á fundinum.

Fundi slitið kl. 7.1a síðdegis.

K. Zimsen. Sigurður Jónsson. Þorvarður Þorvarðsson. Ólafur Friðriksson. Jón Baldvinsson. Jón Ólafsson. Ágúst Jósefsson. Guðm. Ásbjörnsson. Inga Lára Lárusdóttir.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Á Æ T L U N

### um tekjur og gjöld bæjarsjóðs Reykjavíkur árið 1919.

| Tekjur : | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|
| 1. Eftirstöðvar frá fyrra ári .......... | | 15000.00 |
| 2. Tekjur af byggðri og óbyggðri lóð .... | | 14500.00 |
| 3. Landskuld af jörðum | | 1300.00 |
| 4. Leiga af erfðafestulöndum | | 9500.00 |
| 5. Leiga af húsum, túhum, lóðum m.m. | | 17000.00 |
| 6. Tekjur af laxveiðinni í Elliðaánum | | 5000.00 |
| 7. Hagatollur | | 1000.00 |
| 8. Tekjur af ístöku, 35 aur. fyr $m^3$ | | 1500.00 |
| 9. - - lóðasölu | | 1000.00 |
| 10. - - seldum erfðafestulöndum | | 1000.00 |
| 11. - eftir byggingarsamþykkt | | 1000.00 |
| 12. - af vatnsveitunni: | | |
| a. vatnsskattur | 50000.00 | ~~50000.00~~ |
| b. vatnssala til skipa | 10000.00 | 60000.00 |
| 13. Endurborgun lána til húsæða | | 200.00 |
| 14. Tekjuafgangur gasstöðvarinnar | | 1000.00 |
| 15. Sótaragjald | | 4600.00 |
| 16. Hundaskattur | | 200.00 |
| 17. a. Endurgreiddur styrkur af innansveitarmönnum | 3000.00 | |
| b. Greftrunarkostnaður | 200.00 | 3200.00 |
| 18. a. Endurgr. styrkur frá öðrum sveitum | 35000.00 | |
| b. Endurgreiddur lögflutningur | 250.00 | 35250.00 |
| 19. Tekjur af vinnu fátæklinga | | 20000.00 |
| 20. Styrkur úr landssjóði til barnaskólans og skólagjöld | | 7000.00 |
| 21. Tekjur af grunneigendum til húseigenda | | 8700.00 |
| 22. a. Hreinsunargjald | 40000.00 | |
| b. Fyrir seldan áburð | 2000.00 | 42000.00 |
| 23. Sundkennslustyrkur úr landssjóði | | 300.00 |
| 24. Fyrir laugakeyrslu | | 4000.00 |
| 25. a. Endurborgun á bráðabirgðalánum til húsagerðar | 800.00 | |
| b. Vextir af bráðabirgðalánum til húsgerar | 200.00 | 1000.00 |
| 26. Óvissar tekjur bæjarsjóðs | | 4000.00 |
| 27. Niðurjöfnun eftir efnun og ástæðum auk 5% - 10% umfram | | 883949.81 |
| Alls kr. | | 1193199.81 |

## G J Ö L D:

| | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|
| 1. Skattur og gjöld til hins opinbera | | 1200.00 |
| 2. Árgjald til Helgafellsprestakalls | | 204.45 |
| 3. Stjórn kaupstaðarins: | | |
| a. Kostnaður við bæjarstjórn, nefndir o.fl. | 5000.00 | |
| b. Laun borgarstjóra | 4500.00 | |
| c. Persónuleg launaviðbót handa núverandi borgarstjóra | 2500.00 | |
| d. Skrifstofufé borgarstjóra | 15000.00 | |
| e. Laun bæjargjaldkera | 3600.00 | |
| f. Skrifstofufé bæjargjaldkera | 7500.00 | |
| g. Ræsting, hiti og ljós á skrifstofum bæj rins | 3000.00 | |
| h. Til að safna skýrslum fyrir niðurjöfnunarnefnd | 600.00 | 41700.00 |
| 4. Til löggæzlu: | | |
| a. Laun lögregluþjóna | 20000.00 | |
| b. Fatnaður handa lögregluþjónum | 7600.00 | |
| Flyt kr. | | |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|
| Flutt kr. | | |
| 4. c. Önnur gjöld | 1000.oo | 28600.oo |
| 5. Til hreinsunar reykháfa | | 3600.oo |
| 6. Eftirlaun og ellistyrkur | | 3700.oo |
| 7. Slysatrygging | | 2000.oo |
| 8, Umsjón og varzla kaupstaðarlandsins | | 1000.oo |
| 9. Manntalskostnaður eftir reikningi allt að | | 600.oo |
| 10. Til heilbrigðisráðstafana : | | |
| a. Laun heilbrigðisfulltrúa | 2400.oo | |
| b. Laun ljósmæðra | 2000.oo | |
| c. Til Baðhúss Reykjavíkur | 2000.oo | |
| d. Önnur gjöld | 1000.oo | 7400.oo |
| 11. Til verkfræðings og byggingarfulltrúa: | | |
| a. Laun bæjarverkfræðings | 3600.oo | |
| b. Laun byggingarfulltrúa | 900.oo | |
| c. Skrifstofukostnaður | 700.oo | 700.oo |
| 12. a. Til vegagerðar : | | |
| 1. Laugavegur Kr. 10000.oo | | |
| 2. Vesturgata að því tilskildu að tjara fáist til götugerðarinnar Kr. 20600.oo | | |
| 3. Til að fullgera Fríkirkjuveginn að Þvergötunni og til að gera brú yfir Tjörnina 6000.oo | | |
| 4. Melavegur Kr. 10000.oo | | |
| 5. Vegur ásamt holræsi milli Bergstaðastrætis og Ingólfsstrætis að því tilskildu að ókeypis vegarstæði fáist og túnblettinum verði breytt í byggingarlóð 3500.oo | 50100.oo | |
| b. Til gangstétta : | | |
| 1. Laugavegur Kr. 8700.oo | | |
| 2. Vesturgata - 17500.oo að því tilskildu, að tjara fáist til götugerðarinnar | 26200.oo | |
| c. Til ofaníburðar og viðhalds gatna og ræsa Kr.12000.oo | 12000.oo | 88300.oo |
| 13. Til þrifnaðar, snjómoksturs, klakahöggs o.fl. | | 17000.oo |
| 14. Götulýsing | | 12000.oo |
| 15. a. Salernahreinsun | 16000.oo | |
| b. Sorphreinsun | 24000.oo | 40000.oo |
| 16. Til vatnsveitunnar: | | |
| a. Afborgun | 14800.oo | |
| b. Vextir | 21700.oo | |
| c. Reksturskostnaður og viðhald | 6000.oo | 42500.oo |
| 17. Til slökkvitóla og slökkviliðs: | | |
| a. Laun slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra | 9000.oo | |
| b. Laun slökkviliðsins | 6000.oo | |
| c. Viðhald og endurnýjun slökkvitóla og húsa | 4000.oo | |
| d. Kostnaður við hesta | 6000.oo | |
| e. Ýmisleg útgjöld | 3500.oo | 20400.oo |
| 18. a. Til viðhalds og endurbóta á fasteignum kaupstaðarins | 6000.oo | |
| b. Til undirbúnings ræktunar í Fossvogi | 4000.oo | |
| c. Til girðingar og lögunar á Austurvelli eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar | 15000.oo | 25000.oo |
| 19. a. Til áhalda og aðgerða á þeim | 4000.oo | |
| b. Kaup efnis- og áhaldavarðar | 1800.oo | 5800.oo |
| 20. Til fátækraframfæris: | | |
| a. Til ómaga yngri en 16 ára | 4500.oo | |
| b. Til þurfamanna eldri en 16 ára | 140000.oo | |
| c. Til fátækralækna | 1000.oo | |
| d. Greftrunarkostnaður þurfamanna | 3000.oo | |
| e. Önnur útgjöld | 4500.oo | 153000.oo |
| Flyt kr. | | |


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| GJÖLD: | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|
| Flutt | | |
| 21. Til þurfamanna annara sveita: | | |
| a. Útlagður styrkur | 50000.00 | |
| b. Lögfluttningur | 500.00 | 50500.00 |
| 22. Til að veita fátæklingum vinnu | | 40000.00 |
| 23. Til barnaskólans: | | |
| a, Laun fastra kennara og stundakennara | 50000.00 | |
| b. Til læknis fyrir heilbrigðiseftirlit | 600.00 | |
| c. Til áhaldakaupa og bóka; þar af 200 kr. til bókasafns kennara | 1500.00 | |
| d. Til eldiviðar og ljósa | 10000.00 | |
| e. Til viðhalds og endurbóta á skólahúsi og lóð | 2000.00 | |
| f. Til ræstingar | 2000.00 | |
| g. Til skólaeldhússins | 1200.00 | |
| h. Til matgjafa handa fátækum börnum | 3000.00 | |
| i. Ýms útgjöld | 1500.00 | |
| j. Til undirbúnings byggingar nýs barnaskólahúss | 2000.00 | 73800.00 |
| 24. Ýmsir styrkir: | | |
| a. Til kvennaskóla Reykjavíkur | 500.00 | |
| b. Til Iðnskólans | 500.00 | |
| c. Til Leikfélags Reykjavíkur | 500.00 | |
| d. Til sama, gegn því að leikið verði minnst fimm sinnum fyrir helming venjulegs verðs | 200.00 | |
| e. Til Alþýðulestrarfélags Reykjavíkur | 150.00 | |
| f. Til skógræktar í Reykjavík | 300.00 | |
| g. Til Sjúkrasamlags Reykjavíkur, 3 kr. á hvern samlagsmann, allt að | 4500.00 | |
| h. Til Hjúkrunarfélags Reykjavíkur | 1000.00 | |
| í. Til hjúkrunarfélagsins "Líkn" | 1000.00 | |
| j. Til lesstofu handa börnum | 1000.00 | |
| k. Til skólans í Bergstaðastræti 3 | 1500.00 | |
| l. Til Hjálpræðishersins til að halda uppi gistihúsi | 1000.00 | |
| m. Til Ólafs Björnssonar fyrir að gefa út bæjarskrá, allt að | 300.00 | 11650.00 |
| 25. Ýmisleg útgjöld: | | |
| a. Til leikvalla handa börnum | 800.00 | |
| b. Til viðhalds á þvottalaugunum og umsjónar þar | 6000.00 | |
| c. Til laugakeyrslu | 6000.00 | |
| d. Til viðhalds á sundlauginni og sundkennslu | 1500.00 | |
| e. Til umsjónar með Elliðaánum og viðgerðar á veiðimannahúsum | 1500.00 | |
| f. Til risnu | 300.00 | 16100.00 |
| 26. Bjargráðagjald | | 4000.00 |
| 27. Til mælingar og skrásettningar lóða | | 8000.00 |
| 28. Dýrtíðaruppbót handa starfsmönnum bæjarins | | 30000.00 |
| 29. Dýrtíðarráðstafanir | | 30000.00 |
| 30. Vextir og afborganir lána, annara en til vatnsveitu gasstöðvar, baðhúss og Bjarnaborgar: | | |
| a. Afborgun | 35000.00 | |
| b. Vextir | 75000.00 | 110000.00 |
| 31. Óviss gjöld | | 12000.00 |
| 32. Tekjuhalli: | | |
| a. Á Reikningi bæjarsjóðs 1917 | 70390.38 | |
| b. Á reikningi gasstöðvar 1917 | 34554.98 | |
| c. Á mótekju 1917 | 108000.00 | |
| d. Á jarðeplaræktun í Brautarholti 1918 | 30000.00 | 242945.36 |
| 33. Eftirstöðvar til næsta árs | | 65000.00 |
| Alls Kr. | | 1193199.81 |

Þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnarinnar 19. desember 1918.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 31. des. 1918.

K. Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Á Æ T L U N

um tekjur og gjöld hafnarsjóðs Reykjavíkur árið 1919.

| Tekjur : | Kr. | Kr. |
|---|---|---|
| 1. Eftirstöðvar frá fyrra ári | | 60000.00 |
| 2. Vextir af skuldabréfum og handbæru fé | | 2000.00 |
| 3. Vörugjald | | 120000.00 |
| 4. Föst skipagjöld : | | |
| a. Lestargjald | 18000.00 | |
| b. Bryggjugjald | 35000.00 | |
| c. Festargjald | 18000.00 | |
| d. Fjörugjald | 1500.00 | |
| e. Vitagjald | 1000.00 | |
| f. Kjölfestugjald | 600.00 | 74100.00 |
| 5. Leiga af lóðum hafnarinnar | | 45000.00 |
| 6. Leiga af húseignum | | 9000.00 |
| 7. Tekjur af Örfirisey | | 1000.00 |
| 8. Tekjur af vatnssölu | | 18000.00 |
| 9. Tekjur af skipaleiðsögu | | 6000.00 |
| 10. Óvissar tekjur (eimreið, smiðja, mótorbátur m. m.) ........................ | | 10000.00 |
| Samtals Kr. | | 345100.00 |

## G J Ö L D :

| | | |
|---|---|---|
| 1. Fastir starfsmenn og starfsmenn á skrifstofunni (Hafnarstjóri 5000.00, Hafnarfógeti og Gjaldkeri 3600.00) | | 23000.00 |
| 2. Skrifstofukostnaður | | 3500.00 |
| 3. Hafnarvitarnir .... .................................. | | 2300.00 |
| 4. Lýsing við höfnina | | 3000.00 |
| 5. Til sæmerkja ....................... ........... .. | | 1000.00 |
| 6. Viðhald húseigna | | 1000.00 |
| 7. Viðhald hafnarvirkja | | 24000.00 |
| 8. Til bátavara | | 1000.00 |
| 9. Kostnaður við skipaleiðsögu .... ................. | | 7000.00 |
| 10. Kostnaður við vatnssölu | | 16000.00 |
| 11. Til gatnagerðar og holræsa | | 37000.00 |
| 12. Vextir af lánum: | | |
| a. 4½% lán 1912 | 46980.00 | |
| b. 5½% lán 1917 | 30250.00 | |
| c. 5 % lán 1917 | 4275.00 | |
| d. 6 % lán 1918 | 1200.00 | |
| e. Víxlalán | 21760.00 | 104465.00 |
| 13. Afborganir | | 56100.00 |
| 14. Til slysatrygginga r | | 1000.00 |
| 15. Ýms gjöld | | 4735.00 |
| 16. Eftirstöðvar til næsta árs | | 60000.00 |
| Samtals kr. | | 345100.00 |

Þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnarinnar 30. desember 1918.

Borgarstjórinn í Reykjavík 31. desember 1918.

K. Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, fimmtudaginn 2. janúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.30 síðdegis og voru þá til fundar komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Þorvarður Þorvarðsson, Ólafur Friðriksson, Inga Lára Lárusdóttir, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, Jón Baldvinsson, Guðmundur Ásbjörnsson og Bríet Bjarnhéðinsdóttir.
Kristján V. Guðmundsson tilkynnti borgarstjóra forföll. Sighvatur Bjarnason (forseti) á leið til útlanda. - Ágúst Jósefsson kom á fund kl. 5.38, Jón Þorláksson kl. 6.10, Sveinn Björnsson kl. 6.40, og Jón Ólafsson kl. 6.52.
Borgarstjóri setti fundinn í fjærveru forseta og með því að varaforseti var ekki til fundar kominn. Var svo Sigurði Jónssyni falinn fundarstjórn í einu hljóði.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Borgarstjóri skýrði frá, að landsstjórnin hefði lofað fyrir hönd landssjóðs, að takast á hendur ábyrgð á tveggja miljóna króna láni til rafmagnsstöðvarinnar, og hefði tilkynning um það verið símuð til íslenzku stjórnarskrifstofunnar í Kaupmannahöfn.

( II. Hús Hólmfríðar Gísladóttur)
II. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Hús Hólmfríðar Gísladóttur nr. 28 við Þingholtsstræti (brbnr. 683) | Kr. | 55721.00 |
| 2. Hús Hallgríms Kristinssonar, nr. 27 við Þingholtsstræti (brbnr. 507) | - | 28881.00 |
| 3. Félagsprentsmiðjan við Ingólfsstræti (brbnr. 1362) | - | 45509.00 |
| 4. Hús Markúsar og Jóns Jónssona, nr. 3 við Bjargarstíg (brbnr. 508) | - | 14793 .00 |
| 5. | | |

III. Fundargerð byggingarnefndar frá 28. des. lögð fram. Eftir alllangar umræður var tillaga meiri hluta nefndarinnar, um að Sigurjóni Péturssyni yrði veitt undanþága frá byggingarsamþykktinni til að byggja tvílyfta skúrbyggingu úr timbri og járni á hafnaruppfyllingunni fyrir sunnan Tryggvagötu, samþykkt með 6:4 atkv.
Eftir atkvæðagreiðsluna ítrekaði borgarstjóri það, sem hann hafði tekið fram undir umræðunum, að hann myndi, þrátt fyrir þessa samþykkt bæjarstjórnarinnar, beita sér fyrir, að stjórnarráðið synjaði staðfestingar á þessari undanþágu.

IV. Fundargerð skólanefndar frá 31. desember lögð fram.

V. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 21. desember lögð fram og samþykkt í heild með öllum greiddum atkvæðum.

VI. Eftir tillögu borgarstjóra var samþykkt í einu hljóði, að dýrtíðaruppbót til starfsmanna bæjarins fyrir síðasta missiri næstliðins árs skyldi reiknað eftir sömu reglum og dýrtíðaruppbót til starfsmanna landssjóðs.

VII. Samþykkt var með 7:3 atkv. að verða ekki við beiðni Sveins Jónssonar um lausn úr byggingarnefnd.

VIII. Lesið bréf Hjartar Þorsteinssonar, dags. 27. des. þar sem hann segir lausri bæjarverkfræðingsstöðunni frá 1. apríl næstkomandi.

Fundarstjóri skýrði frá, að gleymzt hefði að setja tvö mál á dagskrá:
1. Kosningu þriggja manna til að semja ellistyrktarsjóðsskrá fyrir árið 1919 og
2. Kosningu þriggja manna til að semja alþingiskjörskrá fyrir árið 1919.
Var samþykkt í einu hljóði að bæta þessum málum á dagskrána.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IX. Í ellistyrktarsjóðsskrárnefnd voru kosnir:
Kristján V. Guðmundsson með 11 atkv.
Sigurður Jónsson - 11 -
Jón Ólafsson x - 4 -

X. Í alþingiskjörskrárnefnd voru kosnir:
Sveinn Björnsson með 8 atkv.
Jón Þorláksson með 6 -
Þorvarður Þorvarðsson með 5 atkv.

XI. Frumvarp til lögreglusamþykktar tekið til framhalds 2. umræðu.

Frumvarpinu var skipt í fimm kafla til umræðu og úrslita um hvern kafla fyrir sig.

Við atkvæðagreiðsluna hér á eftir er vísað til þeirra breytingartillagna, sem áður voru framkomnar og útbýtt meðal bæjarfulltrúanna, en aðeins þær breytingartillögur bókaðar, sem fram komu á fundinum.

Atkvæðagreiðslan fór á þessa leið:

1. - 2. gr. samþ. í einu hljóði.
Brtt. Þorvarðs Þorvarðssonar við 3. gr. tekin aftur.
Brtt. Ólafs Friðrikssonar við 3. gr. (með aths. nefndarinnar) samþ. í einu hljóði.
3. gr. svo breytt samþ. í einu hljóði.
Brtt. Ólafs Friðrikssonar við 4. gr. tekin aftur.
4. - 5. gr. samþ. í einu hljóði.
Brtt. Ólafs Friðrikssonar við 6. vr. samþ. með 9:3 atkv.
Bttt. Sveins Björnssonar við sömu gr., svo látandi:
"Á eftir orðunum: "sem hindrar umferðina" komi: Lögreglustjóri getur þó gert undanþágu frá þessu ákvæði um sérstakar götur eða svæði",
þar með fallin.
6. gr. með áorðinni breytingu samþ. með samhlj. atkv.
7. gr. samþ. í einu hljóði.
Brtt. Ólafs Friðrikssonar við 8. gr. tekin aftur.
Brtt. Þorvarðs Þorvarðssonar við 8. gr. samþ. í einu hljóði.
8. gr. svo breytt samþ. í einu hljóði.
9. - 10. gr. samþ. í einu hljóði.
Fyrri málsl. brtt. Ólafs Friðrikssonar við 11. gr. tekin aftur.
Brtt. nefndarinnar við fyrri málsgr. 11. gr. samþ. í e. hlj.
Viðaukatillaga nefndarinnar við síðari málsl. brtt. Ólafs Friðrikssonar samþ. í einu hljóði.
Síðari málsliður brtt. Ólafs Friðrikssonar svo breyttur samþ. í einu hljóði.
11. gr. svo breytt samþ. í einu hljóði.
Brtt. Ólafs Friðrikssonar við 12. gr. tekin aftur.
12. gr. óbreytt samþykkt í einu hljóði.
Brtt. Þorvarðs Þorvarðssonar við 13. gr. tekin aftur.
Brtt. Ólafs Friðrikssonar við brtt. Ingu Láru Lárusdóttur við 13. gr., um að í stað "10 ára" kæmi 8 ára, og að út féllu orðin: "bréfspjöld með myndum", samþ. með 8:1 atkv.
Brtt. Ingu Láru Lárusdóttur svo breytt samþ. með 10 atkv.,
13. gr. svo breytt samþ. með samhlj. atkv.
Brtt. Ólafs Friðrikssonar við 14. gr. tekin aftur.
14.-15. gr. samþ. í einu hljóði.
Brtt. Ingu Láru Lárusdóttur við 16. gr. samþ. í einu hljóði.
16. gr. svo breytt samþ. í einu hljóði.
17. gr. samþ. í einu hljóði.
Brtt. Ólafs Friðrikssonar við 18. gr. (fyrri hluti) samþ. með 6:5 atkv.
Síðari hluti sömu brtt. samþ. með 8 atkv. samhlj.
18. gr. svo breytt samþ. með samhlj. atkv.
191 gr. samþ. í einu hljóði.
Brtt. Þorvarðs Þorvarðssonar við 20. gr. tekin aftur.
Brtt. Ólafs Friðrikssonar við 20. gr. (fyrri hluti) felld með öllum atkv. gegn einu.
Síðari hluti sömu brtt. felldur með 9:3



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20. gr. óbreytt samþ. með samhljóða atkv.
21. gr. samþ. í einu hljóði.
Brtt. Ingu Láru Lárusdóttur við 22. gr. felld með 6:3 atkv.
Brtt. borgarstjóra við viðaukatillögu nefndarinnar við 22. gr. svo látandi:
"Upphafið orðist svo:
Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er tekið burt án þess ..................",
samþ. í einu hljóði.
Viðaukatill. nefndarinnar svo breytt samþ. í e. hlj.
22. gr. svo aukin samþ. í einu hljóði.
Brtt. Ingu Láru Lárusdóttur við 23. gr. tekin aftur.
23.-29. gr. samþ. í einu hljóði.
Brtt. Ólafs Friðrikssonar við 30. gr. samþ. án atkvgr.
Viðaukatill. Þorvarðs Þorvarðssonar við 31. gr. tekin aftur.
Brtt. Ólafs Friðrikssonar við 31. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. Þorvarðs Þorvarðssonar við 34. gr. tekin aftur.
Brtt. Ólafs Friðrikssonar við 41. gr. samþ. án atkvgr.
30.-42. gr. samþ. í einu hljóði.
Viðaukatillaga nefndarinnar við 43. gr. samþ. í einu hljóði.
43. gr. svo aukin samþykkt í einu hljóði.

Þegar hér var komið umræðum og atkvæðagreiðslu um lögreglusamþykktarfrumvarpið, kl. 7.45, var fundi frestað til kl. 8.45.

Kl. 8.55 var fundur settur aftur. Voru þá til fundar komnir: Borgarstjóri, Sigurður Jónsson, Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson, Guðmundur Ásbjörnsson og Jón Ólafsson. . Inga Lára Lárusdóttir kom að nýlokinni fundarsettningu, Sveinn Björnsson litlu síðar, Jón Baldvinsson kl. 9.10.

Var nú haldið áfram dagskránni og tekið til þar sem komið var þegar fundi var frestað.
44. gr. samþ. í einu hljóði.
Brtt. Ólafs Friðrikssonar við 45. gr. felld með 7:1 atkv.
45. gr. óbreytt samþ. í einu hljóði.
Brtt. Ingu Láru Lárusdóttur og Ólafs Friðrikssonar við 48. gr. teknar aftur.
46.-50. gr. samþ. í einu hljóði.
Brtt. Jóns Þorlákssonar við 51. gr. felld með 8:3 atkv.
Viðaukatillaga við 51. gr. frá Ágúst Jósefssyni og Jóni Þorlákssyni, svo látandi:
"Bifreiðarstjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að gera eigi hávaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjum; þeir bera og ábyrgð á því, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki um hönd söng eða hávaða".
samþ. með samhlj. atkv.
51. gr. svo aukin samþ. í einu hljóði.
Brtt. Þorvarðs Þorvarðssonar við 54. og 55. gr. teknar aftur.
52.-55. samþ. í einu hljóði.
56. gr. samþ. í einu hljóði.
Brtt. Ólafs Friðrikssonar við 57. gr. tekin aftur.
Viðaukatillaga við 57. gr. (fyrri hluti)
samþ. með samhljóða atkvæðum.
Viðaukatillaga við 57. gr. frá Jóni Baldvinssyni, svolátandi:
"Aftan við greinina bætist:
Bannað er að flytja kindur bundnar í vögnum um bæinn",
samþ. í einu hljóði.
Viðaukatillaga nefndarinnar við 57. gr. (síðari hluti)
samþ. í einu hljóði.
57. gr. svo aukin samþ. í einu hljóði.
Brtt. við 58. gr. 2. mgr. frá Ágúst Jósefssyni, svo látandi:
"Fælnir og slægir hestar mega aldrei ganga lausir.
Hesta, sem leika sér eða fara á hlaupum um göturnar, skal handsama",
samþ. með 7 atkv. samhlj.
Viðaukatillaga Ingu Láru Lárusdóttur við 58. gr.:
"Hestar, sem ráfa umhirðulausir um götur bæjaris, skal lögreglan hýsa og fóðra",
samþ. með 6:2 atkv.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Viðaukatillaga nefndarinnar við 58. gr.
samþ. með samhljóma atkv.
58. gr. svo breytt samþ. með einu hljóði.
59. gr. samþ. í einu hljóði.
Brtt. Jóns Þorlákssonar við 60. gr. svo látandi:
"Í stað tveir fullorðnir karlmenn sð minnsta kosti"
komi: nægir gæzlumenn",
samþ. með 9 atkv. samhlj.
60. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.
61. gr. samþ. í einu hljóði.
Brtt. Ólafs Friðrikssonar og Þorvarðs Þorvarðssonar við 62. gr. teknar aftur.
Brtt. nefndarinnar við 62. gr. samþ. með 6:2 atkv.
62. gr. svo breytt samþ. í einu hljóði.
Brtt. Þorvarðs Þorvarðssonar við 63. gr. tekin aftur.
63.-64. gr. samþ. í einu hljóði.
Brtt. Ólafs Friðrikssonar við 65. gr. samþ. í einu hljóði.
65. gr. þar með ákveðin.
66. gr. samþ. í einu hljóði.
Viðaukatillaga frá Ólafi Friðrikssyni við 67. gr.
samþ. með samhlj. atkvæðum.
67. gr. svo aukin samþ. í einu hljóði.
Viðaukatillaga Þorvarðs Þorvarðssonar við 68. gr. tekin aftur.
68.-69. gr. damþ. í einu hljóði.
70. gr. samþ. í einu hljóði.
Brtt. Þorvarðs Þorvarðssonar við 71. gr. samþ. með 6:4 atkv.
71. gr. svo breytt samþ. með 7 atkv. samhlj.
72. gr. samþ. með samhljóða atkv.
Brtt. Ólafs Friðrikssonar og Þorvarðs Þorvarðssonar
við 73. gr. tekin aftur.
Viðaukatillaga frá Ágúst Jósefssyni við 73. gr. svo látandi:
"Aftan við 73. gr. komi ný málsgrein: Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm(gistiskrá) gestaskrá".
samþ. í einu hljóði.
73. gr. svo aukin samþ. í einu hljóði.
Brtt. við brtt. Þorvarðs Þorvarðssonar við 74. gr. frá Jörundi Brynjólfssyni og Jóni Þorlákssyni svo látandi:
"Á eftir orðunum: ~~nein~~ "neins konar veitingar" o.s.frv.
Komi: umfram lífsnaiðsynjar",
samþ. með 7:2 atkv.
Brtt. Þorvarðs Þorvarðssonar við 74. gr. svo breytt
samþ. með samhljóða atkv.
Brtt. Ólafs Friðrikssonar við 75. gr. (fyrri hluti)
samþ. með 9:1 atkv.
Síðari hluti sömu brtt. samþ. með 6:2 atkv.
Brtt. Ingu Láru Lárusdóttur við 75. gr. felld með 7:1 atkv.
75. gr. með áorðnum breytingum samþ. með samhlj. atkv.
76.-77. gr. samþ. í einu hljóði.
Brtt. Ólafs Friðrikssonar við 78. gr. (með breytingum nefndarinnar) samþ. með samhljóða atkv.
78. gr. svo breytt samþ. með samhljóða atkvæðum.
Brtt. Ólafs Friðrikssonar við 79. gr. tekin aftur.
Brtt. Ólafs Friðrikssonar og Ingu Láru Lárusdóttur við 79. gr.
8 um að í stað orðanna: "að einhverju leyti" í niðurlagi greinarinnar kæmi: eða siðspillandi,
samþ. með 7:1 atkv.
79. gr. svo breytt samþ. með öllum atkv. gegn einu.
80. gr. samþ. í einu hljóði.
Brtt. við 81. gr. frá borgarstjóra, svo látandi:
"Fyrsta málsgrein: "Bæjarstjórnin ..... ... almenning", falli burtu",
samþ. með samhlj. atkv.
Brtt. nefndarinnar við 81. gr. samþ. með samhlj. atkv. Þar með óþarfar brtt. Ólafs Friðrikssonar og Þorvarðs Þorvarðssonar.
81. gr. með áorðinni breytingu samþ. í einu hljóði.
Brtt. Ólafs Friðrikssonar og Þorvarðs Þorvarðssonar
við 83. gr. teknar aftur.
82.-89. gr. samþ. í einu hljóði.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brtt. Ingu Láru Lárusdóttur við 90. gr. felld með 7:3 atkv.
Varatillaga við 90. gr. frá Sveini Björnssyni (ef félli tillaga Ingu Láru Lárusdóttur), svo látandi:
"Á undan "portum" komi: hellulögðum eða tjörusteyptum gangstéttum"
felld með 6:3 atkv.
Brtt. Ólafs Friðrikssonar og Þorvarðs Þorvarðssonar við 95. gr. tekin aftur.
90.-97. gr. óbreyttar samþ. í einu hljóði.
Brtt. borgarstjóra við 98. gr. samþ. í einu hljóði.
98. gr. svo breytt samþ. í einu hljóði.
Fyrirsögn frumvarpsins samþ. án atkvæðagreiðslu. (samkvæmt framanskráð)
Frumvarpið í heild, með áorðnum breytingum, samkvæmt framanskráðri arkvæðagreiðslu,
samþykkt í einu hljóði.

Í sambandi við frumvarpið flutti nefndin tillögu, en að uppástungu Ólafs Friðrikssonar var samþ. með 8 atkv. samhlj. að fresta að gera út um hana.

Ennfremur flutti borgarstjóri svo látandi tillögu:
"Bæjarstjórnin felur lögreglusamþykktarnefnd að koma fram með tillögur til erindisbréfs fyrir lögreglumenn".
Tillaga sú var samþ. með samhljóða atkvæðum.

Hér með var dagskrá lokið, en samþ. var með 8 atkv. samhlj. að taka til meðferðar utan dagskrár skýrslu og tillögu frá lyfjabúðarnefndinni.

Skýrði Jón Þorláksson frá starfi nefndarinnar og lagði fram tillögu hennar svo látandi:
"Bæjarstjórnin skorar á landsstjórnina að veita leyfi til að reka eina lyfjabúð í Reykjavík auk þeirrar, sem nú er, og sé hin nýja lyfjabúð á Laugavegi fyrir vestan Frakkastíg".

Ólafur Friðriksson bar fram brtt. við tillögu lyfjabúðarnefndar, svo látandi:
"Milli orðanna "reka" og "eina" komi: að minnsta kosti.
Og milli "hin" og "nýja" bætist:fyrsta.
Brtt. var samþ. í einu hljóði.
Tillaga lyfjavúðarnefndar svo breytt samþ. í einu hlj.

Undirskrift gerðabókar frestað og borgarstjóra, fundarstjóra og skrifurum falið að sjá um rétta innfærslu atkvæðagreiðslunnar um lögreglusamþykktarfrumvarpið og þess annars, sem eftir var að bóka.

Fundi slitið kl. 11.35.

K.Zimsen. Sigurður Jónsson. Ólafur Friðriksson. Ágúst Jósefsson. Sveinn Björnsson. Jón Baldvinsson. Þorvarður Þorvarðsson. Jón Ólafsson. Jórundur Brynjólfsson. Jón Ólafsson. Inga Lára Lárusdóttir. Guðmundur Ásbjörnsson. Jón Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, fimmtudaginn 16. janúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis, og voru þá til fundar komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Sigurður Jónsson, Þorvarður Þorvarðsson, Ólafur Friðriksson, Inga Lára Lárusdóttir, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson, Kristján V. Guðmundsson, Jón Baldvinsson, Guðmundur Ásbjörnsson og Jón Ólafsson.

Sighvatur Bjarnason var erlendis.

Ágúst Jósefsson kom á fund kl. 5.25, Sveinn Björnsson kl. 5.45.

Borgarstjóri setti fundinn, en síðan var Sigurði Jónssyni fengin fundarstjórn, með því að varaforseti var ekki til fundar kominn en forseti erlendis.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Sóttvarnarhús landssjóðs fyrir vestan Framnesveg (brbnr. 1424) | Kr.27852.oo |
| 2. | Hús Kristins Einarssonar nr. 24 við Bræðraborgarstíg (brbnr. 1047) | - 10541.oo |
| 3. | Hús Sigurðar Guðlaugssonar og Daníels Halldórs nr. 14 við Grjótagötu (brbnr. 292) | - 19583.oo |
| 4. | Hús Kristínar Benediktsdóttur, nr. 2 við Vonarstræti (brbnr. 1342) | - 20790.oo |
| 5. | Hús Jóns Þorlákssonar, nr. 11 við Bankastræti (brbnr. 1344) | - 195616.oo |
| 6. | 6. Hús Sigurðar Oddssonar nr. 30a við Laugaveg (brbnr. 376) | - 35533.oo |
| 7. | Hús Samúels Ólafssonar, nr. 53 b við Laugaveg (brbnr. 812) | - 37400.oo |
| 8. | Hús Ó.Johnsons og L. Kaabers, nr. 1 við Hafnarstræti | - 173114.oo |
| 9. | Hús Bárðar Kr. Guðmundssonar, nr. 54 b við Grettisgötu (brbnr. 729) | - 19535.oo |
| 10. | Hús sama, nr. 54 b við Grettisgötu (brbnr. 1425) | - 3900.oo |
| 11. | Hús Halldórs Arnórssonar, nr. 45 b við Laufásveg (brbnr. 1272) | - 11550.oo |
| 12. | Hús Kristjáns Magnússonar, nr. 12 við Laugaveg (brbnr. 7) | - 48712.oo |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 11. janúar lögð fram og samþykkt í heild með 9 atkv. samhlj.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 12. janúar lögð fram.
3. liður samþykktur í einu hljóði.
8. liður samþ. með 5:3 atkv.
12. liður samþ. með 6 atkv. samhlj.
Fundargerðin í heild samþ. með 7 atkv. samhlj.

IV. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 15. janúar lögð fram og samþ. í heild með samhljóða atkv.

V. Fundargerð fátækranefndar frá 9. janúar lögð fram. Til úrskurðar bæjarstjórnar komu 34, 35. og 36. liður.

Inga Lára Lárusdóttir bar fram brtt. við 34. lið svo látandi:

"Í stað 300 komi 400,
- - 240 - 320,
- - 270 - 360,
- - 100 - 135"

Borgarstjóri lagði til að þessari brtt. og liðnum þar með yrði vísað til fátækranefndar til nýrrar athugunar.

Var sú tillaga samþ. með 8:1 atkv.

35. liður samþ. með 9 atkv. samhlj.

36. liður a. Beiðni Jóns Jónssonar Kárastíg 7, um niðurfærslu útsvars synjað með 6:3 atkv.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

36. liður b samþ. í einu hljóði.
36. liður c. Beiðni Ólafs Halldórssonar, Grjótagötu 12, um niðurfærzlu á útsvari, synjað með 8:1 atkv.
36. liður d samþ. í einu hljóði.

VI. Fundargerð skólanefndar frá 13. janúar lögð fram.

VII. Lagður fram til úrskurðar reikningur ellistyrktarsjóðs fyrir árið 1917.
Úrskurðartillögur endurskoðenda samþ. í einu hljóði.
Reikningurinn svo úrskurðaðar samþ. í einu hljóði.

VIII. Út af erindi héraðslæknis, dags, 10. jan., um ~~farsóttahjúk~~ farsóttasjúkrahús, var kosin nefnd þriggja manna, til að athuga það mál, og hlutu kosningu:

Borgarstjóri, með 9 atkv.
Ágúst Jósefsson, með 6 atkv.
Þorvarður Þorvarðsson, með 5 atkv.

IX. Erindi Eimskipafélags Íslands, dags. 10. jan., um lóðakaup, vísað til hafnarnefndar með 8 atkv. samhlj.

Hér með var dagskráin tæmd, en Jóni Baldvinssyni var leyft með 8:1 atkv. að hreyfa máli utan dagskrár.
Fann hann að því, að verkamönnum í bæjarvinnunni og í gasstöðinni væri goldið lægra tímakaup heldur en aðrir vinnuveitendur gyldu verkamönnum sínum.
Í þessu sambandi lagði borgarstjóri fram 3 bréf, er hann hafði móttekið í dag.
Umræður urðu langar um málið, og er þær höfðu staðið um hríð las fundarstjóri tillögu frá málshefjanda svo látandi:

"Bæjarstjórnin telur sjálfsagt, að verkamönnum bæjarins,- þar með töldum starfsmönnum gasstöðvarinnar, sem vinna fyrir tímakaupi - sé goldið hið sama tímakaup og aðrir atvinnurekendur hafa samið um við verkamannafél. Dagsbrún".

Jón Þorláksson flutti tillögu til rökstuddrar dagskrár svo látandi:

"Í trausti þess, að borgarstjóri geti komið sér saman við fulltrúa verkamannafélagsins Dagsbríunar um kaupgreiðslu lætur bæjarstjórnin útrætt um málið að svo stöddu".

Að umræðum loknum var tillaga Jóns Þorlákssonar borin undir atkvæði, og var hún samþykkt með 8:2 atkv.

Fundi slitið kl. 8.25 síðdegis.

K.Zimsen. Sigurður Jónsson. Ólafur Friðriksson. Jón Baldvinsson. Ágúst Jósefsson. Sveinn Björnsson. Kristján V. Guðmundsson. Þorvarður Þorvarðsson. Jón Ólafsson. Jörundur Brynjólfsson. Jón Þorláksson. Inga Lára Lárusdóttir. Guðmundur Ásbjörnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, fimmtudaginn 6. febrúar, var regulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.æ5 síðsegis, og voru þá til fundar komnir: Borgarstjóri, Benedikt Sveinsson (varaforseti), Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, Jón Baldvinsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Bríet Bjarnhéðinsdóttir og Jón Ólafsson. Inga Lára Lárusdóttir kom á fund kl. 5.25, Sveinn Björnsson kl. 6 og Jón Þorláksson kl. 6.05. Sighvatur Bjarnason var erlendis.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hús Guðmundar Gunnlaugssonar, nr. 8 B við Lindargötu(brbnr. 983) | Kr. 20087.00 |
| 2. | Hús Vémundar Fr. Ásmundssonar, nr. 8 B . við Þingholtsstræti (brbnr. 685) | - 16465.00 |
| 3. | Hús Borgþórs Jósefssonar, nr. 5 við Laufásveg (brbnr. 175) | - 52619.00 |
| 4. | Hús Odds Helgasonar, Hlíðarhús við Ægisgötu (brbnr. 229) | - 4512.00 |
| 5. | Bensínmótor í húsi A. V. Tulinius, nr. 22 við Laufásveg (brbnr. 633) | - 6000.00 |
| 6. | Hús Sigurðar Jónssonar, nr. 52 við Njálsgötu (brbnr. 1139) | - 12950.00 |
| 7. | Hús Guðmundar Jónssonar, nr. 76 við Hverfisgötu (brbnr. 644) | - 5410.00 |
| 8. | Hús dánarbús Guðmundar Jafetssonar, nr. 71 við Laugaveg (brbnr. 638) | - 12333.00 |
| 9. | Geymsluhús Hallgríms Benediktssonar á hafnarbakkanum (brbnr. 1380) | - 36220.00 |
| 10. | Hús Sigríðar Jónsdóttur, nr. 58 B við Laugaveg (brbnr. 816) | - 8413.00 |
| 11. | Hús Kjartans Ólafssonar, beykis, nr. 22 við Bergstaðastræti (brbnr. 226) | - 7108.00 |
| 12. | Hús Guðrúnar Jóhannesdóttur, nr. 5 við Stýrimannastíg (brbnr. 1147) | - 15903.00 |
| 13. | Hús Sveins Jónssonar (Doktorshús) - nr. 25 við Vesturgötu (brbnr. 84) | - 18932.00 |
| 14. | Hús Hjartar Fjeldsted, Vesturbakki við Bakkastíg (brbnr. 90) | - 24166.00 |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 1. febrúar lögð fram og samþykkt í heild með öllum greiddum atkvæðum.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 4. febrúar lögð fram. og samþykkt í heild með samhljóða atkvæðum.

IV. Fundargerð veganefndar frá 25. janúar lögð fram og samþykkt í heild með samhljóða atkv.

V. Fundargerð brunamálanefndar frá 3. febrúar lögð fram. Ólafur Friðriksson flutti brtt. við 3. lið svo látandi:

"Aftan við liðinn bætist: En leyfið fellur burt, ef ekki er farið eftir þeim fyrirmælum".

Var sú tillaga samþykkt með samhljóða atkvæðum.

Fundargerðin í heild, með þessum viðauka við 3. lið samþykkt með samhljóða atkvæðum.

VI. Fundargerð gasnefndar frá 4. febrúar lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

VII. Fundargerðir fjárhagsnefndar frá 3. og 4. febrúar lagðar fram. 2. liður fundargerðarinnar frá 4. febrúar samþ. við sérstaka atkvæðagreiðslu með 9:1 atkv.

Fundargerðin í heild samþykkt með samhljóða atkvæðum.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VIII. Fundargerð rafmagnsnefndar frá 4. febrúar lögð fram.
Í sambandi við hana fluttu Jón Ólafsson og Kristján V. Guðmundsson svo látandi tillögu:
/Bæjarstjórn Reykjavíkur ályktar að bjóða út í minnst fjórum nærliggjandi löndum væntanlega rafmagnsveitu fyrir Reykjavíkurbæ, og séu tilboðin komin ekki síðar en 9 mánuðum eftir að fé er fengið til fyrirtækisins".
Eftir alllangar umræður var gengið til atkvæða um fundargerðina og ofanskráða tillögu.
1. liður fundargerðarinnar samþ. með samhlj. atkv.
Tillaga Jóns Ólafssonar og Kristjáns V. Guðmundssonar felld með 9:5 atkv.
2. liður samþ. með 8 atkv. samhljóða.
3. lið frestað.
Samþykkt 1. liðs er því skilyrði bundin, að lánssamningur sá, sem þar ræðir um, verði símaður hingað heim áður en hann verði undirskrifaður.

IX. Úrskurði á reikningi bæjarsjóðs árið 1916 frestað til næsta fundar, svo að bæjarfulltrúunum gæfist kostur á að kynna sér athugasemdir endurskoðenda og svör reikningshaldara, sem liggja munu frammi til þess tíma á skrifstofu borgarstjóra.

X. Fundargerð fátækranefndar frá 23. janúar lögð fram.
15. liður kom til umræðu og úrslita. Hafði hann að geyma brtt. Ingu Láru Lárusdóttur við 34. lið fundargerðar fátækranefndar frá 9. janúar, en þeirri tillögu var vísað til fátækranefndar á síðasta fundi. (Sjá 5. lið síðasta fundar).

Kl. 8.15 var umræðu enn ekki lokið, en þá frestaði forseti fundi til kl. 9.3o.
Kl. 9.35 var fundur settur aftur, og voru þá komnir allir þeir, er áður sátu fundinn.
Þegar í fundarbyrjun kom fram tillaga um að slíta umræðum um 15. lið fátækranefndarfundargerðarinnar. Var sú tillaga samþykkt með öllum þorra atkvæða gegn einu.
Brtt. Ingu Láru Lárusdóttur þessu næst borin undir atkvæði og samþykkt með 8:6 atkvæðum.

XI. Fundargerð hafnarnefndar frá 3. febrúar lögð fram.
Út af 4. lið flutti Jón Baldvinsson rökstudda dagskrá, svo látandi:
"Þar sem áður hefur vakið fyrir bæjarstjórninni að selja ekki lóðir við höfnina, getur bæjarstjórnin nú heldur eigi fallizt á ~~fundarg~~ tillögur í fundargerð hafnarnefndar 3. febrúar, 4. lið, um sölu þessara lóða, en vill hinsvegar leigja þær til svo langs tíma, að vel við unandi sé, - og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."
Kl. 12 á miðnætti var umræðum um 4. lið fundargerðarinnar enn ekki lokið. Bar forseti þá undir atkvæði, hvort halda skyldi áfram fundinum. Var samþykkt með 8:2 atkv. að halda fundi áfram. En þegar einn bæjarfulltrúi hafði lokið máli sínu, vakti forseti athygli á því, að til þess að samþykkja afbrigði frá fundarsköpum þyrfti 2/3 atkvæða fundarmanna. Var nú enn gengið til atkvæða um, hvort halda skyldi áfram fundinum, og var það fellt með 8:4 atkv.- Var svo
fundi frestað kl. 12.3o e. miðn.

K. Zimsen. Benedikt Sveinsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framhaldsfundur. Ár 1919, þriðjudaginn 18. febrúar, var haldinn framhaldsfundur í bæjarstjórninni, til framhalds fundinum, sem frestað var 6. febrúar. Fundurinn var settur kl. 5.1o síðdegis, og voru þá komnir til fundar: Borgarstjóri, Sighvatur Bjarnason (forseti), Sveinn Björnsson, Þorvarður Þorvarðarson, Benedikt Sveinsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Inga Lára Lárusdóttir, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, Jón Baldvinsson, Guðmundur Ásbjörnsson og Jón Ólafsson. - Bríet Bjarnhéðinsdóttir kom kl. 5.15 og Kristján V. Guðmundsson kl. 5.2o.

Áður en gengið væri til dagskrár skýrði borgarstjóri frá því, að hann hefði sent út fundarboð 7. febrúar um framhaldsfund, er halda skyldi laugardaginn 8. febrúar, en sá fundur hefði farizt fyrir vegna lasleika síns og at öðrum ástæðum, og hefði ekki verið unnt að koma fundi á fyrr en nú.

Var svo gengið til dagskrár, og voru lagðir fyrir fundinn 8 síðustu liðirnir á dagskrá fundarins 6. febrúar.

Haldið áfram umræðum um 4. lið fundargerðar hafnarnefndar frá 3. febrúar. Að þeim loknum var gengið til atkvæða um fundargerðina, og fór atkvæðagreiðslan á þessa leið:

1.-3. liður samþ. í einu hljóði.

Rökstudd dagskrá Jón Baldvinssonar út af 4. lið felld með 8:7 atkvæðum að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| já: | nei: |
|---|---|
| Þorvarður Þorvarðsson | Borgarstjóri |
| Ágúst Jósefsson | Sveinn Björnsson |
| Benedikt Sveinsson | Guðmumdur Ásbjörnsson |
| Bríet Bjarnhéðinsdóttir | Jón Ólafsson |
| Jón Baldvinsson | Jón Þorláksson |
| Jörundur Brynjólfsson | Kristján V. Guðmundsson |
| Ólafur Friðriksson | Sighvatur Bjarnason |
| | Sigurður Jónsson |

Inga Lára Lárusdóttir greiddi ekki atkvæði.

Tillaga hafnarnefndar í 4. lið felld með 7:7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| já | nei |
|---|---|
| Borgarstjóri | Þorvarður Þorvarðsson |
| Sveinn Björnsson, | Ágúst Jósefsson, |
| Guðmundur Ásbjörnsson | Benedikt Sveinsson |
| Jón Ólafsson | Bríet Bjarnhéðinsdóttir |
| Jón Þorlákss n | Jón Baldvinsson |
| Sighvatur Bjarnason | Jörundur Brynjólfsson |
| Sigurður Jónsson | Ólafur Friðriksson |

Kristján V. Guðmundsson og Inga Lára Lárusdóttir greiddu ekki atkvæði.

5. liður samþ. með öllum greiddum atkvæðum.

6.-8. liður hver um sig, samþ. með öllum gr. atkv.

Fundargerðin í heild, með áorðinni breytingu við 4. lið, samþ. með öllum greiddum atkv.

XII. Lögð fram bréf lögreglustjóra, dags. 31. jan. og 6. febr. um sóttvarnir, og bréf Mjólkutfélags Reykjavíkur, dags. 5. febr., um "pasteuriseringu" mjólkur.

Rætt var um hríð um sóttvarnir í sambandi við bréf þessi, og gaf borgarstjóri skýrslu um framkvæmdir til varnar gegn taugaveiki, en engin atkvæðagreiðsla fór fram.

XIII. Lagt fram erindi bjargráðanefndar, dags. 31. jan., um störf hennar framvegis.

Út af erindi þessu flutti Jón Þorláksson og Jörundur Brynjólfsson svo látandi tillögu:

"Bæjarstjórnin samþykkir að skora á landsstjórnina að bjargráðanefndin í Reykjavík verði lögð niður þegar bæjarstjórninni þykir tími til þess kominn".



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

XIV. Lagt fram bréf stjórnarráðsins, dags. 20. janúar, um ráðstöfun á fé því, sem bæjarmönnum er ætlað af söluverði botnvörpunga árið 1917, og bréf um sama efni, dags. 1. febrúar, frá fulltrúum Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, Hásetafélags Reykjavíkur og Verkakvennafélagsins Framsóknar.

Borgarstjóri lagði til, að kosin yrði þriggja manna nefnd til þess að gera tillögur til bæjarstjórnarinnar út af þessu máli í samvinnu við fulltrúa ofannefndra félaga.

Jón Þorláksson flutti brtt. við tillögu borgarstjóra þess efnis, að málinu yrði vísað til fjárhagsnefndar.

Sú tillaga var felld með 6:4 atkv.- Tillaga borgarstjóra síðan samþykkt og í nefnd kosnir:

Ágúst Jósefsson með 8 atkvæðum
Bríet Bjarnhéðinsdóttir með 8 atkvæðum
Sighvatur Bjarnason með 7 atkvæðum við endurtekna kosningu.

XV. Sigurður Jónsson flutti svo látandi tillögu:
"Bæjarstjórnin samþykkir að kjósa 2 menn í nefnd með borgarstjóra til þess að koma fram með tillögur til breytinga á lögum um manntal í Reykjavík. Skal nefndin hafa lagt tillögur sínar fyrir bæjarstjórnina fyrir lok marzmánaðar næstkomandi".

Var tillagan samþykkt og í nefndina kosnir:

Sigurður Jónsson með 10 atkvæðum
Sveinn Björnsson með 5 atkvæðum.

XVI. Samþykkt var með 7:4 atkv. að kjósa þriggja manna nefnd til að koma fram með tillögur um skemmtanaskatt.

Í nefndina voru kosnir:

Borgarstjóri með 11 atkv.
Jörundur Brynjólfsson með 9 atkv.
Sighvatur Bjarnason með 8 atkv.

XVII. Erindi læknafélagsins Reykjavíkur, dags. 23. janúar, um sjúkrabíl, vísað til farsóttahússnefndar með 7:4 atkv.

XVIII. Ágúst Jósefsson flutti svo látandi tillögu:
"Bæjarstjórnin samþykkir, að verkamönnum þeim, sem vinna í bæjarvinnunni, skuli borgað sama tímakaup og aðrir vinnuveitendur gjalda verkamönnum sínum".

Eftir að borgarstjóri hafði tekið til máls flutti Jón Þorláksson svo látandi tillögu til rökstuddrar dagskrár:
"Bæjarstjórnin tekur skýringar borgarstjóra gildar og finnur ekki ástæðu til að taka ályktun um kaupgjald verkamanna í bæjarvinnunni að svo stöddu".

Var tillaga Jóns Þorlákssonar borin fyrst undir atkvæði og felld með 6:6 atkv.

Síðan var tillaga Ágústs Jósefssonar borin undir atkvæði, og féll hún með 6:6 atkv.

Ólafur Friðriksson fékk leyfi til að hreyfa máli utan dagskrár, en út af því var engi ályktun ger.

Sveinn Björnsson fór af fundi með leyfi forseta kl. 6.

Fundi slitið kl. 7.45.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Benedikt Sveinsson. Jón Ólafsson. Þorvarður Þorvarðsson. Kristján V. Guðmundsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Jón Þorláksson. Inga Lára Lárusdóttir. Sigurður Jónsson. Ólafur Friðriksson. Jörundur Brynjólfsson. Guðmundur Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Jón Baldvinsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, fimmtudaginn 20. febrúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.20 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra og forseta, þessir bæjarfulltrúar: Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, Guðmundur Ásbjörnsson og Jón Ólafsson.- Jón Baldvinsson kom á fund kl. 5.35, Bríet Bjarnhéðinsdóttir kl. 5.40, Jón Þorláksson kl. 6.15. Inga Lára Lárusdóttir tilkynnti forföll.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hús Gunnars Sigurðssonar, yfirdómslögmanns, nr. 10 við Bergstaðastræti | Kr. 29330.00 |
| 2. | Hús Jóhannesar Kr. Jóhannessonar, nr. 41 við Bergstaðastræti (brbnr. 621) | - 17942.00 |
| 3. | Hús Brynjólfs Kjartanssonar, nr. 20A við Grettisgötu (brbnr. 1155) | - 25882.00 |
| 4. | Hús bæjarins við framlengingu Laufásvegar (brbnr. 1418) | - 52600.00 |
| 5. | Steinolíumótor o.fl. í húsi Jóns Björnssonar, kaupm., nr. 4 við Vesturgötu (brbnr. 1359) | - 8000.00 |
| 6. | Hús Skapta Ólafssonar og Einars Gíslasonar, nr. 17A við Skólavörðustíg (brbnr. 701) | - 18745.00 |
| 7. | Hús L. Kaabers , nr. 28 við Hverfisgötu (brbnr. 965) | - 42943.00 |
| 8. | Hús Sigurðar Guðmundssonar, nr. 32A við Hverfisgötu (brbnr. 383) | - 3376.00 |
| 9. | Hús Jóns Sveinssonar (D. Sch. Thorsteinsson) nr. 14B við Pósthússtræti (brbnr. 576) | - 98587.00 |
| 10. | Hús L.H.Müller, kaupmanns, nr. 15 við Stýrimannastíg (brbnr. 582) | - 28125.00 |
| 11. | Hús frú Elísabetar Sveinsdóttur, "Staðastaður" við Fríkirkjuveg (brbnr. 1281) | - 71684.00 |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 15. febrúar lögð fram.

1. liður samþ. með öllum greiddum atkv.

2. liður samþ. með öllum greiddum atkv. með svo látandi viðauka eftir tillögu borgarstjóra.

"Það er ennfremur skilyrði, að byggingin hindri ekki aðgang að Setbergi og Sjávarborg yfir lóðina í Lágholti".

3. og 5. liður samþ. í einu hljóði.

4. liður frestað og vísað til byggingarnefndar til nánari athugunar.

Fundargerðin í heild, með áorðnum breytingum, að því er snertir 2. og 4. lið, samþ. í einu hljóði.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 19. febrúar lögð fram.

1.-3. liður samþ. í einu hljóði.

4.-5. liður samþ. með öllum greiddum atkv.

Fyrri hluti 6. liðs: "Daníel ....... endurgjaldslaust" samþykkt með öllum greiddum atkv., en niðurlaginu: "og sé Magnúsi ... skilmálunum" frestað.

8. liður samþ. með 7:1 atkv.

9. liður samþ. með 7:1 atkv.

10. liður samþ. með öllum gr. atkv.

11. lið frestað.

Fundargerðin í heild með áorðnum breytingum viðvíkjandi 6. og 11. lið, samþ. í einu hljóði.

IV. Fundargerð rafmagnsnefndar frá 13. og 14. febrúar lögð fram.

V. Fundargerð rafmagnsnefndar frá 18. febr. lögð fram. Tillaga nefndarinnar samþ. með öllum greiddum atkvæðum.

Í sambandi við þessa fundargerð skýrði borgarstjóri frá,



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að Íslandsbanki hefði fallið frá synjun sinni um þátttöku í lánveitingu til rafmagnsstöðvarinnar og heitið að leggja fram 200 þús. kr. af láninu.

VI. Fundargerð fátækranefndar frá 13. febrúar lögð fram.

VII. Fundargerð bjargráðanefndar frá 18. febrúar lögð fram. 2. málsgrein fundargerðarinnar samþ. með öllum greiddum atkv. svo og fundargerðin í heild.

VIII. Fundargerð lögreglusamþykktarnefndar frá 19. febrúar lögð fram.
Tillögur nefndarinnar í heild samþ. í einu hljóði.

IX. Reikningur yfir tekjur og gjöld bæjarsjóðs um árið 1916 lagður fram til úrskurðar.
Tillögur fjárhagsnefndar og endurskoðunarmanna til úrskurðar, dags. 3. febrúar síðastl., samþ. í einu hljóði.
Reikningurinn í heild sömuleiðis.

X. Lagður fram reikningur yfir tekjur og gjöld bæjarsjóðs Reykjavíkur árið 1917, með athugasemdum og skýringum borgarstjóra, ásamt reikningum gasstöðvar, baðhúss og Bjarnaborgar.

XI. Lögð fram skrá yfir gjaldendur til ellistyrktarsjóðs 1919.

XII. Erindi lögreglustjóra, dags. 14. jan., um einkennisbúning handa heilbrigðisfulltrúa vísað til fjárhagsnefndar til afgreiðslu.

XIII. Ólafur Friðriksson flutti svo látandi tillögur:
1. "Bæjarstjórnin ákveður að láta tafarlaust, jafnskjótt og tíðarfar leyfir, þétta sundlaugina á viðunandi hátt og leggja nýjar pípur í á þeim hluta varmavatnsleiðslunnar, sem nú er óbrúklegur".
2. "Bæjarstjórnin ákveður að kjósa 2 menn í nefnd ásamt borgarstjóra til þess að athuga og koma fram með tillögur um, hvernig sundkennslunni verði bezt komið fyrir í framtíðinni, hvort ekki sé tiltækilegt að gera sundnám að skyldugrein í barnaskólanum og hvaða breytingar þurfi að gera á sundlauginni til þess að hún fullnægi sem bezt þörfinni".

Fyrri tillagan var samþykkt með 6 atkv. samhlj.
Síðari tillagan var samþ. í einu hljóði,
og í nefnd kosnir.
Ólafur Friðriksson með 8 atkv. og
Jón Ólafsson með 8 atkv. við endurtekna kosningu.

XIV. Erindi hjúkrunarfélagsins Líknar, dags. 11. febr., um hjálparstöð fyrir berklaveikt fólk, vísað til farsóttahússnefndar til umsagnar.

Hér með var dagskrá lokið, en Bríet Bjarnhéðinsdóttir beiddist leyfis til að hreyfa máli utan dagskrár en því var synjað með 5:4 atkv.

Fundi slitið kl. 8.2o síðdegis.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Þorvarður Þorvarðsson.
Jón Baldvinsson. Ágúst Jósefsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.
Kristján V. Guðmundsson. Guðm. Ásbjörnsson. Jón Ólafsson.
Jón Þorláksson. Ólafur Friðriksson. Sigurður Jónsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, fimmtudaginn 6. marz, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis, og voru þá komnir til fundar þessir bæjarculltrúar, auk borgarstjóra: Sighvatur Bjarnason )forseti), Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Inga Lára Lárusdóttir, Sigurður Jónsson, Jón Baldvinsson, Guðmundur Ásbjörnsson og Jón Ólafsson. - Jón Þorláksson kom kl. 5.2o.

Jörundur Brynjólfsson og Kristján V. Guðmundsson boðuðu borgarstjóra forföll.

Sveinn Björnsson kom á fund kl. 6.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Hús Einars Sigurðssonar,<br>Ívarssel við Vesturgötu (brbnr. 87) | Kr. | 6360.oo |
| 2. Hús Rannveigar Sigurðardóttur,<br>nr. 32 við Vesturgötu (brbnr. 136) | - | 41312.oo |
| 3. Hús Helga Helgasonar,<br>nr. 42a við Hverfisgötu (brbnr.1382) | - | 15137.oo |
| 4. Hús Jóns Halldórssonar & Co.<br>nr. 4 við Skólavörðustíg (brbnr. 243) | - | 16059.oo |
| 5. Hús sömu<br>nr. 6 við Skólavörðustíg (brbnr. 413) | - | 12238.oo |
| 6. Hús sömu<br>nr. 6B við Skólavörðustíg (brbnr. 1068) | - | 52326.oo |
| 7. Hús Sigurðar Benediktssonar,<br>nr. 6 við Klapparstíg (brbnr. 195) | - | 4628.oo |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 1. marz lögð fram.
1.-2. liður samþ. með öllum gr. atkv.
3. liður samþ. í einu hljóði.
4.-7. liður samþ. með öllum gr. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með öllum gr. atkv.

III. Fundargerð fátækranefndar frá 27. febrúar lögð fram.

IV. Fundargerðir skólanefndar frá 27. febrúar og 1. marz lagðar fram.

V. Lagður fram reikningur Blómsveigasjóðs Þorbjargar Sveinsdóttur árið 1918 og kosnir endurskoðendur:
Inga Lára Lárusdóttir með 7 atkv.
Guðmundur Ásbjörnsson með 3 atkv.

VI. Lagður fram reikningur Sjúkrahússjóðs Reykjavíkur árið 1918 og kosnir endurskoðendur:
Guðmundur Ásbjörnsson með 7 atkv.
Inga Lára Lárusdóttir - 6 -

VII. Samþykkt við 2. umræðu með 7:2 atkv. kaup á erfðafestulöndunum Votavelli og viðbót við hann fyrir 12000 kr.

VIII. Samþykkt við 2. umr. með 7:1 atkv. að kaupa Seljaland með tilheyrandi erfðafestulöndum fyrir 28000 kr. og með þeim nánari skilmálum, sem fram eru teknir í 2. lið fundargerðar fjárhagsnefndar frá 5. marz.

Áður en þessi atkvæðagreiðsla færi fram var samþykkt í einu hljóði að ganga til atkvæða um fundargerð fjárhagsnefndar frá 5. marz, sem útbýtt var á fundinum.
4. liður fundargerðarinnar samþ. með 7:1 atkv.
Fundargerðin í heild samþykkt með öllum greiddum atkv. gegn einu.

IX. Lesið erindi hjúkrunarfélagsins Líknar, sem vísað var til farsóttahússnefndar á síðasta fundi.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lagði nefndin fyrir bæjarstjórnina svolátandi tillögur:
"1. að heilbrigðisfulltrúa sé falið að afhenda félaginu til afnota það af rúmfatnaði og handklæðum sem bærinn ekki þarf nú þegar á að halda í sóttvarnarhúsinu.
2. að félaginu sé af óvissum gjöldum bæjarsjóðs veittur 1000 kr. styrkur þetta ár".
Voru tillögur þessar samþ. í einu hljóði,hvor um sig.

X. Borgarstjóra falið að gera út um beiðni um leyfi til að raflýsa Báruhúsið.

Fundi slitið kl. 7 síðdegis.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Ólafur Friðriksson. Sveinn Björnsson. Jón Baldvinsson. Jón Þorláksson. Þorvarður Þorvarðsson. Ágúst Jósefsson. Guðmundur Ásbjörnsson. Inga Lára Lárusdóttir. Sigurður Jónsson. Jón Ólafsson.

Óska getið að ég greiddi atkvæði móti kaupum á Votavelli og Seljalandi
Jón Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, fimmtudaginn 20. marz var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Sighvatur Bjarnason (forseti), Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Inga Lára Lárusdóttir, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson Kristján V. Guðmundsson, Jón Baldvinsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Bríet Bjarnhéðinsdóttir og Jón Ólafsson. - Sveinn Björnsson kom á fund kl. 5.45.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hús Jós Sigurðssonar járnsmiðs, nr. 54A við Laugaveg (brbnr. (641) | Kr. 21545.00 |
| 2. | Hús Jes Zimsen, konsúls, nr. 23 við Hafnarstræti (brbnr. 129) | - 91002.00 |
| 3. | Hús sama, bakhús við Hafnarstræti 23 (brbnr. 1103) | - 30145.00 |
| 4. | Hús Olaf Forberg, landssímastjóra, nr. 8 við Laufásveg (brbnr. 1345) | - 50871.00 |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 15. marz lögð fram.
1.-2. liður samþ. með öllum greiddum atkv.
3. liður sömuleiðis.
4. liður sömuleiðis.
5. liður sömuleiðis.
6. liður samþ. með 7:2 atkv.
7.-11. liður samþ. með öllum greiddum atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með öllum greiddum atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 15. marz lögð fram.

IV. Fundatgerð fasteignanefndar frá 17. marz lögð fram.
1. liður samþykktur með öllum greiddum atkv.
Tillaga Ólafs Friðrikssonar um að fresta 2. lið fellt með 4:4 atkv.
2. liður samþykktur með 6:2 atkv.
3.-7. liður samþ. með öllum greiddum atkv.
8.-10. liður sömuleiðis.
Ólafur Friðriksson flutti breytingartillögu við 14. lið svo látandi:
"Sig. Gíslasyni, Lindargötu 9B sé leigð hin umbeðna lóð, ef hann telur þau kjör sér heppilegri til þess að geta byggt".
Var tillaga þessi samþ. með 7:5 atkv.
17.-19. liður samþ. með öllum greiddum atkv.
Fundargerðin í heild með áorðnum breytingum á 14. lið, samþ. með öllum greiddum atkv.

V. Fundargerð veganefndar frá 13. marz lögð fram.
1.-2. liður samþ. með öllum greiddum atkv.
Inga Lára Lárusdóttir og Sveinn Björnsson fluttu brtt. við 3.lið, svo látandi:
"Bæjarstjórnin vill leita samvinnu við listvinafélagið um fyrirkomulag á Austurvelli og óskar að félagið geri tillögur um það hið fyrsta".
Tillagan var felld með 6:5 atkv.
Jón Þorláksson flutti svolátandi tillögu í sambandi við 3. lið:
~~"Bæjarstjórnin vill leita samvinnu~~
"Að boðin verði út girðing kring um Austurvöll, og geri bjóðendur sjálfir tillögu um, hvernig girðingin sé".
Þessi tillaga var felld með 9:4 atkv.
3. liður óbreyttur samþ. með 10:2 atkv.
Fundargerðin í heild samþykkt með öllum greiddum atkv.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samþykkt var með 7:4 atkv. að kjósa þegar nefnd þá, er getur í 3. lið fundargerðar veganefndar. Kosnir voru:
Einar Helgason, garðyrkjumaður, með 9 atkv.
K. Zimsen, borgarstjóri, með 8 atkv.
Matthías Þórðarson, fornminjavörður, með 5 atkv.

VI. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 18. marz lögð fram.
1.-4. liður, hver um sig, samþ. með öllum gr. atkv.
5. liður samþ. með 6:2 atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með öllum greiddum atkv.

VII. Fundargerð hafnarnefndar frá 7. marz lögð fram. Út af henni urðu stuttar umræður en engin atkvæðagreiðsla fór fram.

VIII. Fundargerð fátækranefndar frá 13. marz lögð fram.- 13. liður kom til umræðu og var honum, að loknum löngum umræðum vísað til fjárhagsnefndar.

Kl. 8 var fundi frestað til kl. 9.

Kl. 9.1o var fundur settur á ný. Voru þá komnir allir hinir sömu, er áður sátu fundinn, aðrir en Sveinn Björnsson, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson og Jón Ólafsson.- Jón Þorláksson kom skömmu eftir fundarsettningu, Sveinn Björnsson kl. 9.25, Jörundur Brynjólfsson kl. 9.5o.

IX. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 17. marz lögð fram.
1. liður samþ. með öllum greiddum atkv.
2. liður sömuleiðis.
Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

X. Fundargerð lögreglusamþykktarnefndar frá 19. marz lögð fram og samþ. með öllum greiddum atkv.

Af vangá hafði fallið burt eitt mál, sem átti að vera á dagskrá:c Önnur umræða um 200000 kr. bráðabirgðalán handa bæjarsjóði.- Var samþykkt í einu hljóði að taka þetta mál upp á dagskrá.

XI. Samþ. við 2. umræðu tillaga fjárhagsnefndar fr á 5. marz, um að borgarstjóra sé heimilað að taka allt að 200000 kr. bráðabirgðalán handa bæjarsjóði, er endurborgist af tekjum bæjarsjóðs yfirstandandi ár.

XII. Samþykkt var í einu hljóði tillögur kjörskrárnefndar í fundargerð hennar frá 18. marz út af kærum yfir alþingiskjörskrá.

XIII. Lagður fram til úrskurðar reikningur sjúkrahússjóðs Reykjavíkur árið 1918. Var reikningurinn samþ. í einu hljóði.

XIV. Reikningur Blómsveigasjóðs Þorbjargar Sveinsdóttur árið 1918 damþ. í einu hljóði.

XV. Lagður fram reikningur Baðhúss Reykjavíkur árið 1918 og kosnir endurskoðendur:
Guðmundur Ásbjörnsson með 8 atkv.
Inga Lára Lárusdóttir með 7 atkv.
(við endurtekna kosningu).

XVI. Beiðni Theódóra og Siggeirs, bakara, dags. ~~[illegible]~~ 14. febr. um löggildingu mjólkurbúðar á Frakkastíg 14, og beiðni Mjólkurfélags Reykjavíkur, dags. 28. febr., um löggildingu mjólkurbúðar á Laugavegi 7, vísað til heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefndar til umsagnar.

XVII. Bríet Bjarnhéðinsdóttir flutti fyrirspurn viðvíkjandi



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skýrslu Lárusar prófessors Bjarnasonar um starf hjúkrunarnefndar í nóvember 1918. Svaraði borgarstjóri fyrirspurninni.- Í sambandi við fyrirspurnina flutti Bríet Bjarnhéðinsdóttir ásamt Jóni Baldvinssyni og Jóni Ólafssyni svo látandi tillögu:

"Bæjarstjórnin felur borgarstjóra að flytja þakklæti bæjarstjórnar til hjúkrunarnefndarinnar fyrir starfsemi hennar í þágu bæjarmanna í inflúensuveikinni í vetur".

Ennfremur flutti borgarstjóri tillögu, svo látandi:

"Bæjarstjórnin vottar þakklæti sitt Lárusi prfessor Bjarnason, þeim, sem störfuðu með honum í hjúkrunarnefnd, og öllum þeim, sem hjálpuðu bæjarmönnum í inflúensuveikindunum með ráðum og dáð".

Sveinn Björnsson lagði til að málinu yrði frestað til næsta fundar.- Var hans tillaga fyrst borin undir atkvæði og felld með 8:3 atkv.

Tillaga Bríetar Bjarnhéðinsdóttur tekin aftur.

Tillaga borgarstjóra samþ. í einu hljóði.

XVIII. Skipun tveggja lögregluþjóna.

Lögreglustjóra höfðu borizt umsóknir um lögregluþjónsstarf frá 20 mönnum, og mælti hann sérstaklega með einum þeirra, en tilnefndi auk þess þrjá aðra, sem vel hæfa.

Tillaga Þorvarðs Þorvarðssonar, um að fresta málinu felld.

Samþykkt að ræða málið fyrir luktum dyrum, og viku áheyrendur burt.

Að loknum umræðum var gengið til kosninga og hlutu kosningu:

Guðlaugur Jónsson með 12 atkv.
Davíð Jónsson með 11 atkv.

Fundi slitið kl. 11.15.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson. Jón Baldvinsson. Þorvarður Þorvarðsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Sigurður Jónsson. Inga Lára Lárusdóttir. Ágúst Jósefsson. Jörundur Brynjólfsson. Ólafur Friðriksson. GuðmÞÁsbjörnsson. Jón Þorláksson. Kristján V. Guðmundsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, fimmtudaginn 3. apríl, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Var fundurinn settur kl. 5.18 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Sighvatur Bjarnason(forseti), Þorvarður Þorvarðsson, Benedikt Sveinsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Inga Lára Lárusdóttir, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, og Jón Baldvinsson.- Guðmundur Ásbjörnsson kom að nýlokinni fundarsettningu, Sveinn Björnsson kl. 5.30.- Jón Ólafsson tilkynnti forföll. - Bríet Bjarnhéðinsdóttir kom á fund kl. 6.10.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Hús Margrétar Zöega, nr. 7 við Laufásveg (brbnr. 1427) | Kr. | 70690.00 |
| 2. Hús Guðjóns Sæmundssonar og Guðjóns Guðjónsson, nr. 12 við Þingholtsstr. (brbnr. 239) | - | 17146.00 |
| 3. Hús Hjálmars Þorsteinssonar, nr. 14 við Frakkastíg (brbnr. 978) | - | 15333.00 |
| 4. Hús hf. Pípuverksmiðjunnar nr. 73 við Laugaveg (brbnr. 757) | - | 19719.00 |
| 5. Hús dánarbús Ingibjargar Jónsdóttur, nr. 9 við Spítalastíg (brbnr. 1158) | - | 57741.00 |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 29. marz lögð fram. 1.-10. liður samþ. með öllum greiddum atkv.

Út af 11. lið flutti Jón Þorláksson og Jón Baldvinsson tillögu svo látandi:
"Bæjarstjórnin vill veita hið umbeðna byggingarleyfi, eftir nánari tillögum byggingarnefndar m.a. um það, hvar húsið skuli standa, að því áskildu, að andvirði lóðarinnar eftir mati renni í bæjarsjóð, ef ákveðið verður með samkomulagi við landsstjórnina eða með dómsúrskurði, að lóð sú, sem um ræðir sé eign bæjarsjóðs".

Var tillagan samþ. með öllum greiddum atkv.

Fundargerðin í heild, með áorðnnnibreytingum við 11. lið samþykkt með öllum greiddum atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 1. apríl lögð fram.
1.-7. liður samþ. með öllum greiddum atkv.
9.-10. liður sömuleiðis.
11. liður sömuleiðis.
12. liður samþ. með 6:1 atkv.

Fundargerðin í heild samþ. með öllum greiddum atkv.

IV. Fundargerð fátækranefndar frá 27. marz lögð fram.

V. Fundargerð fátækranefndar frá 31. marz lögð fram.

VI. Fundargerð hafnarnefndar frá 2. apríl lögð fram. Rætt var lengi um 2. lið og í sambandi við hann lesið erindi hf. Eimskipafélags Íslands, dags. 31. marz, um lóðarkaup o.fl.
2. liður samþ. með öllum greiddum atkvæðum.

Fundargerðin í heild sömuleiðis.

VII. Lagðar fram tillögur nefndar, sem sett var á fundi bæjarstjórnar 18. febrúar, til þess að gera tillögur um ráðstöfun á fé því, sem bæjarstjórnum er ætlað af söluverði botnvörpunga 1917.

Tillaga borgarstjóra um að hafa tvær umræður um málið felld með 8:6 atkv.

Jón Baldvinsson og Kristján V.Guðmundsson fluttu tillögu um að gengið yrði til atkvæða nú þegar og óskuðu nafnakalls um tillöguna.

Var tillagan samþykkt með 9:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| já: | nei: |
|---|---|
| Ágúst Jósefsson | Borgarstjóri |
| Benedikt Sveinsson | Guðmundur Ásbjörnsson |
| Bríet Bjarnhéðinsdóttir | Ólafur Friðriksson |
| Jón Baldvinsson | Sighvatur Bjarnason |
| Jón Þorláksson | Sigurður Jónsson |
| Jörundur Brynjólfsson | Sveinn Björnsson |
| Kristján V. Guðmundsson | |
| Inga Lára Lárusdóttir | |
| Þorvarður Þorvarðsson | |

Var því næst gengið til atkvæða.
Brtt. Jóns Þorlákssonar um að fella aftan af 1. málsgrein 1. tillögunnar orðin: "og sem er í Alþýðusambandi Íslands" fellt með 8:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| já: | nei: |
|---|---|
| Borgarstjóri | Ágúst Jósefsson |
| Guðmundur Ásbjörnsson | Benedikt Sveinsson |
| Jón Þorláksson | Bríet Bjarnhéðinsdóttir |
| Inga Lára Lárusdóttir | Jón Baldvinsson |
| Sigurður Jónsson | Jörundur Brynjólfsson |
| Sveinn Björnsson | Kristján V. Guðmundsson |
| | Ólafur Friðriksson |
| | Þorvarður Þorvarðsson |

Sighvatur Bjarnason greiddi ekki atkvæði.
1.-2. málsgrein 1. tillögunnar samþ. með öllum gr. atkv.
Nefndin flutti þá brtt. við 3. málsgr. 1. tillögu, að í stað hennar kæmi svo látandi málsgrein:
"Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík kýs 2 menn og bæjarstjórn Reykjavíkur einn mann til að semja reglugerð fyrir sjóðinn. Stjórnarráðið staðfestir reglugerðina".
Brtt. þessi var samþ. með öllum greiddum atkv.
2. tillagan samþ. með öllum greiddum atkv.
3. tillagan samþ. með öllum greiddum atkv.
Tillögurnar í heild, með áorðinni breytingu, samþ. með 8:2 atkv.

VIII. Endurskoðaður reikningur Baðhúss Reykjavíkur árið 1918 lagður fram til úrskurðar.
Tillaga endurskoðenda til úrskurðar samþ. með öllum greiddum atkv. Tillagan er þannig: 7 krónur ber að innheimta og greiði í sjóð Baðhússins.
Tillaga Jóns Þorlákssonar um að 12009 kr. (hækkun á verði Baðhússins) skulda megin verði felld burtu og jafnhá upphæð eignamegin í efnahagsreikningnum, felld með 5:5 atkv.
Reikningurinn í heild samþ. með 8:5 atkv.

Utan dagskrár var tekið fyrir með samþykki bæjarstjórnar fundargerð lögreglusamþykktarnefndar frá 3. apríl.
Var hún samþ. með öllum greiddum atkv.

Borin upp tillaga um að taka fyrir fleiri mál utan dagskrár, en hún náði ekki nægum atkvæðafjölda.

Fundi slitið kl. 9.25.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson. Sigurður Jónsson. Inga Lára Lárusdóttir. Þorvarður Þorvarðsson. Guðmundur Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Benedikt Sveinsson. Ólafur Friðriksson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Jörundur Brynjólfsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, fimmtudaginn 8. apríl, var haldinn aukafundur í bæjarstjórninni á venjulegum fundarstað.

Fundurinn var settur kl. 5.1o síðdegis og voru þá til fundar komnir auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Sighvatur Bjarnason (forseti), Þorvarður Þorvarðsson, Benedikt Sveinsson, Ágúst Jósefsson, Inga Lára Lárusdóttir, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Jónsson, Jón Baldvinsson og Jón Ólafsson. -

Sveinn Björnsson kom að nýlokinni fundarsettningu, Ólafur Friðriksson litlu síðar.- Guðmundur Ásbjörnsson tilkynnti forföll.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð hafnarnefndar frá 5. apríl lögð fram.

Ólafur Friðriksson gerði þá viðaukatillögu, að aftan við 2. málsgrein 1. liðs bættist:

"með sömu kjörum og öðrum verður veitt".

Sú till. var samþ. með 6:4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| já: | nei: |
|---|---|
| Þorvarður Þorvarðsson | Sveinn Björnsson |
| Benedikt Sveinsson | Inga Lára Lárusdóttir |
| Ágúst Jósefsson | Sigurður Jónsson |
| Ólafur Friðriksson | Sigurður Jónsson |
| Jörundur Brynjólfsson | Jón Ólafsson |
| Jón Baldvinsson | |

Borgarstjóri og forseti greiddu ekki atkvæði.

1. liður svo breyttur samþ. með öllum gr. atkv.

2. liður samþ. með öllum greiddum atkv.

II. Lagt fram erindi frá Stefáni Thorarensen lyfsala, dags. 3. apríl, um húsnæði fyrir lyfjabúð.

Dýrtíðarnefnd hafði haft erindi þetta til meðferðar á fundi sínum 8. apríl, og var fundargerð hennar útbýtt meðal bæjarfulltrúanna.- Lagði meiri hluti nefndarinnar til, að leyfisbeiðanda verði leyft það, sem hann fer fram á í umsókn sinni og bókað er í 1. lið fundargerðar nefndarinnar.

Þorvarður Þorvarðsson flutti viðaukatillögu við tillögu nefndarinnar svo látandi:

"Á eftir orðunum: "á stofnun lyfjabúðar" komi: þó með því skilyrði, að leyfisbeiðandi byggi annarstaðar í bænum fyrir næsta haust að minnsta kosti jafn mikið íbúðarrúm og er í nr. 16 og bakhúsinu nr. 18A við Laugaveg".

Tillaga sú var samþ. með 6:4 atkv.

Tillaga nefndarinnar svo breytt samþ. með öllum greiddum atkvæðum.

Sveinn Björnsson vék af fundi með leyfi forseta kl. 6.2o.

Fundi slitið kl. 6.45 síðdegis.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Þorvarður Þorvarðsson. Jörundur Brynjólfsson. Benedikt Sveinsson. Inga Lára Lárusdóttir. Jón Ólafsson. Sigurður Jónsson. Jón Baldvinsson. Ólafur Friðriksson. Ágúst Jósefsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, fimmtudaginn 1. maí var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.3o síðdegis, og voru þá komnir auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Sighvatur Bjarnason (forseti), Benedikt Sveinsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Jón Þorláksson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson og Jón Ólafsson.- Sveinn Björnsson kom á fund rétt eftir fundarsettningu og Jón Baldvinsson litlu síðar.- Inga Lára Lárusdóttir tilkynnti forföll. Guðmundur Ásbjörnsson og Þorvarður Þorvarðsson erlendis.- Jörundur Brynjólfsson ekki í bænum. Bríet Bjarnhéðinsdóttir kom á fund kl. 6.

Gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | |
|---|---|
| 1. Hús Sigurðar Sigurþórssonar, nr. 10 við Frakkastíg (brbnr. 384) | Kr. 12976.oo |
| 2. Hús Carl Sæmundsen & Co. nr. 13 og 15 við Pósthússtræti (brbnr. 38) | - 46802.oo |
| 3. Hús Ólafs Magnússonar, nr. 3 við Templarasund (brbnr.862) | - 88906.oo |
| 4. Hús Karls Finsens o.fl. "Crosby" í Sauðagerði (brbnr. 989) | - 43695.oo |
| 5. Hús Vilh. O. Bernhöft nr. 29 við Bergstaðastræti (brbnr. 665) | - 15845.oo |
| 6. Hús Jóels Þorleifs, nr. 15a við Skólavörðustíg (brbnr. 542) | - 26744.oo |
| 7. Hús Jóhanns Þórðarsonar, nr. 26 við S kólavörðustíg (brbnr. 1296) | - 11812.oo |
| 8. Hús Magnhildar Andrésdóttur, nr. 16a við Vatnsstíg (brbnr. 953) | - 15950.oo |
| 9. Hús Tómasar Snorrasonar, nr. 11 við Vitastíg (brbnr. 733) | - 13140.oo |
| 10. Hús Péturs Bjarnasonar, nr. 20 við Bræðraborgarstíg (brbnr. 938) | - 17594.oo |
| 11. Hús Jóns Kristmundssonar og Sig.Sigurðssonar, nr. 45 við Bergstaðastræti (brbnr. 751) | - 40027.oo |
| 12. Hús Guðbjarts Ólafssonar, nr. 30 B við Laugaveg (brbnr. 1125) | - 10672.oo |

II. Fundargerð fasteignanefndar frá 16. apríl lögð fram.
1.-4. liður samþ. með öllum greiddum atkv.
5.-8. liður samþ. í einu hljóði.
9. liður samþ. með samhlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með samhlj. atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 28. apríl lögð fram.
Út af 1. lið flutti Benedikt Sveinsson svo látandi tillögu:
"Fundurinn frestar atkvæðagreiðslu um 1. lið í fasteignarnefndargerð 28. f.m. og felur fasteignanefndargerð að rannsaka til hlítar allt ástand umræddra erfðafestulanda, þar á meðal fá sem ákveðnasta vissu um stærð þeirra og hvort meira land liggur innan girðinga landanna heldur en heimild er fyrir".

Ennfremur flutti Sveinn Björnsson viðaukatillögu við 1. lið svo látandi:

"Aftan við liðinn bætist:
Og áskilur bærinn sér allan rétt sinn til þess af landi þessu, sem ekki verða færðar sönnur á, að látið hafi verið á erfðafestu".

Tillaga Benedikts Sveinssonar samþ. með 6:2 atkv.
Hin tillagan kom því ekki til atkv.
2. liður samþ. með samhljóða atkv.
3.-6. liður samþ. með samhlj. atkv.
7.-8. liður sömuleiðis.

Fundargerðin í heild með áorðinni breytingu, að því er 1. lið snertir, samþ. í einu hljóði.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IV. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 25. apríl lögð fram.
1.-2. liður samþ. með samhljóða atkv.
3. liður samþ. með 7:5 atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með samhlj. atkv.

V. Fundargerð byggingarnefndar frá 12. apríl lögð fram.
1. liður samþ. með samhljóða atkv.
Við 2. lið gerði Jón Þorláksson þá brtt., að aftan af liðnum féllu orðin: "meiri hluti nefndarinnar . . . . ."c til enda.
Var það samþ. með 6 atkv. samhlj.
2. liður, svo breyttur, samþ. með samhlj. atkv.
3.-11. liður samþ. með 7 atkv. samhlj.
12. liður samþ. með samhlj. atkv.
13. liður samþ. með því skilyrði, eftir tillögu dýrtíðarnefndar, að séð verði fyrir aukningu á húsnæði, sem því svarar, er missist við að bærinn nr. 3 við Vatnsstíg verður rifinn.
14.-15. liður samþ. með samhlj. atkv.
Eftir nokkurt tal um 16. lið var borin upp tillaga um að hætta umræðum um þann lið, og var sú tillaga samþ.
Tillaga um að fresta að taka ákvörðun um 16. lið samþ. með 7:5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| já: | nei: |
|---|---|
| Benedikt Sveinsson | Borgarstjóri |
| Bríet Bjarnhéðinsdóttir | Ágúst Jósefsson |
| Jón Baldvinsson | Jón Ólafsson |
| Jón Þorláksson | Sighvatur Bjarnason |
| Kristján Guðmundsson | Sigurður Jónsson |
| Ólafur Friðriksson | |
| Sveinn Björnsson | |

17. liður samþ. með samhlj. atkv.
Brtt. dýrtíðarnefndar við 18. lið um að leyfi það, sem þar um ræðir, verði veitt með því skilyrði, að fyrri eigandi hússins (nr. 23) Þorvaldur Eyjólfsson, reisi í sumar íbúðarhús það á Grettisgötu 4, sem um ræðir í 17. lið.
Samþ. með samhljóða atkv.
18. liður svo breyttur, samþ. með samhlj. atkv.
19.-20. liður samþ. með samhljóða atkv.
Fundargerðim í heild, með áorðnum breytingum samkvæmt framanskráðu, samþ. með samhlj. atkv.

Þegar hér var komið, kl. 8.15, var fundi frestað til kl. 9.15.
Kl. 9.25 var fundi haldið áfram, og voru þá komnir allir, sem áður sátu fundinn, nema Sveinn Björnsson.

VI. Fundargerð byggingarnefndar frá 26. apríl lögð fram.
1.-2. liður samþ. með samhlj. atkv.
Í sambandi við 2. lið las borgarstjóri bréf frá Ólafi verkfræðingi Þorsteinssyni, dags. 29. apríl, um götulagningu. Var því vísað til veganefndar.
3. til 5. liður samþ. með samhlj. atkv.
Jón Þorláksson flutti brtt. við 7. lið svo látandi:
"Bæjarstjórnin samþykkir, að verða við beiðni L.H. Müllers um að fella burtu skilyrði fyrir leyfi til breytinga á húsinu nr. 17 við Austurstræti eftir 6. lið byggingarnefndargerðar 15. marz 1919, um að húsið verði rifið innan 15 ára".
Tillagan var samþ. með 6:2 atkv.
Fundargerðin í heild, með áorðinni breytingu á 7. lið samþykkt með samhlj. atkv.

VII. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 29. apríl lögð fram.
1. liður samþ. í einu hljóði.
2. liður sömuleiðis.
Fundargerðin í heild samþ. í einu hljóði.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VIII. Fundargerð brunamálanefndar frá 29. apríl lögð fram.
1. liður samþ. og vísað til 2. umræðu og jafnframt til álita fjárhagsnefndar.
4. liður samþ. með 6:1 atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með öllum greiddum atkv.

IX. Fundargerð fátækranefndar frá 10. apríl lögð fram.

X. Fundargerðir rafmagnsnefndar frá 26. og 28. apríl lagðar fram.
1. liður samþ. með 6 atkv. samhlj.
Fundargerðin í heild samþ. með 7 atkv. samhljóða.

XI. Fundargerð rafmagnsnefndar frá 30. apríl lögð fram.
Þegar umræður út af fundargerðinni höfðu staðið um hríð og komið var fast að miðnætti bar forseti undir atkvæði, hvort fundi skyldi haldið áfram eftir kl. 12, og greiddu 7 atkv. með því, en 4 móti. Þar sem þetta er ekki nægur atkvæðafjöldi var að gjörðabók upplesinni

fundi slitið kl 12.o5.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Kristján V. Guðmundsson. Sigurður Jónsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Ólafur Friðriksson. Jón Ólafsson. Jón Baldvinsson. Benedikt Sveinsson. Jón Þorláksson. Ágúst Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, miðvikudaginn 7. maí, var haldinn aukafundur í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.2o síðdegis og voru þá komnir til fundar: Borgarstjóri, Sighvatur Bjarnason, Benedikt Sveinsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Jón Þorláksson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, og Jón Ólafsson.
Inga Lára Lárusdóttir og Jón Baldvinsson komu kl. 5.25, Sveinn Björnsson kl. 5.4o.

Gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. Atkvæðagreiðsl um nafn á götu fyrir norðan Tryggvagötu. (Sjá 16. lið fundargerðar byggingarnefndar frá 12. apríl, sem frestað var á síðasta fundi).
Ólafur Friðriksson flutti brtt. við till. byggingarnefndar svo látandi:
"Málinu sé frestað fyrst um sinn.
Til vara:
Hin umrædda gata sé nefnd Leifsgata".
Fyrri tillagan var felld með 6:2 atkv.
Síðar tillagan var, eftir að Ólafur Friðriksson hafði tekið til máls, felld með 6:3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| já: | nei: |
|---|---|
| Benedikt Sveinsson | Borgarstjóri |
| Jón Baldvinsson | Ágúst Jósefsson |
| Ólafur Friðriksson | Jón Ólafsson |
| | Kristján V. Guðmundsson |
| | Sighvatur Bjarnason |
| | Sigurður Jónsson |

Inga Lára Lárusdóttir og Jón Þorláksson greiddu ekki atkvæði.
Þá var borin upp tillaga byggingarnefndar um að gatan yrði heitin Geirsgata, og var hún samþykkt með 6:1 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| já: | nei: |
|---|---|
| Borgarstjóri | Ólafur Friðriksson |
| Ágúst Jósefsson | |
| Jón Ólafsson | |
| Kristján V. Guðmundsson | |
| Sighvatur Bjarnason | |
| Sigurður Jónsson | |

Benedikt Sveinsson, Jón Baldvinsson, Jón Þorláksson og Inga Lára Lárusdóttir greiddu ekki atkv.

II. Fundargerð rafmagnsnefndar frá 30. apríl, sem ekki varð útrætt á síðasta fumdi, tekin til meðferðar.
Við 1. tillögu nefndarinnar gerði borgarstjóri brtt.:
Á milli orðanna: "hafa á hendi - fyrir hönd" komi: "útboð og alla byggingarstjórn".
Var sú tillaga samþ. með 7 atkv. samhlj.
Ennfremur flutti borgarstjóri viðaukatillögu við 1. tillögu nefndarinnar svo látandi:
"Bæjarstjórnin skal þó hafa ákvörðun um, hvort byggja skuli stöðina hjá Ártúnum eða Grafarvogi".
Viðaukatillagan samþ. með samhlj. atkv.
1. viðaukatillaga nefndarinnar svo breytt san., með samhljóða atkvæðum.
Brtt. borgarstjóra við 2. tillögu nefndarinnar:
Á milli orðanna: "verksins og veitir" komi:
"og umsjón með því"
samþ. með samhljóða atkv.
Jón Baldvinsson flutti og viðaukatillögu við 2. lið svo latandi:
"Þó sé ráðningin því skilyrði bundin, að bæjarstjórnin samþykki að ráðast í byggingu rafmagnsstöðvar að enduðum þeim fullnaðarrannsóknum, sem hún samþykkti að láta gera á fundi sínum 1. maí síðastl."
Till. þessi var felld með 5:5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| já: | nei: |
|---|---|
| Ágúst Jósefsson | Borgarstjóri |
| Ólafur Friðriksson | Jón Þorláksson |
| Benedikt Sveinsson | Inga Lára Lárusdóttir |
| Jón Baldvinsson | Sigurður Jónsson |
| Jón Ólafsson | Sveinn Björnsson |

Kristján V. Guðmundsson og Sighvatur Bjarnason greiddu ekki atkvæði.

2. tillaga nefndarinnar, með áorðinni breytingu, samþ. með samhljóða atkv.

3. tillagan samþ. með samhlj. atkv.

4. tillagan samþ. með samhlj. atkv.

Nefndartillögurnar í heild, með áorðnum breytingum, samþ. með samhljóða atkv.

Kosinn í rafmagnsnefnd í stað Jörundar Brynjólfssonar:
Jón Baldvinsson með 4 atkv.

III. Umsóknir um löggildingu mjólkurbúða höfðu borizt frá:
1. Mjólkurfélagi Reykjavíkur, dags. 28. febr.
2. Theodór og Siggeir, Frakkastíg 14, dags. 14. febr.
3. Sveini Hjartarsyni, dags. 14. apríl.

Beiðni Mjólkurfélagsins samþ. með þeim skilyrðum, sem heilbrigðisnefnd hefir lagt til.

Theodór og Siggeir synjað um löggildingu mjólkurbúðar.

Beiðni Sveins Hjartarsonar samþ. með skilyrðum, sem heilbrigðisnefnd hefur lagt til.

IV. Lesið bréf stjórnarráðsins, dags. 19. apríl, um staðfestingu á lögreglusamþykkt.

V. Lesið bréf síra Friðriks Friðrikssonar, dags. 3. apríl, ásamt skipulagsskrá fyrir afmælissjóð síra Friðriks.

VI. Erindi læknafégs Reykjavíkur, dags. 16. apríl, viðvíkjandi húsnæðisleysinu í bænum, lesið og vísað til húsabyggingarnefndar.- Jafnframt var ákveðið að bæta einum manni í nefndina og var til þess kosinn:
Jón Baldvinsson með 6 atkvæðum.

VII. Erindi frá heimboðsnefnd íþróttafélaganna, dags. 23. apríl, um endurbætur á íþróttavellinum o.fl., vísað til 2. umr. og til fjárhags- og veganefndar.

VIII. Fundargerð veganefndar frá 6. maí lögð fram.
1. liður samþ. með samhljóða atkv.
2. liður sömuleiðis.
3. liður samþ. með þeirri breytingu, að á eftir orðunum: "láta hreinsa" komi: "og bera á".

Fundi slitið kl. 8.05.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Kristján V. Guðmundsson.
Sveinn Björnsson. Sigurður Jónsson. Benedikt Sveinsson.
Jón Ólafsson. Jón Baldvinsson. Ólafur Friðriksson.
Jón Þorláksson. Ágúst Jósefsson. Inga Lára Lárusdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, fimmtdaginn 15. maí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.37 síðd. og voru þá til fundar komnir: Borgarstjóri, Soghvatur Bjarnason (forseti), Sveinn Björnsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Inga Lára Lárusdóttir, Jón Þorláksson, Sigurður Jónsson og Jón Baldvinsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir kom kl. 5.45. Guðmundur Ásbjörnsson og Þorvarður Þorvarðsson erlendis. Jörundur Brynjólfsson ekki í bænum. Forföll tilkynntu: Benedikt Sveinsson og Kristján V. Guðmundsson.

Áður en gengið væri til dagskrár áminnti forseti bæjarfulltrúana um að koma nokkurnveginn réttstundis til fil funda.
Ennfremur skýrði(forseti frá) borgarstjóri frá, að hann hefði fyrir nokkru meðtekið lánssamning milli Reykjavíkur og bankanna, um lán til rafmagnsstöðvarinnar, og hefði hann látið gera af samningnum 5 aftit. Samþykkt var að borgarstjóri, forseti og sá skrifari bæjarstjórnarinnar, sem heima er, skyldu undirskrifa afritin. Þá var gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | |
|---|---|
| 1. Hús Gunnars Sigurðssonar yfirdómslögmanns nr. 113 við Laugaveg | Kr. 18400.00 |
| 2. Hús Gunnars Jónssonar nr. 24 við Laugaveg (brbnr. 202) | - 3040.00 |
| 3. Hús Sigurlaugar Jónsdóttur nr. 10a við Lindargötu (brbnr. 930) | - 14924.00 |
| 4. Hús Sigurðar og Vigfúsar Árnasonax nr. 3 við Lindargötu (brbnr. 363) | - 18096.00 |
| 5. Hús Ámunda Ámundasonar, nr. 26a við Vesturgötu (brbnr. 502) | - 29780.00 |
| 6. Hús Halldórs Jónssonar, nr. 26c við Vesturgötu (brbnr. 452) | - 7210.00 |
| 7. Hús Helga Hjörvar, nr. 6 við Suðurgötu (brbnr. 58) | - 10890.00 |

8.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 10. maí lögð fram.
1.-11. liður samþykktur með samhljóða atkv. Fyrri hluti 12. liðs (út að orðunum: "Hvað snertir undanþágu") samþ. með samhljóða atkv.
Viðaukatillaga borgarstjóra við 12. lið svo látandi:
"Bæjarstjórnin mælir með undanþágu frá því að eldvarnarveggur nái upp fyrir þak. samþ. með samhlj. atkv.
13.-16. liður samþ. með samhlj. atkv.
Fundargerðin í heild með áorðinni breytingu á 12. lið samþ. með samhlj. atkv.

III.-IV. Fundargerð veganefndar frá 13. maí og fundargerð fjárhagsnefndar frá 13. maí lagðar fram.
1. liður beggja fundargerðanna samþ. með samhlj. atkv.
2. liður fundargerðar veganefndar samþ. með samhlj. atkv.
Fundargerð veganefndar í heild samþ. með samhlj. atkv.
Brtt. Ólafs Friðrikssonar við 2. lið fundargerðar fjárhagsnefndar, svo látandi:
"Til ofaníburðar og lagfæringar á íþróttavellinum veitist íþróttasambandinu 2000 krónur",
samþ. með 5:1 atkv.
2. liður svo breyttur samþ. með samhlj. atkv.
3. liður samþ. með samhlj. atkv.
Fundargerð fjárhagsnefndar í heild, með áorðinni breytingu á 2. lið samþ. með samhlj. atkvæðum.

V. Fundargerð fasteignanefndar frá 13. maí lögð fram.
1.-2. liður samþ. með samhlj. atkv.
Inga Lára Lárusdóttir og Sveinn Björnsson fluttu viðaukatillögu við 2. lið, svo látandi:
"Bæjarstjórnin ályktar að fela veganefnd að skora á stjórnarráðið að setja taxta fyrir bifreiðaakstur innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ennfremur að fela nefndinni að athuga önnur atriði, sem snerta bifreiðar og bifreiðaakstur, þar á meðal, hvar leigubifreiðar megi halda til á almannafæri, og hvort reynt skuli að koma á bifreiðaskatti".

Tillagan var borin upp í tvennu lagi, og var fyrri málsgreinin felld með 4:4 atkv. - Síðari málsgreinin samþykkt með 4 atkv. samhljóða. 3. liður samþ. með 5:1. atkv.

Við 4. lið kom fram brtt. frá Ólafi Friðrikssyni, svo látandi:

"Málinu sé vísað aftur til fasteigna-nefndarinnar til athugunar samkvæmt umræðum á fundinum".

Ennfremur flutti borgarstjóri viðaukatillögu við 4. lið svo látandi:

"Húsið sé sett á þeim stað, sem fasteignanefnd samþykkir og tekið burtu, bænum að kostnaðarlausu, hvenær sem bæjarstjórnin krefst þess".

Brtt. Ólafs Friðrikssonar samþ. með 5:1 atkv.

Hin tillagan kom því ekki til atkv.

5.-6. liður samþ. með samhlj. atkv.

7. liður samþ. með samhlj. atkv.

8.-12. liður samþ. í einu hlj.

13. liður samþ. með 6:1 atkv.

Fundargerðin í heild, með áorðnum breytingum samkv. framanskráðu, samþ. með samhlj. atkv.

VI. Fundargerð brunamálanefndar frá 14. maí lögð fram.

1. liður samþ. með samhlj. atkv.

2. liður samþ. með samhlj. atkv.

Fundargerðin í heild samþ. með samhlj. atkv.

Í sambandi við 2. lið fundargerðarinnar var borin upp tillaga um að kjósa sérstaka nefnd til að gera tillögur um leyfi til kvikmyndasýninga. Sú tillaga var felld með 4:3 atkv., en samþ. var að fela fjárhagsnefnd að gera umræddar tillögur.

VII. Fundargerð fátækranefndar frá 8. maí lögð fram.

VIII. Lagt fram nefndarálit frá fisksölunefndinni, dags. 10. maí. Tillögur nefndarinnar samþ. með samhlj. atkv.

IX. Erindi Goodtemplarareglunnar, dags. 28. apríl, um fjárstyrk til byggingar yfir Samverjann, vísað til fjárhagsnefndar.

X. Kvenréttindafélags Íslands leyfð afnot barnaskólaeldhússins til matreiðslunámskeiðs, samkv. umsókn félagsins, dags. 13. maí.

XI. Sveinn Björnsson flutti svo látandi tillögu:

"Bæjarstjórnin ákveður að skipa þriggja manna nefnd, til þess að íhuga hvort eigi muni unnt, að fá lögleidda á Alþingi í sumar, sameining Seltjarnarneshrepps við lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, og þá jafnframt gera þann undirbúning að málinu, sem nefndin telur nauðsynlegan og hægt er að gera".

Tillagan var samþykkt í einu hljóði og í nefnd kosnir:

| | | |
|---|---|---|
| Sveinn Björnsson | með 8 | atkv. |
| Borgarstjóri | - 7 | - |
| Ágúst Jósefsson | - 7 | - |

Hér með var dagskrá lokið, en Ingu Láru Lárusdóttur var leyft með 7 atkv. samhlj. að hreyfa máli utan dagskrár, og flutti hún svo látandi tillögu:

"Bæjarstjórnin samþykkir að skora á lögreglustjóra að hlutast til um að brunarústirnar beggja megin Austurstrætis og við Hafnarstræti verði nú þegar jafnaðar við jörðu. Sömuleiðis að séð verði um, að tekin verði burtu vegsummerki þau eftir Söluturninn er ennþá stendur á Lækjartorgi".



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrri málsgrein tillögunnar samþ. með samhlj. atkv. Síðari málsgreinin felld með 3:3 atkv., enda hafði ~~bæjarstjórn/skýrt/// frá///~~ borgarstjóri skýrt frá, að bæjarverkfræðingi hefði verið falið að sjá um framkvæmdir verksins.

Fundi slitið kl. 8.15.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson.
Ólafur Friðriksson. Inga Lára Lárusdóttir. Jón Þorláksson.
Sigurður Jónsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Ágúst Jósefsson.
Jón Baldvinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, fimmtudaginn 5. júní var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.25 síðdegis, og voru þá til fundar komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Sighvatur Bjarnason (forseti), Sveinn Björnsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðrilsson, Inga Lára Lárusdóttir, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, og Jón Ólafsson. Fjærverandi úr bænum voru: Benedikt Sveinsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Jón Baldvinsson, Jón Þorláksson, Jörundur Brynjólfsson og Þorvarður Þorvarðsson.-

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hús Steingríms Guðmundssonar, nr. 48 við Grettisgötu (brbnr. 861) | Kr. 19638.oo |
| 2. | Hús Eyjólfs Björnssonar, nr. 4c við Skólavörðustíg (brbnr. 863) | - 11427.oo |
| 3. | Hús Magnúsar Magnússonar, nr. 20 við Frakkastíg (bnbnr. 1152) | - 11842.oo |
| 4. | Hús Kolbeins Þorsteinssonar, nr. 53 við Grettisgötu (brbnr. 994) | - 36771.oo |
| 5. | Hús Gests Kr. Guðmundssonar, nr. 57 við Hverfisgötu (brbnr. 485) | - 9350.oo |
| 6. | Hús Guðna Símonarsonar, nr. 8 við Óðinsgötu (brbnr. 345) | - 16274.oo |
| 7. | Bær Erlings Filippussonar, "Haukaland" (brbnr. 1430) | - 5140.oo |
| 8. | Hús Emil Rokstads, "Bjarmaland" (brbnr. 1248) | - 32417.oo |
| 9. | Hús sama "Mjölnir" við Laugaveg (brbnr. 803) | - 61690.oo |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 20 maí lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

III. Fundargerð byggingarnefndar frá 31. maí lögð fram.
1.-23. liður samþ. með öllum greiddum atkv.
24. liður samþ. með 5:2 atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með öllum greiddum atkv.

IV. Fundargerð fasteignanefndar frá 20. maí lögð fram og samþ. í heild með samhljóða atkv.

V. Fundargerð fasteignanefndar frá 3. júní lögð fram.
1. liður samþ. með samhlj. atkv.
Svo látandi tillaga frá Sveini Björnssyni var samþ. í einu hljóði:

> "Í sambandi við 1. lið lýsir bæjarstjórnin því yfir, að hún lítur svo á, að erfðafestuhafi geti ekki krafizt neins endurgjalds úr bæjarsjóði, þótt bæjarstjórnin taki til notkunar sefið í Tjarnarendanum."

2.-7. liður samþ. með samhljóða atkvæðum.
Þegar Ólafur Friðriksson hafði talað út af 8. lið nærfellt hálfa klukkustund, lagði Sveinn Björnsson til, að umræðum um 8. lið yrði frestað þangað til búið væri að afgreiða önnur mál á dagskránni, og gaf ræðumaður leyfi sitt til að sú tillaga yrði borin undir atkvæði, enda þótt hann hefði ekki lokið máli sínu. Borgarstjóri bar og fram tillögu svo látandi:
"Eg vil leyfa mér að stinga upp á því, að umræðum um 8. lið í fundargerð fasteignanefndar yrði þegar í stað hætt og krefst þess, að þessi tillaga verði borin upp nú þegar, enda þótt sá fulltrúi, sem nú hefur orðið, hafi ekki lokið ræðu sinni".
Ólafur Friðriksson vildi ekki fallast á, að þessi tillaga yrði borin undir atkvæði, en borgarstjóri hélt því fram, að það væri heimillt samkv. 11.gr. fundarskapanna, og krafðist að svo



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

yrði gert. Forseti úrskurðaði, að tillagan gæti ekki komið til atkvæða fyrr en ræðumaður hefði lokið máli sínu. Krafðist borgarstjóri þess þá, að það yrði borið undir bæjarstjórnina, hvorn skilninginn hún legði í 11. gr. fundarskapanna. Var svo gert, og aðhylltist bæjarstjórn skilning forseta með 6 atkv. samhlj.- Var svo tillaga Sveins Björnssonar, um að fresta umræðum um 8. lið til fundarloka, samþ. með samhlj. atkv.

9.-15. liður fundargerðarinnar samþ. með samhlj. atkv.

VI. Fundargerð hafnarnefndar frá 23. maí lögð fram og samþykkt í heild með samhlj. atkv.

VII. Fundargerð fátækranefndar frá 22. maí lögð fram.

VIII. Erindi Flugfélahs Íslands, dags. 4. júní, um flugvöll, vísað til fasteignanefndar og fjárhagsnefndar.

IX. Erindi frá samskotanefnd vegna inflúensunnar, dags. 2. júní, um ráðstöfun á afgangi af samskotafé, kr. 2329.36, falið fátækranefnd til íhugunar.

X. Erindi Péturs Brynjólfssonar, dags. 23. maí, um Bíósýningar í Báruhúsinu, vísað til brunamálanefndar og fjárhagsnefndar.

XI. Svo látandi tillaga frá borgarstjóra var samþykkt í einu hljóði:

"Legg til að kosin sé 3 manna nefnd til þess að ~~athuga~~ íhuga útsvarskærur og gera tillögur til úrskurðar".

Í nefndina hlutu kosningu:

Jón Ólafsson með 7 atkv.
Kristján V. Guðmundsson með 5 atkv.
Borgarstjóri með 6 atkv. (við endurtekna kosningu).

XII. Erindi hf. Bræðings, dags. 27. maí, um vatnsæð að Þormóðsstöðum, vísað til vatnsnefndar.

XIII. Umsókn Sigurðar Guðmundssonar, dags. 29. maí, um löggildingu til að leggja vatnsæðar, vísað til vatnsnefndar til fullnaðar til fullnaðarafgreiðslu.

XIV. Lesið erindi Lilju Kristjánsdóttur, dags. 3. júní, þar sem hún fer fram á, að "19. júní" (landsspítalasjóðsnefnd) fái leyfi til að nota barnaskólaportið og Austurvöll við hátíðahald 19. júní næstkomandi. Leyfið veitt í einu hljóði.

XVI. Rætt um bifreiðar og fasta taxta fyrir bifreiðaakstur og lögð fram fundargerð veganefndar frá 4. júní.

Að loknum umræðum var gengið til atkvæða um tillögur veganefndar og viðaukatillögur við þær.

a. liður samþ. með samhlj. atkv.

Viðaukatillaga við a-lið frá Ólafi Friðrikssyni:

"Ennfremur skorar nefndin á lögreglustjóra, að takmarka bifreiðaakstur að næturlagi samkv. 45. gr. lögreglusamþykktarinnar, þannig að allar skemmtiferðir séu bannaðar að næturlagi innanbæjar",

samþ. með samhlj. atkv.

b-liður samþ. með samhljóða atkv.

Svo látandi viðaukatillaga frá Sveini Björnssyni við b-lið samþ. í einu hljóði:

"Ennfremur felur bæjarstjórnin veganefnd að gera tillögur til stjórnarráðsins um ítarlegar reglur um takmörkun á og bann við umferð bifreiða á vissum vegum eða vegarköflum og á vissum tíma sólarhrings (sbr. heimild 2. gr. l. nr. 88 14. nóv. 1917)."



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

c.-e.liður samþ. í einu hljóði.
Tillögur veganefndar í heild, með áorðnum viðaukum, samþ. með samhlj. atkvæðum.

Loks var haldið áfram umræðum um 8. lið fundargerðar fasteignanefndar frá 3. júní, sem áður var frestað.
Flutti Ólafur Friðriksson svo látandi brtt. við liðinn:
"Bæjarstjórnin heimilar fasteignanefnd að leigja Sturlu Jónssyni land undir sumarbústað vestan við Elliðaárvog eða annarsstaðar í landi bæjarins, þess, sem ekki er í ábúð".
Sveinn Björnsson mælti nokkur orð, en að því búnu tók Ólafur Friðriksson til máls. Þegar hann hafði talað um hríð vék Sveinn Björnsson af fundi, svo að fundur varð ólögmætur til ályktana. Frestaði forseti þá fundinum - kl. 9.05 síðd. og ákvað borgarstjóri framhaldsfund næsta dag kl. 9 árdegis.
Föstudaginn 6. júní kl.9.20 árdegis var fundur settur á ný, að viðstöddum öllum hinum sömu bæjarfulltrúum er áður sátu fundinn.- Sigurður Jónsson og Sveinn Björnsson gengu af fundi rétt eftir fundarsettningu, þegar Ólafur Friðriksson hafði tekið til máls til framhalds ræðu sinni út af 8. lið fundargerðar fasteignanefndar, sem hann hafði ekki lokið þegar fundi var frestað.- Bríet Bjarnhéðinsdóttir kom á fund kl. 9.45 - Kl. tæplega 10 lýsti forseti því yfir, að hann þyrfti að fara af fundi um stundarsakir til að gegna skyldustörfum sínum, og setti hann Ágúst Jósefsson til að stjórna fundinum. Hætti þá Ólafur Friðriksson ræðu sinni og kvaðst einnig hafa skyldustörfum að gegna - þyrfti að lesa prófarkir af"Dagsbrún" - og vék af fundi-. Eftir það tók borgarstjóri til máls.~~og óskaði bókað~~ Gat hann þess og óskaði bókað, að hann hefði ákveðið þennan fund svo snemma dags til þess að Ólafur Friðriksson hefði daginn fyrir sér til að tala um þetta mál, þar sem hann hefði lýst því yfir í ræðu sinni í gær, að hann myndi tala um það eins og sér ynnist tími til.- Jón Ólafsson tók þá næst til máls og flutti tillögu svo látandi:
"Bæjarstjórnin vill ekki að svo stöddu leyfa að byggja í brekkunni fyrir austan Elliðaárvoga, og fellir því tillögu fasteignanefndar um þetta efni".
Að loknum umræðum var fundarhlé um stund vegna þess að fundur var ekki ályktunarfær.
Ólafur Friðriksson kom á fund aftur kl. 10.15, Sigurður Jónsson kl. 10.30 og Sveinn Björnsson kl. 11.-
Var þá borin upp tillaga borgarstjóra um að slíta umræðum og ganga til atkvæða. Var hún samþykkt með 6 atkv. samhlj.- Ólafur Friðriksson mótmælti að sú atkvæðagreiðsla væri lögleg.
Tillaga Jóns Ólafssonar, sem bókuð er hér að ofan samþ. með 5:2 atkv.
Tillaga Ólafs Friðrikssonar, bókuð neðantil á bls. 164, samþ. með 4 atkv. samhljóða.
Fundargerð fasteignanefndar í heild, með áorðnum breytingum, samþ. með samhljóða atkvæðum.

Fundi slitið kl. 11.15.

K.Simsen. Ágúst Jósefsson. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson. Kristján V. Guðmundsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Inga Lára Lárusdóttir. Jón Ólafsson. Ólafur Friðriksson. Sigurður Jónsson.

Forseti óskar þess getið, að þegar hann vék af fundi kl. 10 og setti Ágúst Jósefsson til að gegna forsetastörfum í fjærveru sinni með því að varaforseti var fjarverandi, hafi hann gert það með samþykki borgarstjóra og allra viðstaddra bæjarfulltrúa. Forseti kom aftur á fundinn meðan bæjarfulltrúar voru að undirskrifa fundarbókina og undirskrifaði þá bókina.
Þessi athugasemd forseta, um skipun Ágústs Jósefssonar til að gegna forsetastörfum er innfærð af borgarstjóra og er athugasemdin rétt.

K.Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, fimmtudaginn 26. júní, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.35 síðdegis, og boru þá til fundar komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Sighvatur Bjarnason (forseti), Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Sigurður Jónsson, Jón Baldvinsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Jón Ólafsson og Bríet Bjarnhéðinsdóttir.- Jón Þorláksson kom á fund kl. 6.35, Sveinn Björnsson kl. 7.45.- Fjarverandi úr bænum Benedikt Sveinsson og Jörundur Brynjólfsson.

Áður en gengið væri til dagskrár kvartaði Ólafur Friðriksson ~~yfir/því~~ undan því, hve seint bæjarfulltrúar fengju nefndarfundagerðir og önnur dagskrárplögg bæjarstjórnarfundar. Beindi hann því til borgarstjóra, hvort ekki væri fært að senda bæjarfulltrúunum þessi plögg í tvennu lagi, þannig að þeir fengju svo sem viku fyrir bæjarstjórnarfund þær fundargerðir, sem þá væru tilbúnar. - Borgarstjóri svaraði því, að nefndafundir væru venjulega haldnir næstu daga á undan bæjarstjórnarfundum, en annars væri það vel framkvæmanlegt, sem Ólafur Friðriksson talaði um.

Var svo gengið til dagskrár, og gerðist þetta:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | |
|---|---|
| 1. Hús Hjálmars Þorsteinssonar,, nr. 4 a við Skólavörðustíg (brbnr. 632) | Kr. 15044.00 |
| 2. Hús sama, nr. 4 B við Skólavörðustíg (brbnr. 1344) | - 12265.00 |
| 3. Hús Bergs Einarssonar, sútara, nr. 88 við Hverfisgötu (brbnr. 1431) | - 12044.00 |
| 4. Hús Guðsteins Eyjólfssonar, nr. 55 a við Grettisgötu (brbnr. 1318) | - 9976.00 |

II. Auka-alþimgiskjörskrá, sem gildir frá 1. júlí 1919 til 30. júní 1920, lögð fram til undirskriftar.

III. Fundargerð byggingarnefndar frá 14. júní lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

IV. Fundargerð hafnarnefndar frá 23. júní lögð fram og samþykkt í heild með öllum greiddum atkvæðum.
Í sambandi við fundargerð hafnarnefndar flutti Ólafur Friðriksson tillögu svo látandi:
"Bæjarstjórnin heimilar hafnafstjóra í samráði við borgarstjóra að leigja Hásetafélagi Reykjavíkur stað við höfnina til fisksölu, með þeim kjörum, sem þeir álíta sanngjörn".
Tillagan var samþykkt með samhljóða atkvæðum.

V. Fundargerð veganefndar frá 23. júní lögð fram..
1. liður samþ. í einu hljóði.
Með 2. lið voru lagðar fram tillögur borgarstjóra og lögreglustjóra, til reglna um bigreiðastæði.
1.-2. tillaga samþ. í einu hljóði.
Brtt. Ólafs Friðrikssonar við 2. málsgr. 3. tillöguum að burt féllu orðin: "og er ekki þegar leigð" felld með 3:3 atkv.
3. till. óbreytt samþ. með 4:1 atkv.
4.-6. till. samþ. með samhlj. atkv.
2. liður fundargerðar vegan. sþ. með samhlj. atkv.
3. liður samþ. með samhlj. atkv.
Brtt. Ólafs Friðrikssonar við 4. lið:
"Aftan við orðið: "útvega" komi: "fyrir næsta reglulegan fund. - Felld.
4. liður óbreyttur samþ. með samhlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með öllum gr. atkv. gegn einu.

VI. Fundargerð fasteignanefndar frá 11. júní lögð fram og samþ. í heild með samhlj. atkv.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VII. Fundargerð fasteignanefndar frá 19. júní lögð fram. Atkvæðagreiðslu um 1. lið frestað, og verður hann borinn upp í sambandi við 3. lið fundargerðar fjárhagsnefndar frá 21. júní.
2. liður samþ. með samhlj. atkv.

VIII. Fundargerð fasteignanefndar frá 24. júní lögð fram.
1.-4. liður samþ. í einu hlj.
Í 5. lið gerði nefndin enga tillögu, en í sambandi við hann flutti Ólafur Friðriksson tillögu svo látandi:

"Þar eð bæjarstjórnin lítur svo á, að bænum sé hin mesta þörf á því, að Byggingafélag Reykjavíkur geti sem allra fyrst byrjað á byggingum, ályktar hún að leggja félaginu til nokkrar dagsláttur lands sunnan Njálsgötu og vestan Hringbrautar, þó þannig, að hin fyrirhugaða skólalóð sé undanþegin, og er félaginu heimillt, þótt ekki sé þegar gerður leigusamningur, að gera þar þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru til undirbúnings bygginga þess.

Jafnframt felur bæjarstjórnin fasteignanefnd að gera sem fyrst það, sem gera þarf til þess að fullnaðar samningar verði gerðir".

Tillaga þessi var samþykkt með 4:1 atkv.
Fundargerðin í heild, með áorðinni breytingu við 5. lið, samþ. með 5 atkv. samhljóða.

IX. Fundargerð brunamálanefndar frá 23. júní lögð fram og samþykkt í heild með samhlj. atkv.

X. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 21. júní lögð fram .
1.-2. liður samþ. í einu hljóði.
3. liður og þar með 1. liður fundargerðar fasteignanefndar frá 17. júní samþykktir með samhljóða atkvæðum.-
Felld var tillaga Ólafs Friðrikssonar um að fella aftan af 1. lið fundargerðar fasteignanefndar orðin: "og sé tillit tekið til kosnaðar" o. s. frv.
Fundargerð fjárhagsnefndar í heild samþ. með samhlj. atkv.
Fundargerð fasteignanefndar í heild sömuleðis.

XI. Fundargerð fátækranefndar frá 12. júní lögð fram. Til atkvæða kom 3., 10. og 11. liður, og voru þeir samþ. með sam. hljóða atkv.

XII. Lögð fram skýrsla Austurvallarnefndar, dags. 21. júní, og tillögur. Voru tillögur nefndarinnar samþ. með 5:1 atkv.
Ólafur Friðriksson flutti viðaukatillögu við tillögu nefndarinnar, svo látandi:

"Bæjarstjórnin ákveður að láta fara fram opinberar sýningar á tillögunum um tilhögun um Austurvöll, og felur Austurvallarnefndinni framkvæmd í því efni".

Tillagan var samþ. með 3 atkv samhljóða.

XIII. Boðsbréfi um heilbrigðismálafundi í Kaupmannahöfn vísað til fjárhagsnefndar.

XIV. Fundargerð ~~frá~~ rafmagnsnefndar frá 26. júní lögð fram.

XV. Lagt fram frumvarp til samþykktar um leigu á lóðum til íbúðarhúsabygginga. Eftir stuttar umræður um frumvarpið var því vísað til 2. umr.

XVI. Ólafur Friðriksson flutti svolátandi tillögu:

"Bæjarstjórnin ákveður að veita lúðrafélaginu Hörpu, eða öðru félagi, fimmtíu krónur á viku á þessu sumri, fyrir að spila opinberlega einn tíma í hverri viku á þeim stað og þeirri stund, er bæjarstjórnin ákveður.

Jafnframt ~~að sjá um~~ felur bæjarstjórnin fjárhagsnefnd að sjá um að þetta geti komist í framkvænd sem fyrst".

Tillagan var samþykkt og ennfremur, að féð skuli greiða af óvissum ~~tekjuliðum~~ útgjöldum.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

XVII. Ólafur Friðriksson gerði fyrirspurn viðvíkjandi gasverði og kolakaupum gasstöðvarinnar, og svaraði borgarstjóri fyrirspurninni.

XVIII. Útsvarskærur teknar til umræðu og úrskurðar. Lagt var til að það færi fram fyrir luktum dyrum. Var það samþykkt og viku áheyrendur af fundi.

1. Kæra Brynjólfs B. Magnússonar, vélstjóra, dags. 16. maí, ekki tekin til greina.
2. Kæra Ben. S. Þórarinssonar, kaupmanns, dags. 28. maí, ekki tekin til greina.
3. Samþykkt með 5:4 atkv. að færa útsvar Guðmundar Þorsteinssonar, Njálsgötu 40 a, úr 600 kr. niður í 400 kr.
4. Kæra Helga Guðmundssonar, Ingólfsstræti 6, dags. 19. maí, ekki tekin til greina, og skal útsvar hans vera 150 kr.
5. Kæra Mjólkurfélags Reykjavíkur, dags. 11. apríl, ekki tekin til greina.

Frestað var úrskurði á 4 útsvarskærum.

Fundi kl. 8.45 síðdegis.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Ágúst Jósefsson. Jón Ólafsson. Ólafur Friðriksson. Jón Þorláksson. Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, fimmtudaginn 3. júlí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundur var settur kl. 5.15 síðdegis, og voru þá til fundar komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Sighvatur Bjarnason (forseti), Þorvarður Þorvarðsson, Ásgeir Jósefsson, Inga Lára Lárusdóttir, Sigurður Jónsson, Kristján V.Guðmundsson, Guðmundur Ásbjörnsson og Jón Ólafsson. - Ólafur Friðriksson kom á fund kl. 5.25, Jón Baldvinsson kl. 5.35, Sveinn Björnsson kl. 6, Jón Þorláksson kl. 6.05, Bríet Bjarnhéðinsdóttir kl. 6.20.- Benedikt Sveinsson fjærverandi úr bænum.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hús Gunnars Egilssonar, nr. 14 við Laufásveg (brbnr. 1171) | Kr. 30614.00 |
| 2. | Hús Vilborgar Guðnadóttur, nr. 5 við Skólavörðustíg (brbnr.213) | - 15394.00 |
| 3. | Hús Guðmundar Magnússonar, "Bjarg" við Sellandsstíg (brbnr. 1208) | - 5588.00 |
| 4. | Geymsluhús Jóns Björnssonar & Co. við Tryggvagötu | - 37581.00 |
| 5. | Hús dánarbús Ólafs Björnssonar, ritstjóra nr. 8 við Austurstræti (brbnr. 104) | - 98575.00 |
| 6. | Hús Svavars S. Svavars, nr. 57 við Laugaveg (brbnr. 725) | - 26786.00 |
| 7. | Hús Carls Scheplers, nr. 22 við Hafnarstræti (brbnr.128) | - 29914.00 |
| 8. | Hús Sveins Ó. Guðmundssonar, nr. 11 við Frakkastíg (brbnr. 455) | - 16662.00 |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 28. júní lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

III. Fundargerð gasnefndar frá 30. júní lögð fram.
1. liður samþ. með öllum greiddum atkv.
Fundargerðin í heild sömuleiðis.

IV. Fundargerð vatnsnefndar frá 30. júní lögð fram.
2. liður samþ. með 5:3 atkv.
3.-4. liður samþ. í einu hljóði.
Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

V. Fundargerð rafmagnsnefndar frá 1. júlí lögð fram.
Út af fundargerð þessari spunnust langar ukræður, en áður en þeim væri lokið, kl. 8.10, var fundi frestað til kl. 9.
Kl. 9.25 var fundi haldið áfram, og voru þá komnir allir hinir sömu, sem áður sátu fundinn, aðrir en Guðmundur Ásbjörnsson, Sighvatur Bjarnason, Sigurður Jónsson og Sveinn Björnsson. Hafði forseti skýrt frá því við fundarfrestun, að hann gæti ekki komið á fund fyrr en kl. 9½. Stýrði Ágúst Jósefsson fundinum þangað til forseti kom, kl. 9.35.-
Var nú haldið áfram umræðum um fundargerð rafmagnsnefndar, en að þeim loknum gengið til atkvæða. Var fyrst borin undir atkvæði seinasta tillagan, þeirra Jóns Baldvinssonar og Þorvarðs Þorvarðssonar, og var hún samþ. með 6:4 atkv. Hinar tvær fyrri tillögurnar þar með taldar fallnar.

Sigurður Jónsson kom á fund kl. 10.10.

VI. Fundargerð fasteignanefndar frá 1. júlí lögð fram og samþ. í heild með öllum greiddum atkv.

VII. Frumvarp til reglna um leigu á lóðum til íbúðarhúsabygginga tekið fyrir til 2. umræðu.
Eftir nokkrar umræður var borin undir atkvæði tillaga frá Ólafi Friðrikssyni svo látandi:
"Annari umræðu sé frestað til næsta fundar, þar eð allir bæjarfulltrúar hafa ekki ennþá haft tækifæri til þess að athuga málið gaumgæfilega".



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillagan var samþ. í einu hljóði.

VIII. Erindi Ljósmæðrafélags Íslands, dags. 30. júní viðvíkjandi launakjörum lesið og rætt um hríð.
Tillaga um að hætta umræðum felld með 6:4 atkv.
Borgarstjóri flutti tillögu svo látandi:
"Bæjarstjórnin telur sanngjarnt, að hækkuð verði laun ljósmæðra í líka átt og þær fara fram á, enda hefur hún veitt ljósmæðrum bæjarins uppbót á launum hin síðustu ár. Hins vegar sér bæjarstjórnin sér ekki fært að láta uppi að svo stöddu ákveðið álit um, hve há launin ættu að vera".
Þessi tillaga var samþykkt með öllum greiddum atkv.
Ennfremur var samþ. tillaga frá Ágúst Jósefssyni, svo látandi:
"Um leið og tekin eru til athugunar launakjör starfsmanna bæjarins felur bænarstjórnin fjárhagsnefnd að koma fram með tillögur um stofnun eftirlaunasjóðs fyrir þá".
Tillaga Jóns Þorlákssonar um að vísa erindinu til fjárhagsnefndar fékk ekkert atkvæði, enda var tillögumaður vikinn af fundi.

Utan dagskrár hreyfði borgarstjóri, með samþykki bæjarstjórnar, máli og flutti tillögu svo látandi:
"Borgarstjóra sé heimilað, í samráði við lögreglustjóra, að fjölga bifreiðastæðum í bænum".
Tillagan var samþykkt í einu hljóði.

Fundi slitið kl. 11.15.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Þorvarður Þorvarðsson.
Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Inga Lára Lárusdóttir. Ólafur Friðriksson. Kristján V. Guðmundsson. Ágúst Jósefsson.
Jón Baldvinsson. Sigurður Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, fimmtudaginn 17. júlí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.20 síðdegis, og voru þá til fundar komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Sighvatur Bjarnason (forseti), Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Inga Lára Lárusdóttir, Jón Þorláksson, Kristján V. Guðmundsson, Guðmundur Ásbjörnsson, og Jón Ólafsson.- Jón Baldvinsson og Ólafur Friðriksson komu á fund að nýlokinni fundarsettningu.- Sigurður Jónsson var utanbæjar.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Hús Eyjólfs S. Jónssonar, nr. 3 við Baldursgötu (brbnr. 951) | Kr. | 26372.oo |
| 2. Hús sama, nr. 46 B við Bergstaðastræti (brbnr. 651) | - | 14085.oo |
| 3. Hús Guðríðar Bramm, nr. 6A við Grettisgötu | - | 27505.oo |
| 4. Hús Guðmundar Kj. Jónssonar, Múli á Laugarnarbletti | - | 73860.oo |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 12. júlí lögð fram og samþ. í heild með öllum greiddum atkvæðum.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 8. júlí lögð fram og samþ. í heild með öllum greiddum atkvæðum.

IV. Fundargerð fasteignanefndar frá 15. júlí lögð fram og samþ. í heild með öllum greiddum atkvæðum.

V. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 11. jíulí lögð fram og samþykkt í heild með öllum greiddum atkvæðum.
Kosnir endurskoðendur samkv. 5. lið fundargerðarinnar, og hlutu kosningu:
Guðmundur Ásbjörnsson með 4 atkv.
Jón Ólafsson með 4 atkv.

VI. Fundargerð veganefndar frá 11. júlí lögð fram.
Við 2. lið flutti Inga Lára Lárusdóttir brtt., svo látandi:
"Í stað "kl. 6 að sunnudagsmorgni til kl. 4 að mánudagsmorgni" komi: kl. 8 að sunnudagsmorgni til kl. 6 að mánudagsmorgni".
Tillaga sú var felld með 4:4 atkv.
2. liður fundargerðarinnar samþ. með öllum gr. atkv.
Fundargerðin í heild sömuleiðis.

VII. Fundargerð veganefndar frá 14. júlí lögð fram.
Borgarstjóri gerði brtt. við 1. lið, þess efnis, að á eftir orðinu: "Helgason" í niðurlagi liðsins, komi: eða aðra.
Var sú tillaga samþ. með samhlj. atkv.
1. liður svo breyttur, samþ. með samhljóða atkv.
Þá flutti Jón Þorláksson viðaukatillögu við 1. lið svo látandi:
"Bæjarstjórnin samþykkir að bjóða út akstur við sorphreinsun (daghreinsun) frá 1. október, og felur borgarstjóra, í samráði við veganefnd að annast útboðiðið. Sömuleiðis felur hún. Sömuleiðis felur hún borgarstjóra að gera tilraun til að bjóða út næturhreinsun".
Fyrri málsgrein till. borin upp og felld með 5:4 atkvæðum.
Síðari málsgreinin tekin aftur.
2. liður fundargerðarinnar samþ. með samhlj. atkv.
Fundargerðin í heild, með áorðinni breytingu á 1. lið, samþ. með samhlj. atkvæðum.

VIII. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 14. júlí lögð fram.
1. liður samþ. með 6 atkv. samhlj.
2. liður samþ. með öllum greiddum atkv.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. liður samþ. með öllum greiddum atkvæðum.
5. liður samþ. með 7:2 atkv.
6. liður samþ. með öllum greiddum atkvæðum.
Fundargerðin í heild samþ. með öllum greiddum atkv.

IX. Fundargerð fátækranefndar frá 10. júlí lögð fram. 9. liður kom til atkvæða bæjarstjórnar, og var hann samþ. með öllum greiddum atkvæðum.

X. Fundargerð farsóttahússnefndar frá 15. júlí lögð fram. Voru tillögur nefndarinnar samþykktar í einu hljóði.

XI. Kosin þriggja manna nefnd að tillögu borgarstjóra, til þess að gera tillögur viðvíkjandi framkvæmd á skrásettningu lóða: Hlutu kosningu:
Jón Þorláksson með 8 atkv.
Sveinn Björnsson með 8 atkv.
Borgarstjóri með 7 atkv.

XII. Lesið erindi G. Eiríks, dags. 20. júní um kvikmyndáxleikhús.
Út af erindi þessu flutti borgarstjóri svo látandi tillögu:
"Bæjarstjórnin telur ekkert því til fyrirstöðu, að byggt verði kvikmyndaleikhús á lóðinni nr. 10 við Vonarstræti, ef fullnægt verður kröfum þeim, sem gerðar verða um allan útbúnað hússins og fyrirkomulag".
Ólafur Friðriksson lagði til að erindinu yrði vísað til fjárhagsnefndar, en Jón Þorláksson lagði til, að því yrði vísað til sérstakrar þriggja manna nefndar.
Borgarstjóri tók tillögu sína aftur, en samþykkt var að kjósa þriggja manna nefnd til að athuga málið. Hlutu kosningu:
Jón Þorláksson með 7 atkv.
Borgarstjóri með 5 atkv.
Ágúst Jósefsson með 4 atkv.

Jón Baldvinsson fór af fundi með leyfi forseta, að afloknu 9. dagskrármáli, kl. 6.45.

Fundi slitið kl. 7.45.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Inga Lára Lárusdóttir. Þorvarður Þorvarðsson. Jón Þorláksson. Kristján V. Guðmundsson. Jón Ólafsson. Ólafur Friðriksson. Guðm. Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, fimmtudaginn 7. ágúst var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundinn setti borgarstjóri kl. 5.2o síðdegis, að viðstöddum þessum bæjarfulltrúum: Þorvarði Þorvarðssyni, Ágúst Jósefssyni, Ingu Láru Lárusdóttur, Jóni Þorlákssyni, Sigurði Jónssyni, Jóni Baldvinssyni, Guðmundi Ásbjörnssyni, og Bríetu Bjarnhéðinsdóttur. - Forseti Sighvatur Bjarnason var fjarverandi úr bænum og var Sigurður Jónsson kjörinn til að stjórna fundinum.- Ólafur Friðriksson kom á fund kl. 5.3o, Sveinn Björnsson kl. 5.4o og Jón Ólafsson kl. 5.45.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 2. ágúst lögð fram.
1.-16. liður samþ. í einu hlj.
Jón Þorláksson flutti brtt. við 17. lið svo látandi:
"Bæjarstjórnin mælir með undanþágu fra byggingarsamþykktinni til handa Jakob Möller, þannig að honum verði leyft að byggja timburhús með 107 fermetra grunnfleti, samkv. umsókn hans
Tillagan var samþ. með 8 samhlj. atkv.
18.-21. liður fundargerðarinnar samþ. með samhlj. atkvæðum.
Fundargerðin í heild, með áorðinni breytingu við 17. lið samþ. í einu hljóði.

II. Fundargerð fasteignanefndar frá 22. júlí lögð fram.
1.-5. liður samþ. í einu hljóði.
6. liður sömuleiðis.
Fundargerðin í heild samþ. með samhlj. atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 5. ágúst lögð fram og samþ. í heild í einu hljóði.

IV. Fundargerð veganefndar frá 21. júlí lögð fram.

V. Fundargerð rafmagnsnefndar frá 1. ágúst lögð fram.
Út af fundargerðinni fluttu Þorvarður Þorvarðsson og Jón Baldvinsson tillögu til fundarályktunar, svo látandi:
"Bæjarstjórnin aðhyllist skoðun minni hlutans á fundi rafmagnsnefndar 1. ágúst þþ árs".
Tillagan var felld með 7:5 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| já: | nei: |
|---|---|
| Ágúst Jósefsson | Borgarstjóri |
| Bríet Bjarnhéðinsdóttir | Guðmundur Ásbjörnsson |
| Jón Baldvinsson | Jón Ólafsson |
| Ólafur Friðriksson | Jón Þorláksson |
| Þorvarður Þorvarðsson | Inga Lára Lárusdóttir |
| | Sveinn BjÖrnsson |
| | Sigurður Jónsson |

VI. Fundargerð hafnarnefnd r frá 30. júlí lögð fram.

VII. Fundargerð fátækranefndar frá 24. júlí lögð fram.

VIII? Fundargerð fjárhagsnefndar frác 25. júlí lögð fram, og í sambandi við 2. lið hennar tillaga frá borgarstjóra, dags. 7. ágúst.
Út af 1. lið fundargerðarinnar flutti Ólafur Friðriksson svo látandi tillögu:
"Bænarstjórnin ákveður að ræða erindi Sesselju Ólafsdóttur, yfirsetukonu, um að hún fái dýrtíðaruppbót fyrir árin 1918 og 1919, sem væri hún í fastri þjónustu bæjarins."
Tillagan samþykkt með 5:1 atkv.
Ennfremur flutti Ágúst Jósefsson viðaukatillögu við tillögu Ólafs Friðrikssonar, svo látandi:
"enda aðstoði hún sængurkonur fyrir sama gjald og hinar lögskipuðu ljósmæður".
Sú tillaga var samþykkt með 7 atkv. samhlj.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillaga borgarstjóra í sambandi við 2. lið fundargerðarinnar, þeirri er getur á blaðinu hér á undan (bls. 170) var breytt að nokkru, og var hún samþ. í einu hljóði eins og hún er bókuð hér á eftir:

"Bæjarstjórnin ályktar að ábyrjast fyrir hönd bæjarsjóðs allt að 45000 króna lán, sem byggingarfélag Reykjavíkur kann að fá til að byggja fyrir í haust íbúðarhús við Bergþórugötu, með 2. veðrétti í húsunum þegar þau eru komin upp og með uppfærzlurétti næst á eftir láni með 1. veðrétti, sem ekki sé meira en 50% af kostnaðarverði húsanna, enda fari lán það, sem bæjarstjórnin ábyrgist, ekki fram úr 45% af kostnaðarverðinu. Sé það skilyrði fyrir ábyrgðinni, að húsin verði eign Byggingarfélags Reykjavíkur meðan bæjarsjóður er í ábyrgðinni, og að borgarstjóri fái jafnkengi skýrslu árlega um hag félagsins og ársreikning. Ennfremur skuldbindi byggingarfélagið sig til að leigja ekki næstu 2 ár húsnæði í umræddum húsum, öðrum en þeim, sem níu eru búsettir í bænum, þó þannig, að 1 utanbæjarmaður, sem nú er í félaginu, haldi óskertum sínum rétti samkvæmt félagslögunum.

Meðan stendur á byggingu húsanna heimilar bæjarstjórnin borgarstjóra að ábyrgjast fyrir hönd bæjarsjóðs allt að 80000 króna lán, gegn 1. veðrétti húsannaÐ í húsunum jafnóðum og þau byggjast, og í efni, sem keypt er ril þeirra, enda greiðist það lán að fullu jafnskjótt og húsin verða fullgerð og veðhæf í lánsstofnuninni".

S amþykkt var að hækka styrk þann, sem ræðir um í fundargerð fjárhagsnefndar frá 14. júlí (5. töluliður), upp í 2400 krónur, og senda á fundinn, sem þar um ræðir, borgarstjóra og heilbrigðisfulltrúa.

Atkvæðagreiðslan um þessa tillögu féll þannig, að 5 greiddu atkvæði með, en 3 á móti.

Fundargerð fjárhagsnefndar í heild, með áorðnum breytingum samþ. með 6:2 atkv.

Utan dagskrár flutti Ólafur Friðriksson, meðcsamþykki bæjarstjórnar, svo látandi tillögu:

"Bæjarstjórnin felur fjárhagsnefnd að sjá um, að þing það er nú situr, taki fyrir og afgreiði frumvarpið um bæjargjald í R Reykjavík, þar eð Bæjarstjórnin álítur niðurjöfnunarfyrirkomulagið algerlega ófullnægjandi í jafnstórri borg og Reykjavík er orðin".

Sveinn Björnsson bar fram brtt. um að á eftir orðunum "í Reykjavík" í miðri tillögunni kæmi: "eins og það var afgreitt frá bæjarstjórninni á síðasta ári".

Var sú brtt. samþ. í einu hljóði.

Aðaltillagan svo breytt, samþ. með samhlj. atkv.

IX. Skýrsla brunabótafélags dönsku kaupstaðanna lögð fram.

Utan dagskrár voru samþykktar eftirfarandi brunabótavirðingar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hús Brillonin konsúls, Héðinshöfði við Laugaveg (brbnr. 1227) | Kr. 96450.00 |
| 2. | Hús Elíasar Lyngdals, kaupmanns, nr. 23 við Njálsgötu (brbnr. 916) | - 21960.00 |
| 3. | Hús Úlfars Bergssonar, nr. 21 B við Bergstaðastræti (brbnr. 1435) | - 4491.00 |
| 4. | Hús brauðgerðar alþýðufélaganna, nr. 61 við Laugaveg (brbnr. 546)(viðbót) | - 5355.00 |
| 5. | Bæir Ingimundar Hallgrímssonar, Litli-Hvammur í Þvottalaugabletti | - 6960.00 |
| 6. | Hús Páls Níelssonar, nr. 11 við Óðinsgötu (brbnr. 1436) | - 23665.00 |
| 7. | Hús Eyjólfs Eiríkssonar, nr. 16 við Hafnarstræti (brbnr. 125) | - 49241.00 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Hús Guðna Símonarsonar,
   nr. 8 B við Óðinsgötu (brbnr.1217) Kr. 26393.oo
9. Hús Magnúsar Magnússonar,
   Eystra-Gíslholt við Vesturgötu (brbnr.747) - 16574.oo
10. Hús Kristjáns Magnússonar,
   nr. 15 við Óðinsgötu (brbnr. 1437) - 33697.oo

X. Útsvarskærur úrskurðaðar.

1. Út af kæru Magnússonar Ásmundssonar, Framnesveg 9, dags. 12. júní, var samþ. að færa útsvar hans niður í 30 krónur.
2. Út af kæru Ísleiks Þorsteinssonar, Njálsgötu 50, dags. 28. maí, var samþykkt að lækka útsvar hans niður í 60 krónur.
3. Samþ. með samhlj. atkv. að lækka útsvar Hljóðfærahúss Reykjavíkur niður í 250 krónur. Kæra dags. 5. júní.
4. Kæra Eimskipafélags Íslands, dags. 24. maí, ekki tekin til greina.
5. Kæra 9 hluthafa í fiskihlutafélaginu "Nirði", dags. 17. maí, rkki tekin til greina.

Með því að eftir var að færa töluvert inn í gerðabók þegar dagskrá var lokið, samþykkti bæjarstjórnin að sleppa upplestri gerðabókar að þessu sinni, og fól borgarstjóra, settum forseta og skrifurum að sjá um rétta bókun og undirskrifa gerðabókina.

Fundi slitið kl. 8.25 síðdegis.

K.Zimsen. Sigurður Jónsson. Ólafur Friðriksson.
Þorvarður Þorvarðsson. Jón Baldvinsson. Inga Lára Lárusdóttir.
Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Jón Þorláksson. Jón Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, fimmtudaginn 21. ágúst, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis, og voru þá komnir þessir bæjarfulltrúar: Sighvatur Bjarnason (forseti), Sveinn Björnsson, Þorvarður Þorvarðsson, Ólafur Friðriksson, Inga Lára Lárusdóttir, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, Jón Baldvinsson og Guðmundur Ásbjörnsson. - Jón Þorláksson kom að aflokmu 1. dagskrármáli og Jón Ólafsson rétt á eftir.-

Borgarstjóri og Ágúst Jósefsson fjarverandi úr bænum (á leið til útlanda). Störfum borgarstjóra gegnir settur borgarstjóri, prófessor juris Ólafur Lárusson, og var hann kominn á fundarstað kl. 5.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hús Katrínar Sigfúsdóttur, nr. 1a við Klapparstíg (brbnr. 781) | Kr. 21250.oo |
| 2. | Hús Þorvalds Eyjólfssonar, nr. 4 við Grettisgötu (brbnr. 1432) | - 23591.oo |
| 3. | Bær Magnúsar Magnússonar, skósmiðs, "Dalur" í Þvottalarbletti (brbnr.1440) | - 3786.oo |
| 4. | Hús Péturs Bjarnasonar, nr. 34 við Njálsgötu (brbnr. 972) | - 12475.oo |
| 5. | Hús Marteins Einarssonar, kaupmanns, nr. 29 við Laugaveg (brbnr. 351) | - 55970.oo |
| 6. | Hús Björns Gíslasonar, kaupmanns, nr. 6 við Mjóstræti (brbnr. 70) | - 76425.oo |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 13. ágúst lögð fram. Jón Þorláksson flutti brtt. við 1. lið svo látandi:
"Bæjarstjórnin leyfir sér að óska eftir, að stjórnarráðið veiti hina umbeðnu undanþágu frá byggingarsamþykktinni handa Jakob Möller, þótt meðmæli byggingarnefndar liggi ekki fyrir, vegna nauðsynjar bæjarins á því, að núverandi íbúð Jakobs Möller verði losuð til afnota fyrir farsóttahús".

Tillagan var samþ. með 7 atkv. samhlj. Brtt. Sveins Björnssonar við 1. lið, um að í stað "125 m" komi: 150 m felld með 6:3 atkv.

III. Fundargerð byggingarnefndar frá 18. ágúst lögð fram og samþ. í heild með samhlj. atkv.

IV. Fundargerð fasteignanefndar frá 12. ágúst lögð fram. 1. liður samþykktur með sanhljóða atkvæðum.
Við 2. og 3. lið flutti Jón Baldvinsson svo látandi breytingartillögu:
"Bæjarstjórnin samþykkir, að umsækjendum þeim, sem ræðir um í 2. og 3. lið fundargerðar fasteignanefndar 12. ágúst, verði leigðar lóðir með þeim skilmálum, sem ákveðnir verða um leigulóðir bæjarsjóðs".

Tillagan var felld með 5:3 atkv.
2.-3. liður óbreyttir, samþ. með 5:3 atkv.
4.-7. liður samþ. með samhlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með samhlj. atkv.

V. Fundargerð veganefndar frá 8. ágúst lögð fram og samþ. í heild með samhlj. atkv.

VI. Fundargerð veganefndar frá 13. ágúst lögð fram og samþ. í heild með samhlj. atkv.

VII. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 14. ágúst lögð fram og samþ. í heild með samhlj. atkv.

VIII. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 19. ágúst lögð fram
1. liður samþ. með samhlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með samhlj. atkvæðum.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IX. Fundargerð fátækranefndar frá 14. ágúst lögð fram. Til úrskurðar bæjarstjórnar kom 8. liður, og var hann samþ. með samhlj. atkvæðum.

X. Fundargerð brunamálanefndar frá 19. ágúst lögð fram.
1. liður samþykkur í einu hljóði.
Fundargerðin í heild samþ. með samhlj. atkv.

XI. Fundargerð hafnarnefndar frá 18. ágúst lögð fram og samþ. í heild með samhljóða atkv.

XII. Fundargerð skólanefndar frá 16. ágúst lögð fram. og samþ. í heild með samhlj. atkv.

XIII. Fundargerð skrásettningarnefndar lóða frá 19. ágúst lögð fram og samþ. í heild með samhlj. atkv.

XIV. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 20. ágúst lögð fram og samþ. í heild í einu hljóði.

XV. Fundargerð gasnefndar frá 11. ágúst lögð fram. Tillögur nefndarinnar til útskurðar á reikningi gasstöðvarinnar árið 1917 samþ. í einu hljóði.

XVI. Lesið bréf stjórnarráðsins, dags. 15. ágúst, út af því var kosinn í nefnd til að semja reglugerð um styrktarsjóð af botnvörpungafé:

Ólafur Lárusson, prófessor með 6 atkv.

Þorvarður Þorvarðsson vék af fundi með leyfi forseta

Ennfremur fór Guðmundur Ásbjörnsson af fundi um sama leyti.

Fundi slitið kl. 6.5o.

Ólafur Lárusson settur. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson. Jón Baldvinsson. Jón Ólafsson. Kristján V. Guðmundsson. Inga Lára Lárusdóttir. Ólafur Friðriksson. Sigurður Jónsson. Jón Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, fimmtudaginn 4. september, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.20 síðdegis, og voru þá til fundar komnir: Settur borgarstjóri próff. Ólafur Lárusson, Sighvatur Bjarnason (forseti), Sveinn Björnsson, Þorvarður Þorvarðsspn, Ólafur Friðriksson, Inga Lára Lárusdóttir, Sigurður Jónsson, Jón Baldvinsson og Guðmundur Ásbjörnsson.

Erlendis voru borgarstjóri og Ágúst Jósefsson. Ennfremur var ~~K~~ Jón Þorláksson fjarverandi úr bænum. Bríet Bjarnhéðinsdóttir boðaði forföll.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hús ~~Bjö~~ Jóns Björnssonar, kaupmanns, nr. 4 við Vesturgötu (brbnr. 1339) | Kr. 121570.00 |
| 2. | Hús Ólafs Grímssonar, fisksala, við Fálkagötu á Grímsstaðaholti | - 10760.00 |
| 3. | Hús Stefáns Árnasonar, ökumanns, við Fálkagötu á Grímsstaðaholti | - 12170.00 |
| 4. | Hús Guðna Símonarsonar, gullsmiðs, nr. 8 við Óðinsgötu | - 14071.00 |
| 5. | Hús Árna Einarssonar, klæðskera, nr. 8 við Brekkustíg | - - 4668.00 |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 30. ágúst lögð fram og samþ. í heild með öllum greiddum atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 26. ágúst lögð fram og samþ. í heild með öllum greiddum atkv.

IV. Fundargerð Fasteignanefndar frá 2. september lögð fram og samþ. í heild með öllum greiddum atkv.

V. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 2. september lögð fram og samþ. í heild í einu hljóði.

VI. Fundargerð fátækranefndar frá 28. ágúst lögð fram.

VII. Fundargerð hafnarnefndar frá 1. september lögð fram. og samþ. í heild með öllum greiddum atkvæðum.
Sveinn Björnsson greiddi ekki atkvæði.

VIII. Samþ. við 2. umr. ráðning Ólafs Þorsteinssonar verkfr. sem mælingamanns.

IX. Erindi Boga Th. Melsteds og Halldórs Daníelssonar, dags. 29. ágúst, um eftirgjöf á síðari greiðslu útsvars frú Þóru sál. Melsted, vísað til fjárhagsnefndar.

Hér með var dagskrá lokið, en Þorvarði Þorvarðssyni var leyft að hreyfa máli utan dagskrár, og flutti hann tillögu svo látandi:
"Bæjarstjórnin skorar á gasnefndina, að taka til athugunar, hvort ekki væri rétt að lækka gasverðið frekar en orðið er, þar eð búast má við, að það hefði í för með sér aukin viðskipti".
Tillaga þessi var samþ. með 6:1 atkv.

Kristján V. Guðmundsson kom á fundinn kl. 5.30.

Fundi slitið kl. 5.55 síðdegis.

Ólafur Lárusson settur. Sighvatur. Bjarnason. Sveinn Björnsson. Sigurður Jónsson. Kristján V. Guðmundsson. Þorvarður Þorvarðsson. Guðmundur Ásbjörnsson. Inga Lára Lárusdóttir. Jón Baldvinsson. Ólafur Friðriksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, fimmtudaginn 18. september, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.14 síðdegis, og voru þá komnir, auk setts borgarstjóra prófessors Ólafs Lárussonar, þessir bæjarfulltrúar: Sighvatur Bjarnason (forseti), Þorvarður Þorvarðsson, Ólafur Friðriksson, Inga Lára Lárusdóttir, Jón Þorláksson, Kristján V. Guðmundsson, Sigurður Jónsson, Jón Baldvinsson, Jón Ólafsson. -
Erlendis voru borgarstjóri og Ágúst Jósefsson. Ennfemur er Sveinn Björnsson fjarverandi úr bænum.
Bríet Bjarnhéðinsdóttir kom á fund kl. 5.55.

Gengið til dagskrár og gerðist þettað á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hús danska sendiherrans, nr. 29 við Hverfisgötu (brbnr.784) | Kr.163117.00 |
| 2. | Hús Bergs Einarssonar, sútara, nr. 88B við Hverfisgötu (brbnr. 711) | - 16085.00 |
| 3. | Hús Tómasar Jónssonar og Guðsteins Eyjólfss., nr. 21a við Laugaveg (brbnr.803) | - 8800.00 |
| 4. | Bær Ólafs Grímssonar | - 5820.00 |
| 5. | Hús Jóns Jónssonar, nr. 21a við Bræðraborgarstíg (brbnr.808) | - 16896.00 |
| 6. | Hús Kristófers ~~Eyjólfssonar~~ Egilssonar, nr. 52 við Vesturgötu (brbnr. 89) | - 28867.00 |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 13. september lögð fram og samþ. í heild í einu hljóði.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 16. september lögð fram og samþtkkt í heild með öllum greiddum atkvæðum.

IV. Fundargerð brunamálanefndar frá 15. september lögð fram.
1. liður samþ. með 5:2 atkv.
Jón Þorláksson flutti viðaukatillögu við 1. lið svo látandi:
"Leyfið veitist til bráðabirgða, en bæjarstjórnin væntir þess, að Steinolíufélagið komi sem fyrst upp geymsluþróm (tanks) fyrir steinolíubirgðir sínar".
Var sú tillaga samþykkt með 7 atkv. samhlj.
2. liður samþ. með 4 atkv. samhlj.
3.-4. liður samþ. með samhlj. atkvæðum.
Fundargerðin í heild, með áorðinni breytingu við 1. lið, samþ. með samhlj. atkv.

V. Fundargerð hafnarnefndar frá 15. september lögð fram.
1. liður samþ. með samhlj. atkv.
Jón Þorláksson flutti brtt. við 2. lið um að á eftir orðinu "skipaútgerð" komi: iðnaður.
2. liður, með þeirri breytingu, samþ. með samhlj. atkvæðum.
Funargerðin í heild með áorðinni breytingu á 2. lið, samþ. með samhlj. atkv.

VI. Fundargerð gasnefndar frá 16. september lögð fram.

VII. Fundargerð dýrtíðarnefndar frá 16. september lögð fram og samþ. í heild með samhlj. atkv.

VIII. Fundargerð skólanefndar frá 4. september og

IX. Fundargerð sömu nefndar frá 12. september lagðar fram og samþ. í heild með samhlj. atkv.

X. Umsóknir um skólavist barna undir skólaskyldum aldri faldar skólanefnd og fátækranefnd og til afgreiðslu.

XI. Fundargerð fátækranefndar frá 11. september lögð fram.

XII. Lagður fram reikningur ellistyrktarsjóðs Reykjavíkur 1918 og kosnir endurskoðunarmenn:
Sigurður Jónsson með 6 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

XII. Lagður fram reikningur ellistyrktarsjóðs Reykjavíkur árið 1918, og kosnir endurskoðunarmenn:

Sigurður Jónsson með 6 atkv.

Ólafur Friðriksson með 3 atkv. (við endurtekna atkvæðagreiðslu).

XIII. Kosnir tveir brunabótavirðingarmenn fyrir tímabiðið frá 1. október 1919 til 30. september 1920.

Hlutu kosningu:

Sigvaldi Bjarnason, trésmiður með 8 atkv.

Jón Sveinsson, trésmiður með 8 atkv.

Einn seðill auður.

XIV. Lagt fram bréf frá Köbstedernes almindelige Brandforsikring, dags. 30. ágúst.

Samþykkt var að kjósa þriggja manna nefnd til að íhuga bréf þetta, og hlutu kosningu:

Guðmundur Ásbjörnsson

Jón Ólafsson og

Sighvatur Bjarnason, hver um sig með 4 atkv.

Hér með var dagskrá lokið, en fjórir bæjarfulltríuar, Jón Baldvinsson, Ólafur Friðriksson, Kristján V. Guðmundsson og Þorvarður Þorvarðsson óskuðu að hreyfa máli utan dagskrár. Var það samþykkt og fluttu þeir tillögu svo látandi:

"Bæjarstjórnin samþykkir að fela borgarstjóra að leitast fyrir um það, hvort ekki sé unnt að fá eitthvert botnvörpuskipanna til að fiska handa bæjarbúm næstu mánuði".

Tillagan var samþykkt í einu hljóði.

Fundi slitið kl. 7.12 síðdegis.

Ólafur Lárusson settur. Sighvatur Bjarnason. Þorvarður Þorvarðsson. Inga Lára Lárusdóttir. Jón Ólafsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Jón Þorláksson. Ólafur Friðriksson. Sigurður Jónsson. Jón Baldvinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, laugardaginn =7. september, kl. 5 síðdegis, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni á skrifstofu borgarstjóra, samkvæmt fundarboði, er sent hafði verið bæjarfulltrúunum 26. sept. Var fundurinn settur kl. 5.2o síðdegis og voru þá mættir: Settur borgarstjóri Ólafur Lárusson, Sighvatur Bjarnason/ (forseti), Inga Lára Lárusdóttir, Jón Baldvinsson, Kristján V. Guðmundsson, Jón Þorláksson, Sigurður Jónsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Ólafur Friðriksson og Þorvarður Þorvarðsson.

Gengið til dagskrár og varv þetta gert:

I. Tekin fyrir fundargerð dýrtíðarnefndar frá 26. þ.m. og lagði settur borgarstjóri til, að gengið væri að tilboði því, er þar um ræðir. Samþ. með 4 atkv. gegn 2.
Tillaga frá settum borgarstjóra um, að valin sé á fundinum nefnd þriggja manna til að sjá um framkvæmdir á þessari samþykkt. Samþykkt með 5 atkv. gegn 1. Í nefndina kosnir:
Borgarstjóri með 5 atkv.
Kristján V. Guðmundsson með 3 atkv.
Sigurður Jónsson með 3 atkv.
Baðst Sigurður Jónsson undan þessuxi nefndarstarfi og voru 3 bæjarfulltrúar með því, að veita honum lausn en aðrir greiddu ekki atkvæði.

II. Lögð fram fundargerð lögreglusamþykktarnefndar, dags. 26. sept. og samþ. í heild með 5 atkv. gegn 2, til fyrri umr.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 6.5o síðdegis.

Ólafur Lárusson settur. Sighvatur Bjarnason. Þorvarður Þorvarðsson. Kristján V. Guðmundsson. Guðm. Ásbjörnsson. Jón Baldvinsson. Ólafur Friðriksson. Sigurður Jónsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, fimmtudaginn 2. október, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.29 síðdegis, og voru þá til fundar komnir: Settur borgarstjóri Ólafur próf. Lárusson og þessir bæjarfulltrúar: Benedikt Sveinsson (varaforseti), Sveinn Björnsson, Þorvarður Þorvarðsson, Ólafur Friðriksson, Jón Þorláksson, Sigurður Jónsson, Jón Baldvinsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Bríet Bjarnhéðinsdóttir og Jón Ólafsson. Forföll tilkynntu Sighvatur Bjarnason (forseti) og Kristján V. Guðmundsson.- Erlendis voru: Borgarstjóri og Ágúst Jósefsson.

Gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hús Jóns Halbergs Einarssonar, nr. 39B við Njálsgötu (brbnr. 911) | Kr. 7928.oo |
| 2. | Hús Gunnars Gunnarssonar nr. 3 við Skólavörðustíg (brbnr. ) | - 81143.oo |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 27. september lögð fram. 9. liður samþykktur sérstaklega með samhljóða atkvæðum. Fundargerðin í heild samþ. með samhljóða atkvæðum.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 30. september lögð fram.

Borgarstjóri skýrði frá, að í 16. lið fundargerðarinnar, í stafl. a., væri rilvilla: "2080" kr. í stað ~~kr~~ 2352 kr. - Ennfremur skýrði hann frá, að fallið hefði úr sama tölulið stafliður c., svo látandi:

c. 208 ferm., sem hann ætlar að selja Magnúsi Ólafssyni bifreiðarstjóra fyrir 2080 kr."

Fundargerðin í heild, svo leiðrétt, samþ. í einu hljóði.

IV. Fundargerð hafnarnefndar frá 29. september lögð fram og samþ. í heild með samhlj. atkv.

V. Fundargerð skólanefndar frá 29. september lögð fram og samþ. í heild með samhlj. atkv.

VI. Fundargerð gasnefndar frá 29. sept. lögð fram.

VII. Fundargerð fátækranefndar frá 29. september lögð fram.

VIII. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 1. október lögð fram. 3. og 4. lið frestað og ákveðið að ræða 3. lið með X. dagslrármáli og 4. lið með IX. dagskrármáli.

1., 2. og 5. liður samþ. með samhlj. atkv.

Kosinn í fjárhagsnefnd (samlv. 5. lið) í stað Jörundar Brynjólfssonar:

Þorvarður Þorvarðsson með 3 atkv.

IX. Fiskkaupamál bæjarins tekið til 2. umræðu og þar með 4. liður fundargerðar fjárhagsnefndar.

Sveinn Björnsson flutti út af því máli svo látandi tillögu: til rökstuddr r dagskrár:

"Bæjarstjórnin ályktar að bæta Jóni bæjarfulltrúa Ólafssyni í nefnd þá, sem bæjarstjórnin kaus 27. f.m., til framkvæmda fiskkaupaályktun bæjarstjórnarinnar. Í trausti þess, að nefndin geri frekari tilraunir til þess að útvega bæjarmöbbyn fisk og leggi sem fyrst fyrir bæjarstjórn tillögur þar að lútandi, tekur bæjarstjórnin fyrir næsta mál á dagskrá".

Tillaga þessi var borin upp í tvennu lafi, og var fyrri málsliðurinn samþykktur með 5:1 atkv. og síðari málsliður samþ. með 6:3 atkv.

X. 2. umr. um utanfararstyrk Erlings Pálssonar. Tillaga lögreglusamþykktarnefndar, sú er samþykkt var á



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

síðasta aukafundi bæjarstjórnar - samþ. til fullnaðar með 4:2 atkv.

Hér með var dagskrá lokið, en eftir beiðni borgarstjóra var samþykkt að taka til meðferðar utan dagskrár, erindi lögreglustjóra, dags. 2. október, um skilyrði stjórnarráðsins um húslán til einangrunar á taugaveiki- og skarlatssóttarsjúklingum.

Bæjarstjórnin samþykkti með 8:1 atkvæði að ganga að þeim skilmálum, sem greindir eru í erindi þessu.

Benedikt Sveinsson.

Fundi slitið kl. 7.2o síðdegis.

Ólafur Lárusson settur. Þorvarður Þorvarðsson. Sveinn Björnsson. Sigurður Jónsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Guðm. Ásbjörnsson. Jón Ólafsson. Ólafur Friðriksson. Jón Baldvinsson. Jón Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, fimmtudaginn 16. október var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.40 síðdegis, og voru þá komnir: Borgarstjóri og þessir bæjarfulltrúar: Sighvatur Bjarnason (forseti), Sveinn Björnsson, Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Jón Baldvinsson, Guðmundur Ásbjörnsson og Jón Ólafsson.- Sigurður Jónsson tilkynnti forföll (veikur).- Jón Þorláksson kom á fund kl.5.45.

Aður en gengið væri til dagskrár bauð forseti þá borgarstjóra og Ágúst heilbrigðisfulltrúa Jósefsson velkomna heim úr utanför þeirra, og tók bæjarstjórnin undir það með því að standa upp.

Þá var gengið til dagskrár, og gerðist þetta á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Geymsluhús Gunnars kaupm. Gunnarssonar norðan við nr. 3 við Laugaveg | Kr. 10238.oo |
| 2. | Steinbyggingar sama, fjós og hesthús í baklóð við Laugaveg 3 | - 4552.oo |
| 3. | Skúr sama norðan Vonarstrætis móti Iðnaðarmannahúsinu | - 2970.oo |
| 4. | Hús Karls Löve skipstjóra, nr. 35 við Bergstaðastræti (brbnr.918) | - 10999.oo |
| 5. | Baldurs Sveinssonar hús, nr. 42 við Bergstaðastræti (brbnr. 690) | - 19507.oo |
| 6. | Hús Einars Þórðarsonar, skósmiðs, nr. 50 B við ~~Hverf~~ Grettisgötu (898) | - 10139.oo |
| 7. | Hús Jóns Þorsteinssonar, nr. 9 við Óðinsgötu | - 15874.oo |
| 8. | Hús Gísla Halldórssonar, nr. 17 við Óðinsgötu | - 20003.oo |
| 9. | Hús Kornelíusar Sigmundssonar, nr. 19 við Óðinsgötu | - 18137.oo |
| 10. | Hús Björns Bogasonar og Símonar Símonarsonar nr.32B við Óðinsgötu | - 19715.oo |
| 11. | Hús Jóns Teitssonar, nr. 4 við Týsgötu | - 27114.oo |
| 12. | Hús Ragnheiðar Einarsdóttur, nr. 12 við Lindargötu (brbnr.250) | - 10820.oo |
| 13. | Brauðgerðarhús alþýðufélaganna, nr. 61 við Laugaveg (brbnr.546) | - 38500.oo |

II. Fundargerð fátækranefndar frá 9 október lögð fram.

III. Fundargerð fátækranecndar frá 11. október lögð fram og samþykkt í einu hljóði.

IV. Fundargerð byggingarnefndar frá 11. október lögð fram og samþ. í heild með öllum greiddum atkvæðum.

V. Fundargerð skólanefndar frác 11. október lögð fram.

VI. Fundargerð fasteignanefndar frá 13. október lögð fram. Samþykkt að fresta úrskurði á 10. og 11. lið. Fundargerðin í heild með þeirri breytingu, samþ. í einu hljóði.

VII. Lesið erindi lögreglustjóra,dags. 14. október, um settningu tveggja nýrra lögregluþjóna. Tillaga um að vísa erindinu til lögreglunefndar og fjárhagsnefndar samþ með 5:1 atkvæði. Málinu síðan vísað til 2. umr.

VIII. Kosning yfirkjörstjórnar við alþingiskosningar 15. nóvember.

Kosningu hlutu:
Úr bæjarstjórn:



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sighvatur Bjarnason með 9 atkv.
utan bæjarstjórnar:
Eggert Briem, yfirdómari með 5 atkv.

Til vara:

Úr bæjarstjórn:
Ágúst Jósefsson með 7 atkv.
Utan bæjarstjórnar:
Jón Ásbjörnsson, lögfr. með 9 atkv.
við endurtekna kosningu.

Fundi slitið kl. 6.32.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Ólafur ~~Ólafsson~~ Friðfiksson. Þorvarður Þorvarðsson. Sveinn Björnsson. Jón Baldvinsson. Jón Þorláksson. Jón Ólafsson. Buðmundur Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, fimmtudaginn 6. nóvember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

Fundurinn var settur kl. 5.2o síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Inga Lára Lárusdóttir, Jón Baldvinsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Jón Ólafsson o g forseti bæjarstjórnar Sighvatur Bjarnason.

Kristján V. Guðmundsson boðaði forföll.

Sveinn Björnsson kom á fund kl. 5.4o og Sigurður Jónsson og Bríet Bjarnhéðinsdóttir kl. 5.5o.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

1. Hús Kristínar Samúelsdóttur,
   nr. 26B við Frakkastíg (1456) — Kr. 25190.00
2. Hús Guðm. E. Guðmundssonar,
   nr. 24B við Frakkastíg (brbnr.1457) — - 19930.00
3. Hús sama manns,
   nr. 24 við Frakkastíg (brbnr. 1218) — - 9835.00
4. Hús Jóhannesar Guðmundssonar,
   nr. 36B við Njálsgötu (brbnr. 865) — - 8181.00
5. Hús Jóhannesar Þórðarsonar,
   nr. 38 við Njálsgötu (brbnr.850) — - 7363.00
6. Hús Guðbjargar Þorsteinsdóttur,
   nr. 29B við Njálsgötu (brbnr. 843) — - 4400.00
7. Skúr Árna Sigbjörnssonar,
   nr. 22C við Grettisgötu (brbnr. 1458) — - 6132.00
8. Hús Sigurjóns og Flosa Sigurðssona,
   nr. 1o við Grettisgötu (brbnr. 774) — - 39400.00
9. Hús Valdimars Kr. Árnasonar,
   nr. 9 við Vitastíg (brbnr. 724) — - 10590.00
10. Hús Eyjólfs Jóhannssonar,
    nr. 94 við Hverfisgötu (brbnr. 764) — - 18247.00
11. Hús Runólfs Péturssonar,
    nr. 48 við Laugaveg (brbnr. 540) — - 19940.00
12. Hús Kristjáns Snorrasonar og Guðm. Sæmundssonar,
    nr. 17 við Bergstaðastræti (brbnr. 461) — - 21332.00
13. Hús Elínar og Mörtu Stephensen,
    nr. 19við Grundarstíg (brbnr. 974) — - 21311.00
14. Hús Elíasar S. Lyngdals, nr. 29 við Skólavörðustíg
    (brbnr. 1298) — - 15417.po
15. Hús Ágústs Guðmundssonar,
    nr. 43 við Skólavörðustþg (brbnr. 894) — - 11317.00
16. Hús B. Stefánssonar og Bjarnar,
    nr. 22a við Laugaveg (brbnr. 1006) — - 33146.00
17. Hús Skúla Einarssonar,
    nr. 14B við Vesturgötu (brbnr. 562) — - 32885.00
18. Hús Árna Einarssonar,
    nr. 8 við Brekkustíg (brbnr. 1445) — - 15290.00
19. Hús Helgu Ketilsdóttur,
    nr. 55 við Hverfisgötu (brbnr. 531) — - 28030.00
20. Hús Guðmundar Einarssonar,
    nr. 12 við Vitastíg (brbnr. 860) — - 13240.00
21. Hús Gunnars Gunnarssonar nr. 3 við
    Skólavörðustíg (brbnr. 1447) — - 103782.00
22. Hús Jósefs S. Húnfjörð
    nr. 24 við Óðinsgötu — - 18831.00
23. Hús Jóns Þorlákssonar, nr. 15 við Óðinsgötu — - 20573.00
24. Hús sama manns, nr. 17 við Óðinsgötu — - 14925.00
25. Hús Jóhönnu Filippusdóttur,
    nr. 12 við Baldursgötu — - 2592.00
26. Hús Guðbjargar D. Jónsdóttur,
    nr. 12 C. við Bræðraborgarstíg (brbnr. 524) — - 7816.00
27. Hús Péturs Magnússonar,
    nr. 71 við Hverfisgötu (brbnr. 881) — - 22734.00
28. Hús hins ísl. steinolíuhlutafélags,
    nr. 33 við Tjarnargötu (brbnr.1225) — - 66164.00
29. Hús sama félags,
    nr. 4 við Amtmannsstíg (brbnr. 1037) — - 13945.00
30. Skúr sama félags,
    á Melunum (brbnr. 1229) — - 6210.00



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 27. okt. lögð fram og samþ. í heild með samhlj. atkv.

III. Fundargerð byggingarnefndar frá 1. nóvember lögð fram og samþ. í heild með samhlj. atkv.

IV. Fundargerð fasteignanefndar frá 21. október lögð fram ~~og samþykkt í heild með~~ 1.-11. liður samþ. með samhlj. atkv.
Atkv. gr. um 12.-14. lið frestað þangað til búið væri að úrskurða næsta dagskrárlið hér á eftir.

V. Fundargerð fasteignanefndar frá 28. október lögð fram.
1. liður samþ. með samhlj. atkv.
2. liður sömuleiðis og vísað til 2. umræðu.
3. liður samþ. með samhlj. atkv.
4. liður sömuleiðis.
Fundargerðin í heild samþ. með samhlj. atkv.
12.-14. liður fundargerðar fasteignanefndar frá 21. október samþ. með samhlj. atkvæðum.

VI. Fundargerð fasteignanefndar frá 30. október lögð fram og samþ. í heild með samhlj. atkv.

VII. Fundargerð fasteignanefndar frá 4. nóvember lögð fram og samþ. í heild með samhlj. atkv.

VIII. Fundargerð veganefndar frá 4. nóvember lögð fram. Tillaga nefndarinnar samþ. með samhlj. atkv. og b. lið hennar jafnframt vísað til 2. umræðu.

IX. Fundargerð Brunamálanefndar frá 4. nóvember lögð fram og samþ. í heild í einu hljóði.

X. Fundargerð fátækranefndar frá 23. október lögð fram. 1. liður kom til úrskurðar bæjarstjórnar, og var hann samþ. með samhlj. atkv.

XI. Fundargerð hafnarnefndar frá 3. nóvember lögð fram og samþ. í heild í einu hljóði.

XII. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 5. nóvember lögð fram og var um einstaka liði hennar gengið til atkvæða í sambandi við tvö næstu dagskrármál hér á eftir.

XIII. Tekið til 2. umr. erindi lögreglustjóra, dags. 14. október, viðvíkjandi skipun tveggja lögregluþjóna til bráðabirgða, og lögð fram fundargerð lögreglusamþykktarnefndar frá 5. nóvember. Var tillaga nefndarinnar samþykkt og jafnframt samþ. 1. liður fundargerðar fjárhagsnefndar frá 5. nóvember.

XIV. Tillaga borgarstjóra um aukningu á dýrtíðaruppbót handa starfsmönnum bæjarins samþ. í einu hljóði og vísað til 2. umr. Þar næst samþ. 2. liður fundargerðar fjárhagsnefndar frá 5. nóvember.
Fundargerð fjárhagsnefndar í heild samþ. í einu hlj.

XV. Lagðar fram umsóknir Mjólkurfélags Reykjavíkur dags. 13. október og 1. september, um löggildingu mjólkurbúða. Í sambandi við þær var lesin fundargerð heilbrigðisnefndar frá 29. október.
Samþykkt var að löggilda mjólkurbúðir á eftirtöldum stöðum með skilyrðum, sem greinir í ofannefndri fundargerð heilbrigðisnefndar:

Á Laugavegi nr. 10 og
- Laugavegi nr. 68.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

XVI. Samþykkt var að skipta kjósendum við alþingiskosningar í 9 kjördeildir, á þessa leið:

1. kjördeild A. - Ð.
2. -"- E - Guðmundur
3. -"- Guðmundur - Halldóra.
4. -"- Hallfríður til Jóhannes.
5. -"- Jón - K.
6. -"- L. - Ó.
7. -"- P. - Stanley.
8. -"- Stefanía - Ö.
9. -"- Kjósendur búsettir á Laugavegi og Kleppsspítölum.

XVII. Skipun undirkjörstjórna var að tillögu yfirkjörstjórnar samþykkt á þessa leið:

Í 1. kjördeild:
Gísli Ísleifsson, fulltrúi, frú Guðrún J. Briem, séra Bjarni Hjaltested.

Í 2. ljördeild:
Björn Þórðarson, fulltrúi, frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir, Þorsteinn Gíslason, ritstjóri.

Í 3. kjördeild:
Þorsteinn Þorsteinsson, hagstofustjóri, fröken Inga Lárusdóttir, Jónbjörn Gíslason, verkstjori.

Í.4. kjördeild:
Páll Pálmason, yfirdómslögmaður, frú Steinunn H. Bjarnason, Sveinn Jónsson, trésmiður.

Í. 5. kjördeild:
A.V.Túliníus, forstjóri, frú Jónína Jónatansdóttir, Georg Ólafsson, skrifstofustjóri.

Í 6. kjördeild:
Pétur Magnússon, yfirdómslögmaður, frú Kristín V. Jacobson, Jón Hallgrímsson, kaupmaður.

Í 7. kjördeild:
Lárus Fjeldsted, yfirdómslögmaður, frú Ágústa Sigfúsdóttir, Pétur Halldórsson, bóksali.

Í 8. kjördeild:
Klemens Jónsson, landritari, frú Guðrún Ísleifsdóttir, Briem, Sigurgeir Einarsson, heildsali.

Í 9. kjördeild:
Þorsteinn Þorsteinsson, yfirdómslögmaður, Sæmundur Bjarnhéðinsson, prófessor, Einar Markússon spítalaráðsmaður.

XVIII. Lagður fram endurskoðaður reikningur garðræktarinnar í Brautarholti 1918 og var hann samþykkktur með samhljóða atkv..

XIX. Lagður fram til úrskurðar endurskoðaður reikningur Brauðgerð r Reykjavíkur 1918. Var reikningurinn samþykkktur með samhlj. atkvæðum.

XX. Lagður fram til úrskurðar endurskoðaður reikningur yfir úthlutun dýrtíðarkola, og var hann samþykkktur með samhlj. atkv.

XXI. Áætlun um tekjur og gjöld hafnarsjóðs 1920 tekinn til meðferðar til fyrri umræðu. Var áætluninni vísað til 2. umræðu.

Þegar daskrá var tæmd var enn eftir að færa allmikið inn í gerðabók, og var því borgarstjóra, forseta og skrifurum falið að sjá um rétta bókun og undirskrifa gerðabókina.

Fundi slitið kl. 7 síðdegis.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Þorv. Þorvarðsson. Sveinn Björnsson. Sigurður Jónsson. Inga Lára Lárusdóttir. Jón Baldvinsson. Jón Ólafsson. Ágúst Jósefsson. Guðmundur Ásbjörnsson. Jón Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, fimmtudaginn 20. nóvember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.2o síðdegis, og voru þá til fundar komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Sighvatur Bjarnason (forseti), Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Inga Lára Lárusdóttir, Jón Þorláksson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, Jón Baldvinsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Bríet Bjarnhéðinsdóttir og Jón Ólafsson. Sveinn Björnsson kom á fund kl. 5.3o.

Áður en gengið væri til dagskrár var gerðabók síðasta fundar - lesin og staðfest. Síðan var til dagskrár gengið, og gerðist þetta:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Hús Símonar Sveinssonar, nr. 11 við Fálkagötu á Grímsstaðaholti | Kr. | 8399.00 |
| 2. Hús Guðrúnar Eyjólfsdóttur, nr. 51 B við Laugaveg | - | 44025.00 |
| 3. Hús Nicolai Bjarnasonar, nr. 5 við Suðurgötu (brbnr. 198) | - | 39055.00 |
| 4. Hús Péturs Halldórssonar, nr.18 við Austurstræti (brbnr. 99) | - | 29553.00 |
| 5. Hús Sæmundar Sveinssonar, nr. 8 við Holtsgötu (brbnr. 841) | - | 15274.00 |
| 6. Hús Þorsteins Guðmundssonar o. fl., nr. 91 við Hverfisgötu (brbnr. 714) | - | 19134.00 |
| 7. Hús Ellert Schram, nr. 8 við Stýrimannastíg (brbnr. 1070) | - | 16735.00 |
| 8. Hús Jóhanns Ögm. Oddssonar, nr63 við Laugaveg (brbnr. 477) | - | 20531.00 |
| 9. Hús Björns Jónssonar, nr, 28 B við Grettisgötu | - | 27006.00 |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 19. nóvember lögð fram og samþ. í heild í einu hljóði.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 11. nóvember lögð fram og samþ. í heild með samhlj. atkv. og 15. lið vísað til 2. umr.

IV. Fundargerð fasteignanefndar frá 18. nóvember lögð fram.
1.-9. liður samþ. með samhlj. atkv.
10. liður samþ. til 2. umr.
11. liður tekinn til meðferðar í sambandi við næsta dagskrármál hér á eftir.

V. Frumvarp til samþykktar um leigu á lóðum til íbúðarhúsabygginga tekið til meðferðar við 2. umræðu ásamt breytingartillögum fasteignanefndar (í 11. lið fundargerðar hennar frá 18. nóvember. Eftir nokkrar umræður var samþ. í einu hljóði að fresta málinu til næsta fundar. Ennfremur var samþykkt tillaga borgarstjóra um að kjósa 2 menn til þess að íhuga málið nánar ásamt faseignanefnd.

Kosnir voru:
Sveinn Björnsson með 11 atkv.
Jón Þorláksson með 9 atkv.

VI. Fundargerð veganefndar frá 17. nóvember lögð fram.

VII. Fundargerð brunamálanefndar frá 17. nóvember lögð fram.

VIII. Fundargerð hafnarnefndar frá 17. nóvember lögð fram.

IX. Fundargerð fátækranefndar frá 17. nóv. lögð fram.

X. Fundargerð skólanefndar frá 18. nóv. lögð fram.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

XI. Samþykkt við 2. umr. með samhlj. atkv. kaup á bænum Suður-Klöpp og lóð undir Þórsgötu (sjá 2. lið fundargerðar fasteignanefndar frá 28. okt.).

XII. Samþykkt við 2. umr. með 8:1 atkv. kaup á bifreið til flutnings á Laugaþvotti. (Sjá b-lið fundargerðar veganefndar frá 4. nóvember).

XIII. Samþ. við 2. umr. tillaga borgarstjóra um aukningu dýrtíðaruppbótar handa starfsmönnum bæjarins. Fer tillagan hér á eftir:

"Bæjarstjórnin ályktar að greiða öllum starfsmönnum bæjarins, þeim er hafa föst laun, svo og stundakennurum barnaskólans, dýrtíðaruppbót á laununum fyrir síðara misserið 1919, eftir þeim reglum er gilda um embættismenn ríkisins samkv. lögum um laun embættismanna, er samþykkt voru á Alþingi 22. sept. þ.á." Dýrtíðaruppbótina má greiða 1. desember þ.á."

XIV. Frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs 1920, samþ. við 2. umr. í einu hljóði.

XV. Lagður fram og samþykktur endurskoðaður reikningur mótekju Reykjavíkur 1918.

XVI. Erindi Hjálpræðishersins, dags. 14. nóvember, um gamalmennahæli, vísað til fátækranefndar til umsagnar.

XVII. Fundargerðir fjárhagsnefndar frá 17. og 18. nóvember lagðar fram.

XVIII. Frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld bæjarsjóðs 1920, tekið til meðferðar til fyrri umræðu. Var frumvarpinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Utan dagskrár flutti Jón Þorláksson með leyfi bæjarstjórnar og fyrir luktum dyrum svo látandi tillögu:

"Bæjarstjórnin felur forseta og borgarstjóra að gangast fyrir skipun nefndar í bænum til þess að starfa - með samvinnu við landsstjórnina, ef svo sýnist - að töku barna frá Vínarborg, samkvæmt því, sem farið hefur verið fram á við forsætisráðherra og hann skýrt frá í símskeiti hingað í gær."

Tillagan var samþ. með samhlj. atkv.

Fundi slitið kl. 8.35.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson. Þorvarður Þorvarðsson. Sigurður Jónsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Inga Lára Lárusdóttir Jón Ólafsson. Jón Baldvinsson. Guðmundur Ásbjörnsson. Jón Þorláksson. Kristján V. Guðmundss. Ágúst Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, fimmtudaginn 4. desember var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.2o síðdegis, og voru þá komnir þessir bæjarfulltrúar auk borgarstjóra: Sighvatur Bjarnason (forseti), Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Inga Lára Lárusdóttir, Jón Þorláksson, Sigurður Jónsson, Jón Baldvinsson, Guðmundur Ásbjörnsson, og Jón Ólafsson.- Bríet Bjarnhéðinsdóttir kom á fund kl. 5.25, Sveinn Björnsson kl. 5.3o, Kristján V. Guðmundsson kl. 5.4o.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Hús Þorsteins Guðmundssonar, nr. 15. við Fálkagötu | Kr. | 6285.oo |
| 2. Hús Jóns Eyjólfssonar, nr. 23 við Fálkagötu | - | 9584.oo |
| 3. Hús Bjarna Magnússonar, nr. 18 A við Laugaveg (brbnr. 1008) | - | 58311.oo |
| 4. Bær Gísla Jónssonar, Litlaland í Vatnsmýri | - | 13849.oo |
| 5. Hús Guðjóns Jónssonar og Sig. Þorkelssonar Hildibrandshús við Garðastræti (brbnr. 624) | - | 29600.oo |
| 6. Hús Sighvats Bjarnasonar, nr. 2 við Amtmannsstíg (brbnr. 1096) | - | 59177.oo |
| 7. Hús Andrésar Ólafssonar, nr. 8 við Lokastíg | - | 11285.oo |
| 8. Hús Böðvars Kristjánssonar, Hólatorg 4 | - | 35062.oo |
| 9. Hús Gamalíels Kristjánssonar, nr. 18 B Við Óðinsgötu | - | 6853.oo |
| 10. Hús Sigurþórs Sigurðssonar, nr. 18c við Óðinsg. | | 10707.oo |

Að afloknu 1. dagskrármáli, skýrði forseti frá að hann þyrfti að fara af fundinum vegna áríðandi starfa og mundi verða fjarverandi um hríð. Mæltist hann til að bæjarstjórnin kysi fundarstjóra til að stýra fundinum, þangað til hann kæmi aftur. Var Sigurður Jónsson til þess kjörinn.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 29. nóvember lögð fram.
1.-4. liður samþ. með samhlj. atkv. Brtt. Ingu Láru Lárusdóttur við 5. lið - um að niður féllu orðin: "er byggingarnefndin leggur til að verði nefnt "Hlemmur""
felld með 7:1 atkv.
5. liður óbreyttur samþ. með samhlj. atkv.
6. - 9. liður samþ. með samhlj. atkv. Inga Lára Lárusdóttir flutti brtt. við 10. lið, svo látandi:
"Bæjarstjórnin vill eigi að svo komnu samþykkja tillögur þær um gatnaskipun yfir austurhluta Skólavörðuholtsins, er nú liggja fyrir, er ákveður að fram skuli fara útboð á um tillögur til gatnaskipunar og annarar tilhögunar þessa nýja bæjarhluta".
Jón Þorláksson lagði til, að frestað yrði að taka ákvörðun um 10. lið, og borgarstjóra falið að láta gera heildaruppdrátt af gatnaskipuninni og senda bæjarfulltrúunum.
Var sú tillaga samþ. með samhljóða atkv.
Seinni hluti brtt. Ingu láru Lárusdóttur felldur með 6:1 atkv.
11. liður samþ. með samhlj. atkv.
Fundargerðin í heild, með áorðinni breytingu við 10. lið, samþ. með samhlj. atkv.

III. Fundargerð fasteignarnefndar frá 25. nóvember lögð fram og samþ. í heild með samhlj. atkv.

IV. Fundargerð fasteignanefndar frá 2. desember lögð fram.
1. lið frestað, og verður hann tekinn til meðferðar í sambandi við 11. dagskrármál.
2. - 7. liður samþ. með samhlj. atkv.
8. lið frestað samkv. frestun 10. liðar 2. dagskrármáls.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

V. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 26. nóvember lögð fram 1.-6. og 8. lið frestað til fundarloka, og skyldi ræða þá fyrir luktum dyrum. 7., 9., 10. og 12. liður samþ. með samhljóða atkv. 11. liður í sambandi við 15. dagskrármál.

VI. Fundargerð fátækranefndar frá 27. nóvember lögð fram.
Til atkvæða komu 11. liður og 18.
Var 11. liður samþ. með samhlj. atkv.
18. liður samþ. með öllum greiddum atkv.

VII. Fundargerð hafnarnefndar frá 1. desember lögð fram og samþ. í heild með samhlj. atkv.

VIII. Fundargerð rafmagnsnefndar frá 2. og 3. desember lögð fram.
Þegar umræður út af tillögu meiri hluta nefndarinnar höfðu staðið um hríð, kom forseti aftur á fund, og var kl. þá 7. Kl. 8 var umræðum enn ekki lokið, en þá var fundi frestað til kl.9.
Kl. 9.10 var fundur settur aftur. Þá voru komnir allir hinir sömu, sem áður sátu fundinn, aðrir en Ágúst Jósefsson, Jón Baldvinsson og Kristján V. Guðmundsson, en þeir komu skömmu eftir fundarsettningu. Var nú haldið áfram umræðum um rafmagnsmálið, en að henni lokinni gengið til atkvæða.
Var fyrst borin undir atkvæði brtt. frá Sveini Björnssyni, svo látandi:
"Bæjarstjórnin ákveður að byggð verði 2000 hestafla stöð við Grafarvog, og felur rafmagnsnefnd að leita fyrir sér um nægilegt viðbótarlán í því skyni".
Var sú tillaga felld með 9:2 atkv.
Fyrri tillaga meiri hluta rafmagnsnefndar samþ. með 8:4 atkv.
Síðari tillaga nefndarinnar samþ. með samhlj. atkv.
Fundargerð rafmagnsnefndar í heild samþ. með samhlj. atkv.

IX. Samþ. við 2. umræðu með 7 atkv. samhlj. kaup á hálfu Félagstúni fyrir 29000 kr. (Sjá 15. lið fundargerðar fasteignanefndar frá 11. nóvember).

X. " 2. umræða um tillögu fasteignanefndar um vegagjald o.fl. frestað til næsta fundar.

XI. Frumvarp til samþykktar um leigu á lóðum til íbúðarhúsabygginga tekið til meðferðar til framhalds 2. umr., og þar með 1. liður fundargerðar fasteignanefndar frá 2. , sem frestað var áður á fundinum, en í þeim lið felast breytingartillögur nefndarinnar við frumvarpið.
Atkv.gr.:
Brtt. a. við 1. gr. samþ. í e. hlj.
1. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.
Brtt. b við 2. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. c við 2. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. frá borgarstjóra við 2. gr. svo látandi:
"Réttur veðhafa til veðsins skal haldast að öllu leyti óskertur, þótt leigutaki brjóti skuldbindingar þær, sem hann hefur undirgengizt gagnvart lóðareiganda með lóðarsamningnum".
Brtt. d við 2. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. ð við 2. gr. síðustu málsgr., samþ. í e. hlj.
2. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.
Brtt. 2 við 3. gr. samþ. í e. hlj.
3. gr. þar með ákveðin.
Brtt. f. við 4. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. g við 4. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. h við 4. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. i við 4. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. j. við 4. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. k. við 4. gr. samþ. í e. hlj.
4. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. Jóns Þorlákssonar við 6.gr. um að greinin félli niður felld með 4:4 atkv.
Brtt. l. við 6. gr. samþ. með 4:1 atkv.
6. gr. svo breytt felld með 5:4 atkv.
Brtt. m. við 7. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. n við 7. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. o við 7. gr. samþ. í e. hlj.
7. gr. (sem verður 6. gr.) svo breytt samþ. í e. hlj.
Brtt. p við 8. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. q við 8. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. r við 8. gr. samþ. í e. hlj.
8. gr. (sem verður 7. gr.) svo breytt samþ. í e. hlj.
Brtt. s. við 9. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. t við 9. gr. samþ. í e. hlj.
9. gr. (verður 8. gr.) svo breytt samþ. í e. hlj.
Frumvarpið með áorðnum breytingum samþ. í einu hljóði
Samþ. var ennfremur að leita staðfestingar stjórnarráðsins á frumvarpinu.
Fundargerð fasteignanefndar frá 2. desember í heild samþ. með samhlj. atkv.

XII. Nefnd sú, sem sett var 16. september síðastl., til að athuga bréf brunabótafélags kaupstaðanna, dags. 30. ágúst um innheimtu brunabótagjalda o.fl. lagði fram svo látandi tillögu:

a) að bæjargjaldkera verði falin innheimta brunabótagjöldum, félaginu að kostnaðarlausu.
b) að önnur störf brunamálastjóra séu falin öðrum manni, sem félagið skipar, enda greiði það honum laun fyrir þau störf.

Leggur nefndin til að bæjarstjórnin bendi á hr. kaupmann Sigurð Björnsson til þess starfa.

Voru tillöguliðirnir hvor um sig, samþ. með samhlj. atkv.
Ennfremur var samþ. svo látandi tillaga frá Jóni Þorlákssyni:
"Bæjarstjórnin óskar að halda áfram samningnum við "Köbstædernes alm. Brandforsikring" um brunatryggingar hús í Reykjavík".

XIII. Dregið út 1 skuldabréf Laugarneslánsins og kom upp nr. 21.

XIV. Dregin út 4 skuldabréf baðhússins og kom upp nr. 22, 53, 59 og 83.

XV. Frumvarpi til samþykkktar um laun starfamanna bæjarins vísað til 2. umræðu.

XVI. dagskrármál tekið út af dagskrá.

Loks var tekið til meðferðar fyrir luktum dyrum samkv. fyrri samþykkt 1.-6. og 8. liður fundargerðar fjárhagsnefndar frá 26. nóvember.

1.-5. liður samþ. með samhlj. atkv.
6. lið frestað.
8. liður felldur.

Kristján V. Guðmundsson og Sveinn Björnsson fóru af fundi kl. 10.15 og Inga Lára Lárusdóttir kl. 10.40, öll með leyfi forseta.

Fundi slitið kl. 12.30 e. miðnætti.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Þorvarður Þorvarðsson. Jón Þorláksson. Ágúst Jósefsson. Jón Ólafsson. Guðm. Ásbjörnsson. Sigurður Jónsson. Jón Baldvinsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, laugardaginn 13. desember, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni samkv. fundarboði dags. 12. des., er sent hafði verið bæjarfulltrúunum. Var fundur settur kl. 5.40 síðdegis, og voru þá til fundar komnir, auk borgarstjóra: Sighvatur Bjarnason (forseti), Ágúst Jósefsson, Inga Lára Lárusdóttir, Jón Þorláksson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, Jón Baldvinsson og Jón Ólafsson.- Þorvarður Þorvarðsson kom litlu eftir fundarsettningu. Bríet Bjarnhéðinsdóttir kom á fund kl. 9.10.

Í fjarveru fundarskrifara var Sigurður Jónsson bæjarfulltrúi skipaður fundarskrifari.

Var þá gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. 2. umræða um frumvarp til samþykktar um laun starfsmanna Reykjavíkurkaupstaðar og í sambandi þar við 5. liður í fundargjörð fjárhagsnefndar frá 12. des, sem hefur inni að halda breytingartillögur við frumvarpið.

Eftir nokkrar umræður var til atkvæða gengið og féllu atkvæði þannig:

1. gr. samþ. með samhljóða atkvæðum.
Breytingartillaga fjárhagsnefndar (a) við 2. gr. samþ. með samhlj. atkv.
2. gr. svo breytt samþ. með samhlj. atkv.
3. gr. samþ. með samhlj. atkv.
Viðaukatillaga fjárhagsnefndar (b) við 4. gr. sþ. með samhlj. atkv.
4. gr. með þeom viðauka sþ. með samhlj. atkv.
5. gr. 1. málsgr. samþ. með samhlj. atkv.
1.-4. launaflokkur sþ. með samhlj. atkv.

Breytingartill. c. í fundargjörð fjárhagsnefndar (inn bætist nýr (5.) launaflokkur) sþ. með samhlj. atkv.

5. launaflokkur (sem verður 6. launaflokkur) samþ, með samhlj. atkv. með þeirri breytingu, sem leiðir af næstu atkvæðagr. á undan.

Breytingartillaga fjárhagsnefndar að bifreiðarstjórar flytjist í 6. (nú 7.) launaflokk sþ. með samhlj. atkv.

6. launaflokkur(sem verður 7. launafl.) svo breyttur með samhlj. atkv.

Brtt. Ágústs Jósefssonar við 7 (nú 8) launaflokkur að í stað "1800 kr." komi: "1900 kr." fellt með 4:3 atkv. 7. launaflokkur ( sem verður 8. launafl.) sþ. með samhlj. atkv. með þeirri breytingu sem leiðir af atkvæðagreiðslunni um næsta lið á undan (bifreiðastjórar falli burt). Brtill. Ágústs Jósefssonar við 8. (nú 9.) launaflokk að í stað "1500 kr." komi: "1700 kr." og í stað: "2500 kr." komi: "2600 kr." fellt með 4:3 atkv. Brtill. fjárhagsnefndar að í stað "1500 kr." komi: "1600 kr." og í stað "2500 kr." komi: "2600 kr." sþ. með samhlj. atkv. Brtill. Jóns Þorláissonar, að í stað: "Verkamenn gasstöðvarinnar. Verkamenn við hreinsun o.fl." komi: "Fastir verkamenn við gasstöð, hreinsun o.fl." sþ. með samhlj. atkv.

Síðasta brtill. fjárhagsnefndar á fundargj. 12. des.: "Aftan við fyrri málsgr. bætist" o.s.frv.
sþ. með samhlj. atkv.

8. launaflokkur (nú 9.launafl.) með áorðnum breytingum sþ. með samhlj. atkv.

5. gr. frumvarpsins í heild með áorðnum breytingum sþ. með samhljóða atkv.

Við 6. gr. flutti Þorvarður Þorvarðsson þessa breytingartill. Í stað orðanna í 2. málsgr.: "Launaviðbótin - 3000 kr. á ári." komi: "Launaviðbótin reiknast af allt að 3000 kr. á ári."

Tillagan felld með 6:3 atkv.

6. gr. óbreytt sþ. með 6:2 atkv. Frumvarpið í heild samþykkt með samhlj. atkv.

~~II~~

II. Tillögur fjárhagsnefndar um eftirlaun og ellistyrk. Við tillögur nefndarinnar c lið flutti Inga Lára Lárusdóttir breytingartillögu, að í stað "100 kr." (til Sesselju Sigurðardóttur) komi:250 kr. Var sú tillaga felld með 4:4 atkv.

Varatillaga sama fulltrúa við sama lið, að í stað "100 kr." komi: "200 kr." sþ. með 5:3 atkv.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillögur fjárhagsnefndar með áorðinni breytingu samþ. með samhlj. atkv.

III. Framhald 2. umræðu um frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld Bæjarsjóðs árið 1920.
Þegar umræður höfðu staðið nálega 3 kl.st. var umræðum frestað til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 9.5o.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sigurður Jónsson. Þorvarður Þorvarðsson. Kristján V. Guðmundsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Jón Ólafsson. Jón Baldvinsson. Ágúst Jósefsson. Jón Þorláksson. Inga Lára Lárusdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, fimmtudaginn 18. desember var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.25 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Sighvatur Bjarnason (forseti), Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Inga Lára Lárusdóttir, Jón Þorláksson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, Guðmundur Ásbjörnsson og Jón Ólafsson.- Bríet Bjarnhéðinsdóttir kom litiu eftir fundarsettningu, Jón Baldvinsson kl. 5.40. -
Sveinn Björnsson erlendis.- Ólafur Friðrikssin veikur.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld bæjarsjóðs árið 1920 tekið til meðferðar til framhalds 2. umræðu, ásamt breytingartillögum, sem fluttar eru í 1. lið fundargerðar fjárhagsnefndar frá 16. desember.

Þegar umræða um frumvarpið hafði staðið til kl. 8.15 og var enn ekki lokið, frestaði forseti fundi til kl. 9.

Kl. 9.15 var fundur settur aftur, að viðstöddum öllum þeim sömu , sem áður sátu fundinn, öðrum en Ingu Láru Lárusdóttur og Jóni Þorlákssyni, en þau komu stuttu eftir fundarsettningu.

Var þá haldið áfram umræðu um fjárhagsáætlunarfrumvarpið og breytingartillögur við það, og fór atkvæðagreiðslan svo:

Tekjuhliðin:

1.-3. liður samþ. með samhlj. atkv.
Brtt. fjárhagsnefndar fið 4. lið samþ. með samhlj. atkv.
4. liður þar með ákveðinn.
Brtt. Sigurðar Jónssonar við 5. lið samþ. með samhlj. atkv.
5. liður þar með ákveðinn.
6. - 11. liður samþ. með samhlj. atkv.
Frestað atkvæðagreiðslu um 12. lið, þar til búið væri að greiða atkv. um brtt. r í fundargerð fjárhagsnefndar.
13.-29. liður samþ. með samhlj. atkv.
Brtt. c við 30. lið samþ. með samhlj. atkv.
30. liður þar með ákveðinn.
31.- 33. liður samþ. með samhlj. atkv.
Brtt. d við 34. lið samþ. með 5:4 atkv.
Brtt. e þar með fallin.
Brtt. æ við 35. lið samþ. með samhlj. atkv.

Gjaldahliðin:

1.-6. liður samþ. með samhlj. atkv.
Brtt. f við 7. lið a samþ. með samhlj. atkv.
Liðurinn þar með ákveðinn.
7. liður b samþ. í einu hlj.
Brtt. g við 10. lið felld með 6:4 atkv.
10. liður óbreyttur samþ. með samhlj. atkv.
Brtt. h við 11. lið a samþ. með samhlj. atkv.
Liðurinn þar með ákveðinn.
11. liður b samþ. með samhlj. atkv.
Viðaukatillaga i við 11. lið b (nýr liður) samþ. í e. hlj.
12.-14. liður samþ. með samhlj. atkv.
Brtt. j við 15. lið felld með 7:4 atkv.
Brtt. Jóns Baldvinssonar við 15. lið svo látandi:
"15. Almenningssalerni ....... 25000.00
Bæjarstjórnin ákveður síðar hvar sett skuli".
Samþ. með 6 atkv. samhljóða.
Brtt. k þar með úr sögunni og 15. liður ákveðinn.
16.-17. liður a samþ. með samhlj. atkv.
Brtt. l við 17. lið b felld með 8:2 atkv.
Liðurinn óbreyttur samþ. með öllum gr. atkv.
Brtt. m við 18. lið felld með 6:5 atkv.
18. liður óbreyttur samþ. með öllum greiddum atkv.
19.- 31. liður e samþ. með samhlj. atkv.
Viðaukatillaga m við 31. lið (nýr liður f) samþ. með samhlj atkv.
Brtt. p við 31. lið (nýr liður g) samþ. í einu hlj.
Brtt. o við 31. lið þar með fallin.
32.-36. liður a samþ. með samhlj. atkv.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brtt. Sigurðar Jónssonar við brtt. q fells með 5:4 atkvæðum.
Brtt. q við 36. lið b felld með 6:5 atkv.
liðurinn óbreyttur samþykktur með 7:2 atkv.
Brtt. r við 37. lið b tekin aftur og brtt. Sigurðar Jónssonar við þá(tillögu) brtt.
37. liður a-b óbreyttur samþ. með samhlj. atkv.
Í sambandi við samþ. 37. liðar var brtt. þ við 12. tekjulið tekin aftur og sá liður samþ. óbreyttur.
Viðaukatill. s við 38. lið samþ. með 5:4 atkv.
38. liður svo aukinn, samþ. með samhlj. atkv.
Brtt. t við 39. lið a samþ. með samhlj. atkv.
Liðurinn þar með ákveðinn.
39. b - 42. liður samþ. með samhlj.
Brtt. borgarstjóra við 43. lið samþ. í einu hljóði.
Liðurinn þar með ákveðinn.
44.- 50. liður samþ. með samhlj. atkv.
Biðaukatillaga n við 50. lið (nýr liður b) samþ. í e. hlj.
51.-55. liður e samþ. með sanhlj. atkv.
Viðaukatillaga v við 55. lið (nýr liður f) fell með 7:3 atkv.
Viðaukatill. x við sama lið (nýr liður f) samþ. með 7:3 atkv.
55. liður f-j (sem verður g-k) samþ. með sanhlj. atkv.
Brtt. y við 55. lið k (sem verður l) samþ. með 7:4 atkv.
55. liður l þar með ákveðinn.
56.-58. liður a samþ. í einu hljóði.
Brtt. z við 58. lið b samþ. með 7 atkv. samhlj.
liðurinn þar með ákveðinn.
Brtt. ö samþ. með 7:3 atkv.
Fjárhagsáætlunin í heildmeð með áorðnum breytingum samkv. þessari atkvæðagreiðslu, samþ. í einu hljóði.

II. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 16. desember lögð fram.
1. liður úrskurðaður með 1. dagskrármáli.
2.-3. liður samþ. í einu hljóði.
III. Brunabótavirðingar engar.

IV. Fundargerð byggingarnefndar frá 17. desember lögð fram.
1.-5. liður samþ. með samhlj. atkv.
6. liður sömuleiðis.
7. liður sömuleiðis og fundargerðin í heild.

V. Fundargerð brunabótanefndar frá 16. desember lögð fram.
1. liður samþ. með samhlj. atkv.
2. liður kom ekki til atkv.
3. liður samþ. með samhlj. atkv.
4. liður samþ. með 5:4 atkv.
Fundargerðin í heild samþykkt með 6:1 atkv.

VI. Fundargerð fasteignanefndar frá 9. desember lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

VII. Fundargerð,fasteignanefndar frá 16. desember lögð fram.
2. liður samþ. með samhlj. atkv.
3. liður samþ. með 5:1 atkv.
Fundargerðin í heild samþykkt með samhlj. atkv.

VIII. Framhald 2, umræðu um tillögu fasteignanefndar um Vegagjald o.fl. (10. liður í fundargerð nefndarinnar 18. nóv.)
Tillagan samþykkt með samhlnóða atkvæðum.

IX. Fundargerð fátækranefndar frá 11. desember lögð fram.
Til atkvæða kom 12. liður og var hann samþ. með samhlj. atkv. og samkv. því kosin nefnd:
Borgarstjóri með 8 atkv.
Inga Lára Lárusdóttir með 6 atkv.
Sigurður Jónsson með 4 atkv.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

X. Fundargerð hafnarnefndar frá 15. desember lögð fram.

XI. Kosnir í kjörstjórn við bæjarstjórnarkosningar, sem fram eiga að fara í janúar næstkomandi:
Sighvatur Bjarnason með 8 atkv.
Sigurður Jónsson með 5 atkv. við endurtekna atkv.gr.

XII. dagskrármál tekið út af dagskrá.

Lestri og undirskrift gerðabókar frestað, með því að bókun var ekki lokið, og borgarstjóra falið að sjá um rétta bókun og undirskrifta gerðab-okarinnar.

Fundi slitið kl. 11.15 síðdegis.

K.Zimsen. Sighvatur bjarnason. Þorvarður Þorvaðsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Jón Ólafsson. Ágúst Jósefsson. Kristján V. Guðmundsson. Guðmundur Ásbjörnsson. Jón Baldvinsson. Jón Þorláksson. Sigurður Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## ÆTLUN UM TEKJUR OG GJÖLD HAFNARSJÓÐS REYKJAVÍKUR ÁRIÐ 1920.

| | | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|---|
| **Tekjur:** | | | |
| 1. Eftirstöðvar frá fyrra ári | | | 70000.00 |
| 2. Vextir af skuldabréfum og handbæru fé | | | 3000.00 |
| 3. Vörugjald | | | 140000.00 |
| 4. Föst skipagjöld: | | | |
| a. Lestagjald | | 24000.00 | |
| b. ~~Bát~~ Bryggjugjald | | 42000.00 | |
| c. Bátabryggjugjald | | 2000.00 | |
| d. Festargjald | | 20000.00 | |
| e. Fjörugjald | | 4000.00 | |
| f. Vitagjald | | 2000.00 | |
| g. Kjölfestugjald | | 600.00 | 94600.00 |
| 5. Leiga af lóðum hafnarinnar | | | 45900.00 |
| 6. Leiga af húseignum | | | 10000.0 |
| 7. Tekjur af Örfirisey | | | 1000.00 |
| 8. Tekjur af vatnssölu | | | 28000.00 |
| 9. Tekjur af skipaleiðsögn | | | 16000.00 |
| 10. Tekjur af hafnartækjum | | | 55000.00 |
| 11. Óvissar tekjur | | | 2000.00 |
| | Kr. | | 464600.00 |
| **Gjöld:** | | | |
| 1. Fastir starfsmenn | | | 46000.00 |
| 2. Skrifstofukostnaður | | | 8000.00 |
| 3. Hafnarvitarnir | | | 3000.00 |
| 4. Lýsing við höfnina | | | 4000.00 |
| 5. Til sæmerkja | | | 1000.00 |
| 6. Viðhald húseigna | | | 1500.00 |
| 7. viðhald hafnarvirkja | | | 24000.00 |
| 8. Til,bátavara | | | 1000.00 |
| 9. Kostnaður við skipaleiðsögu | | | 18000.00 |
| 10. Kostnaður við vatnssölu | | | 25000.00 |
| 11. Til gatnagerða og holræsa | | | 37000.00 |
| 12. Vextir af lánum: | | | |
| a. 4½% lán 1912 | 45900.00 | [illegible] | |
| b. 5½% lán 1917 | 30250.00 | [illegible] | |
| c. 5 % lán 1917 | 4050.00 | | |
| d. 6% lán 1918 | 1080.00 | | |
| e. Víxillán | 15600.00 | | 96880.00 |
| 13. Afborganir | | | 70500.00 |
| 14. Slysatryggjingar | | | 1000.00 |
| 15. Til eyðingar á rottu og ýmsra gjalda | | | 10620.00 |
| 16. Varasjóður | | | 47100.00 |
| 17. Eftirstöðvar til næsta árs | | | 70000.00 |
| | Kr. | | 464600.00 |

Þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar 20. nóvember 1919.

Borgarstjórinn í Reykjavík 31. desember 1919.

K.Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## ÆTLUN UM TEKJUR OG GJÖLD BÆJARSJÓÐS REYKJAVÍKUR ÁRIÐ 1920.

| Tekjur : | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|
| I. 1. Eftirstöðvar frá fyrra ári | | 100000.00 |
| II. Leigutekjur af fasteignum kaupstaðarins: | | |
| 2. Landsskuld af jörðum | 1246.00 | |
| 3. Leiga af erfðafestulöndum | 12000.00 | |
| 4. Leiga af húsum, túnum lóðum m.m. | 35000.00 | |
| 5. Leiga af byggingarlóðum | 2000.00 | |
| 6. Tekjur af laxveiðinni í Elliðaánum | 10000.00 | |
| 7. Hagatollur | 1500.00 | |
| 8. Gjald fyrir ístöku á Tjörninni 850 aurar fyrir hvern teningsm.) | 2000.00 | 63746.00 |
| III. Skattar af fasteignum: | | |
| 9. Lóðagjald | 15500.00 | |
| 10. Sótaragjald | 24000.00 | |
| 11. Hreinsunargjald | 54000.00 | |
| 12. Gangstéttargjald | 20000.00 | |
| 13. Holræsagjald | 1000.00 | 114500.00 |
| IV. Tekjur af ýmisskonar stafrækslu : | | |
| 14. Tekjur af vatnsveitunni : a. Vatnsskattur Kr. 55000.00; b. Vatnssala til skipa - 9000.00 | 64000.00 | |
| 15. Tekjuafgangur gasstöðvarinnar | 1000.00 | |
| 16. Tekjur af hreinsun : a. Fyrir áburð kr. 1000.00; b. Fyrir sorphreinsun - 300.00; c. Fyrir sóthreinsun - 200.00 | 1500.00 | |
| 17. Tekjur af farsóttahúsi | 8000.00 | |
| 18. Fluttningsgjald fyrir laugaþvott | 8000.00 | |
| 19. Tekjur af fluttningatækjum : a. Fyrir hesta og vagna kr.30000.00; b. Fyrir bifreiðar - 10000.00 | 40000.00 | |
| 20. Endurgreidd vinnulaun o. fl. | 4000.00 | |
| 21. Tekjur af sölu byggingarefnis: a. Fyrir mulning o. fl. frá vinnjstöð bæjarins kr. 30000.00; b. Fyrir sand og möl - 6000.00 | 36000.00 | 162500.00 |
| V. Endurgreiddur fátækrastyrkur: | | |
| 22. a. Frá innansveitarmönnum kr.4000.00; b. Greftrunarkostnaður - 500.00 | 4500.00 | |
| 23. a. Fyrir þurfalinga annara sveita kr.35000-; b. Lögfluttningskostnaður - 300- | 35300.00 | |
| 24. Dýrtíðarlán | 1000.00 | 40800.00 |
| VI. Ýmsar tekjur: | | |
| 25. Tekjur eftir byggingarsamþykkt | 1500.00 | |
| 26. Hundaskattur | 500.00 | |
| 27. Styrkur úr ríkissjóði til barnaskólans og skólagjöld | 7000.00 | |
| 28. Sundkennslustyrkur úr ríkissjóði | 300.00 | |
| 29. Óvissar tekjur | 5000.00 | 14300.00 |
| VII. Sala á fasteignum: | | |
| 30. Tekjur af lóðasölu | 20000.00 | |
| 31. Tekjur af seldum erfðafestulöndum | 2000.00 | 22000.00 |
| VIII. Endurgreiðsla á lánum til ýmsra fyrirtækja og greiðsla vaxta | | |
| 32. Endurgreiðsla á lánum: a. Bráðab.lán til húsagerða kr.1000.-; b. Skuld Bjarnaborgar - 1000.-; c. Skuld brauðgerðar - 1000.-; d. Skuld skóviðgerðar - 500.- | 3500.00 | |
| 33. Vextir: a. Af lánum til húsagerða kr. 50.-; b. Af skuld Bjarnaborgar - 2000.-; c. Af skuld brauðgerðar - 3000.00; d. Af skuld skóviðgerðar - 350.- | 5400.00 | 8900.00 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Kr. | Kr. |
|---|---|---|---|
| IX. Aukaútsvör: | | | |
| 34. Niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum, auk 5% umfram til 10% | | | 1670100.61 |
| Samtals | | | 2196846.61 |

## G J Ö L D :

| | | | |
|---|---|---|---|
| I. Stjórn kaupstaðarins: | | | |
| 1. Kostnaður við bæjarstjórn, nefndir o,fl. | | 12000.00 | |
| 2. Skrifstofa borgarstjóra: | | | |
| a. Laun borgarstjóra 8000 + d. 5400 | kr. 13400.00 | | |
| b. Skrifstofufé | 30000.00 | 43400.00 | |
| 3. Skrifstofa bæjargjaldkera: | | | |
| a. Laun bæjargjaldkera: 4500 + d. 5400 | kr. 9900.00 | | |
| b. Skrifstofufé | - 15000.00 | 24900.00 | |
| 4. Skrifstofufé bæjarverkfræðings og byggingarfulltrúa: | | | |
| a. Laun bæjarverkfræðings: 5000 + d. 5400 | kr. 10400.00 | | |
| b. Laun byggingarfulltrúa: 2500 + d. 3000 | - 6600.00 | | |
| c. Skrifstofukostnaður | - 1500.00 | 17400.00 | |
| 5. Ræsting, hiti og ljós í skrifstofum bæjarsjóðs og á slökkvistöðinni | | 5000.00 | |
| 6. Laun umsjónarmanns með eignum kaupstaðarins 2500 + d. 3000 | | 5500.00 | 108200.00 |
| II. Köggæzla: | | | |
| 7. a. Yfirlögr.þjónn 3000 + 3600 | kr. 6600.00 | | |
| b. Laun 12 lögregluþj. | - 60000.00 | 66600.00 | |
| 8. a. Fatnaður handa lögregluþ. | kr. 6000.00 | | |
| b. Önnur gjöld | - 3000.00 | 9000.00 | 75600.00 |
| III. Heilbrigðisráðstafanir: | | | |
| 9. Laun heilbrigðisfulltrúa 2600 + d. 3100 | | 5700.00 | |
| 10. Laun ljósmæðra | | 4000.00 | |
| 11. Laup og útbúnaður á farsóttahúsi | | 70000.00 | |
| b. Rekstrarkostnaður farsóttahúss | | 20000.00 | |
| c. Til kaupa á sjúkrabíl | | 15000.00 | |
| 12. Til baðhússins | | 8000.00 | |
| 13. Til þrifnaðar,snjómoksturs o.fl. | | 60000.00 | |
| 14. Rannsókn matvæla | | 1200.00 | |
| 15. Almenningssalerni bæjarstj. ákveður síðar hvar sett skuli | | 25000.00 | |
| 16. Ýmisleg útgjöld | | 2000.00 | 210900.00 |
| IV. Fasteignir: | | | |
| 17. a. Til viðhalds og endurbóta kaupstaðarins | kr. 10000.00 | | |
| b. Til ræktunar á túnum og löndum kaupstaðarins | kr. 5000.00 | 15000.00 | |
| 18. Til girðingar og lögunar á Austurvelli | | 30000.00 | |
| 19. Umsjón með Elliðaánum og viðhald veiðimannahúsa | | 2000.00 | |
| 20. Varzla kaupstaðarlandsins | | 1500.00 | |
| 21.a. Skattar og gjöld af fasteignum | kr. 2500.00 | | |
| b. Árgjald til Helgafells prestakalls | - 204.45 | 2704.45 | 51204.45 |
| | Flyt | | 445904.45 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Kr. | Kr. |
|---|---|---|---|
| | Flutt: | | 445904.45 |
| V. Ýmiskonar starfræksla: | | | |
| 20. Vatnsveitan: | | | |
| a. Afborgun af lánum | kr. 15500.- | | |
| b. Vextir af lánum | - 21000.- | | |
| c. Reksturskostnaður og viðhald | 8000.- | | |
| d. Nýjar götuæðar | - 30000.- | 74500.00 | |
| 23. Salernahreinsun | | 30000.00 | |
| 24. Sorphreinsun | | 50000.00 | |
| 25. Sóthreinsun og eldfæraeftirlit | | 24000.00 | |
| 26. Flutningur á laugaþvotti | | 10000.00 | |
| 27. Kostnaður við flutningatæki: | | | |
| a. Hestar og vagnar | kr. 30000.- | | |
| b. Bifreiðar | - 10000.- | 40000.00 | |
| 28. Til áhalda og aðgerða á þeim | | 10000.00 | |
| 29. Vinna fyrir húseigendur | | 4000.00 | |
| 30.a. Kostnaður við mulningsstöðina o.fl. | kr. 50000.00 | | |
| b. Kostnaður við sandtöku o.fl. | 6000.00 | 56000.00 | 298500.00 |
| VI. Fátækraframfæri: | | | |
| 31. Til innansveitarmanna: | | | |
| a. Ómagar yngri en 16 ára | kr. 8000.- | | |
| b. Þurfamenn eldri en 16 ára | - 175000.- | | |
| c. Fátækralæknar | - 2000.00 | | |
| d. Útfararkostnaður | - 3000.- | | |
| e. Ýms gjöld | - 5000.- | | |
| f. Til undirbúnings stofnunar barnahælis | - 5000.- | | |
| g. Til undirbúnings stofnunar gamalmennahælis og framkv. ef til kemur, allt að | - 30000.- | 228000.00 | |
| 32. Til þurfamanna annara sveita: | | | |
| a. útlagður styrkur | kr. 50000.- | | |
| b. Lögflutningur | - 800.- | 50800.00 | 275800.00 |
| VII. Barnaskólinn: | | | |
| 33. a. Laun kennara | | 50000.00 | |
| b. til læknis fyrir heilbrigðiseftirlit | | 600.00 | |
| c. Til áhaldakaupa og bóka, þar af 200kr. til bókasafns kennara | | 3000.00 | |
| d. Til eldiviðar og ljósa | | 12000.00 | |
| e. Til viðhalds og endurbóta á skólahúsi og lóð | | 20000.00 | |
| f. Ræsting | | 3500.00 | |
| g. Skólaeldhús | | 1500.00 | |
| h. Matgjafor handa fátækum börnum | | 3000.00 | |
| i. Ýms útgjöld | | 1500.00 | |
| j. Til undirbúnings byggingu nýs barnaskólahúss | | 10000.00 | 105100.00 |
| VIII. Til gatna: | | | |
| 34. Götulýsing | | 25000.00 | |
| 35. Ofaníburður og viðhald gatna og ræsa | | 45000.00 | |
| 36. Malbikun Vesturgötu frá Ægisgötu að Bræðraborgarstíg | kr. 30000.- | | |
| b. Malbikun Hverfisgötu frá Lækjartorgi að Ingólfsstræti og Ingólfsstræti frá Hverfisgötu að Bankastræti | kr. 50000.- | 80000.00 | |
| 37. a. Gangstéttir í Vesturgötu | kr. 20000.- | | |
| b. - í Hverfisgötu og Ingólfsst. | 40000.- | 60000.00 | |
| 38. Nýjar götur vegna bygginga nýrra íbúðarh. Göturnar séu gerðar með sléttum kantsteinum, þannig að form þeirra geti haldið sér. | | 130000.- | 340000.00 |
| IX. Slökkviliðið: | | | |
| 39. a. Laun slökkviliðsstjóra varaslökkviliðsstjóra og varðliðs | kr. 30000.- | | |
| b. Laun slökkviliðsins | - 4000.- | 34000.00 | |
| | Flyt= | | |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Kr. | Kr. |
|---|---|---|---|
| | Flutt= | | |
| 40. Viðhald slökkvitóla | | 4000.00 | |
| 41. Ný slökkvitól og áhöld | | 40000.00 | |
| 42. Kostnaður við hesta | kr. 6000.- | | |
| b. Ýmisleg útgjöld | - 3000.- | 9000.00 | 87000.00 |
| X. Ýmisleg útgjöld: | | | |
| 43. Eftirlaun og ellistyrkur | | 7920.00 | |
| 44. Slysatrygging | | 4000.00 | |
| 45. Manntalskostnaður | | 1500.00 | |
| 46. Leikvellir handa börnum | | 1500.00 | |
| 47. Viðhald og umsjón í þvottalaugunum | | 12000.00 | |
| 48. Viðhald á sundlauginni og sundkennsla | | 4000.00 | |
| 49. Bjargráðagjald | | 4000.00 | |
| 50. a Ráðstafanir vegna húsnæðiseklu | | 10000.00 | |
| b. Til byggingarfélags Reykjavíkur 10 £ af kostnaði við íbúðarhúsabyggingar allt að | | 12000.00 | |
| 51. Mæling og skrásettning lóða og erfðafestulanda | | 15000.00 | |
| 52. Risna | | 1000.00 | |
| 53. Til skógræktar við Tjörnina | | 500.00 | |
| 54. Til eyðingar á rottu og óvissra gjalda | | 20000.00 | 93420.00 |
| XI. Ýmsir styrkir: | | | |
| 55. a. Til kennaraskóla Reykjavíkur | | 500.00 | |
| b. Til Iðnskólans | | 500.00 | |
| c. Til Leikfélags Reykjavíkur | | 1000.00 | |
| d. Til Alþýðubókasafns og Alþýðulestrarfélags Reykjavíkur | | 3000.00 | |
| e. Til Sjúkrasamlags Reykjavíkur 4 kr. á hvern samlagsmann allt að | | 5000.00 | |
| f. Til sjúkrasamlags Hins ísl. prentarafélags, í viðurkenningarskyni, í eitt skipti fyrir öll | | 500.00 | |
| g. Hjúkrunarfélags Reykjavíkur | | 1000.00 | |
| h. Til Hjúkrunarfélagsins Líkn | | 1000.00 | |
| i Til berklaveikisstöðvar sama félags | | 1000.00 | |
| j. Til lesstofu handa börnum | | 200.00 | |
| k. Til skólans í Bergstaðastræti 3 | | 2500.00 | |
| l. Til Hjálpræðishússins til að h lda uppi gistihúsi | | 1200.00 | 17400.00 |
| XII. Afborganir og vextir af lánum, annara en til vatnsveitu, gasstöðvar, baðhúss og Bjarnaborgar: | | | |
| 56. Afborgun af lánum | | 100000.00 | |
| 57. Vextir af lánum | | 140000.00 | 240000.00 |
| XIII. Tekjuhalli: | | | |
| 58. a. Á reikningi bæjarsjóðs árið 1918 | | 115722.1o | |
| b. Kostnaður vegna inflúensu 1918 | | 75000.00 | 190722.16 |
| XIV. 59. Eftirstöðvar til næsta árs | | | 100000.00 |
| | Samtals = | | 2196846.61 |

Bæjarstjórnin ~~felur~~ heimilar borgarstjóra að taka fyrir hönd hennar bráðabirgðalán handa bæjarsjóði, eftir því sem þörf krefur á árinu 1920, enda nemi slík lán aldrei samtímis meiru en 800000 krónum samtals.

- " -

Þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnarinnar 18. des. 1919.

Borgarstjórinn í Reykjavík 31. desember 1919.
K. Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J O R N A R S A M Þ Y K K T
## UM VEGAGJALD

(Tillaga fasteignanefndar 18. nóv. og 9. des. 1919).

Í tilefni af því að fyrirsjáanlegt er að á næstunni muni koma til bæjarstjórnar beiðnir um að breyta ýmsum af erfðafestulöndum innanbæjar í byggingarlóðir og um götur að húsum þeim, sem þar verða reist, virðist nefndinni nauðsynlegt að framvegis verði beiðendum gert að skyldu að taka þátt í kostnaðinum við gatnagerðina, þar sem bæjarsjóði að öðrum kosti yrði um megn að standa straum af henni. Leggur nefndin til að ákveðið sé 2 kr. gjald á hvern fermetra lóðar, sem breytt er í byggingarlóð, til vegagerðar að húsi því eða húsum, sem byggja skal á lóðinni, enda skal þá og bæjarsjóður láta leggja umræddan veg og holræsi, og skal þá ekki greitt sérstakt holræsagjald af lóðinni, en aðeins af byggingum, sem á henni eru reistar. Vegagerðarskyldan hvíli þó því aðeins á bæjarstjórn, að vegurinn eða holræsið liggi ekki yfir lóðir einstakra manna eða erfðafestuland, sem óbreytt er í byggingarlóð.- Auk vegagjaldsins greiðist 1/5 hluti söluverðsins í ~~byggingarlóð~~ í bæjarsjóð eins og að undanförnu og götustæðið láti erfðafestuhafi af hendi ókeypis.

Þegar leggja þarf veg yfir eignarlönd til að gera þau hæf til bygginga, leggur nefndin til, að það sé því að eins gert, að götustæðið sé látið af hendi ókeypis og til vegagerðarinnar sé greitt sama gjald sem af erfðafestulöndum og gildi sömu skilyrði um vegalagninguna, nema öðruvísi sé um samið.

Þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar 18. des. 1919.

Borgarstjórinn í Reykjavík 31. des. 1919.

K. Zimsen.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

S A M Þ Y K K T
UM LAUN STARFSMANNA REYKJAVÍKURKAUPSTAÐAR.

1. gr.

Allir fastir starfsmenn kaupstaðarins, hvort sem þeir eru skipaðir af bæjarstjórn, eða á annan hátt, skulu fá skipunarbréf hjá borgarstjóra.

2. gr.

Hver starfsmaður skal skyldur að kaupa sér geymdan lífeyri og að tryggja ekkju sinni lífeyri jafnskjótt og bæjarstjórnin gerir almenna samþykkt um þau mál, og á þann hátt, sem ákveðið verður í slíkri samþykkt.

3. gr.

Nú flyttst starfsmaður úr stöðu í lægra launaflokki í stöðu í hærra launaflokki og skal hann taka á því launastigi í hinum nýja launaflokki, sem jafnhátt er eða næst fyrir ofan þá launaupphæð, sem hann hafði náð í hinum lægra launaflokki.

4. gr.

Laun samkvæmt þessari samþykkt skulu allir starfsmenn kaupstaðarins taka frá 1. janúar 1920, þeir sem áður eru í þjónustu bæjarins þó því aðeins, að þeir kjósi ekki að búa við eldri launakjör, enda segi þeir til fyrir áramót.

Laun þeirra starfsmanna, sem laun taka eftir þessari samþykkt, skal telja svo sem samþykktir hefði verið í gildi, er þeir voru fyrst skipaðir í stöðuna.

Hafi einhver starfsmaður nú hærri laun en hann myndi fá samkvæmt samþykktinni, heldur hann þeim launum þangað til hann flytzt á hærra launastig eftir þjónustu aldri.

5. gr.

Árslaun starfsmanna skulu vera sem hér segir og skal greiða launin fyrirfram dag hvers mánaðar með 1/12 hluta í hvert skipti.

1. launaflokkur.

Árslaun 8000 krónur.

Borgarstjóri

2. launaflokkur

Árslaun 5000 krónur.

Hafnarstjóri. Bæjarverkfræðingur. Hafnarstjóri fær þess utan 3 % af nettó tekjum hafnarinnar.

Bæjarverkfræðingur fær 200 króna launahækkun 2. hvert ár þar til launin ná 600 krónum.

3. launaflokkur.

Árslaun 4000 krónur hækkandi 2. hvert ár um 200 kr. upp í 5000 kr. - Skrifstofustjóri borgarstjóra.- Skattstjóri.

4. launaflokkur.

Árslaun 3500 krónur, hækkandi 2. hvert ár um 200 kr. upp í 4500 kr.- Bæjargjaldkeri. Hafnargjaldkeri. Gasstöðvarstjóri.- Hafnarfógeti. Bæjargjaldkeri og hafnargjaldkeri hafa auk launanna 1/5 o/oo af öllum greiddum peningum og bankaseðlum í bæjarsjóð eða hafnarsjóð eða úr, allt að 1000 kr. á ári hvor.

Gasstöðvarstjóri hefir auk launanna ókeypis húsnæði, ljós og hita.

5. launaflokkur.

Árslaun 3000 kr., hækkandi 2. hvert ár um 200 kr. upp í 200 kr. - Slökkviliðsstjóri. Yfirlögregluþjónn.

6. launaflokkur.

Árslaun 2500 kr. hækkandi 2. hvert ár um 200 kr. upp í 3500 kr. - Aðstoðarmenn og bókhaldarar á skrifstofum bæjarins. Byggingarfulltrúi. Heilbrigðisfulltrúi. Umsjónarmaður með eignum bæjarsjóðs. Hafnsögumenn.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. launaflokkur.

Árslaun 2000 kr. hækkandi 2. hvert ár um 200 kr. upp í 3000 kr. - Varaslökkviliðsstjóri. Yfirkyndari á gasstöðinni. Gasvirkjarar. verkstjórar. Bifreiðarstjórar..

8. launaflokkur.

Árslaun 1800 kr. hækkandi 2. hvert ár um 200 kr. upp í 2800 kr. Lögregluþjónar. Varðmenn á slökkvistöð. Sótarar. Innheimtumaður hjá bæjargjaldkera. Kyndari í gasstöðinni. Laugaverðir. Umsjónarmenn með hreinsun, sandtöku o.fl.

9. launaflokkur.

Árslaun 1600 kr., hækkandi 2. hvert ár um 200 kr. upp í 2600 kr. - Skrifarar á skrifstofum bæjarins. Baðvörður. Fastir verkamenn við gasstöð, hreinsun o.fl.

Baðvörður hefur auk launanna ókeypis húsnæði, ljós og hita.

Starsmenn skulu nota einkennisbúning eftir því sem fyrirskipað er eða verður, en því aðeins kosta sjálfir búninginn, að þeir taki laun í 1. - 4. launaflokki.

6. gr.

Auk hinna föstu launa fá allir starfsmenn bæjarins, sem laun taka eftir þessari samþykkt, fyrst um sinn til ársloka 1925, launaviðbót, sem miða skal við verðlagsskrá þá, er árlega verður gjörð vegna útreiknings á launaviðbót embættis- og sýslunarmanna landsins.

Launaviðbótin reiknast þannig, að hún nemi jafnmikilli hundraðstölu af 2/3 launanna - þó aldrei af hærri fjárhæð en 3000 kr. á ári - eins og allsherjar vísitalan í gildandi verðlagsskrá það ár sýnir að verðhækkun hafi numið.

Uppbótin greiðist fyrir þrjá mánuði í senn, 1. marz, 1. júní, 1. september og 1. desember.

"" 

Þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar 13. desember 1919.

Borgarstjórinn í Reykjavík 31. des. 1919.

K. Zimsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, föstudaginn 2. janúar var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.20 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Sighvatur Bjarnason (forseti), Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Kón Þorláksson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, Guðmundur Áabjörnsson, Bríet Njarnhéðinsdóttir og Jón Ólafsson.- Ólafur Friðriksson kom að nýlokinni fundarsettningu. Sveinn Björnsson erlendis. - Jón Baldvinsson kom á fund kl. 5.35. - Inga Lára Lárusdóttir tilkynnti forföll.

Gengið til dagskrár og tekið til meðferðar:

I. Brunabótavirðingar engar.

II. Fundargerð fasteignanefndar frá 30. desember.
1.-3. liður samþ. með samhlj. atkv.
4. liður samþ. með svo látandi viðaukatillögu frá Jóni Þorlákssyni :
"en vill semja við beiðandann um breytingu á stærra svæði erfðafestulandsins í byggingarlóðir, eftir skipulagi, sem kemur heim við fyrirhugað gatnakerfi á þessu svæði".
5. liður samþ. með samhlj. atkv.
Fundargerðin í heild, með áorðinni breytingu á 4. lið samþ. með samhlj. atkv.

III. Fundargerð hafnarnefndar frá 29. desember.
1.-2. liður samþ. með samhlj. atkv.
Út af öðrum lið flutti Þorvarður Þorvarðsson svo látandi tillögu:
"Bæjarstjórnin telur rétt að Guðm. Jakobsson sé settur í 5. launaflokk með sérstöku tilliti til þess, hvernig hann var upprunalega skipaður við höfnina".
Var sú tillaga samþ. með 6:3 atkv.
3.-4. liður samþ. með samhlj. atkv.
Út af 3. lið flutti Jón Þorláksson svo látandi tillögu:
"Bæjarstjórnin skorar á hafnarnefnd að gera sem fyrst tillögur um skýli til bráðabirgða fyrir verkamenn við höfnina. Jafnframt skorar bæjarstjórnin á hafnarnefnd að gera tillögur um ákvörðun lóðar undir væntanlegt sjómannahæli".
Tillagan var samþykkt með samhljóða atkv.
Fundargerð hafnarnefndar í heild og þessar tillögur samþ. með samhlj. atkv.

IV. Fundargerð rafmagnsnefndar frá 9., 22. og 31. desember lögð fram.

V. Samþ. við 2. umræðu ábyrgð á bráðabyrgðarláni Byggingarfélags Reykjavíkur. (Sjá 2. lið í fundarverð fjárhagsnefndar frá 16. desember).

VI. Kosning nefndar til að semja skrá yfir gjaldendur til rllistyrktarsjóðs.
Kosningu hlutu:
Sigurður Jónsson með 6 atkv.
Jón Ólafsson með 5 atkv.
Jón Baldvinsson með 7 atkv.
við endurtekna atkvæðagreiðslu.

VII. Kosning nefndar til að undirbúa framkvæmdir á eyðing rottu.
Samþykkt var að kjósa 3 manna nefnd, hafnarstjóra og 2 bæjarfulltrúa.
Kosnir voru:
Ágúst Jósefsson með 5 atkv.
Guðmundur Ásbjörnsson með 5 atkv.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Utan dagskrár var samþykkt tillaga nefndar, sem kosin var 17. júlí síðastl. til að athuga beiðni G. Eiríkss um stofnun og starfrækslu kvikmyndahúss og lagði nefndin til að synjað yrði um leyfi.

Fundi slitið kl. 7.1o síðdegis.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Þorvarður Þorvarðsson.
Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Jón Ólafsson. Ágúst Jósefsson.
Ólafur Friðriksson. Kristján V. Guðmundsson. Jón Þorláksson.
Guðmundur Ásbjörnsson. Jón Baldvinsson. Sigurður Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, fimmtudaginn 15. janúar var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Sighvatur Bjarnason (forseti), Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Inga Lára Lárusdóttir, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, Jón Baldvinsson, Guðmundur Ásbjörnsson og Jón Ólafsson.- Jón Þorláksson og Ólafur Friðriksson komu rétt eftir fundarsettningu - Bríet Bjarnhéðinsdóttir kl. 5.55. - Sveinn Björnsson erlendis.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hús fulltrúaráðs alþýðufélaganna við Ingólfsstræti | kr.10090.00 |
| 2. | Hús Gísla Guðmundssonar, gerlafræðings, nr. 11 við Smiðjustíg (brbnr.367) | - 15464.00 |
| 3. | Hús Gísla Bjarnasonar og Kristjáns Jónssonar nr. 43 við Laugaveg (brbnr. 400) | - 89894.00 |
| 4. | Hús Gísla Halldórssonar, nr. 17 við Óðinsgötu (brbnr. 1452) | - 44876.00 |
| 5. | Hús Hjálmtýs Sigurðssonar, nr. 17 B við Bergstaðastræti | - 13076.00 |
| 6. | Hús Gísla Tómássonar, nr. 34 við Vesturgötu (brbnr. 142) | - 12060.00 |
| 7. | Hús Erlends Guðmundssonar og Viggó Jónssonar, nr. 40 við Bergstaðastræti (brbnr.779) | - 16319.00 |
| 8. | Hús Tryggva Björnssonar, nr. 59 við Grettisgötu (brbnr. 830) | - 9915.00 |
| 9. | Hús Guðmundar Sveinbjörnssonar, nr. 8 við Túngötu (brbnr. 1347) | - 43346.00 |
| 10. | Hús Karls Lárussonar, nr. 5 við Laugaveg (brbnr. 138) | - 25654.00 |
| 11. | Hús Björns Erlendssonar, nr. 22 við Óðinsgötu | - 17389.00 |
| 12. | Hús Baldurs Benediktssonar, nr. 92 við Hverfisgötu (brbnr. 866) | - 26408.00 |
| 13. | Hús Guðlaugs Jónssonar og Oddfreðs Oddssonar, nr. 76B við Hverfisgötu | - 46506.00 |
| 14. | Hús Magnúsar Sveinssonar, nr. 68 A við Hverfisgötu (brbnr. 944) | - 13624.00 |
| 15. | Hús Ólafs Þorsteinssonar, verkfræðings, við Garðastræti | - 42335.00 |
| 16. | Hús Magnúsar Sæmundssonar, kaupmanns, nr. 30 við Óðinsgötu | - 20200.00 |
| 17. | Skúr Bjarna Matthíassonar, hringjara, við Garðastræti (brbnr. 1198) | - 16165.00 |
| 18. | Hús Guðmundar Kj. Jónssonar, Múli í Laugamýrarbletti 3 (brbnr. 1434) | - 26339.00 |
| 19. | Hús Einars Einarssonar, nr.14 við Óðinsgötu | - 9060.00 |
| 20. | Hús Magnúsar Ketilbjarnarsonar, nr. 17B við Óðinsgötu | - 11550.00 |
| 21. | Hús Magnúsar Th. Blöndahls, nr. 6B við Lækjargötu (brbnr. 34) | - 65810.00 |
| 22. | Hús Andrésar Ólafssonar, nr. 8 við Lokagötu (brbnr. 1471) | - 14216.00 |
| 23. | Hús Sigurgeirs Jónssonar, nr. 8 við Bergþórugötu | - 3469.00 |
| 24. | Hús Guðlaugs Hinrikssonar, nr. 20 við Baldursgötu | - 17644.00 |
| 25. | Skúr Guðmundar Erlendssonar, nr. 8 við Baldursgötu | - 1800.00 |
| 26. | Hús Einars Gíslasonar, nr. 12 við Bergstaðastræti (brbnr. 194) | - 9261.00 |
| 27. | Hús Einars Gíslasonar, málara, nr. 12B við Bergstaðastræti | - 35913.00 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

28. Hús Stefáns Sandholts,
nr. 51 B við Njálsgötu (brbnr. 1023) kr. 7770.oo
29. Hús Einars Péturssonar,
nr. 7 við Spítalastíg (brbnr. 750) - 11895.oo

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 10. janúar lögð fram og samþ. í heild með samhljóða atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 13. janúar lögð fram.

IV. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 13. janúar lögð fram.
1. - 3. liður, hver um sig samþykktir með samhljóða atkvæðum.
4. liður samþ. með 7:1 atkv.
5. liður fyrri málsgrein, samþ. með 8 samhlj. atkv.
5. liður síðari málsgr. felld með 6:4 atkv.
6. liður felldur með 7:4 atkv.
Fundargerðin í heild, með áorðnum breytingum við 5. og 6. lið samþ. með samhljóða atkvæðum.

V. Funargerð fátækranefndar frá 8. janúar lögð fram.
Undir úrskurð bæjarstjórnar kom 10. liður, en við tillögu nefndarinnar þar gerði Ágúst Jósefsson þá breytingartillögu, að útsvar það, sem þar um ræðir, yrði fært niður í 4 kr. Var sú breytingartillaga samþ. í einu hljóði.

VI. Fundargerð hafnarnefndar frá 12. janúar lögð fram.

VII. Samþykkt var að skipta kjósendum við bæjarstjórnarkosningu 31. janúar í kjördeildir á þessa leið:
1. kjördeild: A -D, nr. 1. - 595 ía skrá.
2. - E - Guðmundur, nr. 596 - 1217.
3. - Guðmundur - Halldóra, nr. 1218 - 1809.
4. - Hallfríður - Johnson, nr. 1810 - 2356.
5. - Jón - K, nr. 2357 - 2963.
6. - L - Pettersen, nr. 2964 - 3574.
7. - Pétur - Solveig, nr. 3575 - 4227.
8. - Stefán - Ö, nr. 4228 - 4875.

VIII. Í undirkjörstjórnir við bæjarstjórnarkosningu var kosið á þessa leið:

Í 1. kjördeild:
Gunnar Espólín Benediktsson
Katrín Skúladóttir frú
Ágúst Jósefsson, bæjarfulltrúi.

Í 2. kjördeild:
Héðinn Valdimarsson, cand. jir.
Kristín V. Jacobson, frú
Jón Ólafsson, bæjarfulltrúi.

Í 3. kjördeild:
Jón Ásbjörnsson, cand. jur.
Steinunn H. Bjarnason, frú
Skúli Skúlason, parlor emer.

Í 4. kjördeild:
Páll Pálmason, cand. jur.
Inga Lára Lárusdóttir, bæjarfulltrúi
Tryggvi Þórhallsson, ritstjóri.

Í 5. kjördeild:
Sigfús Johnsen, cand. jur.
Guðrún J. Briem, frú.
Jón Baldvinsson, Bæjarfulltrúi.

Í 6. kjördeild:
Sigurður Þórðarson, fyrrverandi sýslumaður,
Bríet Bjarnhéðinsdóttir, bæjarfulltrúi,
Guðmundur Finnbogason, prófessor.

Í 7. Kjördeild:
Steindór Gunnlaugsson, cand júr.
Ágústa Sigfúsdóttir, frú,
Kristján V. Guðmundsson, bæjarfulltrúi.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í 8. kjördeild:
Páll E. Ólason, doktór,
Ingibjörg Johnson, frú,
Einar Helgason, konsúlent.

IX. Theódór og Siggeir/ bökurum leyfð mjólkursala í brauðbúð þeirra á Frakkastíg 14, allt að 150 lítrum á dag, og gildir leyfið í 6 mánuði.

X. ~~Fundarstjóri~~ Borgarstjóri lagði fyrir fundinn tillögu svo látandi:
"Bæjarstjórnin ákveður að gefa út fyrir hönd bæjarsjóðs með tryggingu í eignum og tekjum bæjarsjóðs, 6½% skuldabréf fyrir 250000 kr., er borgist á næstu 20 árum, eftir hlutkesti, með minnst 12.500 kr. á ári.
Lánsupphæðin notist til að greiða/aðrar skuldir bæjarsjóðs". með
Tillögu þessari var vísað til fjárhagsnefndar með 7 atkv. samhlj.

XI. Lagt fram erindi frá eigendum Hótel Íslands, dags. 14. janúar, viðvíkjandi hótelinu og rekstri gistihúss þar framvegis.
Tillaga borgarstjóra, um að kjósa þriggja manna nefnd í málið samþykkt, og í hefndina kosnir:
Borgarstjóri með 9 atkv.
Guðmundur Ásbjörnsson með 7 atkv.
Jón Ólafsson með 5 atkv.

Fundi slitið kl. 10 síðdegis.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Kristján V. Guðmundsson.
Þorvarður Þorvarðsson. Jón Baldvinsson. Jón Ólafsson.
Bríet Bjarnhjéðinsdóttir. Ágúst Jósefsson. Ólafur Friðriksson.
Inga Lára Lárusdóttir. Sigurður Jónsson. Jón Þorláksson.
Guðmundur Ásbjörnsson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, fimmtudaginn 5. febrúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.2o síðdegis, og voru þá auk borgarstjóra, til fundar komnir þessir bæjarfulltrúar: Sighvatur Bjarnason (forseti), Sveinn Björnsson, Þorvarður Þorvarðsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Sigurður Jónsson, Kristján V. Guðmundsson, Jón Baldvinsson og Guðmundur Ásbjörnsson.- Bríet Bjarnhéðinsdóttir kom á fund kl. 5.25, Benedikt Sveinsson litlu síðar. Inga Lára Lárusdóttir boðaði firföll - Jón Þorláksson erlendis.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | |
|---|---|
| 1. Hús Jóns Þorlákssonar, nr. 17 við Baldursgötu (bfbnr. 1461) | Kr.21711.oo |
| 2. Hús L. H. Müllers, nr. 17 við Austurstræti (brbnr. 321) | - 20125.oo |
| 3. Hús h.f. Ísaga við Rauðarárstíg | - 88435.oo |
| 4. Hús Ólafs Theódórs, nr. 47 við Bergstaðastræti | - 25886.oo |
| 5. Hús Þorsteins Gíslasonar, nr. 17 við Þinghiltsstræti (brbnr.227) | - 38052.oo |
| 6. Hús Björns Björnssonar, nr. 22 við Óðinsgötu | - 17040.oo |
| 7. Hús Jóns Kristmundssonar, Eyvík á Grímsstaðaholti (brbnr.777) | - 10230.oo |
| 8. Hús Vilhelms Bernhöefts, nr. 29 við Bergstaðastræti (brbnr. 665) | - 24815.oo |
| 9. Hús Péturs Þorsteinssonar, nr. 5 við Mýrargötu (brbnr. 810) | - 9636.oo |
| 10. Hús Búnaðarfélags Íslands, nr. 14B við Lækjargötu (brbnr.1019) | - 48562.oo |
| 11. Hús Guðmundar Ingibergs Guðmundssonar, nr. 26 við Óðinsgötu | - 21390.oo |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 3. febrú r lögð fram.
1.-8. liður samþ. með samhlj. atkv.
9. liður sömuleiðis.
10. - 12. liður sömuleiðis.
13. liður sömuleiðis.
14. - 15. liður sömuleiðis.
Fundargerðin í heild samþykkt í einu hljóði.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 27. janúar lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

IV. Fundargerð fasteignanefndar frá 3. febrúar lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

V. Fundargerð brunamálanefndar frá 3. febrúar lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

VI. Fundargerð fátækranefndar frá 22. janúar lögð fram.

VII. Fundargerð rafmagnsnefndar frá 23. janúar lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

VIII. Fundargerð hafnarnefndar frá 2. febrúar lögð fram. 5. liður samþ. með samhljóða atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með samhlj. atkv.

IX. Reilningur Blómsveigasjóðs Þorbjargar Sveinsdóttur árið 1919 lagður fram og kosnir endurskoðendur:
Jón Ólafsson með 9 atkv.
Guðmundur Ásbjörnsson ,eð 8 atkv.

X. Borgarstjóri bar fram tillögu um að flutt yrði á Alþyngi



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í þessum mánuði frumvarp það til laga um bæjargjöld í Reykjavík, sem samþ. var í bæjarstjórn 17. jan. 1918.

Ólafur Friðriksson flutti brtt. við tillögu þessa svo látandi:

"Kosin sé þriggja manna nefnd til þess að athuga frv. til laga um bæjargjöld, og leggi sú nefnd tillögur sínar fyrir næsta bæjarstjórnarfund".

Brtt. samþ. með 10:1 atkv. og í nefnd kosnir:

Sveinn Björnsson með 7 atkv.
Borgarstjóri með 5 atkv.
Sigurður Jónsson með 5 atkv.

Utan dagskrár var Ágúsi Jósefssyni og Guðmundi Ásbjörnssyni leyft að hreyfa máli, og fluttu þeir svo látandi tillögu:

"Nefnd sú, sem kosin var á fundi bæjarstjórnar 2. janúar 1920, til að undirbúa eyðingu á rottum, leyfir sér hér með að leggja til, að þeim herrum, borgarstjóra K. Zimsen og gerlafræðingi Gísla Guðmundssyni verði bætt við nefndina".

Tillagan var samþ. í einu hljóði.

Að lokum þakkaði borgarstjóri þeim þrem bæjarfulltrúum, sem nú ganga úr bæjarstjórn, starf þeirra fyrir bæjarfélagið, og tóku bæjarfulltrúar undir það með því að standa upp.

Forseti svaraði og árnaði bænarstjórninni heilla í störfum hennar framvegis.

Sveinn Björnsson fór af fundi áður en fundarfók væri upplesin.

Fundi slitið kl. 6.20 síðdegis.

K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sigurður Jónsson. Þorvarður Þorvarðsson. Kristján V. Guðmundsson. Benedikt Sveinsson. Jón Baldvinsson. Ólafur Friðriksson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Guðmundur Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, mánudaginn 16. febrúar var haldinn aukafundur í bæjarstjórninni á skrifstofu borgarstjóra, og samkv. fundarboði, er borgarstjóri hafði sent bæjarfulltrúunum 14. þessa mánaðar. Fundurinn var settur kl. 4.15 síðdegis og voru þá mættir auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Sigurður Jónsson, Pétur Halldórsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Jón Baldvinsson, Ágúst Jósefsson, Jónína Jónatansdóttir, Gunnlaugur Calessen og Þorvarður Þorvarðsson.

Tekið fyrir, samkv. fundarboðinu, að kjósa yfirkjörstjórn við væntanlegar kosningar til Alþingis, er fram eiga að fara laugardaginn 21. þ.m. Hlutu þessir kosningu:

1. Utan bæjarstjórnar:
   Jón Ásbjörnsson, yfirdómslögmaður,
   sem aðalmaður og
   Sighvatur Bjarnason
   sem varamaður.

Úr bæjarstjórn:
   Sigurður Jónsson, sem aðalmaður og
   Ágúst Jósefsson, sem varamaður, við endurtekna kosningu.

Utan dagskrár skýrði borgarstjóri frá, að honum hefði borizt bréf frá stjórnarráðinu, dags. 9. þ.m.um, að brýn nauðsyn væri á, að Reykjavíkurbær hafi viðbúnað til að taka á móti influenzusíkinni. Í tilefni af þessu hafði borgarstjóri skrifað lögreglustjóra, og lagði fram bréf hans með útdrætti úr fundargerð heilbrigðisnefndar bæjarins, dags. 12. þ.m.

Út af þessu bar borgarstjóri fram svo látandi tillögu:
"Bæjarstjórnin ályktar að kjós 3 manna nefnd til þess að hafa á hendi allar framkvæmdir af hálfu bæjarstjórnar til varnar og viðbúnaðar gegn influenzu, sem vofir yfir að hingað berist, og til hjúkrunar, e f svo skyldi fara að veikin kæmi hér upp".

Fillagan samþykkt í einu hljóði og í nefndina kosnir:
   Gunnlaugur Claessen með 8 atkv.
   Ágúst Jósefsson með 5 atkv., og
   Guðmundur Ásbjörnsson með 4 atkv.

Fleira gerðist ekki á fundinum.

Þessir bæjarfulltrúar boðuðu forföll:
Þórður Bjarnason
Jón Ólafsson
Kristján Guðmundsson, og
Sveinn Björnsson.

Fundi slitið kl. 5.2o.

K. Zimsen. Jón Baldvinss n. Þorvarður Þorvarðsson.
Ágúst Jósefsson. Jónína Jónatansdóttir. Sigurður Jónsson.
Gunnlaugur Claessen. Pétur Halldórsson. Guðmundur Ásbjörnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, fimmtudaginn 19. febrúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni á skrifstofu borgarstjóra.
Borgarstjóri setti fundinn kl. 5.20 síðdegis. Skýrði hann frá, að við bæjarstjórnarkosningar 31. f.m. hefðu þessir hlotið kosningu:

Sigurður Jónsson, (endurkosinn),
Ólafur Friðriksson )endurkosinn),
Pétur Halldórsson,
Gunnlaugur Claessen,
Jónína Jónatansdóttir og
Þórður Bjarnason.

Sagði borgarstjóri þessa nýkjörnu bæjarfulltrúa velkomna í bæjarstjórn.
Auk borgarstjóra voru í fundarbyrjun komnir þessir bæjarfulltrúar: Sveinn Björnsson, Pétur Halldórsson, Þórður Bjarnason, Jón Baldvinsson, Gunnlauvur Claessen,Sigurður Jónsson, Jón Ólafsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Ágúst Jósefsson, Kristján V. Guðmundsson, Inga Lára Lárusdóttir, Ólafur Friðriksson, Jónína Jónatansdóttir og Þorvarður Þorvarðsson. - Jón Baldvinsson kom stuttu eftir fundarsettningu. - Jón Þorláksson erlendis.

Gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. Kosinn forseti: Sveinn Björnsson með 9 atkv.
Gekk hinn nýkosni forseti þá til forsetastóls, þakkaði kosninguna og tók við fundarstjórn.

II. Kosinn varaforseti: Sigurður Jónsson með 9 atkv.

III. Kosnir skrifarar: Þorvarður Þorvarðsson með 14 atkv. Pétur Halldórsson með 11 atkv.

IV. Kosið í nefndir. - Áður en gengið væri til kosninga bar Ólafur Friðriksson fram tillögu um að hlutfallskosning yrði viðhöfð.
Var sú tillaga felld með 8:6 atkv.
Þorvarður Þorvarðsson flutti fyrirspurn þess efnis, hvort tekinn yrði gildur atkvæðaseðill, þótt ekki stæði á honum full tala nefndarmanna.
Bar forseti það undir atkvæði bæjarstjórnar, og var það samþykkt með 9:4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| já: | nei: |
|---|---|
| Pétur Halldórsson | Borgarstjóri |
| Þorv. Þorvarðsson | Guðmundur Ásbjörnsson |
| Ágúst Jósefsson | Jón Ólafsson |
| Gunnlaugur Claessen | Inga Lára Lárusdóttir |
| Jón Baldvinsson | |
| Jónína Jónatansdóttir | |
| Ólafur Friðriksson | |
| Sigurður Jónsson | |
| Þórður Bjarnason | |

Kristján V. Guðmundsson greiddi ekki atkvæði.

Var nú gengið til kosninga, og fór kosning á þessa leið:

Í fjárhagsnefnd voru kosnir:
Þorvarður Þorvarðsson með 11 atkv., Jón Ólafsson með 8 atkv.
Í fasteignanefnd:
Sigurður Jónsson með 11 atkv., Þórður Bjarnason með 8 atkv.
Í fátækranefnd:
Kristján V. Guðmundsson með 11 atkv., Jóníma Jónatandóttir 10 atkv.
Sigurður Jónsson með 10 atkv., Inga Lára Lárusdóttir með 9 atkv.
Í byggingarnefnd: Úr bæjarstjórn:
Þorvarður Þorvarðsson með 12 atkv., Guðm.Asbjörnss. með 11 atkv.
Utan bæjarstjórnar:



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sveinn Jónsson með 13 atkv.
Kristinn Sigurðsson með 11 atkv.

Í veganefnd:
Ágúst Jósefsson með 11 atkv.
Guðmundur Ásbjörnsson með 10 atkv.
Gunnlaugur Claessen með 8 atkv., Pétur Halldórsson með 8 atkv.

Í vatnsnefnd:
Jón Þorláksson með 11 atkv., Þórður Bjarnason með 8 atkv.

Í brunamálanefnd:
Ólafur Friðriksson með 12 atkv., Sveinn Björnsson með 12 atkv.
Pétur Halldórsson með 7 atkv.

Í hafnarnefnd:
Úr bæjarstjórn:
Kristján V. Guðmundsson með 10 atkv., Jón Ólafsson með 8 atkv.
Utan bæjarstjórnar:
Carl Proppé með 11 atkv., Halldór Þorsteinsson með 11 atkv.

Í gasnefnd:
Jón Baldvinsson með 13 atkv., Jón Þorláksson með 11 atkv.

Í rafmagnsnefnd:
Jón Baldvinsson með 11 atkv., Jón Þorláksson ,eð 11 atkv.
Sveinn Björnssonmmeð 11 atkv., Pétur Halldórsson með 7 atkv.

Í leikvallanefnd:
Inga Lára Lárusdóttir með 9 atkv., Gunnlaugur Claessen 8 atkv.

Í skattanefnd:
Jón Ólafsson með 11 atkv., Þórður Bjarnason með 7 atkv.
Til vara: Guðmundur Ásbjörnsson með 6 atkv.

Í heilbrigðisnefnd:
Gunnlaugur Claessen með 10 atkv.

Í verðlagsskrárnefnd:
Eiríkur Briem með 12 atkv.

Í sóttvarnarnefnd:
Ólafur Friðriksson með 8 atkv.

Borgarstjóri lagði til að kosin yrði sérstök farsóttahússnefnd, er í ættu sæti 2 ~~menn~~ bæjarfulltrúar og borgarstjóri. Var tillagan samþykkt og í nefndina kosnir:
Ágúst Jósefsson með 11 atkv., Gunnlaugur Claessen með 9 atkv.
Ennfremur lagði borgarstjóri til, að kosin yrði sérstök 5 manna nefnd, er nefndist -húsnæðisnefnd og skipuð væri 4 bæjarfulltrúum auk borgarstjóra. Tillagan samþykkt og í nefndina kosnir:
Ágúst Jósefsson með 10 atkv., Guðmundur Ásbjörnsson með 10 atkv.
Inga Lára Lárusdóttir með 7 atkv., Þórður Bjarnason með 7 atkv.

V. Varpað hlutkesti um, hver af nýkjörnum fulltrúum skuli ganga úr bæjarstjórninni eftir 2 ár, og kom upp hlutur Jónínu J~~ónsdóttu~~r. Jónatansdóttur

VI. Brunabótavirðingar samþykktar:

1. Hús Einars Guðmundssonar ,
Grund við Kaplaskjólsveg — Kr34685.00
2. Hús Þorsteins Guðmundssonar,(brbnr. 1468)
nr. 15 við Fálkagötu á Grímsstaðaholti — 9223.00
3. Hús Þorsteins Ásbjörnssonar,
nr. 51 við Bergstaðastræti — 33115.00
4. Hús Jónasar Jónssonar, nr. 9 við Baldursgötu — 24275.00
5. Hús Sæmundar Bjarnasonar,
nr. 11 við Brekkustíg (brbnr. 476) — 33835.00
6. Hús Jóns Jónssonar,
Stóraskipholti á Bráðræðisholti (brb.966) — 17015.00
7. Hús Guðmundar Jónssonar,
nr. 32B við Njálsgötu — 14160.00
8. Hús Jóns Sigurðssonar og Rakelar Ólafsdóttur,
nr. 125 við Hverfisgötu (brbnr.~~915~~876) — 18577 ~~21914~~.00
9. Hús Jóhanns Kr. Ólafssonar,
nr. 84 við Hverfisgötu (brbnr. 915) — 2æ914.00
10. Hús Jens Lange, málara,
nr. 10 við Laugaveg (brbnr.215) — 35433.00
11. Hús sama mana manns,
nr. 3 við Þingholtsstræti (brbnr. 173) — 36750.00


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VII. Fundargerð byggingarnefndar frá 14. febrúar lögð fram og samþykkt í heild með samhlj. atkv.

Í sambandi við þessa fundargerð var samþykkt með 7 atkv. samhlj., að leyfa Guðmundi Egilssyni að taka til verzlunarafnota 2 herbergi og eldhús í neðstu hæð hússins hans nr. 42 við Laugaveg, gegn því að hann láti aftur til íbúðar 2 herbergi og eldhús í húsi nr. 4 við Vatnsstíg.

VIII. Fundargerð hafnarnefndar frá 16. febrúar lögð fram. Ólafur Friðriksson lagði til, að aftan við 2. lið bættist:

"enda sé öll olían tekin burtu fyrir maílok".

Borgarstjóri bar og fram brtt. við 2. lið, um að í stað orðanna:

"undir olíu, ef félagið þarf þess með" komi:

"undir olíu, sem félagið á nú vin á, ef það þarf þess með".

Viðaukatillaga Ólafs Friðrikssonar var samþykkt með 10 atkv. samhljóða.

Hin tillagan kom því ekki til atkvæða.

2. liður fundargerðarinnar, með áorðinni breytingu, samþykkt með samhljóða atkvæðum.

IX. Fundargerð fátækranefndar frá 18. febrúar lögð fram.

X. Frumvarp til laga um bæjargjöld í Reykjavík lagt fram. Þorvarður Þorvarðsson lagði til að umræðu um málið yrði frestað, og var sú tillaga samþykkt með 8 atkv. samhlj.

XI. Frumvarp til laga um breytingu á skilyrðum á kosningarétti til bæjarstjórnar lagt fram.

Tillaga um að fresta málinu samþykkt með samhljóða atkvæðum.

Fundi slitið kl. 8 síðdegis.

K. Zimsen. Sveinn Björnsson. Ólafur Friðriksson. Þorvarður Kristján V. Guðmundsson. Pétur Halldórsson. Þórður Bjarnason. Gunnlaugur Claessen. Guðmundur Ásbjörnsson. Inga Lára Lárusdóttir. Jón Ólafsson. Jónína Jónatansdóttir. Sigurður Jónsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, fimmtudaginn 4. marz, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Sveinn Björnsson (forsetiö, Þorvarður Þorvarðsson, Pétur Halldórsson, Ólafur Friðriksson, Gunnlaugur Claessen, Þórður Bjarnason, Kristján V. Guðmundsson, Jón Baldvinsson, Guðmundur Ásbjörnsson og Jónína Jónatansdóttir. - Inga Lára Lárusdóttir kom á fund að nýlokinni fundarsetningu.- Jón Þorláksson erlendis. Sigurður Jónsson veikur.- Ágúst Jósefsson kom á fund kl. 5.35.

Gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hús Jónasar H. Jónssonar,<br>Báruhúsið við Vonarstræti (brbnr.587) | Kr.104012.oo |
| 2. | Hús Benedikts Sæmundssonar,<br>við Arnargötu á Grímsstaðaholti (br. 1487) | - 15952.oo |
| 3. | Hús Jóns Sigmundssonar,<br>nr. 70 við Laugaveg (brbnr. 687) | - 22200.oo |
| 4. | Hús sama manns,<br>nr. 70B við Laugaveg (brbnr.1496) | - 19229.oo |
| 5. | Hesthús sama manns,<br>nr. 77 við Laugaveg (brbnr.1203) | - 6663.oo |
| 6. | Hús Gunnars Gunnarssonar,<br>nr. 3 við Skólavörðustíg (brbnr.12) | - 10060.oo |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 28. febrúar lögð fram og samþykkt í heild með samhlj. atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 24. febrúar lögð fram og samþykkt í heild með samhlj. atkv.

IV. Fundargerð fasteignanefndar frá 2. marz lögð fram og samþykkt með öllum greiddum atkv. gegn einu.

V. Fundargerð brunamálanefndar lögð fram og samþ. í heild með samhlj. atkv.

VI. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 2. marz lögð fram.
1. liður samþ. með samhlj. atkv.
2. lið frestað.
3. liður samþ. með 7:2 atkv.
4. liður samþ. með samhlj. atkv.

Fundargerðin í heild að undanskildum 2. lið, samþ. með samhlj. atkv.

VII. Fundargerð hafnarnefndar frá 3. marz lögð fram og samþykkt í heild með samhlj. atkv.

VIII. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 27. febrúar lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

IX. Fundargerð rafmagnsnefndar frá 21. febrúar lögð fram og samþ. í heild með samhlj. atkv.

X. Fundargerð rafmagnsnefndar frá 2. marz lögð fram og samþ. í heild með samhlj. atkv.

XI. Fundargerð fátækranefndar frá 26. febr. lögð fram.

XII. Samþ. tillaga borgarstjóra um skipun 5 manna nefndar til að gera tillögur um stofnun alþýðubókasafns. Í nefndina voru kosnir:
Inga Lára Lárusdóttir með 10 atkv. Borgarstjóri með 8 atkv.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þorvarður Þorvarðsson með 8 atkv., Gunnlaugur Claessen með 7 atkv. Guðmundur Ásbjörnsson með 6 atkv. við endurtekna atkvæðagreiðslu.

XIII. Samþykkt var eftir tillögu borgarstjóra, að kjósa þriggja manna nefnd til að semja frumvarp til reglugerðar um kosningu borgarstjóra. Kosningu hlutu:

Ágúst Jósefsson með 8 atkv.
Borgarstjóri með 6 atkv.
Sveinn Björnsson með 6 atkv.

XIV. Lagður fram til úrskurðar endurskoðaður reikningur Blómsveigasjóðs Þorbjargar Sveinsdóttur fyrir árið 1919 og var reikningurinn samþykktur í einu hljóði.

XV. Reikningur Baðhússins fyrir árið 1919 lagður fram og kosnir endurskoðendur:

Þórður Bjarnason með 5 atkv. og
Þorvarður Þorvarðsson með 7 atkv. við endurtekna atkvæðagreiðslu.

XVI. Reikningur Sjúkrahússjóðs Reykjavíkur fyrir árið 1919 lagður fram, og var honum vísað til sömu endurskoðenda sem kosnir voru til að endurskoða reikning Baðhússins.

Fundi slitið kl. 6.20 síðdegis.

K.Zimsen. Sveinn Björnsson. Þorvarður Þorvarðsson. Pétur Halldórsson. Kristján V. Guðmundsson. Inga L. Lárusdóttir. Ólafur Friðriksson. Jónína Jónatansdóttir. Jón Baldvinsson. Gunnlaugur Claessen. Guðmundur Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Þórður Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, fimmtudaginn 18. marz, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur 5.10 síðdegis, og voru þá komnir til fund r, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Sveinn Björnsson (forseti), Þorvarður Þorvarðsson, Pétur Halldórsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Gunnlaugur Claessen, Þórður Bjarnason, Guðmundur Ásbjörnsson, Jónína Jónatansdóttir og Jón Ólafsson. - Jón Baldvinsson kom að nýlokinni fundarsettningu. Inga Lára Lárusdóttir og Jón Þorláksson komu kl. 5.17. - Sigurður Jónsson veikur.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar engar. En í sambandi við þennan dagskrárlið gat borgarstjóri þess, að sér hefði borizt bréf frá frá brunabótafélagi dönsku kauðstaðanna, þar sem skýrt væri frá, að frá 1. apríl næstkomandi hætti Hannes Thorsteinson að gegna störfum brunamálastjóra, og að Sigurður Björnsson kaupmaður væri skipaður ~~kaupmaður frá sama tíma~~ brunamálastjóri frá sama tíma. Ennfremur skýrði borgarstjóri frá, að frá 1. apríl færi innheimta brun bótagjalda fram á skrifstofu bæjargjaldkera.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 13. marz lögð fram og samþykkt í heil í einu hljóði.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 9. marz lögð fram og samþ. í heild með samhlj. atkv.

IV. Fundargerð hafnarnefndar frá 15. marz lögð fram og samþ. í heild með samhlj. atkv.

V. Alþingiskjörskrá, sem gildir fyrir tímabilið frá 1. júlí 1920 til 30. júní 1921 lögð fram til undirskriftar.

VI. Frumvarp til reglugerðar um kosningu borgarstjóra lagt fram. Ólafur Friðriksson lagði til, að um frumvarpið yrðu hafðar tvær umræður. Sú tillaga var felld með 6:5 atkv..
Mæltist Ólafur Friðriksson þá til þess, að gert yrði fundarhlé, til þess að sér ynnist tími til að skrifa breytingartillögur, sem hann vildi koma fram með.
Varð forseti við þeim tilmælum, og ákvað 15 mínútna fundarhlé að umræðum loknum.
Að liðnu 15 mínútna fundarhléi var svo gengið til atkvæða.
Brtt. frá Þorvarði Þorvarðssyni við brtt. Jóns Baldvinssonar við 1. gr., um að aftan við orðin "það ár" komi: að afstaðinni bæjarstjórnarkosningu,
samþykkt með 5:4 atkv.
Brtt. Jóns Baldvinssonar við 1. gr.:
"Í staðinn fyrir orðin: "í fyrstu viku maímánaðar það ár, en framboðsfrestur til 15. apríl" komi:
í janúarmánuði það ár, en framboðsfrestur til 15. desember árið áður"
svo breytt samþ. með 7:4 atkv.
1.gr. svo breytt samþ. í einu hljóði.
Brtt. Ólafs Friðrikssonar við 2. gr.:
"Síðari málsgrein greinarinnar hljóði svo:
Kosningarrétt eiga allir hinir sömu og kosningarrétt eiga til alþingis samkv. stjórnarskrá landsins, þeirri er Alþingi hefur síðast samþykkt"
felld með 6:6 atkv.
2. gr. óbreytt samþykkt með 8:1 atkv.
Brtt. Ólafs Friðrikssonar við 11. gr.:
"2. málsgrein hljóði svo:
Kjósendur, sem ekki geta verið viðstaddir á kjördegi, geta neytt atkvæðisréttar síns, eftir sömu reglum og nú gilda undir sömu kringumstæðum við kosningar til Alþingis"
samþ. með 7:6 atkv.
11. gr. svo breytt samþ. með samhlj. atkv.
12. gr. samþ. í einu hljóði
Brtt. Ólafs Friðrikssonar við 13. gr.:

 © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

"Orðin í 16. línu: "og ekki bera með sér, að sé af óvilja gert" fellt burt"
felld með 6:4 atkv.

Brtt. Þórðar Bjarnasonar við sömu grein:
"Málsgreinin: "Fái tveir eða fleiri frambjóðendur jafnmörg atkvæði" o.s.frv. orðist svo:
Nú fá tveir eða fleiri frambjóðenda, er flest atkvæði hljóta jafnmörg atkvæði; ákveður bæjarstjórn þá hverjum þeirra skuli veitt staðan, og gilda þar um sömu reglur og áður um kosning borgarstjóra""
samþ. með samhljóða atkv.
13. gr. svo breytt samþ. með samhlj. atkv.
14.- 16. gr. samþ. með samhlj. atkv.

Tillaga Jóns Baldvinssonar um að aftan við frumvarpið kæmi svo hljóðandi:

Bráðabirgðaákvæði:
Árið 1920 fer borgarstjórakosning fram 1. eða annan laugardag í maímánuði, en framboðsfrestur til 15. apríl sama ár.- Samþ. í einu hljóði.
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvæðagreiðslu.
Frumvarpið í heild með áorðnum breytingum samkv. þessari atkvæðagreiðslu samþ. í einu hljóði.

VII. Svo látandi tillaga frá borgarstjóra samþ. í e. hlj.:
"Bæjarstjórnin heimilar lögreglustjóra að breyta íbúðinni í neðri hæð hússins nr. 10 B við Lækjargötu í skrifstofur cyrir lögregluna".

VIII. Með bréfi dags. 14. marz, segir Einar Erlendsson lausu byggingarfulltrúa~~xxxxxx~~starfinu frá 14. júní að telja.

IX. Kosning 6 varamanna í landsdóm. Samþykkt tillaga borgarstjóra um að viðh fa hlutfallskosningu, og jafnframt að fresta kosningunni til næsta fundar.

X. Guðmundur Ásbjörnsson skýrði frá störfum inflúensunefndar.

Utan dagskrár voru tekin fyrir með samþykki bæjarstjórnarinnar , þessi tvö mál:
1. Kosning tveggja aðalmanna og tveggja varamanna í kjörstjórn við borgarstjórakosningu.
Kosningu hlutu:
Aðalmenn:
Jón Þorláksson með 9 atkv. Þorvarður Þorvarðsson með 9 atkv.
Varamenn:
Ágúst Jósefsson með 10 atkv. Gunnlaugur Claessen með 4 atkv.

2. Svo hljóðandi tillaga frá Ágúst Jósefssyni var samþ. með 7 samhlj. atkv.:
"Bæjarstjórnin samþykkir að kjósa þriggja manna nefnd til að gera tillögur um, á hvern hátt sé tiltækilegast að koma upp frystihúsi með vélum til ísframleiðslu, svo stóru, að fullnægi til sölu á ís til skipa og geymslu á matvælum bæjarmanna.
Jafnframt sé nefndinni falið að gera tillögur um, Hvar frystihúsið skuli reist".
Í nefndina voru kosnir:
Ágúst Jósefsson með 9 atkv. Jón Ólafsson með 6 atkv.
Jón Baldvinsson með 5v atkv.

Fundi slitið kl. 7.55 síðdegis.

K.Zimsen. Sveinn Björnsson. Þorvarður Þorvarðsson. Jón Þorláksson. Pétur Halldórsson. Inga Lára Lárusdóttir. Ágúst Jósefsson. Ólafur Friðriksson. Jónína Jónatansdóttir. Guðmundur Ásbjörnsson. Jón Ólafsson. Jón Baldvinsson. Þórður Bjarnason. Gunnlaugur Claessen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, fimmtudaginn 7. apríl, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis síðdegis, og voru þá til fundar komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Sveinn Björnsson (forseti), Þorvarður Þorvarðsson, Pétur Halldórsson, Sigurður Jónsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Gunnlaugur Claessen, Þórður Bjarnason, Kristján V. Guðmundsson, Jón Baldvinsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Jónína Jónatansdóttir og Jón Ólafsson.- Inga Lára Lárusdóttir boðaði forföll, (veik).

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hús Hjálmtíys Sigurðssonar, nr. 11 við Grundarstíg (brbnr.1403) | Kr.11322.00 |
| 2. | Hús Elíasar Jóakimssonar, nr. 63 við Bergstaðastræti (brbnr.1497) | - 16330.00 |
| 3. | Hús Einars Guðmundssonar, "Grund" við Kapaskjólsveg (brbnr.1476) | - 46987.00 |
| 4. | Hús Jóh. Kr. Jóhannessonar, nr. 41 við Bergstaðastræti(brbnr.621) | - 22099.00 |
| 5. | Hús Veróníku Einarsdóttur, nr. 62 við Bergstaðastræti (brbnr.962) | - 10384.00 |
| 6. | Hús Þórðar Bjarnasonar, nr. 12 við Vonarstræti (brbnr. 1202) | - 150643.00 |
| 7. | Hús Páls Steingrímssonar, nr. 3B við Tjarnargötu (brbnr.923) | - 17224.00 |
| 8. | Hús P.Smith, nr. 7 við Miðstræti (brbnr.1182) | - 64300.00 |
| 9. | Hús Björns Björnssonar, nr. 41 við Laufásveg (brbnr. 636) | - 9640.00 |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 27. marz lögð fram og samþ. í heild með samhlj. atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 23. marz og samþ. í heild í einu hljóði.

IV. Fundargerð fasteignanefndar frá 30. marz lögð fram og samþ. í heild ( einu hljóði) með samhlj. atkv.

V. Fundargerð fasteignanefndar frá 3. apríl lögð fram og samþ. í heild með öllum greiddum atkv.

VI. Fundargerð hafnarnefndar frá 29. marz lögð fram.

VII. Fundargerð fátækranefndar frá 25. marz lögð fram. 1. og 2. liður komu undir atkvæði bæjarstjórnar og voru þeir samþ. með samhlj. atkv.

VIII. Fundargerð farsóttanefnd r frá 31. marz lögð fram.
1. - 2. liður samþ. með samhlj. atkv.
3. lið sömuleiðis og vísað til 2. umr.
Fundargerðin í heild samþykkt með samhlj. atkv.

IX. Fundargerð kjörstjórnar við borgarstjórakosningar frá 31. marz lögð fram.
1. -4. liður samþykktur með samhlj. atkv.
5. liður sömuleiðis.
Fundargerðin í heild samþ. með samhlj. atkv.

X. Samkv. bréfi stjórnarráðsins 11. marz, voru kosnir hlutfallskosningu 6 varamenn í landsdóm. Fram komu tveir listar, merktir A og B og á þeim voru þessi nöfn:



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á A lista:
Sighvatur Bjarnason, bankastjóri, Garðar Gíslason, kaupmaður.
Klemens Jónsson f. landritari. Eggert Claessen, hæstaréttarm.
Ólafur Ólafsson, fríkirkjuprestur. Lárus Fjeldsted, hæsréttarm.
Á B lista:
Þorvarður Þorvarðsson, bæjarfulltrúi. Otto N. Þorláksson, Vesturg.
Sigurjón A. Ólafsson, Skólavörðustíg 16B.
A listinn hlaut 8 atkv., en B listinn 5 atkv.,
og lýsti forseti þessa kosna, í þessari röð:
Sighvat Bjarnason af A lista
Þorvarð Þorvarðsson af B-lista.
Garðar Gíslason af A- lista.
Klemens Jónsson af A- lista.
Ottó N. Þorláksson af B-lista.
Eggert Claessen af A- lista.

XI. Borgarstjóri lagði til, að kosin yrði þriggja manna nefnd til að íhuga, hvort taka skuli upp mó fyrir reikning bæjarins komandi sumar og skyldi nefndin leggja tillögur sínar fyrir næsta bæjarstjórnarfund.
Tillagan var samþ. og í nefndina kosnir:
Borgarstjóri með 7 atkv.
Kristján Guðmundsson með 6 atkv.
Þórður Bjarnason með 6 atkv.

Fundi slitið kl. 6.15 síðdegis.

K.Zimsen. Sveinn Björnsson. Kristján V. Guðmundsson.
Þorvarður Þorvarðsson. Ólafur Friðriksson. Pétur Halldórsson.
Sigurður Jónsson. Ágúst Jósefsson. Jón ~~Þorláksson~~.Baldvinsson.
Þórður Bjarnason. Jón Ólafsson. Guðmundur Ásbjörnsson.
Gunnlaugur Claessen. Jónína Jónatansdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, fimmtudaginn 15. apríl, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5,7 síðdegis, og voru þá komnir auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Sveinn Björnsson,(forseti), Þorvarður Þorvarðsson, Pétur Halldórsson, Sigurður Jónsson, Inga Lára Lárusdóttir, Jón Þorláksson, Þórður Bjarnason, Jónína Jónatatansdóttir og Jón Ólafsson. - Jón Baldvinsson, Ágúst Jósefsson og Gunnlaugur Claessen komu stuttu eftir fundarsettningu. - Guðmundur Ásbjörnsson tilkynnti forföll. - Ólafur Friðriksson á leið til útlanda.

Gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. Brunabótavirðingar engar.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 10. apríl lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

III. Fundargerð veganefndar frá 13. apríl lögð fram.
1. - 6. liður samþ. í einu hljóði.
Tillaga frá Jóni Þorlákssyni um að fresta að taka ákvörðun um 7. lið samþ. með 6 atkv. samhlj.
Fundargerðin í heild með þeirri breytingu, samþ. með öllum greiddum atkv.

IV. Fundargerð fátækranefndar frá 8. apríl lögð fram.

V. Fundargerð hafnarnefndar frá 14. apríl lögð fram.

VI. Mótekjumálið tekið til 2. umræðu og lagt fram álit mótekjunefndar? (Sjá XI. dagskrárlið síðustu bæjarstjórnarfundargerðar). Tillaga Ágústs Jósefssonar um að fresta atkvæðagreiðslunni um tillögu mótekjunefndar samþ. með 8:2 atkv.
Þorvarður Þorvarðsson flutti tillögu svo látandi:
"Að kosin sé þriggja manna nefnd í bæjarstjórninni til að taka til rækilegrar yfirvegunar, hvort ekki sé unnt að útvega bæjarbúm eldsneyti ódýrar en átt hefur sér stað nú undanfarið og útlit er fyrir að verði framvegis".
Tillagan var samþ. með samhlj. atkv. og í nefndina kosnir:
Þorvarður Þorvarðsson með 11 atkv.
Þórður Bjarnason með 10 atkv.
Borgarstjóri með 8 atkv.

VII. Tekinn til 2. umræðu 3. liður fundargerðar farsóttahússnefndar frá 31. marz og lögð fram fundargerð sömu nefndar frá 13. apríl, um aukna fjárveitingu til farsóttahúss.
Tillaga Sigurðar Jónssonar um að fresta málonu og vþsa því til fjárhagsnefndar felld með 6:6 atkv.
3. liður fundargerðarinnar frá 31. marz, með breytingu þeirri, er felzt í fundargerðinni frá 13. apríl, samþ. með 8:1 atkv.

VIII. Sveinn Björnsson, Jón Þorláksson, Jón Ólafsson og Ólafur Friðriksson fluttu svo látandi tillögu:
"Út af því, að Þorvaldi Björnssyni fyrrv. yfirlögregluþjóni hafa, það sem af er þessu ári, af misskilningi aðeins verið greiddar 100 krónur á mánuði sem eftirlaun, athugar bæjarstjórnin, að hún sumarið 1917 samþykkti, að eftirlaun hans skyldu vera 1500 kr. árlega og ákveður, að eftirlaunin skuli greidd samlv. því á þessu ári."
Tillagan var samþ. með 6:3 atkv.

IX. Erindi umdæmisstúkunnar nr. 1, dags. 6. apríl, viðvíkj. gæzlu bannlaganna, lesið.
Út af erindi þessu flutti Pétur Halldórsson svo látandi tillögu :



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

"Að gefnu tilefni skorar bæjarstjórnin á lögreglustjóra Reykjavíkur:

að neyta allra ráða, sem lögreglan hefir, til þess að uppræta leynilega áfengissölustaði, sem greunur leikur á að séu í bænum,

að brýna fyrir lögreglumönnum að kæra þegar þá, sem ölvaðir sjást á almannafæri, og

að rannsaka jafnan svo fljótt sem kostur er öll atriði kærumála út af brotum á áfengislöggjöfinni".

1. liður samþ. með öllum greiddum atkv.
2. liður samþykktur með öllum greiddum atkv. gegn einu.
3. liður samþykktur með öllum greiddum atkv. gegn einu.

íTillagan í heild samþ. með öllum greiddum atkv. gegn einu.

X. Samþykkt var með öllum greiddum atkvæðum gegn einu að skipa í undirkjörstjórnir við kosningu borgarstjóra 8. maí næstkomandi sömu menn,og/ er skipaðir voru í undirkjörstjórnir við bæjarstjórnarkosningar í janúar í vetur.

Fundargerð lesin, staðfest og undirrituð.

Fundi slitið kl. 8.2o síðdegis.

K.Zimsen. Sveinn Björnsson. Þorvarður Þorvarðsson. Pétur Hallldórsson. Sigurður Jónsson. Inga Lára Lárusdóttir. Gunnlaugur Claessen. Jónína Jónatansdóttir. Jón Ólafsson. Jón Baldvinsson. Jón Þorláksson. Þórður Bjarnason. Ágúst Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, mánudaginn 19. aprþl, var haldinn aukafundur í bæjarstjórninni til að taka ákvörðun um 1. lið í fundargerð rafmagnsnefndar frá 17. apríl. Fundurinn var settur kl. 5.6 síðdegis og voru þá komnir auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Sveinn Björnsson (forseti), Pétur Halldórsson, Sigurður Jónsson, Inga Lára Lárusdóttir, Gunnlaugur Claessen, Þórður Bjarnason, og Guðmundur Ásbjörnsson. - Litlu síðar komu Jónína Jónatansdóttir, Þorvarður Þorvarðsson og Jón Baldvinsson.- Ólafur Friðriksson erlendis. Jón Þorláksson kom kl. 5.20, Ágúst Jósefsson kl. 5.35.

Samkvæmt fundarboðinu var tekinn til meðferðar 1. liður fundargerðar rafmagnsnefndar frá 17. apríl. Í sambandi við hann fluttu Sveinn Björnsson og Jón Baldvinsson svo látandi tillögu:

"Þar sem nú þegar er sýnilegt að kostnaður við rafveituna muni fara talsvert fram úr því, sem áætlað hefur verið, felur bæjarstjórnin borgarstjóra, í samráði við rafmagnsnefnd, að leita fyrir sér um allt að einnar miljónar króna láni til viðbótar til radveitunnar".

1. liður fundargerðar rafmagnsnefndar
samþ. með 12 atkv. samhlj.
Tillaga Sveins Björnssonar og Jóns Baldvinssonar
samþ. með 8 atkv. samhlj.

Fundarbók lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 555

K.Zimsen. Sveinn Björnsson. Þorvarður Þorvarðsson. Pétur Halldórsson. Sigurður Jónsson. Jón Baldvinssonsson. Gunnlaugur Claessen. Jónína Jónatansdóttir. Þórður Bjarnason. Inga Lára Lárusdóttir. Jón Þorláksson. Guðmundur Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, fimmtudaginn 6. maí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5þ15 síðdegis, og voru þá komnir auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Sveinn Björnsson,(forseti), Þorvarður Þorvarðsson, Pétur Halldórsson, Sigurður Jónsson, Ágúst Jósefsson, Jón Þorláksson, Gunnlaugur Claessen, Þórður Bjarnason, Jón Baldvinsson og Jónína Jónatansdóttir.

Forföll boðuðu Jón Ólafsson, Guðmundur Ásbjörnsson, og Inga Lára Lárusdóttir. - Ólafur Friðriksson erlendis. Kristján V. Guðmundsson kom kl. 5.25.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hús sjöundadags aðventista, nr. 21 B við Ingólfsstræti (brbnr.1499) | Kr.24479.oo |
| 2. | Hús Steindórs Einarssonar, Bráðræði við Sellandsstíg (brbnr.258) | - 20672.oo |
| 3. | Hús Jónatans Þorsteinssonar, nr. 3 við Vatnsstíg (brbnr.1501) | - 205948.oo |
| 4. | Hús bæjarsjóðs Reykjavíkur nr. 2 við Þórsgötu (brbnr.1502) | - 15580.oo |
| 5. | Hús Jóns og Eiríks Ormssona, nr. 13 við Baldurgötu (brbnr.1503) | - 48680.oo |
| 6. | Hús Jóns Sigmundssonar, nr. 50 við Laugaveg (brbnr.590) | - 14844.oo |
| 7. | Hús Guðrúnar Sigurðardóttur, nr. 85 við Hverfisgötu (brbnr.648) | - 15270.oo |
| 8. | Hús Jónatans Þorsteinssonar, nr. 31 við Laugaveg (brbnr. 864) | - 230110.oo |
| 9. | Hús Byggingarfélags Reykjavíkur nr. 30 við Barónsstíg (brbnr. 1504) | - 52120.oo |
| 10. | Hús sama félags, 45, nr.45 B, 43 og 43 B við Bergþórugötu (brbnr.1505) | - 72785.oo |
| 11. | Hús sama félags nr. 18 við Bergþórugötu (brbnr.1506) | - 34406.oo |
| 12. | Hús samafélags nr. 20 við Bergþórugötu (brbnr. 1507) | - 34406.oo |
| 13. | Hús sama félags nr. 22 við Bergþórugötu (brbnr. 1508) | - 34406.oo |
| 14. | Hús Sigurjóns Ólafssonar, skipstjóra, á lóð h.f. Njarðar við Rauðará (brbnr.1509) | - 26000.oo |
| 15. | Hús Böðvars Gíslasonar, trésmiðs, nr. 18 við Baldursgötu (brbnr.1510) | - 28596.oo |
| 16. | Hús Bjarna Jónssonar, docents, nr. 43 við Lindargötu (brbnr. 1147) | - 50964.oo |
| 17. | Hús Sigurbjörns Þorkelssonar, nr. 26 við Njálsgötu (brbnr.1018) | - 25529.oo |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 1. maí lögð fram og samþ. í heild í einu hljóði.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 20. apríl lögð fram og samþykkt í heild í einu hljóði.

IV. Fundargerð fasteignanefndar frá 28. apríl lögð fram og samþykkt í heild með samhlj. atkv.

V. Fundargerð fasteignanefndar frá 4. maí lögð fram.
1.- 5. liður samþykktir í einu hljóði.
6. liður felldur með 5:4 atkv.
Fundargerðin í heild, svo breytt, samþ. með samhlj. atkv.

VI. Fundargerð veganefndar frá 21. apríl lögð fram..
Út af henni flutti Þórður Bjarnason svo látandi tillögu:
"Eg legg til að leitað sé tilboða hjá keyrzlumönnum bæjarins, fyrir hvaða flutningsgjald á kílóið þeir vilji taka að sér flutning á laugaþvotti, taka þvottinn og skila honum á hverju heimili, sem óskar þess".



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillagan var felld með 6:3 atkv.
Fundargerð veganefndar samþ. með 7:2 atkv.

VII. Fundargerð gasnefndar frá 23. apríl lögð fram.

VIII. Fundargerð rafmagnsnefndar frá 22. apríl lögð fram.

IX. Fundargerð hafnarnefndar frá 3. maí lögð fram, og samþykkt í heild í einu hljóði.

X. Fundargerð fátækranefndar frá 29. apríl lögð fram.
14. liður kom til úrskurðarbæjarstjórnarinnar - var hann samþykktur í einu hljóði.

XI. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 5. maí lögð fram.
Jón Þorláksson lagði til að 1. lið yrði frestað og borgarstjóra falið að leita álits lögfræðings um málið. Var sú tillaga samþykkt.
2. liður samþ. með samhlj. atkv.
3. liður samþ. með samhlj. atkv. við. 2. umr.
4. liður samþ. með samhlj. atkv.
Fundargerðin í heild, með áorðinni breytingu við 1. lið, samþykkt með samhljóða atkvæðum.

XII. Fundargerð kolanefndar frá 20. apríl og 5. maí lagðar fram.
Tillaga nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.

XIII. Tillaga mótekjunefndar frá 13. apríl, um að bæjarstjórnin láti í sumar taka upp 1200 tonm af mó, felld við 2. umr. með 5:1 atkv.

XIV. Endurskoðaður reikningur Baðhússins árið 1919 lagðar fram til úrskurðar, og var reikningurinn samþ. í einu hljóði.

XV. Endurskoðaður reikningur Sjúkrahússsjóðs fyrir árið 1919 lagður fram til úrskurðar og samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

XVI. Mjólkurfélagi Reykjavíkur synjað um breytingu mjólkursölubúðar í brauðasölubúðinni á Vesturgötu 14.

XVII. Tillaga borgarstjóra um frumvarp til laga um breytingu á skilyrðum fyrir kosningarrétti til bæjarstjórnar tekin til meðferðar til framhalds 1. umr.
Tillaga borgarstjóra um að kjósa þriggja manna nefnd í málið og fresta 1. umræðu samþykkt í einu hljóði.
Í nefndin voru kosnir:
Borgarstjóri með 7 atkv.
Gunnlaugur Claessen með 6 atkv.
Sveinn Björnsson með 5 atkv. við endurtekna atkvæðagreiðslu.

XVIII. Umsókn Bjarna Jónssonar, dags. 4. maí, um leyfi til að starfrækja kvikmyndahús í nýja bíóhúsinu við Austurstræti, lesin.
Út af umsókn þessari flutti borgarstjóri svo látandi tillögu:
"Bæjarstjórnin er fyrir sitt leyti því samþykk, að Bjarna Jónssyni sé leyft að starfrækja "Nýja Bíó" í nýja húsinu á lóðinni nr. 22 við Austurstræti, til bráðabirgða með sömu skilyrðum, meðal annars að því er snertir gjald í bæjarsjóð, sem gilt hafa fyrir "Nýja Bíó" samkv. bréfi bæjarfógetans í Reykjavík 19. júní 1912, enda fullnægi húsið kröfum lögreglustjóra, og skyldur skal Bjarni Jónsson að hlíta þeim ákvæðum, sem bæjarstjórnin ákveður í leyfisbréfi, er sett verður.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jafnframt ákveður bæjarstjórnin að kjósa þriggja manna nefnd til að semja frumvarp að leyfisbréfi".

Tillaga Þórðar Bjarnasonar um að fresta málinu felld með 6:3 atkv.

Tillaga borgarstjóra samþ. með 6:2 atkv.

Í nefndina kosnir:

Borgarstjóri með 9 atkv.
Þórður Bjarnason með 4 atkv.
Þorvarður Þorvarðsson með 4 atkv.

Fundi slitið kl. 8.45 síðdegis.

K.Zimsen. Sveinn Björnsson. Þorvarður Þorvarðsson. Pétur Halldórsson. Sigurður Jónsson. Jón Baldvinsson. Ágúst Jósefsson. Kristján V. Guðmundsson. Jónína Jónatansdóttir. Gunnlaugur Claessen. Þórður Bjarnason. Jón Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, fimmtudaginn 20. maí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.1o síðdegis, og voru þá til fundar komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: SveinnBjörnsson (forseti), Þorvarður Þorvarðsson, Sigurður Jónsson, Ágúst Jósefsson, Inga Lára Lárusdóttir, Jón Þorláksson, Þórður Bjarnason, Kristján V. Guðmundsson, Jón Baldvinsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Jónína Jónatansdóttir og Jón Ólafsson.

Forföll boðuðu: Gunnlaugur Claessen og Pétur Halldórsson.- Ólafur Friðriksson erlendis.

Gengið til dagskrár, og gerðist þetta:

I. Lesin tilkynning yfirkjörstjórnar um úrslit 8. maí. Samævæmt þeim úrslotum lýsti kjörstjórnin Knúd Zimsen, núverandi borgarstjóra, rétt kjörinn borgarstjóra fyrir tímabilióc 1. júlí 1920 til 30. júní 1926 og veitti honum kjörbréf.

Forseti árnaði borgarstjóra heilla í starfinu næstu 6 ár, og tóku bæjarfulltrúarnir undir það með því að standa upp.

Borgarstjóri þakkaði.

II. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | |
|---|---|
| 1. Hús Lofts Sigurðssonar, nr. 14 við Baldursgötu (brbnr. 1511) | Kr.40666.oo |
| 2. Hús Jóns Guðmundssonar og Guðmundar Jónssonar nr. 32B. við Njálsgötu (brbnr.1495) | - 40471.oo |
| 3. Hús Helga Helgasonar trésmiðs, nr. 10B við Smiðjustíg (brbnr. 1512) | - 21830.oo |
| 4. Hús Runólfs Stefánsson, skipstjóra, Runólfshús við Klapparstíg (brbnr. 1340) | - 23049.oo |
| 5. Hús Guðmundar Eiríks, kaupm., nr. 2 við Lækjargötu og 20 við Hafnarstræti brbnr. 127) | - 177355.oo |
| 6. Hús Gríms Jóhannssonar, nr. 59B við Grettisgötu (brbnr. 1136) | - 27084.oo |
| 7. Hús Sæmundar Einarssonar, nr. 15 við Nýlendugötu (brbnr.1100) | - 50273.oo |
| Ennfremur var samþykkt breyting á virðingu á húsi Jónatans Þorsteinssonar nr. 8 í brunabótarbirðingarn. í síðustu fundargerð í stað 230110 kr. komi: | - 220110.oo |

III. Fundargerðir frá 15. 20. maí lagðar fram.
1. liður fundargerðar 15. maí samþ. með samhljóða atkvæðum.
Fundargerð 20. maí samþ. með samhlj. atkv.
3. - 8. liður fundargerðar 15. maí samþ. í einu hlj.
9. liður samþ. með 7:1 atkv.
Fundargerðirnar í heild samþ. með samhlj. atkv.

IV. Fundargerð fasteignanefndar frá 12. maí lögð fram og samþ. í heild með öllum greiddum atkv.

V. Fundargerð fasteignanefndar frá 18. maí lögð fram og samþ. í heild með samhlj. atkv.

VI. Fundargerð veganefndar frá 15. maí lögð fram. Jón Þorláksson flutti svo látandi breytingartillögu við 4. lið:

"Í stað tillögu nefndarinnar komi:
Bæjarstjórnin felur borgarstjóra að auglýsa enn á ný bæjarverkfræðingsstöðuna í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Þýskalandi og sé umsækjendum í auglýsingunni gefinn kostur á að tiltaka sjálfir launakröfur sínar,og óskað sérstaklega eftir verkfræðingum, er hafa reynzlu við bæjarstörf."

Til vara: Í stað "veitt bæjarverkfræðingsstaðan" komi: "gefinn kostur á settningu í stöðuna 1 ár",

Aðaltillaga Jóns Þorlákssonar samþ. með 8 atkv. samhlj.
(Varatillagan kom því ekki til atkv.).
Fundargerðin í heild svo breytt samþ. með samhlj. atkv.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VII. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 18. maí lögð fram.
1. liður samþ. með samhlj. atkv.
Jón Þorláksson flutti viðaukatillögu við 2. lið, svo látandi:

"Aftan við liðinn bætist:
að því tilskildu, að þær 18 þús. kr., sem Byggingarfélagið á von á, sem tillagi til þessara bygginga úr bæjarsjóði og landssjóði næsta ár, gangi til afborgunar lánum þeim, sem bæjarsjóður ábyrgist fyrir félagið".

Viðaukatillagan samþ. með samhlj. atkv.
2. liður svo aukinn, samþ. með samhlj. atkv.
Fundargerðin í heild, breytt samkv. ofanrituðu, samþ. með samhlj. atkv.

VIII. Fundargerð rafmagnsnefndar frá 6. maí lögð fram.

IX. Fundargerð rafmagnsnefndar frá 6. maí lögð fram.
1. liður kom undir úrskurð bæjarstjórnar, og var hann samþ. með samhlj. atkv.

X. Fundargerð skólanefndar frá 19. maí lögð fram.
1. liður kom til atkvæða og var hann samþ. með samhljóða atkvæðum.
Út af 6. lið flutti Inga Lára Lárusdóttir svo látandi tillögu:

"Bæjarstjórnin ákveður að skora á skólanefnd, að verða við beiðni Íþróttafélags Reykjavíkur um afnot af leikfimishúsi barnaskólans. Sömuleiðis beiðni Ríkharðs Jónssonar um stofu til sýningar."

Tillagan samþ. með samhlj. atkv.

XI. Lesið erindi fasteignaeigendafélags Reykjavíkur, (um afnám) dags. 15. maí, um afnám húsaleigulaganna.
Erindinu vísað til húsaleigunefndar.

Tólfta dagskrármál tekið út af dagskrá samkvæmt ósk borgarstjóra.
Jón Þorláksson fór af fundi kl. 6.30 með leyfi forseta.

Fundargerð lesin, staðfest og undirrituð.

Fundi slitið kl. 7.10 síðdegis.

K.Zimsen. Sveinn Björnsson. Inga Lára Lárusdóttir. Jón Baldvinsson. Þorvarður Þorvarðsson. Sigurður Jónsson. Kristján V. Guðmundsson. Jón Ólafsson. Jónína Jónatansdóttir. Ágúst Jósefsson. Guðmundur Ásbjörnsson. Þórður Bjarnason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920. fimmtudaginn 3, júní, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.1o síðdegis, og voru þá til fundar komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Sveinn Björnsson (forseti), Þorvarður Þorvarðsson, Gunnlaugur Claessn, Kristj'n V. Guðmundsson, Jón Baldvinsson, Guðmundur Ásbjörnsson. Jónína Jónatansdóttir og Jón Ólafsson. - Forföll boðaði Pétur Halldórsson (veikur).- Erlendis voru Ólafur Friðriksson og Þórður Bjarnason.- Inga Lára Lárusdóttir kom á fund stuttu eftir fundarsettningu; sömuleiðis Jón Þorláksson. Ágúst Jósefsson kom kl. 5.2o og Sigurður Jónsson litlu síðar.

Gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. Brunabótavirðingar samþykktar;

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hús Jakobs Möller ritstjóra, nr. 2 við Hólatorg (brbnr.1467) | Kr.78771.oo |
| 2. | Geymsluskúr hins ísl. steinolíuhlutafélags á hafnaruppfyllingunni (brbnr.1514) | - 10057.oo |
| 3. | Hús Th. Thorsteinsson, kaupm., nr. 3 við Vesturgötu (brbnr. 73) | - 139494.oo |
| 4. | Hús sama manns á Kirkjusandi (brbnr. 580) | - 53800.oo |
| 5. | Hús Magnúsar Gíslasonar lögræðings o.fl. nr. 42 við Grettisgötu (brbnr. 992) | - 46312.oo |
| 6. | Hús Valgerðar G. Pálmadóttur, Litli Melstaður nr. 42 við ~~Grettisg. nr. 4~~ Framnesveg (brbnr. 1167) | - 12220.oo |
| 7. | Hús A. L. Petersens verkfræðings, nr. 38 við Bergstaðastræti (brbnr. 847) | - 25303.oo |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 29. maí lögð fram og samþ. í heild með öllum greiddum atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 1. júní lögð fram og samþykkt í heild með öllum greiddum atkvæðum.

IV. Fundargerð brunamálanefndar frá =6. maí lögð fram.
1. liður samþykktur í einu hljóði.
Tillaga um að fresta úrskurði á öðrum lið samþ. í einu hljóðii.
Fundargerðin í heild með þessari breytingu, samþ. í einu hljóði.

V. Fundargerð fátækranefndar frá 27. maí lögð fram. Til atkvæða komu 6. og 7. liður, og voru þeir samþykktir í einu hljóði.

VI. Fundargerð rafmagnsnefndar frá 26. - 27. maí lögð fram. Urðu út af fundargerðinni umræður nokkrar, en engi ályktun ger.

VII. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 1. júní lögð fram.
1. - 2. liður samþykktur með samhlj. atkv.
Við 3. lið Flutti Jón Baldvinsson viðaukatillögu svo látandi:
"Bæjarstjórnin samþykkir að fela húsnæðisnefnd að láta gera kostnaðaráætlun(yfir bráðabirgðaskýli) að timburhúsum fyrir allt að 20 fjölskyldur og ennfremur að láta gera kostnaðaráætlun yfir bráðabirgðaskýli þau, sem ræðir um í 3. lið fundargerðar húsnæðisnefndar 1. júní".
Tillagan var samþykkt með samhlj. atkv.
3. lið síðan vísað tl 2. umr. með samhlj. atkv.
4. liður samþ. með samhlj. atkv.
5. lið vísað til 2. umr. með 7:3 atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með samhlj. atkv.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VIII. Fundargerð veganefndar frá 2. júní lögð fram.
1. liður samþ. með samhlj. atkv.
Í sambandi við 2. lið bar Jón Þorláksson fram svo látandi tillögu:

"Bæjarstjórnin skorar á byggingarnefnd að gerða tillögur um tilhögun Veghúsastígs".

Var sú tillaga samþ. með samhlj. atkv.
Tillaga um að fresta að taka ákvörðun um 2. lið samþ. með 6:3 atkvæðum.
Fundargerðin í heild með áorðnum breytingum samkv. ofanskráðu, samþ. með samhlj. atkv.

IX. Úrskurður á kærum yfir aukaalþingiskjörskrá.
Tekið út af dagskrá að ósk borgarstjóra.

X. Lesið erindi fulltrúaráðs verklýðsfélaganna, dags. 26. maí, um mótak í sumar.
Út af erindi þessu flutti Inga lára Lárusdóttir svolátandi tillögu:

"Bæjarstjórnin ákveður að leyfa verklýðsfélögunum afnot af mótaki bæjarins í Kringlumýri nú í sumar. Einnig afnot áhalda þeirra til mótekju, er bærinn á. Borgarstjóra falið að gera samning við félögin um þetta."

Ennfremur flutti Kristján V. Guðmundsson svo látandi tillögu:

"Bæjarstjórnin samþykkir að taka upp allt að 800 tonn af mó í sumar fyrir reikning bæjarins".

Forseti ákvað að bera fyrst upp tillögu Kristjáns V. Guðmundssonar, og var hún samþykkt með 7:3 atkv.
Tillaga Ingu Láru Lárusdóttur kom ekki til atkv. en eftir samþykkt hinnar tillögunnar flutti hún nýja tillögu, svo látandi:

"Bæjarstjórnin ~~samþykkir að~~ ákveður að leyfa verkalýðsfélögunum afnot af mótaki bæjarfélagsins nú í sumar í Kringlumýrinni, svo framarlega sem samrýmanlegt er mótöku bæjarstjórnarinnar".

3 Tillagan felld með 5:4 atkv.

XII. Borgarstjóri skýrði frá, að frakkneski konsúllin hefði boðið sér fyrir hönd bæjarstjórnar afnot frakkneska spítalans þann tíma árs, sem frakkneskir sjómenn notuðu hann ekki.
Út af þessu flutti borgarstjóri svo latandi tillögu:

"Um leið og bæjarstjórnin lptur í ljósi ánægju sína yfir hugulsemi þeirri, sem fellst í tilboði frakkneska konsúlsins, ákveður hún að fela farsóttahúsnefnd að undirbúa leigusamning um leigu á frakkneska spítalanum þann hluta árs sem eigendur spítalans starfrækja hann ekki sjálfir, og leggja tillögur þar að lútandi fyrir bæjarstjórnina.+

Tillagan samþykkt með samhljóða atkvæðum

XII. Kosning skólanefndar til 3 ára.
Tekið út af dagskrá að ósk borgarstjóra.

XIII. Eftir tillögu borgarstjóra var samþykkt að kjósa þriggja manna nefnd í tilefni af konungskomunni í sumar, og voru kosnir:

Borgarstjóri með 10 atkv.
Sveinn Björnsson með 9 atkv.
Þorvarður Þorvarðsson með 4 atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.45 síðdegis.

K.Zimsen. Sveinn Björnsson. Sigurður Jónsson. Þorvarður Þorvarðsson. Jón Baldvinsson. Ágúst Jósefsson.. Kristján V. Guðmundsson. Guðmundur Ásbjörnsson. Gunnlaugur Claessen. Jón Ólafsson. Jón Þorláksson. Inga Lára Lárusdóttir. Jónína Jónatansdóttir.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, föstudaginn 18. júní, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Sveinn Björnsson (forseti), Þorvarður Þorvarðsson, Pétur Halldórsson, Sigurður Jónsson, Inga Lára Lárusdóttir, Jón Þorláksson, Gunnlaugur Claessen, Kristján V. Guðmundsson, Jón Baldvinsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Jónína Jónatansdóttir og Jón Ólafsson.' Ágúst Jósefsson kom kl. 6. Ólafur Friðriksson og Þórður Bjarnason voru erlendis.

Áður en gengið væri til dagskrár skýrði forseti frá, að hann og borgarstjóri hefðu í gær sent konungi svo hljóðandi símskeyti:

"Paa Reykjavík Byraads Vegne tillader vi os allerunderdanigst at udtrykke en oprigtig Samglæde i Anledning af Sönderjyllands Genforening med Danmark."

Ennfremur, að í dag hefði borgarstjóra borizt svohljóðandi svarskeyti frá konungi:

"Bringer Byraadet min Hjertelige Tak og Hilsen."

Christian R."

Tóku bæjarfulltrúar undir þetta með því að standa upp.

Var síðan gengið til dagskrár og gerðist þetta á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Geymsluhús Magnúsar Th. S. Blöndahls nr. 4B við Vonarstræti (brbnr.1515) | Kr.11385.00 |
| 2. | Hús Vilhelm Knudsen nr. 6 við Hellusund (brbnr.1512) | - 84790.00 |
| 3. | Smiðjuhús ríkissjóðs við Klapparstíg (brbnr.1517) | - 15520.00 |
| 4. | Hús Elíasar Elíassonar, nr. 3 við Urðarstíg (brbnr. 1518) | - 3024.00 |
| 5. | Hús Guðmundar H. Þorlákssonar, nr. 10 við Bræðraborgarstíg (brbnr.271) | - 9957.00 |
| 6. | Hús Jörgens Þórðarsonar, kaupmanns, nr. lo við Bergstaðastræti (brbnr.422) | - 23311.00 |
| 7. | Hús sama manns, nr. 7 við Baldursgötu (brbnr.1335) | - 32890.00 |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 12. júní lögð fram og samþ. í heild með öllum greiddum atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 8. júní lögð fram og samþykkt í heild með öllum greiddum atkv.

IV. Fundargerð fasteignanefndar frá 15. júní lögð fram og samþ. í heild með samhlj. atkv.

V. Fundargerð hafnarnefndar frá 14. júní lögð fram. Út af 2. lið flutti Jón Þorláksson svo látandi tillögu:

"Bæjarstjórnin skorar á hafnarnefndina að fullgera sem fyrst pláss það við Tryggvagötu, sem ætlað hefur verið fyrir fisksölu, án tillits til hvort unnt verður að gera þak yfir plássið eða ekki, og flytja að því búnu fisksöluna frá steinsteypupallinum þangað."

Ennfremur bar borgarstjóri fram svo látandi viðaukatillögu við 2. lið?

"Aftan við liðinn bætist: annarstaðar en á því svæði, sem bæjarstjórnin hefir ákveðið til útbúnaðar á fisksölustað, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra."

Tillaga Jóns Þorlákssonar samþ. með öllum greiddum atkv.
Viðaukatillaga borgarstjóra samþ. með öllum greiddum atkv.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. liður svo breyttur, samþ. með samhlj. atkv.
Fundargerðin í heild, með áorðinni breytingu við 2. lið, samþ. í einu hljóði.

VI. Fundargerð rafmagnsnefndar frá 4. júní lögð fram.

VII. Fundargerð rafmagnsnefndar frá 7. júní lögð fram.

VIII. Fundargerð fátækranefndar frá 10. júní lögð fram.
2. liður samþ. í einu hljóði.
3. liður samþ. með öllum greiddum atkv.

IX. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 11. júní lögð fram.
Við 1. lið flutti Jón Baldvinsson svo látandi brtt.:
"Bæjarstjórnin samþykkir að byggja fyrir reikning bæjarsjóðs timburhús fyrir allt að 20 fjölskyldur, með svipuðu fyrirkomulagi og hús byggingarfélagsins við Bergþórugötu, og heimilar borgarstjóra að taka allt að 230 þús. kr. lán til þessa."
Tillagan felld með 9:2 atkv.
1. liður í sambandi við 3. lið fundargerðar fjárhagsnefndar frá 15. júní, samþ. með öllum greiddum atkv.
2. liður, í sambandi við 3. lið fundargerðar fjárhagsnefndar frá 15. júní, samþ. með öllum greiddum atkv.
3. liður samþ. með öllum greiddum atkv.

X. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 15. júní lögð fram.
1. liður samþ. með öllum greiddum atkv.
2. liður - - - - -
Fundargerðin í heild samþ. með öllum greiddum atkv.

XI. Kosin í skólanefnd til næstu þriggja ára:
Sigurður Guðmundsson, magistir með 14 atkv.
Gunnlaugur Claessen bæjarfulltrúi með 13 atkv.
Þorvarður Þorvarðsson bæjarfulltrúi með 12 atkv.
Laufey Vilhjálmsdóttir, húsfrú með 9 atkv.
Th. Krabbe verkfræðingur með 8 atkv.

XII. Lesið erindi stjórnarráðsins, dags. 15. júní viðvíkjandi ráðstöfun á hluta af söluverði botnvörpunga 1917.
Út af því flutti Jón Þorláksson tillögu svo látandi:
"Bæjarstjórnin óskar að ályktunin verði skilin á þá leið, að afgangurinn, ásamt öllum vöxtum þangað til fjárskiptin fara fram, falli til bókasafnsins."
Ennfremur flutti Jón Baldvinsson svo látandi tillögu:
"Vextirnir skiptist hlutfallslega milli sjóðanna."
Tillaga Jóns Þorlákssonar samþykkt með 8:4 atkv.
Tillaga Jóns Baldvinssonar þar með fallin.

XIII. Útsvarskærum vísað til fjárhagsnefndar.

XIV. Gleymzt hafði að taka á dagskrá kærur yfir aukaalþingiskjörskrá. Var samþykkt að taka málið fyrir, kærurnar úrskurðaðar og kjörskráin undirskrifuð.

XI. Mál rætt fyrir luktum dyrum.

Fundargerðin lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.10 síðdegis.

K.Zimsen. Sveinn Björnsson. Pétur Halldórsson. Þorvarður Þorvarðsson. Jón Ólafsson. Inga Lára Lárusdóttir. Gunnlaugur Claessen. Guðmundur Ásbjörnsson. Jón Þorláksson. Jón Baldvinsson. Kristján V. Guðmundsson. Ágúst Jósefsson. Jónína Jónaransdóttir.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur